



Afritaðar fundargerðarbækur

SJÓR

frá 10.05 1961–07.04.2011

Prentvinnsla: Oddi umhverfisvottuð prentsmiðja

Fundargerðarbækur fyrir Sjóstangaveiðifélag Reykjavíkur

Hér á eftir er rakin saga SJÓR þannig að afritaðar eru fundargerðir félagsins. Ekki er um eiginlega söguritun félagsins að ræða heldur eru fundargerðir sem til eru færðar yfir í þetta form, og má heita að hér sé um orðréttu uppfærslu að ræða, þó er af og til breytt einu og einu orði eða orðaröð, þar sem ljóst var að um ambögu væri að ræða.

Anton Örn Kærnested

Þakkir

Kæri Anton Örn Kærnested

Við félagar þínir í Sjóstangaveiðifélagi Reykjavíkur viljum þakka þér af alhug fyrir þá miklu vinnu sem þú hefur innt af hendi við útgáfu þessarar bókar sem gefin er út í tilefni að 50 ára afmæli félagsins. Án þín hefði þessi bók ekki orðið að veruleika, hafðu okkar bestu þakkir fyrir.

Fyrir hönd félaga þinna í Sjóstangaveiðifélagi Reykjavíkur

Elín Snorradóttir

Formaður

Stofnfundur Sjóstangaveiðifélags Reykjavíkur

Var haldinn að Hótel Borg, miðvikudaginn 10. maí 1961 kl. 1000 e.h.

Mættir voru eftirtaldir menn: Jóhann Sigurðsson - Halldór Snorrason - Sigurður Egilsson - Guðmundur E. Ólafsson - Einar Ásgeirsson og Magnús Valdimarsson.

Fundarstjóri var kjörin Jóhann Sigurðsson og tilnefndi hann Magnús Valdimarsson sem ritara.

Fyrir fundinum lá uppástunga um fyrstu stjórn félagsins:

Halldór Snorrason
Agnar Gústafsson
Einar Ásgeirsson
Guðmund E. Ólafsson
Magnús Valdimarsson

og voru þeir samþykktir með samhljóða atkvæðum.

Stjórninni var falið að skipta með sér verkum, og hefja undirbúning um væntanlega þátttöku í næsta Sjóstangaveiðimóti sem haldið mun verða í Vestmannaeyjum í næst komandi mánuði.

Stjórnin fól Jóhanni Sigurðssyni að sækja um inngöngu í Internatinal Confederation of Sea Anglers að The Owls 27. Benfield Way Portslade Sussex.

Jóhann Sigurðsson tjáði fundarmönnum að hann hafi þegar undirbúið málið um væntanlega þátttöku í ofnagreindum samtökum, og væri því hægt að reikna með því ákveðið að frá og með deginum í dag að telja að hið nýja félag sé meðlimur í I.C.S.A. og geti því tekið þátt í væntanlegum sjóstangaveiðimótum í Evrópu-keppni.

Listi með 21 stofnenda lá fyrir fundinum.

Umræður urðu talsverðar um framtíðar verkefni félagsins, og komu fram ýmis sjónarmið.

Fundi var slitið kl. 23.30.

Magnús Valdimarsson

Stjórnarfundur

Hinn fyrsti var haldinn í Sjóstangaveiðifélagi Reykjavíkur þriðjudaginn 16. maí 1961 kl. 1700 í Café Höll uppi.

Mættir voru allir stjórnarmeðlimir. Fundarstjóri var kjörinn Halldór Snorrason og ritari var tilnefndur Magnús Valdimarsson.

Fyrst verkefni fundarins var að skipta verkum með stjórninni. Eftirfarandi niðurröðun var samþykkt:

Halldór Snorrason formaður
Guðmundur E. Ólafsson varaformaður
Einar Ásgeirsson gjaldkeri
Magnús Valdimarsson ritari
Agnar Gústafsson meðstjórnandi, og lögfræðilegur ráðunautur.

Rætt var um undirbúning að næsta sjóstangaveiðimóti, og var samþykkt að fela Halldóri Snorrasyni að sjá um auglýsingar og annan undirbúning þar að lútandi. Samþykkt var að fela Njáli Símonarsyni að þýða lög félagsins, tilbúin fyrir næsta fund.

Fleiri mál voru ekki á dagskrá og var fundi slitið.

Magnús Valdimarsson

Annar stjórnarfundur

Í röðinni var haldinn mánudaginn 29. maí kl. 1800 á skrifstofu Aðal-Bílasölnunnar.

Eina málið á dagskrá var að samþykkja lög félagsins.

Agnar Gústafsson lagði fram drög að lögum sem voru samþykkt samhljóða, og eru þau skráð hér á eftir:

1.gr.

Nafn félagsins er: Sjóstangaveiðifélag Reykjavíkur. Heimilisfang þess er í Reykjavík.

2.gr.

Tilgangur félagsins er að stuðla að bættri aðstöðu félagsmanna til sjóstangaveiði, m.a. með því að efna til sjóstangaveiðimóta, annast leigu á bátum fyrir félagsmenn, til þess að stunda sjóstangaveiði, og svo með öðrum ráðum, sem á hverjum tíma eru til þess fallin að auka vöxt og viðgang sjóstangaveiða.

3.gr.

Félagsmenn get þeir orðið sem haf meðmæli frá tveim félagsmönnum, enda sé inntökubeiðnin samþykkt af allri stjórninni eða meirihluta atkvæða á félagsfundi. Félagsmönnum er skylt að virða allar venjulegar viðurkenndar veiðireglur, og koma drengilega og vinsamlega fram við félagsmenn og viðskiptamenn félagsins og hlíta lögum félagsins og reglum í einu og öllu.

4.gr.

Árgjald félagsmanna er kr. 100,00 - eitthundrað-. Gjaldldagi þess er 1. janúar ár hvert fyrir fram. Nýir félagsmenn greiða fullt árgjald á því ári sem þeir ganga í félagið, og skal það greitt um leið og inntöku beiðni er afhent, en endurgreiðist ef beiðninni er synjað.

5.gr.

Sjóðir félagsins eru tveir, félagssjóður og mótssjóður. Sjóðina skal ávaxta í banka eða sparissjóði. Í félagssjóð renna öll árgjöld félagsmanna. Sjóðina má nota sem veltufé í þarfir félagsins eftir því sem með þarf. Í mótssjóð renna tekjur sem kunna að verða vegna þátttöku í sjóstanga-veiðimótum. Sjóðnum skal varið til þess að standa straum af kostnaði í sjóstangaveiðimótum sem haldin eru á vegum félagsins. Enginn félagsmanna á tilkall til hluta af sjóðum félagsins né öðrum eignum þess, þó hann hverfi úr félaginu, eða að félaginu verði slitið. Enginn félagsmanna ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins með öðru en gjöldum sínum til þess. Skuldi félagismaður árgjöld fyrir 2 ár, má stjórnin er 4 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga síðara árgjaldsins tilkynna honum með ábyrgðarbréfi, að hann verði felldur niður af félagaskrá ef hann ekki standi skil á gjöldum innan eins mánaðar.

6. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Stjórnin skal kosin til eins árs í senn og skiptir hún sjálf með sér verkum. Í varastjórn skulu kosnir tveir menn. Stjórnarkosning fer fram á aðalfundi og skal kosning skrifleg, nema ekki sé stungið upp á fleirum en stjórnina skipa. Á aðalfundi skal ennfremur kjósa 2 endurskoðendur reikninga félagsins. Allir skuldlausir félagsmenn eru kjörgengir við kosningu stjórnar og varastjórnar. Formaður kveður til stjórnarfunda er þörf krefur, eða tveir stjórnarmanna óska þess. Stjórnarmaður sem ekki getur sótt fundi skal kveðja þann varamann er hann vill, til að sitja fund í sinn stað. Verði þessu ekki viðkomið, kveður formaður varamann eða varamenn eftir atkvæðamagni. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

7.gr.

Lögmætir félagsfundir haf æðsta úrskurðarvald í öllum félagsmálum, með þeim takmörkunum sem settar eru í samþykktum þessum. Til félagsfunda skal boðað með tveggja daga fyrirvara minnst, með bréfspjöldum eða auglýsingum í tveim dagblöðum og er hann lögmætur ef hann er löglega boðaður. Fundir skulu haldnir þegar þörf þykir að dómi félagsstjórnar eða þegar minnst 20% félagsmanna óska þess, enda geri þeir grein fyrir fundarefni. Aðalfundur skal haldinn í nóvembermánuði ár hvert. Stjórn félagsins boðar til fundarins á sama hátt og til félagsfunda, en með a.m.k. viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur, ef hann er löglega boðaður. Á aðalfundi gefur stjórn félagsins skýrslu um starfsemi félagsins á liðnu ári og leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins undanfarandi árs. Ársreikningar félagsins endurskoðaðir skulu liggja frammi til athugunar fyrir félagsmenn á þeim stað sem stjórnin ákveður í eina viku fyrir aðalfund.

8.gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli funda. Hún vinnur að því að útvega báta til veiðiferða félagsmanna, skipuleggur og undirbýr sjóstangaveiðimót, kynnir félagsmönnum nýjar veiðiaðferðir og veiðarfæri, vinnur að gagnkvæmum heimsóknum og er í sambandi við önnur sjóstangaveiðifélög hérlendis og erlendis, svo og öðru sem verða má til framdráttar félaginu.

9.gr.

Félaginu verður ekki slitið nema á aðalfundi og með samþykki meirihluta allra félagsmanna.

10.gr.

Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi og þarf 2/3 hluta atkvæða hið minnsta. Tillögur til lagabreytinga skulu afhentar stjórninni skriflega fyrir 1. nóvember og sendir stjórnin þær félagsmönnum með fundarboði. Ekki verða greidd atkvæði um aðrar tillögur til lagabreytinga en þær sem sendar eru með fundarboði og breytingartillögur við þær.

Ritara þykir rétt að taka fram eftirfarandi:

Rétt fyrir sjóstangaveiðimótið í Vestmannaeyjum sem haldið var í júní 1961, voru haldnir margir óformlegir stjórnarfundir og eins meðan á mótinu stóð og voru allir þeir fundir í sambandi við framkvæmd mótsins. Þrátt fyrir ýmsa óáran og erfiðleika var mótið haldið. Allar áætlanir breyttust vegna flugmannaverkfallsins sem háð var um þetta leyti. Flestir útlendir keppendur urðu að hætta við að koma af þeim sökum og hinir innlendu keppendurnir urðu að fara sjóleiðina til Vestmannaeyja. Sjóstanga-

veidimótið sjálft tókst þó sérstaklega vel og öll framkvæmd mótsins sem Sjóstanga-veidifélag Vestmanneyja stóð fyrir var til fyrirmyndar. Veðurbliða og góð veiði gerði mótið því mjög ánægjulegt og eftirminnanlegt í alla staði.

Fundur var haldinn

Í stjórn félagsins mánudaginn 7. október 1961 í Naustinu kl. 2100. Allir stjórnarmeðlimir voru mættir ásamt varstjórn þeim Birgi Jóhannessyni og Agli Snorrasyni (Þeir voru skipaðir í varstjórn vegna dagnaðar og áhuga sem þeir sýndu í sambandi við síðasta sjóstangaveiðmót. Ath. Frá ritara.) Eina málið sem lá fyrir fundinum var fjáröflun fyrir félagið. Guðmundur Ebenegar Ólafsson kom með þá tillögu að félagið skyldi halda Bingó í Lido og var samþykkt að reyna það, og var ákveðið að byrja 2. nóvember. Egill Snorrason var kjörin til að sjá um framkvæmd Bingósins ásamt gjaldkera félagsins Einari Ásgeirssyni. Halldóri Snorrasyni var falið að sjá um auglýsingar og einnig að hafa samband við Stanley Roff á Keflavíkur-flugvelli og fá hans aðstoð við framkvæmd Bingósins. Fleiri mál voru ekki tekin fyrir og var fundi slitið.

Magnús Valdimarsson

Fundur haldinn

Hjá stjórn félagsins 13. nóvember 1961 í Naustinu kl.2100. Mættir voru allir stjórnarmeðlimir og auk þess tveir stjórnarmeðlimir frá Sjóstanga-veidifélagi Vestmanneyja. Á dagskrá var næsta alþjóðamót í sjóstanga-veiði sem halda á í Vestmannaeyjum næsta vor. Samþykkt var að halda mótið fyrstu helgi í júní næstkomandi. Ræddir voru ýmsir möguleikar í sambandi við húsnæði keppenda og ferðir á milli og kom sú hugmynd fram að reyna að fá m.s. Esju leigða þessa helgi fyrir mótsgesti. Var samþykkt að fela formanni félagsins að athuga málið og hafa tal af forstjóra Skipaúngerðarinnar Guðjóni Teitssyni hið allra bráðasta, og helst að bjóða honum í mat þar sem hann er þekktur fyrir góðan smekk á bæði mat og víni. Samþykkt var að bæði félögin í Reykjavík og Vestmannaeyjum héldu mótið í sameiningu. Einnig var samþykkt að stjórn Vestmannaeyjafélagsins undirbúi áróðursbækling í sambandi við mótið þar sem annar Vestmanneyingurinn er hluthafi í Prentsmiðju í Vestmannaeyjum. Fleiri mál komu ekki fram á fundinum og var fundi því slitið.

Magnús Valdimarsson

Fundur haldinn

Í Stjórn Sjóstangaveiðfélags Reykjavíkur laugardaginn 10. febrúar 1962 kl. 1300 í Klúbbnum við Fúlalæk. Rætt var um framkvæmd Bingó-kvöldanna og létu allir stjórnarmeðlimir í ljós ánægju sína yfir því hve vel þau hafa tekist og var samþykkt að halda þeim áfram. Eins var samþykkt að reyna að festa kaup á Bingóspjöldum. Tillaga kom fram í umræðum um næsta sjóstangaveiðimót, að sá kvenmaður sem drægi flesta fiska fengi verðlaunabikar og var hún samþykkt. Önnur tillaga kom fram um að aflahæsti skipstjórinn fengi einnig bikar og skrautritað skjál með nöfn-um þátttakenda og var hún einnig samþykkt. Halldór Snorrason gaf skýrslu um hinar mörgu viðræður við forstjóra Skipautgerðarinnar, og taldi hann allar líkur á að m.s. Esja fáiast leigð umrædda helgi. Tillaga kom frá Guðmundi Ólafssyni að ef skipið fari til Vestmannaeyja, að hafa 20 gleðikonur með frá Reykjavík og var sú tillaga samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu og var það gjaldkeri félagsins Einar Ásgeirsson. Samþykkt var að senda Stanley Roff flösku af kampavíni á kostnað félagsins sem viðurkenningu fyrir hans miklu aðstoð við félagið. Flaskan átti að afhendast í kvöldveislu í klúbbnum. Margar fleiri merkar samþykktir voru gerðar, en þar eð ritari var ekki ritfær þegar fór að liða á fundinn voru þær ekki festar á blað. Fundi ver ekki slitið fyrr en seint og síðar meir.

Magnús Valdimarsson

Fundur

Haldinn í stjórn Sjóstangaveiðifélagi Reykjavíkur sunnudaginn 8. apríl 1962 í Naustinu kl. 2100. Mættir voru: Halldór Snorrason (Mætti hálf tíma eftir auglýstan fundartíma) Einar Ásgeirsson, Birgir Jóhannsson, Egill Snorrason, og Magnús Valdimarsson. Fyrir fundinum lágu uppköst eða tillögur af merki félagsins og var eitt uppkastið samþykkt. Halldóri Snorrason var falið að útbúa merki þetta fyrir næsta mót. Undirbúningsnefndin fyrir sjóstangaveiðimótið Halldór Snorrason og Birgir Jóhannsson gáfu skýrslu um framkvæmd mótsins. Einn nefndarmanna Guðmundur Ebeneger Ólafsson var sendur um miðjan mars til Vestmannaeyja til skrafs og ráðagerða við þá aðila sem sjá um mótið og hefur hann ekki sést síðan. Haft er fyrir satt að hann hafi ekki átt fyrir fargjaldi til baka og því tekið það ráð að ráða sig sem kokk á vertíðarbát. Einar Ásgeirsson skýrði frá því að búið væri að kaupa alla þá bikara sem um verður keppt á mótinu. Samþykkt var að sýna þá í sýningarglugga um næstu helgi. Fleira skeði ekki markvert á fundinum og var fundi því slitið.

Magnús Valdimarsson

Rétt fyrir mótið

Í Vestmannaeyjum sem haldið var 31. maí 1962 voru haldnir margir óformlegir fundir sem allir snertu framkvæmd mótsins. Áætlun um að fá m.s. Esju fór út í sandinn. Þátttaka í mótinu var því miklu fámennari en reiknað hafði verið með, eða aðeins 43 þátttakendur. Aðeins 3 þátttakendur komu erlendis frá og var það einnig töluvert fámennara en reiknað hafði verið með. Ástæðan var ósamkomulag milli Jóhanns Sigurðssonar og Bracy. Sjálfst mótið tókst samt mjög vel í alla staði. Gott veður og góð veiði gerði mótið bæði skemmtilegt og eftirminnilegt. Afli alls á mótinu voru 5008 fiskar eða 7.448,55 kg. Hlutskaftasta sveitin var sveit nr. 1. frá Reykjavík og er það í fyrst skiptið sem íslensk sveit vinnur þennan titil. Sveit þessa skipuðu þeir: Guðmundur Ólafsson, Birgir Jóhannesson, Magnús Valdimarsson og Hákon Jóhannsson. Afli þeirra varð samtals 1.252,3 kg. Dómarar voru þeir Páll Þorbjörnsson og Guðlaugur Stefánsson. Unnu þeir starf sitt af mikilli vandvirkni og nákvæmni. Mótsstjórar voru þeir Halldór Snorrason og Þórhallur Jónsson. Framkvæmd mótsins var Vestmannaeyjum til mikils sóma.

Magnús Valdimarsson

Fundur haldinn

Í stjórn Sjóstangaveiðifélags Reykjavíkur þann 8. ágúst 1962 í Naustinu kl. 2100. Mættir voru allir stjórnarmeðlimir. Tilfni fundarins var að félaginu hafði borist bóð frá Sjóstangaveiðifélagi Keflavíkurflugvallar að taka þátt í móti í Keflavík þann 18.-19. ágúst 1962. Samþykkt var að taka þessu góða boði. Fleiri mál lágu ekki fyrir fundi þessum og var honum því slitið.

Magnús Valdimarsson

Fundur haldinn

Í stjórn Sjóstangaveiðifélags Reykjavíkur þann 19. mars 1963. Voru allir stjórnarmeðlimir mættir nema Guðmundur Ólafsson og Einar Ásgeirsson. Formaður Halldór Snorrason las upp nokkur bréf sem borist hafa erlendis frá í sambandi við næsta alþjóðamót hér og önnur mót sem halda á erlendis í sumar. Samþykkt var að alþjóðamótið hér skyldi haldið eins og áður í Vestmannaeyjum, þann 13. til 16. maí n.k. Formanni var falið að auglýsa mótið í blöðum bæði hér og erlendis. Bingónefndinni var falið að athuga möguleika til að afla fjár fyrir mótið. Aðalfundur

var ákveðinn n.k. föstudag 15. mars. Fundarstaður var ákveðinn í Glaumbæ kl. 2000. Formanni var falið að auglýsa fundinn. Fleiri mál voru ekki á dagskrá og fundi því slitið.

Magnús Valdimarsson

Aðalfundur

Aðalfundur Sjóstangaveiðifélags Reykjavíkur fyrir árið 1962 var haldinn í Glaumbæ föstudaginn 1. mars 1963 kl. 2030. Formaður Félagsins Halldór Snorrason sagði fund settan. Fundarstjóri var kjörin Egill Snorrason og fundarritari Magnús Valdimarsson ritari félagsins. Því næst flutti formaður félagsins Halldór Snorrason árskýrslu félagsins og kom víða við í ræðu sinni. Skýrði hann m.a. frá sjóstangaveiðum sem haldin voru í Vestmannaeyjum og Keflavík. Til síðara mótsins bauð Sjóstangaveiðifélag varnarliðsmanna á Keflavíkurflugvelli. Einnig skýrði hann frá öðrum veiðiferðum sem farnar voru á vegum félagsins. Síðan las Einar Ásgeirsson gjaldkeri upp reikninga félagsins og voru þeir ræddir nokkuð og síðan samþykktir móttakvæða laust. Þá fór fram stjórnarkjör, og voru kosnir í aðalstjórn Birgir Jóhannesson, Halldór Snorrason, Einar Ásgeirsson, Magnús Valdimarsson og Guðmundur Ólafsson, í varastjórn Egill Snorrason og Hákon Jóhannesson. Endurskoðendur voru kjörnir Sverrir Sigurðsson og Agnar Gústafsson. Á eftir fóru fram umræður um væntanlegt alþjóðamót í Vestmannaeyjum og tóku til máls Halldór Snorrason, Reinhard Lárusson, Egill Snorrason og Þórhallur Jónsson frá Vestmannaeyjum. Fundi var slitið kl. 2300.

Magnús Valdimarsson

Fundur haldinn

Í stjórn Sjóstangaveiðifélags Reykjavíkur í Naustinu miðvikudaginn 19. mars 1963 kl. 1200. Var þetta fyrsti fundu hinnar nýju stjórnar. Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt. Birgir Jóhannesson formaður, Halldór Snorrason varaformaður, Egill Snorrason ritari og Magnús Valdimarsson gjaldkeri. Síðan var kosið í nefndir, í mótsnefnd Halldór Snorrason og Birgir Jóhannesson, í veiðarfæranefnd Hákon Jóhannesson og Einar Ásgeirsson, í Bingó-nefnd Egill Snorrason og Magnús Valdimarsson. Fleiri mál lágu ekki fyrir fundinum og var því fundi slitið.

Magnús Valdimarsson

Stjórnarfundur haldinn

Í Naustinu föstudaginn 22. mars 1963. Mættir voru: formaður Birgir Jóhannesson, gjaldkeri Magnús Valdimarsson, ritari Egill Snorrason, Halldór Snorrason og Hákon Jóhannesson meðstjórnendur. Einnig mætti forstjóri ferðaskrifstofunnar Sögu Njáll Símonarson. Leitast var eftir því hjá Njáli að hann tæki að sér framkvæmd sjóstangaveiðimóts við Vestmannaeyjar dagana 22.-25. maí 1963 og fékkst samþykki fyrir því. Ákveðið var að kalla saman blaðamenn og var Njáli Sími falin framkvæmd þess. Ákveðið var að senda félögum kynningar og dreifibréf og var formanni falin framkvæmdin. Rætt var um fleiri leiðir í útbreiðslu félagsins, svo sem glugga-sýningar og fleira og samþykktar tillögur um að koma því í framkvæmd. Fleiri mál komu ekki á dagskrá og var því fundi slitið.

Egill Snorrason

Blaðamannafundur

Haldinn í Naustinu uppi föstudaginn 29. mars 1963 kl. 1630. Mættir voru blaðamenn frá öllum dagblöðum í Reykjavík, Njáll Símonarson forstjóri ferðaskrifstofunnar Sögu og stjórn félagsins. Formaður setti fundinn og lýsti með stuttu ávarpi starfsemi félagsins og gaf síðan Njáli Símonarsyni orðið. Lýsti hann aðaltilgangi þessa fundar sem er kynning á 4. alþjóða sjóstangaveiðimóti við Vestmannaeyjar 22.-25. maí n.k.. Síðan voru sýndir nokkrir verðlaunagripir og myndir frá fyrri mótum, og að lokum kaffidrykkja. Fleiri mál voru ekki og fundi slitið.

Egill Snorrason

Stjórnarfundur haldinn

Að Hótel Borg mánudaginn 1. apríl 1963. Öll stjórnin var mætt að undanteknum Guðmundi Ólafssyni. Teknar voru ákvarðanir um verðlaunaþörf fyrir næsta mót og lofuðu eftirtalin fyrirtæki bikurum: Pólar hf Magnús Valdimarsson, Aðal Bílasalan Halldór Snorrason, Verslunin Sport Hákon Jóhannesson og Birgir Jóhannesson tannlæknir verðlaunapeningum og plöttum. Fleiri mál lágu ekki fyrir, fundi slitið.

Egill Snorrason

Stjórnarfundur haldinn

Í Naustinu hf. 16. apríl 1963 kl. 1200. Mættir: Birgir, Magnús, Hákon, Egill og Ein-ar. Formaður setti fund og greindi frá boð Stanley Roff á Keflavíkurflugvelli til stjórnarmanna um að koma suður eftir í mat og til skrafs og ráðagerða. Ritari sagði frá velheppnuðum samningum við bátseigendur í Sandgerði um leigu á bátum til einstakra veiðiferða. Áætlanir voru gerðar um auglýsingar og útbreiðslu vegna móts-ins við Vestmannaeyjar og formanni falið að annast þau mál ásamt Njáli Símonar-syni. Fleiri mál lágu ekki fyrir, fundi slitið.

Egill Snorrason

Stjórnarfundur haldinn

Að Hótel Borg miðvikudaginn 24. apríl 1963. Mættir: Birgir, Egill, Magnús og Hákon, ásamt Njáli Símonarsyni sem lagði fram í stórum dráttum áætlun um fram-kvæmd mótsins við Vestmannaeyjar, en farið verður með flugvélum til Vestmanna-eyja, búið á Hótel HB og mun hótelið skaffa nesti á sjóinn og vínbar á kvöldin, róið frá kl. 10-18 dag hvern, og var þessi áætlun samþykkt og Njáli falið að koma henni í höfn. Formaður sagði frá nýjum 6 tonna bát sem falur væri til einstakra veiðiferða frá Reykjavík og fór stjórnin á vettvang og skoðaði fleyið eftir að fundi var slitið.

Egill Snorrason

Ritari vill

geta þess að sem áður voru margir óformlegir fundir haldnir í stjórn félagsins og nefndum þess fyrir mótið við Vestmannaeyjar, sem haldið var dagana 22.-25. maí 1963, og bar nafnið 4. alþjóðlega sjóstangaveiðimótið við Vestmannaeyjar. Mótið fór vel fram og með stemmingu að því er ritara er tjáð, og var sjór sóttur í vitlausu veðri dag hvern.

Úrslit urðu sem hér segir:

1. dagur, heildarafli 1192 fiskar 1.417.3 kg
2. dagur, heildarafli 2058 fiskar 1.606.9 kg
3. dagur, heildarafli 1382 fiskar 1.668.1 kg

Sveitarkeppnina vann sveit nr. 2 frá Reykjavík, en í henni voru: Halldór Snorrason, Rolf Johansen, Loftur Guðmundsson, og Þorsteinn Ólafsson. Samtals 778.6 kg.

Bátur nr. 5. Vann skipstjórabíkarinn með 266,8 kg per mann.

Mestur afli á mann:

Halldór Snorrason	320,5 kg
Sverrir Einarsson	289.4 kg
Magnús Valdimarsson	281.3 kg

Mestur afli á einum degi:

Halldór Snorrason	270.1 kg
Magnús Valdimarsson	199.9 kg

Flestir fiskar:

Magnús Valdimarsson	304 fiskar
Haukur Clausen	304 fiskar

Stærsta	Lúða	Mr. Mac Donald	11.9 kg
	Porskur	Birgir J. Jóhannesson	10.8 kg
	Ufsi	M.R. Harlan	6.6 kg
	Ýsa	Guðmundur Pálsson	5.7 kg
	Karfi	Marinó Karlsson	6.5 kg *
	Steinbítur	Guðmundur Gíslason	4.3 kg
	Langa	Þórður Sturlaugsson	1.7 kg

Pannig fór um sjóferð þá.

** Í fundargerðarbók stendur að karfinn hafi verið 6.5 kg.sá sem þetta ritar er stórlega efins um að þarna geti farið með rétta þyngd. AÖK*

Egill Snorrason

Eftir mótið við Vestmannaeyjar hafa ekki verið haldnir margir fundir, en því meira róið. Þó voru haldnir nokkrir óformlegir stjórnarfundir í sambandi við mót í Keflavík og sá Sjóstangaveiðifélag Keflavíkur um það.

Fundur haldinn

Í stjórn félagsins í Naustinu þann 20. ágúst 1963 kl. 1200. Til umræðu var boð um að senda sveitir á alþjóðlegt mót í Englandi að Little Hampton í september í haust. Samþykkt var að Njáll Símonarson annaðist kynningu á þessu móti og tæki á móti pöntunum og skipulegði ferðir þangað.

Egill Snorrason

Fundur haldinn

Í stjórn Sjóstangaveiðifélgs Reykjavíkur í Naustinu hf. 15. nóvember 1963 kl. 1200. Mættir voru: formaður Birgir J. Jóhannsson, gjaldkeri Magnús Valdimarsson, ritari Egill Snorrason, meðstjórnendur Halldór Snorrason og Hákon Jóhannsson. Lögð fram tillaga um dagskrá Aðalfundar 16. nóvember 1963.

Tillaga:

1. Formaður segir fund settan.
2. Kosnir verða fundarstjóri og fundarritari.
3. Skýrsla formanns.
4. Skýrsla gjaldkera.
5. Ritari les fundargerð síðasta aðalfundar.
6. Stjórnarkosning.
7. Nefndarkosning.
8. Lagabreyting.
9. Rætt um næsta Sjóstangaveiðimót.
10. Önnur mál.

Ofangreind tillaga samþykkt samhljóða. Þá var rætt um tillögu stjórnarinnar í sambandi við hækkun félagsgjalda, sjóstangaveiðimót o.fl. Lýsti formaður undirbúningsstörfum sínum í þeim málum, og var honum ásamt gjaldkera falið að leiða þau mál til farsælla likta.

Egill Snorrason

Aðalfundur 1963

Aðalfundur Sjóstangaveiðifélags Reykjavíkur var haldinn í Þjóðleikhúskjallaranum laugardaginn 16. nóvember 1963 og hófst hann kl. 1400. Formaður félagsins Birgir J. Jóhannsson setti fundinn og útnefndi Einar A. Jónsson fundarstjóra og Ragnar Ingólfsson fundarritara. Ritari félagsins Egill Snorrason las upp fundargerð síðasta aðalfundar, og því næst flutti formaður skýrslu stjórnarinnar um störf hennar á starfsárinu.

Alþjóðlegt sjóstangaveiðimót var haldið í Vestmannaeyjum dagana 22.- 25. maí og voru þátttakendur um 40. Félaginu var boðið til veiðimóts í Keflavík af The Rod Fishing Club á Keflavíkurflugvelli og voru þátttakendur einnig um 40. Um 15 veiðiferðir voru farnar á vegum félagsins frá Reykjavík með alls um 100 þátttakendum. Boðið var að senda sveit á Evrópumeistaramótið, sem haldið var í Englandi, var boðið þegið og send ein sveit, en hana skipuðu: Birgir J. Jóhannesson, Magnús

Valdimarsson, Hákon Jóhannesson og Lúðvík Eggertsson. Í sambandi við mót þetta var svo haldið ársþing European Federation of Sea Anglers, en á því mættu tveir fulltrúar frá Sjóstangaveiðifélagi Reykjavíkur, þeir Magnús Valdimarsson og Birgir J. Jóhannsson. Þingið samþykkt m.a. ný lög. Formaður kom víða við í skýrslu sinni og ræddi m.a. um framtíðarhorfur og sagði að aðalverkefni félagsins á næsta ári væri 5. Alþjóðlega sjóstangaveiðimótið sem haldið væri hérlendis. Þessu næst las gjaldkeri Magnús Valdimarsson upp reikninga félagsins, sem svo voru lagðir fram endurskoðaðir. Skýrði Magnús frá því að enn væri óuppgert við Ferðaskrifstofuna Sögu og Lidó og taldi félagið eiga hjá báðum aðilum einhverja upphæð. Reikningarnir voru samþykktir án umræðu og mótaskvæðalaust. Þá fór fram stjórnarkosning og hlutu þessir kosningu:

Birgir J. Jóhannsson
Magnús Valdimarsson
Halldór Snorrason
Egill Snorrason
Hákon Jóhannsson

Varastjórnendur voru kosnir:

Ragnar Ingólfsson
Einar A. Jónsson

Endurskoðendur:

Agnar Gústafsson
Lúðvík Eggertsson

Formaður mælti fyrir tillögu stjórnarinnar um að halda næsta alþjóðlega sjóstangaveiðimót í Reykjavík, þar sem hér væri öll aðstaða betri en á flestum öðrum stöðum á landinu og síst lakari fiskimið. Undir þessa tillögu tóku margir fundarmanna og ræddu þeir Hákon Jóhannesson og Haukur Clausen í því sambandi nokkuð um framkvæmd móta almennt, en þó einkum um ganghraða báta. Vildi Haukur að öllum bátum yrði stefnt á einn stað á miðunum og þar væri gefið merki um hvenær mætti hefja veiði og ljúka henni. Tillaga stjórnarinnar var þá borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Kosnir voru tveir menn til aðstoðar stjórninni við framkvæmd væntanlegs móts og hlutu þeir kosningu bræðurnir Örn og Haukur Clausen. Fram kom tillaga um hækkun félagsgjalds úr 100- kr. í 200- kr. og var hún samþykkt einróma. Formaður svaraði fyrirspurnum um lagabreytingar og sagði að félagsmönnum yrði send gildandi lög til athugunar fyrir næsta aðalfund. Matthías Guðjónsson kvaddi sér hljóðs og bauð félaginu til leigu 20 tonna frambyggðan bát fyrir næstu vertíð, og var samþykkt að fela stjórninni að semja við Matthías. Karl Stefánsson sagði nú nokkur hressileg orð, sem kættu fundarmenn mjög og spunnust

um þau verulegar umræður. Þá var kosin fjáröflunarnefnd og hlutu kosningu: Magnús Valdimarsson, Egill Snorrason og Már Egilsson. Í veiðifæranefnd voru kjörnir: Hákon Jóhannsson, Haukur Clausen og Marínó Pétursson. Birgir J. Jóhannsson bar fram tillögu um að taka á leigu húsnæði fyrir skrifstofu, sem hafði boðist, og var stjórninni falið að athuga málið. Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs og þakkaði fundarstjóri mönnum góða fundarsetu og hvatti félagana til dáða og sleit síðan fundi kl. 1630.

*Birgir J. Jóhannsson formaður
Ragnar Ingólfsson ritari*

1. Stjórnarfundur

Sjóstangaveiðifélagsins fyrir starfsárið 1964 var haldinn í Veitingahúsinu Naust fimmtudaginn 21. nóvember 1963 kl. 1200. Mætti voru meðlimir hinnar ný kjörnu stjórnar, þeir Birgir J. Jóhannsson, Magnús Valdimarsson, Egill Snorrason, Hákon Jóhannsson og Halldór Snorrason ásamt varastjórn þeim Ragnari Ingólfssyni og Einari Jónssyni. Einnig mætti Már Egilsson úr fjáröflunarnefnd félagsins. Fyrsta mál á dagskrá var að stjórnin skipti með sér verkum og var það gert þannig:

Formaður:	Birgir J. Jóhannsson
Varaformaður:	Halldór Snorrason
Gjaldkeri:	Magnús Valdimarsson
Ritari:	Egill Snorrason
Meðstjórnandi:	Hákon Jóhannsson

2. Næsta mál var að gjaldkeri lagði fram plön fjáröflunarnefndar um Bingó sem haldið yrði að Hótel Sögu (Súlnasal í byrjun desember) og var samþykkt að fela nefndinni góða framgöngu í því máli.
3. Mál var að ákveða daga fyrir næsta alþjóðamót sjóstangaveiðimanna sem haldið verður frá Reykjavík og var samþykkt að mótið verði dagana 29.-31. maí 1964. Var Magnúsi Valdimarssyni falið að tilkynna það til Evrópusambands sjóstanga-veiðimanna og fá þeirra samþykki.
4. Mál, þá var samþykkt að fara þess á leit við Njál Símonarson forstjóra ferðaskrifstofunnar Sögu að hann tæki að sér undirbúning og umsjón mótsins að miklu leiti.
5. Mál, samþykkt var að gefa út kynningarbækling í sambandi við mótið

6. Mál, gjaldkeri félagsins kvaddi sér hljóðs og skýrði frá því að varðskipið Gautur 35 - 40 lesta bátur væri til sölu með góðum kjörum og var honum falið að athuga það nánar.
 7. Mál, formaður lagði fram nýútkomnar reglur um sjóstangaveiði frá Evrópusambandinu, voru þær á ensku og var honum falið að fá Baldur Georgs til þess að þýða þær fyrir félagið. Ýmislegt fleira viðvirkjandi félagsstarfseminni var rætt, t.d. kaup á albúmi fyrir myndir og úrklippur.
- Fundi slitið kl. 1400.

Egill Snorrason

2. Stjórnarfundur

Fyrir árið 1964 var haldinn að Hótel Borg þriðjudaginn 2. nóvember kl. 1200.

Mættir voru allir stjórnarmeðlimir. Til fundarins voru einnig boðaðir og mættu þeir Njáll Símonarson forstjóri ferðaskrifstofunnar Sögu Örn og Haukur Clausen úr mótanefnd og Már Egilsson úr fjáröflunarnefnd. Formaður sagði fund settan og voru síðan umræður um tvö mál.

1. Mál, Ritari félagsins skýrði frá því að leyfi hefði fengist til þess að hafa Bingókvöld að Hótel Sögu, Súlnasal fimmtudaginn 12. desember, þó ekki nema til kl 1130 og hefðu samningar tekist með leigu á húsinu þann dag. Var þá rætt nokkuð um veðlaun, og var samþykkt að hafa aðalvinninginn sjónvarp, og var Halldóri Snorrasyri falið að hafa kaup á því. Hákon Jóhannesson lofaði að gefa eitt skreytt jólatré, Birgir J. Jóhannsson að fá ávaxtakörfu frá Silla og Valda. Örn Clausen að fá kalkún og jólamat í körfu, að öðru leiti var fjáröflunarnefnd félagsins falið að annast um framkvæmd Bingó-spilsins
 2. Þá var rætt nokkuð um væntanlegan bækling fyrir mótið í sumar og var samþykkt að ráða Ragnar Ingólfsson til þess að ritstýra honum í samráði við Njál Símonarson og Egil Snorrason sem annaðist söfnun auglýsinga í hann. Örn Clausen lofaði að grennslast fyrir um það hjá borgastjóra og fleirum hvort bærinn eða aðrir mundu bjóða þeim útlendingum í ferðalag sem kæmu hér til að taka þátt í mótinu.
- Fundi slitið kl. 1400.

Egill Snorrason

3. Stjórnarfundur

Í stjórn félagsins haldinn að Hótel Borg mánudaginn 10. febrúar 1964 og hófst hann kl. 1200. Mættir voru: Birgir J. Jóhannesson formaður, Magnús Valdimarsson gjaldkeri, Egill Snorrason ritari, Halldór Snorrason, Hákon Jóhannsson, Einar A Jónsson, úr stjórn félagsins. Einnig Haukur Clausen úr mótsstjórn og Njáll Símonarson forstjóri. Formaður sagði fund settan og tók fyrir fyrsta mál á dagskrá, en það er undirbúningur Alþjóðamótsins dagana 29.-31. maí í sumar. Benti hann á að aðeins eru þrír og hálfur mánuður eftir til mótsins og yrði því að fara að hraða undirbúnings framkvæmdum. Einnig gat formaður nýstofnaðs félags sem stofnað var á Akureyri. Einnig tóku til máls Njáll Símonarson og las hann upp bréf frá Jóhanni Sigurðssyni í London með fyrirspurn um mótið um verð o.fl. og sagði að ekki mætti dragast lengur að senda svar við því. Magnús Valdimarsson sagði frá nokkrum fyrirspurnum varðandi mótið sem honum hefði borist. Var síðan gengið til starfa og verkum skipt. Formaður tók að sér að athuga með nestisþakka, einnig að fá aðstoðu í höfninni. Njáll Símonarson og Egill Snorrason tóku að sér að athuga með beitu og móttöku á fiski o.fl. Áður hafði fengist vilyrði um leigu á Veitingahúsinu Sigtúni um móttöku á kvöldin. Allir voru skikkaðir til þess að afla báta, samþykkt var að fara ekki með leigu á bátum fram úr kr. 2.000- pr. dag. Fundi slitið kl. 1330.

Egill Snorrason

Þann 1. apríl 1964

Til dagsins í dag frá seinasta fundi hafa verið haldnir 3 stjórnarfundir, voru það rabbfundir til þess að fylgjast með hvernig verkin ganga. Bæklingur er kominn út og er búið að dreifa honum heima og erlendis. Talað hefur verið við eigendur um 30 báta og hafa undirtektir verið mjög góðar. Hafnarstjóri hefur lofað aðstoð sinni með athafnasvæði í höfninni. Sænsk-Íslenska frystihúsið hefur lofað móttöku á fiski, láni á vigtum og annarri aðstoð í sambandi við móttöku á fiski, Kjötubúðin Borg hefur lofað nestisþökkum fyrir hvern mann fyrir kr. 100- pr mann. Dómara mótsins hafa verði ákveðnir og eru þeir: Páll Þorbjörnsson formaður, Egill Snorrason og Einar Ásgeirsson.

Egill Snorrason

7. Fundur

haldinn í Stjórn félagsins laugardaginn 4. apríl 1964 í húsnæði Karla-kórs Reykjavíkur. Mættir eftirtaldir: Birgir J. Jóhannsson formaður, Magnús Valdimarsson gjaldkeri, Egill Snorrason ritari, Halldór Snorrason varaformaður, Hákon Jóhannsson, Ragnar Ingólfsson og Einar A. Jónsson meðstjórnendur. Einnig mættu Njáll Símonarson forstjóri, Einar Ásgeirsson dómari í mótinu og Matthías Guðjónsson eigandi bátsins Rán.

Formaður sagði fund settan kl. 1730 og tók fyrir.

1. Mál á dagskrá, en það var skýrsla formanns um þá hluti sem gerðir hafa verið varðandi framkvæmd Reykjavíkurmótsins í sumar. Sagði formaður m.a. að allir sem við hafi verið rætt í sambandi við fyrirgreiðslu hefðu verið sérstaklega samvinnuþýðir m.a. hafnarstjóri, lögreglustjóri, borgarstjóri og fl. Loforð hefðu fengið fyrir 8 bátum 20-30 tonn, talað hefði verið við 25 aðra og væru þeir mjög jákvæðir. Þá sagði formaður að hann, Halldór og Egill Snorrason hefðu komið saman og gert pöntun á verðlaunum fyrir félagið alls 50 stk frá London. Þá var samþykkt að leita hófanna hjá hf. Hafskip um að gefinn yrði glæsilegur skipstjóra bikar í mótið. Þá var samþykkt að bjóða nokkrum mönnum á lokahóf borgarstjóra, hafnarstjóra, og formanni Sjóstangaveiðifélags Keflavíkurflugvallar og dómurum mótsins. Þá tók til máls Matthías Guðjónsson og sagði að báturinn Rán yrði tilbúinn innan tveggja vikna og var gerður góður rómur að. Þá tók til máls Njáll Símonarson og sagði að ákveða yrði verð mótsins í krónum og benti hann á að verðið til Íslendinga mætti vera eitthvað herra en til manna sem þyrftu að kaupa flugfar frá útlöndum. Aðrir sem tóku til máls voru: Einar A Jónsson, Hákon Jóhannsson, og Halldór Snorrason. Að síðustu tók formaður nokkur létt lög á píanó.

Egill Snorrason

Almennir rabbfundir.

Um framkvæmd mótsins: Hótel Borg 4. apríl og 10. apríl. Blaðamannafundur Hótel Borg 15. apríl, Naust 7. maí, en þar var fjáröflunarnefnd falið að annast happdrætti á lokahófi, og veiðifæranefnd að koma á verslun með veiðafæri í Sjálfstæðishúsinu.

Einar Snorrason

All margir óformlegir

Fundir hafa verið haldnir fyrir og eftir framkvæmd mótsins, og voru umræður almennt um framkvæmd mótsins o.fl. Mótið var haldið frá Reykjavík dagana 29.-31. maí. Mótið fór að flestu leiti vel fram en sækja þurfti full langt og fréttabjónusta var vart fullnægjandi, nema vikublaðið Fálkinn hafði bæði fréttamenn og ljósmyndara með bátunum alla dagana, og birtu myndir og greinar þar um. Einnig kom í ljós að dómarmar þurfa að vera fleiri, eða hafa aðstoðarmenn. Annars voru úrslit þessi:

Evrópumeistari :	Halldór Snorrason (Gull)	122.4 kg.
Nr. 2.	Ragnar Ingólfsson (silfur)	118.4 kg

Mestur afli:	Halldór Snorrason	255.4 kg
	Valdimar Hrafnsson	215.8 kg
	Gunnar Guðmundsson	208.5 kg

Flestir fiskar:	Halldór Snorrason	156 stk
-----------------	-------------------	---------

Stærsta lúða:	Ómar Konráðsson	2.8 kg.
---------------	-----------------	---------

Stærsti þorskur:	Haukur Clausen	14.2 kg
------------------	----------------	---------

Stærsta ýsa:	Lúðvíg Nordgulen	4.5 kg
--------------	------------------	--------

Stærsti ufsinn:	Ómar Konráðsson	1.9 kg.
-----------------	-----------------	---------

Stærsta langan:	Rolf Johansen	1.2 kg.
-----------------	---------------	---------

Stærsta keilan:	Hákon Jóhannsson	4.8 kg
-----------------	------------------	--------

Stærsti steinbítur:	Sveinn Magnússon	2.2 kg
---------------------	------------------	--------

Stærsti karfi:	Sveinn Magnússon	2.4 kg
----------------	------------------	--------

Stærsta lýsa:	Jón B. Þorvarðarson	2.0 kg
---------------	---------------------	--------

Mestur afli konu:	1. Edda Þórs	123.1 kg
	2. Steinunn Roff	86.5 kg

Stærsti fiskur konu:	1. Steinunn Roff	6.9 kg
----------------------	------------------	--------

Afli eftir hvern dag:	1 dagur:	653 fiskar	753.9 kg
-----------------------	----------	------------	----------

	2 dagur:	1049 fiskar	1973.6 kg
--	----------	-------------	-----------

	3 dagur:	1696 fiskar	2868.8 kg
--	----------	-------------	-----------

	Samtals	3399 fiskar	5596.3 kg
--	---------	-------------	-----------

Keppendur voru 46 á 9 bátum

Aflahæsta sveit: Sveit nr. 7 frá Reykjavík með 680 kg.

Í sveitinni voru: Kolbeinn Kristófersson - Haraldur Ágústsson
Hannes Þórarinsson - Gunnar Guðmundsson.

Mestur afli á bát:

- 1 sæti: Bátur nr. 2 mb. Ásbjörg, meðalafli 200.67 kg.
Skipstjóri Símon Guðjónsson
- 2 sæti. mb Jón Bjarnason, meðalafli 179.7 kg.
Skipstjóri Halldór Bjarnason,
- 3 sæti: mb Íslendingur II, meðalafli 164.9 kg á mann.
Skipstjóri Jóhannes Guðjónsson,

Veiðiferðir voru farnar í Breiðafjörð og í Faxaflóa í sumar. Mót frá Keflavík átti að halda, og fóru keppendur albrynjaðir þangað, en aldrei var farið út vegna veðurs, en dvalið í góðu yfirlæti þar. Mót var haldið frá Akureyri og fóru fjórir keppendur héðan þangað.

Halldór Snorrason

Stjórnarfundur

Haldinn í Naustinu fimmtudaginn 6. ágúst kl. 1200. Mættir voru: Birgir, Magnús, Hákon, Halldór, og Njáll Símonarson.

Fyrir tekið væntanlegt sjóstangaveiðimót frá Keflavíkurflugvelli. Formaður tilkynnti að Stanley Roff hefði upplýst að mótið yrði 22. og 23. ágúst, var rætt um auglýsingastarfsemi í því sambandi og ákveðið að gera ráðstafanir í því efni. Einnig að gefa til verðlauna í mótið. Lagt fram bréf frá Egyptian Federation of Sea Anglers þar sem einum þátttakanda var boðið ókeypis til keppni við Rauðahafið.

(Undir þetta skrifar Ragnar, en hann er ekki talinn upp undir mætingu á fundinn. A.Ö.K)
Ragnar

Stjórnarfundur

Haldinn í Naustinu þriðjudaginn 3. nóvember kl. 1200. Mættir: Birgir, Magnús, Halldór, Egill, Ragnar, Örn Clausen. Ákveðið var að bjóða til Aðalfundar í Þjóðleikhúskjallaranum 14. nóvember kl. 1400.

Rætt um næsta Alþjóðamót frá Íslandi og samþykkt að styðja Keflavíkurflugvöll í því tilefni. Rætt um þátttöku í mótinu í Egyptalandi, og tóku mættir að sér að athuga hvað í því mætti gera. Ragnar Ingólfsson bauðst til að nota frímiðana en fara annars ekki.

Fundi slitið kl. 1330.

Egill Snorrason

Aðalfundur 1964

Var haldinn í Þjóðleikhúskjallaranum laugardaginn 14. nóvember 1964 og hófst hann kl. 1515. Formaður Birgi Jóhannsson setti fundinn og bauð félagsmenn velkomna og harmaði hve fáir væru mættir, en tilkynnti að fundurinn væri löglegur. Útnefndi hann Lúðvík Eggertsson fundarstjóra og Ragnar Ingólfsson fundarritara. Gengið var til dagskrár og las ritari félagsins upp fundargerð síðasta aðalfundar. Þá las formaður upp skýrslu um störfín á liðnu ári. Sagði hann að undirbúningur að hinu 5. alþjóðlega sjóstangaveiðimóti hefði hafist snemma og það verið haldið frá Reykjavík síðustu dagana í maí. Þátttakendur voru um 50 talsins og tókst mótið mjög vel. Sjóstangaveiðifélag var stofnað á Akureyri og efndi það til móts í byrjun september sem tókst mjög vel. Nokkrir þátttakendur voru frá Reykjavík. Þá var einnig efnt til móts í Keflavík af hálfu félagsins á Keflavíkurflugvelli, en sökum erfiðrar veðráttu gaf aldrei á sjóinn. Farnar voru nokkrar veiðiferðir frá Reykjavík og ein frá Grundarfirði. Nokkur boð komu erlendis frá um þátttöku í mótum og hið glæsilegasta frá Egyptum sem bjóða einum þátttakanda fríar ferðir og upphald. Verður reynt að notfæra boðið. Formaður sagði að nauðsynlegt væri að stofna fleiri félög hérlendis og að halda yrði mótin sem víðast, enda hvergi betri skilyrði til sjóstangaveiði en hér við land. Framtíðaráætlanir væru margar og stórar, en félag okkar ungt og févana, og bæri því fyrst og fremst að skipuleggja félagsstarfið betur og hagnýta reynsluna. Helst þyrfti að ráða sérstakan mann til þess að stjórna og sjá um veiðiferðir. Litlu yrði þó áorkað nema fé væri fyrir hendi og þyrfti með einhverju móti að afla félaginu aukins fjár. Pakkað hann stjórnarmeðlimum ágætt samstarf og óskaði félagsmönnum alls góðs á komandi starfsári. Því næst las og skýrði gjaldkeri Magnús Valdimarsson reikninga félagsins, sem sýndu nokkurn hagnað, en í sjóði voru kr. 20.840,77. Félagsgjöld voru kr. 14.200- og ágóði af Reykjavíkurmóti kr. 17.063,78 Tap varð á Bingói að Hótel Sögu uppá kr. 4,822,50 og annar kostnaður um kr. 11.158,55. Reikningarnir voru svo bornir undir atkvæði og samþykktir einróma. Þá reifaði formaður væntanlegt alþjóðamót að vori, og flutti tillögu um að það yrði haldið í Keflavík. Benti hann á að Vestmanneyingar hefðu ekki sýnt neinn áhuga undanfarið og of langt væri á miðin við Reykjavík, að vísu kæmi til mál að halda það frá Akureyri og þeir fyrir norðan óskuðu eftir því, en búið hefði verið að ræða við félagið á Keflavíkurflugvelli að sjá um næsta mót í samráði við SR, svo að Akureyringar yrðu að bíða til ársins 1966. Var Stanley Roff því næst gefið orðið, en hann var mættur frá félagi Keflvíkinga til þess að skýra frá væntanlegum undirbúningi. Sagði hann að félagið í Reykjavík yrði að sjá um mótið, en þeir myndu aðstoða af öllum mætti. Gera yrði kostnaðaráætlun og hugsanlegt væri að gisting og flutningur yrði ókeypis, eða þá við mjög vægu gjaldi sem hann tiltók. Tóku nokkrir til máls og voru mjög ánægðir með að halda mótið þar syðra og ef til vill frá fleiri en einum stað á skaganum, ef hægt væri að koma því við. Var síðan tillaga formanns

svo hljóðandi borin undir atkvæði. „Aðalfundurinn felur næstu stjórn að halda 6. alþjóðlega sjóstangaveiðimót frá Keflavík í náinni samvinnu við félagið á Keflavík-urflugvelli seinast í maí eða fyrst í júní 1965“ Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Fór því næst nokkrar umræður um framkvæmd móta og tóku til máls Ómar Konráðsson, Hákon Jóhannsson, Ragnar Ingólfsson, Egill Snorrason, Birgir Jóhannsson, Magnús Valdimarsson, Stanley Roff og Halldór Snorrason. Var einkum rætt um að fækka önglum í keppni t.d. að hafa þá ekki fleiri en 2 eða jafnvel ekki nema 1. Hér við land væri fiskur yfirleitt það mikill að það væri ekki „sport“ lengur að draga á þrjá öngla í senn, heldur hreinasta erfiði. Þá var og bent á að kynning og úrslit móta þyrftu að vera betur unnin, því áhugi keppenda og almennings byggðust á því að blöðum og útvarpi væri hugsað vel fyrir fréttum og mótum. Þyrfti einnig að sjá til þess að heildarúrslit allra keppenda væru birt í lok móts, keppendum til fróðleiks og ánægju. Einnig væri nauðsynlegt að fylgjast betur með að reglur og lög um sjóstangaveiði væru í heiðri höfð og væri brýnt fyrir skipstjórum og fulltrúum félagsins á hverjum báti að fylgjast með því að lögin væru haldin. Rætt var einnig um að hentug mundi vera í sambandi við næsta alþjóðamót að auglýsa keppni í 4 daga, þótt ekki væri veitt nema í þrjá. Væri slíkt ef til vill þægilegra ef veður brygðist í einn dag. Þá kom fram fyrirspurn um hvort hugsanlegt væri að fresta móti vegna veðurs, en ekki var það talið mögulegt. Að loknum þessum umræðu var samþykkt að fjölrita heildarúrslit síðast alþjóðamóts og senda þau með aðalfundargerð til allra félaga. Fram kom tillaga svo hljóðandi frá Agli Snorrasyni. „Á mótum skulu dómara aldrei vera færri en þrír, og alltaf einn fyrir hverja 10 sem taka þátt í mótinu“ var hún samþykkt. Þá fór fram kosningar og voru eftirtaldir kjörnir í stjórn:

Birgir J. Jóhannsson
Magnús Valdimarsson
Halldór Snorrason
Egill Snorrason
Hákon Jóhannsson

Í varastjórn:

Ragnar Ingólfsson
Ómar Konráðsson

Aðstoðarmenn stjórnar:

Haukur Clausen
Örn Clausen

Endurskoðendur:

Lúðvík Eggertsson
Einar A Jónsson

Veiðarfæranefnd:

Hákon Jóhannsson
Marínó Pétursson
Haukur Clausen

Fjáröflunarnefnd.

Magnús Valdimarsson
Egill Snorrason
Jón Þórðarson
Ómar Konráðsson
Halldór Snorrason

Að lokum þakkaði Birgir J. Jóhannsson traustið sem honum hefði verið sýnt og vonaðist eftir góðu samstarfi sem hingað til. Sátu fundarmenn og röbбуðu allengi um félagsstarfið og var fundi slitið kl. 1800

*Birgir J Jóhannsson
Ragnar Ingólfsson*

Stjórnarfundur

Haldinn í Naustinu mánudaginn 23. nóvember kl. 1200. Mættir voru: Birgir J Jóhannsson, Magnús Valdimarsson, Egill Snorrason, Hákon Jóhannsson, Ómar Konráðsson og Ragnar Ingólfsson. Formaður sagði fund settan og tók fyrir 1. mál á dagskrá, en það var að stjórnin skipti með sér verkum og var það gert þannig:

Formaður:	Birgir J Jóhannsson
Gjaldkeri:	Magnús Valdimarsson
Ritari:	Egill Snorrason
Varaformaður:	Halldór Snorrason
Meðstjórnandi:	Hákon Jóhannsson

Rætt var um framkvæmd næsta alþjóðamóts sem haldið verður frá Keflavík, og samþykkt að við leggjum fram tillögu á fundi sem haldinn verður sameiginlega með félaginu á Keflavíkurflugvelli væntanlega næsta miðvikudag. En tillagan verður um verkaskiptingu félaganna og hljóðar hún svo: „Sjóstangaveiðifélag Reykjavíkur annist alla útbreiðslu, auglýsingar, útgáfu bæklinga o.fl. og móttöku á erlendum gestum, en sunnanmenn sjái um viðgerning allan og útvegum á bátum“. Þá var og samþykkt tillaga um að fela Ragnari Ingólfssyni ritstjórn bæklinga. Fleiri mál voru ekki til umræðu og var fundi slitið kl. 1330.

Egill Snorrason

Stjórnarferðalag

Miðvikudaginn 25. nóvember var farin stjórnarför til Keflavíkurflugvallar í þeim tilgangi að ræða við stjórn félagsins þar um væntanlegt mót 6. alþjóðasjóstangaveiðimótið sem halda á frá Keflavík. Samþykktir voru sem mótisdagar fimmtudagurinn 27. maí föstudagurinn 28. og laugardagurinn 29. maí, og til vara sunnudagurinn 30. maí 1965. Einnig komu fram boð frá yfirmanni vallarins um afnot af fríu eða ódýru húsnæði, og bílum til að flytja þátttakendur til báta. Samþykkt var að við kæmu aftur suður fljótlega til að vinna að undirbúningi mótsins í nánari atriðum í samvinnu við Stanley Roff. Ferðin var vel heppnuð og okkur vel tekið, og röbbuðu menn saman fram eftir kvöldi yfir góðum mat og glasi af göfgum vínum. Komið var til borgarinnar aftur að afliðnu miðnætti. Meðlimir í förinni voru allir stjórnarmeðlimir að undanskildum Ragnari Ingólfssyni.

Egill Snorrason

Sameiginlegur stjórnarfundur

Fimmtudaginn 25. febrúar var haldin sameiginlegur stjórnarfundur með stjórn Road and Real Club á Keflavíkurflugvelli. Mættir voru allir meðlimir aðalstjórna beggja félaga.

1. Mál: Var bæklingur til auglýsinga á alþjóðamótinu í sumar, og lögðu félagsmenn Reykjavíkur fram próförk að honum, og var hann samþykktur með smá breytingum sem komu fram t.d. lagfæring á texta og prentvillur.
2. Mál: Þá var samþykkt að fela Halldóri Snorrasyni að annast um gerð á merki mótsins.
3. Samþykktir voru dómamar mótsins 1. Páll Þorbjörnsson kaupmaður í Vestmannaeyjum, 2. Ragnar Björnsson hafnarstjóri í Keflavík. 3. Meðlimur úr Road and Real Club, sem ákveðinn verður eftir því hver veiðir.
4. Birgi J Jóhannssyni var falið að hafa samband við bæjarstjórnann í Keflavík og Ragnar Björnsson hafnarstjóra og Helga S, vegna framkvæmda vegna báta og annarra framkvæmda, vigtun o.fl.
5. Félagið á Keflavíkurflugvelli sér um flutninga á fólki í báta og frá, einnig um að auglýsa mótið vel í sjónvarpi og útvarpi T.F.K.

Að fundi loknum fóru menn í offíséraklúbbinn og gæddu sér á mat og drykk fram eftir kvöldi. Á heimleiðinni var okkur boðið í kaffi til Mr. Stanley Roff og var þar veitt af þeirri rausn sem hann einn og þau hjón kunna að sýna. Komið var til Reykjavíkur kl. 0130, og hafði þá sprungið eitt dekk á leiðinni.

Egill Snorrason

Í marsmánuði

Fóru undirritaður, Birgir J Jóhannsson formaður og Halldór Snorrason varaformaður til Keflavíkur til nánari skrafs og ráðagerða við Ragnar Björnsson hafnarstjóra og Stanley Roff, og var þar ákveðið að Helgi S. Jónsson stigi í dómarsætið fyrir Pál Þorbjörnsson Vestmannaeyjum. Ragnar færði þær fréttir að bæjarstjóri Keflavíkur væri allur að vilja gerður okkur til hjálpar og mættum við annarri vinsemd eftir því.

Egill Snorrason

Stjórnarfundur

Haldinn í Naustinu þriðjudaginn 6. apríl. Mættir voru: Birgir J Jóhannsson formaður, Magnús Valdimarsson gjaldkeri, Egill Snorrason ritari, Halldór Snorrason varaformaður, Ragnar Ingólfsson og Örn Clausen. Samþykkt var stórátak til þess að fá báta fyrir mótið. Samþykkt var að halda blaðamannafund fljótlega eftir páska, og einnig var samþykkt að fara í veiðiferð um páskana.

Egill Snorrason

Margir óformlegir

Stjórnarfundir voru haldnir fyrir og eftir Alþjóðamótið sem fór fram samkvæmt áætlun við góðan orðstýr og til mikils sóma fyrir gestgjafa okkar í Road and Real Club á Keflavíkurflugvelli.

Úrslit:

- Mestur afli:
1. Lárus Árnason Akranesi með 371.3 kg.
 2. Jónas Halldórsson Reykjavík með 361.50 kg.
 3. Egill Snorrason Reykjavík með 349.20 kg.

EM:	1.dagur: Lárus Árnason	130.0 kg.
	2.dagur: Kristinn Finnbogason	167.5 kg.
	3.dagur: Egill Snorrason	174.6 kg.

Sveitakeppnina vann sveit Bandaríkjamanna þeir:

Stanley Roff
 Nick Potts
 Mac McGlamry
 Wally Dunn.

Stærstu fiskar:

Þorskur: Stanley Roff
 Ýsa: Ásgeir Óskarsson
 Ufsi: Birgir J Jóhannsson
 Langa: Guðmundur Ólafsson
 Keila: Steinunn Roff
 Lúða: Alfreð Elíasson
 Rauðspretta: Svana Tryggvadóttir

Stjórnarfundir yfir sumarmánuðina voru fáir og óreglulegir, sökum sumarleyfa. Félagsstarfið var þó í fullum blóma, farnar voru 12 - 15 veiðiferðir á vegum félagsins og bar hæst Innanfélagsmót sem haldið var frá Reykjavík í ágúst í sumar, og vann Jónas Halldórsson með miklum glæsibrag. Veiðiferð í Grundarfjörð var farin um Verslunamannahelgina sem áður og fóru síðan 14 félagar á veiðimót frá Akureyri í fyrstu viku september.

Egill Snorrason

Fundur haldinn

Að *Hótel Borg 8. nóvember 1965*. Mættir: Birgir J Jóhannsson formaður, Egill Snorrason ritari, Magnús Valdimarsson gjaldkeri, Halldór Snorrason og Ragnar Ingólfsson. Samþykkt var að halda Aðalfund félagsins fyrir árið 1965 í Félagsheimili Karlaórs Reykjavíkur að Freyjugötu 14. laugardaginn 4. desember n.k. kl. 1400. Samþykkt dagskrá fundarins:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Rætt um næsta alþjóðamót.
3. Önnur mál.
4. Slúttað í Þjóðleikhúskjallaranum.

Einnig var rætt um athugun á að fá hingað Evrópumeistaramót á næstunni. Fundi slitið.

Egill Snorrason

Aðalfundur Sjóstangaveiðifélags Reykjavíkur

Var haldinn í félagsheimili Karla-kórs Reykjavíkur laugardaginn 4. desember 1965 og hófst hann kl. 1430.

Formaður félagsins Birgir J Jóhannsson setti fundinn og bauð félagsmenn velkomna. Útnefndi hann Halldór Snorrason sem fundarstjóra og Ragnar Ingólfsson sem fundaritari. Var síðan gengið til dagskrár og gaf formaður skýrslu um störfín á liðnu starfsári, sem voru margþætt. Minntist hann fyrst látins féлага Reinhardts Lárussonar stórkaupmanns, sem var félagi frá upphafi, áhugasamur og hjálpsamur og eftirsjón í honum. Risu fundarmenn úr sætum sínum til virðingar við hinn látna.

Strax eftir síðasta aðalfund hófst undirbúningur að hinu árlega alþjóðamóti, sem samningar höfðu tekist um að haldið yrði frá Keflavík í samvinnu við The Rod and Reel Club á Keflavíkurflugvelli. Tókst sú samvinna með eindæmum vel, og fór mótið fram dagana 4. 5. og 6. júní og voru þátttakendur 77 frá Reykjavík, Akureyri, Akranesi, Keflavík, Keflavíkurflugvelli, Bretlandi, Danmörku, Frakklandi og víðar. Mótið fór mjög vel fram og þótti hafa heppnast mjög vel í alla staði. Verðlaunaafhending fór fram að kvöldi 6. júní í hófi miklu sem haldi var í The Chief's Club á Keflavíkurflugvelli. Bandaríska sveitin sigraði, en hæstur einstaklinga var Lárus Árnason frá Akranesi.

Um 15-20 veiðiferðir voru farnar á vegum félagsins út á Flóann, og ein frá Grundarfirði um Verslunarmannahelgina. Auk þessara veiðiferða voru margar farnar á vegum einstakra félagsmanna. Boð bárust erlendis frá um þátttöku í alþjóðamótum, en enginn fór frá félaginu. Í byrjun september héldu Akureyringar mót og voru þátttakendur 40 frá Akureyri, Reykjavík, Akranesi, Keflavíkurflugvelli og frá bæjum við Eyjafjörð. Tókst það mót ágætlega en fiskað var í tvo daga. Sigraði sveit Akureyringa, en hæstur einstaklinga var Jóhannes Kristjánsson frá Akureyri. Innanfélagsmót fór fram hjá félaginu í ágúst og sigraði í því Jónas Halldórsson sundkappi. Því næst skýrði gjaldkeri reikninga og var fjárhagur heldur bágborinn eins og venjulega. Í sjóði voru kr. 13.190,22 en óinnheimt félagsgjöld kr. 17.000- Þá fór fram stjórnarkosning, sem fór þannig:

Magnús Valdimarsson
Egill Snorrason
Halldór Snorrason
Jón Þórðarson
Hákon Jóhannsson

Til vara:

Birgir J Jóhannsson
Ragnar Ingólfsson

Endurskoðendur:

Þorsteinn Þorsteinsson
Lúðvíg Eggertsson

Veiðafæranefnd:

Marinó Pétursson
Hákon Jóhannsson
Haukur Clausen

Ýmis mál:

Fram kom tillaga frá Magnúsi Valdimarssyni svo hljóðandi:

„Aðalfundur Sjóstangaveiðifélags Reykjavíkur samþykkir að næsta alþjóðamót verði haldið frá Akureyri næsta ár 1966, og verði Sjóstangaveiðifélagi Akureyra falið að sjá um framkvæmd þess og hefja undirbúning þegar“ Tillagan var samþykkt samhljóða. Ýmislegt var rætt um framkvæmd móta og þó einkum rætt um blóðgun fiskisins. Voru fundarmenn samþykkir því að sækja um undanþágu um að blóðga megi fiskinn í alþjóðamótum hérlendis. Samþykkt var tillag um að stjórnin sjái um helgarferðir næst ár, og verði gefið út fjölritað félagatal í því sambandi. Nokkrir tóku til máls og þökkðu fráfarandi formanni Birgi J Jóhannssyni frábær störf og var það undirstrikað með lófataki. Njáll Símonarson forstjóri Ferðskrifstofunnar Sögu, benti á að gera þyrfti pésa á ensku sem gæfi til kynna hvenær mót yrðu haldin. Þetta væri nauðsynlegt vegna þátttöku erlendis frá. Tilkynnt var á fundinum að sameiginlegt át og drykkja yrði í Þjóðleikhúskjallaranum kl. 1900-0100 um kvöldið. Fundi slitið kl. 1600.

Ragnar Ingólfsson
fundarritari

Birgi J Jóhannsson
fráfarandi formaður

Þegar hér er komið sögu

Koma 10 auðar blaðsíður í Fundargerðarbók, og kann sá sem hér ritar enga skýringu á því. En þarna vantar tímabilið 04.12. 1965 til 03.12. 1966, og virðist sem fundargerðir fyrir þetta tímabil hafi ekki verið bókaðar. Á.Ö.K

Aðalfundur Sjóstangaveiðifélags Reykjavíkur

Var haldinn í Félagsheimil Karlaakórs Reykjavíkur laugardaginn 3. desember 1966 kl. 1600, og voru mættir alls 12 félagar á fundinn.

Formaður Magnús Valdimarsson setti fundinn og tilnefndi Njál Símonarson fundarstjóra og Ragnar Ingólfsson fundarritara. Var þá gengið til dagskrár og flutti formaður skýrslu stjórnarinnar fyrir liðið starfsár og kom víða við. Minntist hann sérstakleg á að frú Steinunn og hr Stanley Roff hefðu flutt af landi brott og voru þau kvödd með hófi í Þjóðleikhúskjallaranum. Stanley Roff hefði verið mikill og góður stuðningsmaður félagsins og eftirsjá í honum. Hið árlega alþjóðlega sjóstangaveiðimót var að þessu sinni haldið frá Akureyri og voru þátttakendur alls um 60. Þetta var 6. Alþjóðlega mótið frá upphafi og var haldið dagana 13.-15. júní. Sveit Akureyringa sigraði. Þá skýrði formaður frá að fáar veiðiferðir hefðu verið farnar frá Reykjavík, þó hefði verið farinn ágæt ferð til Grundarfjarðar um Verslunarmannahelgina og var þátttaka meir en oft áður, en þetta er 5 árið í röð sem farið er þangað vestur. Til Evrópumótsins sem fram fór í Gíbraltar fóru 4 keppendur, þau Valgerður Bára Guðmundsdóttir, Jónas Halldórsson, Einar Ásgeirsson, og Ásgeir Jónsson. Þau stóðu sig mjög vel og komu heim með 17 verðlaunagripi. Vala Bára varð Evrópumeistari kvenna og sveitin var efst eftir alla veiðidagana og vann hina svo kölluðu bæjarkeppni. Tilkynnti formaður að Evrópusambandið hefði óskað eftir að meistaramótið yrði haldið á Íslandi 1968 og óskaði eftir að fundarmenn létu álit sitt í ljós varðandi þetta mál. Ræddi formaðurinn mjög um það vandamál, hve erfitt væri að fá báta frá Reykjavík til veiðiferða og sagði að úr þessu þyrfti nauðsynlega að bæta. Að lokinni skýrslu formanns var lesin fundargerð síðasta aðalfundar. Var hún og skýrsla formanns rædd og svo þau mál sem lágu fyrir fundinum. Í framhaldi af þeim umræðum kom fram tillaga um að næsta alþjóðamót yrði haldið í Keflavík næsta ár og var sú tillaga samþykkt. Mættur var á fundinn Benedikt Jónsson frá Sjóstangaveiðifélagi Keflavíkur og þakkaði hann þann heiður að félagi hans skyldi falið að sjá um mótið. Skal það fara fram dagana 13.-15. maí. Þá var samþykkt tillaga um að stofnuð verði Landsnefnd Sjóstangaveiðifélaga og í þeirri nefnd yrðu 1 eða 2 menn frá hverju félagi. Fól fundurinn stjórninni að vinna að framgangi málsins. Ennfremur kom fram tillaga að fela stjórninni að vinna að því að Evrópumeistaramótið yrði haldið á Íslandi 1968, og var hún samþykkt. Urðu miklar umræður um þetta mót og sýndist mönnum sitt hvað, en þó voru flestir þeirrar skoðunar að mótið gæti orðið fjölsótt þótt kostnaður gæti orðið mikill. Kom einnig fram ályktun um að bjóða frægum mönnum á mótið til þess að draga að þátttakendur. Þá var rætt um veiðiferðir á vegum félagsins og var það mál manna að best væri að fela einum félagi hverju sinni að sjá um veiðiferð um helgi og annast alla framkvæmd þar að lútandi. Fram kom tillaga um að stjórnin athugaði möguleika á að leigja til landsins “Cabin-Cruiser“ á næsta sumri. Var tillagan samþykkt. Fór þá fram stjórnarkjör og hlutu þessir kosningu:

Magnús Valdimarsson
Bolli Gunnarsson
Egill Snorrason
Jón B. Þórðarson
Hákon Jóhannsson

Varamenn:

Ragnar Ingólfsson
Birgir J Jóhannsson
Lúðvík Eggertsson

Endurskoðendur:

Þorsteinn Þorsteinsson
Halldór Snorrason

Fundarstjóri upplýsti að gjaldkeri hefði fótbrotnað og hefði ekki getað „gengið“ frá reikningunum sem yrðu lagðir fram síðar á almennum fundi.

(Kom fram fyrirspurn hvaða fótur hefði brotnað) Var síðan samþykkt að halda framhaldsaðalfund eins fljótt og auðið er. Fram fóru heillakveðjur og óskir til stjórnarinnar og formanns. Fundi slitið kl. 1815

Ragnar Ingólfsson

Stjórnarfundur

Haldinn í Naustinu 17. janúar 1967. Þetta gerðist:

1. Stjórnin skipti með sér verkum þannig:

Formaður: Magnús Valdimarsson
Varaformaður: Hákon Jóhannsson
Gjaldkeri: Jón B. Þórðarson
Ritari: Bolli Gunnarsson
Meðstjórnandi: Egill Snorrason

2. Rætt var um möguleika á að halda Alþjóða sjóstangaveiðimót um Hvítasunnuna 14. og 15. maí n.k. Voru menn sammála um að mót þetta ætti helst að halda í Keflavík í samráði við félagið þar. Kosnir voru þrír menn í mótsnefnd, þeir Halldór Snorrason, Ragnar Ingólfsson og Bolli Gunnarsson. Enn fremur var ákveðið að óska eftir því að félagið í Keflavík tilnefndi aðra 3 menn í mótsnefnd. Þá var lítillga rætt um prentun á bæklingum vegna þessa móts. Formaður gat þess að hann hefði þegar tilkynnt aðilum erlendis að til stæði að halda þetta mót.

3. Rætt var um skemmtikvöld á vegum félagsins, en fundarmenn voru sammála um að frest því um sinn, en halda frekar slíkt skemmtikvöld þegar kæmi fram á vorið, ef ástæða þætti til.
4. Gjaldkeri lagði til að athugað yrði vandlega, hvort ekki væri möguleiki á að taka á leigu bát til afnota fyrir félagið.
5. Aðrir meðmæltir slíkri athugun og ennfremur að athugað yrði um möguleika á báti erlendis frá. „Cabin-Cruiser“
6. Ákveðið að efna til sjóferða í mars um páskana og þá endilega frá einhverri verstoð á Suðurnesjum, enda fundarmenn sammála um að ferðir frá Reykjavík væru ekki heppilegar eða æskilegar

Auk aðalstjórnarmanna sátu fundinn þeir Ragnar Ingólfsson varamaður og Njáll Símonarson. Fleira gerðist ekki, fundi slitið.

Bolli Gunnarsson

Stjórnarfundur

Haldinn í Naustinu 7. mars. 1967. Mættir voru: Magnús Valdimarsson, Hákon Jóhannsson, Bolli Gunnarsson, Egill Snorrason, Birgir J Jóhannsson, Halldór Snorrason, Ragnar Ingólfsson, og Friðrik Jóhannsson formaður Stjóstangaveiðifélags Keflavíkur. Þetta gerðist:

1. Formaður skýrði frá að ekki hefði tekist að koma upp alþjóðamóti í Keflavík í maí eins og fyrirhugað hafði verið. Hins vegar hefði komið í ljós að heppilegast yrði að halda þetta mót í Vestmannaeyjum um Hvítasunnuna. Var samþykkt að halda þetta mót sem yrði þannig hagað í stórum dráttum: Flogið héðan laugardaginn 14. maí. Mótið sett þann dag af bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum. Næsta dag fiskað frá kl. 0900 - 1800 og aftur 15. maí frá kl. 0900 - 1700. Verðlaunaafhendning að kvöldi 15. maí og síðan flogið til baka til Reykjavíkur. Kosin var nefnd til að undirbúa þetta mót- þeir Halldór Snorrason, Bolli Gunnarsson og Ragnar Ingólfsson. Formaður tók að sér að senda strax út fréttabréf til félagsmanna, þar sem skýrt verður frá þessu móti og öðrum sem haldin verða í sumar. Formaður mæltist til þess að nefndin hraðaði öllum undirbúningi þessa móts og léti ganga fyrir að fá prentaðan bækling á ensku, sem sendur verði út sem fyrst.
2. Páskaferðin ákveðin frá Suðurnesjum ef veður leyfir. Nánar tilkynnt um hana síðar.

3. Rætt var um frekari athugun á bát fyrir félagið. Formaður gat þess að vitað væri nú eftir athuganir sem hann og Halldór Snorrason hefðu gert, að leiga á slíkum bát erlendis frá kæmi ekki til greina. Hinsvegar er enn í athugun með heppilegan bát hérlandis til leigu eða kaups.
4. Mót sem tilkynnt verða nú félagsmönnum eru þessi:
 - 21.-24. apríl Hákarlaveiðimót í Gíbraltar
 - 6.-7. ágúst Sjóstangaveiðimót í Grundarfirði.
 - 2.-3. september Haustmót á Akureyri.
 - 9.-16. september Evrópumeistaramót í Cobh á Írlandi.
 - 23.-24. september Hámeraveiði frá Patreksfirði.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Bolli Gunnarsson

Stjórnarfundur

Haldinn í Naustinu 6. apríl 1967. Mættir voru: Magnús Valdimarsson, Hákon Jóhannsson, Bolli Gunnarsson, Jón B. Þórðarson, Egill Snorrason, Halldór Snorrason, Birgir J Jóhannsson, Ragnar Ingólfsson. Þetta gerðist:

1. Rætt um tilhögun alþjóðamóts í Vestmannaeyjum 14. og 15. maí n.k.. Halldór tekur að sér að láta prenta reglur varðandi mótið. Rætt var um fyrirkomulag á vigtun. Ákveðið að gefa félagsmönnum frest til 5. maí til að tilkynna þátttöku í mótinu. Ákveðið að fá Morgunblaðið til að skrifa um mótið um miðjan apríl. Halldór og Magnús taka að sér þetta verkefni. Hákon tilkynnir að hann muni gefa verðlaunagrip sem konur keppi um. Nánar verður ákveðið síðar um reglur varðandi þennan grip. Ákveðið var að boða þátttakendur til rabbfundar 5. maí. Verði þar tilkynnt öll tilhögun mótsins. Um sama leiti verði „klúbbunum“ úti á landi sendar allar upplýsingar um mótið. Síndur nýprentaður bæklingur um mótið.
2. Rætt um helgarferð, en enginn árangur með útvegum á bátum. Stjórnarmeðlimir beðnir um að athuga hver um sig hvort ekki séu einhverjir bátar fánlegir.
3. Bæklingurinn um alþjóðamótið verður nú sendur til margra aðila erlendis, m.a. sér Bolli um að senda bæklinginn til Pan American skrifstofu í 86 löndum heims, með beiðni um að þeim verði dreift til sjóstangaveiðifélaga í hverju landi. (Bæklingurinn fór af stað í dag) F.Í og Loftleiðir fá upplag til dreifingar á sínar skrifstofur erlendis. Fleira gerðist ekki, fundi slitið.

Bolli Gunnarsson

Stjórnarfundur

Haldinn í Naustinu 21. apríl 1967. Mættir Voru: Magnús Valdimarsson, Hákon Jóhannsson, Bolli Gunnarsson, Jón B. Þórðarson, Egill Snorrason, Halldór Snorrason, Ragnar Ingólfsson og Njáll Símonarson. Þetta gerðist:

Rabbað var um ýmislegt varðandi framkvæmd mótsins í Vestmannaeyjum. Í ljós kom að þátttaka verður með mesta móti, þannig að ekki er talin ástæða til að auglýsa mótið frekar þar sem fjöldi þátttakenda takmarkast við höltelrými í Vestmannaeyjum. Engar sérstakar ákvarðanir voru teknar í sambandi við mótið, en viðstaddir allir einhuga um að vanda allan undirbúning svo sem kostur er. Undirbúningsnefndinni þeim Halldóri Snorrasyni, Bolla Gunnarssyni og Ragnari Ingólfssyni falið í samráði við formann Magnús Valdimarsson að halda áfram öllum undirbúningi af fullum krafti. Fundi slitið.

Bolli Gunnarsson

Stjórnarfundur

Haldinn að heimili Halldórs Snorrasonar 3. maí 1967. Mættir voru: Magnús Valdimarsson, Halldór Snorrason, og Bolli Gunnarsson. Þetta gerðist:

1. Samþykkt var uppkast að bréfi sem ákveðið var að senda þeim keppendum sem þegar hafa tilkynnt þátttöku, en þeir eru nú um 70 talsins. (Bréfið er aftan við þessa fundargerð)
2. Ákveðið að senda um leið öllum keppendum nákvæma dagskrá um alla tilhögun mótsins. (Dagskráin er einnig aftan við fundargerðina)
3. Ákveðin verkaskipting í sambandi við frekar undirbúning mótsins. Halldór sér um: Aflakort-merki mótsins-númer á báta. Bolli sér um: Nafnspjöld keppenda, fjölritun á bréfi til keppenda ásamt dagskrá og reglum mótsins og útsendingu á þessu efni.
4. Ákveðið að Halldór Snorrason og Njáll Símonarson fari til Eyja viku fyrir mótið og gangi frá öllum atriðum varðandi Hótelið. Gangi endanlega frá leigu á bátum og ráði starfsmenn sem sjái um vigtun aflans. Bolli sér um merkispjöld á stampa. Umslög verða afhent keppendum 13. maí að kvöldi á Hótel H.B. innihald þeirra verður: Merki mótsins - tvö sett af spjöldum númeruðum frá 1-100, eitt sett fyrir

hvorn dag á stampana og svo nafnspjöld keppenda. Þessi umslög verða útbúin vel fyrir mótið, eða strax og prentun lýkur á öllum gögnum. Dagskrá mótsins send á ensku til erlendra keppenda og sér Bolli um það. Fleira ekki gert og fundi slitið.

Bolli Gunnarsson

Sjóstangaveiðifélag Reykjavíkur

Kæri veiðifélagi.

Vegna óvenju mikillar þátttöku í VIII, Alþjóða sjóstangaveiðimótinu sem haldið verður í Vestmannaeyjum dagana 13. til 15. maí n.k. vill undirbúningsnefndin benda á að nauðsynlegt er að þú greiðir þátttökugjaldið kr. 3.000- til Ferðaskrifstofunnar *Sögu eigi síðar en föstudaginn 5. maí n.k.*

Þessi ráðstöfun er gerð vegna þess, að fjöldi þátttakenda miðast við húsrými í Vestmannaeyjum, sem og við fjölda báta þeirra, sem hægt verður að leigja. En nú þegar er farið að skrá nöfn á biðlista fyrir mótið.

Nefndin væntir þess fastlega, að menn bregði skjótt við og greiði umrætt gjald á tilsettum tíma - og tryggi þar með þátttöku sína í mótinu.

Um leið og þátttökugjaldið er greitt til Ferðaskrifstofunnar Sögu fá keppendur kvittun, sem ber að sýna við móttöku gagna varðandi keppnina, en þessi gögn verða afhent á Hótel H.B. að kvöldi 13. maí.

Við leifum okkur ennfremur að senda með þessu bréfi reglur þær sem gilda um slík mót, og vonum að væntanlegir keppendur kynni sér þessar reglur vandlega.

Þar sem hluti af þessari keppni er sveitakeppni- 4 manna sveitir - þá óskar nefndin þess, að menn „rotti“ sig saman í sveitir „eftir skyldleika og kunningsskap“. Tilkynna ber um slíkar sveitir til nefndarinnar, eigi síðar en 10. maí.

Þá fylgja þessu bréfi ítarlegar upplýsingar um alla tilhögun mótsins - allt frá því að lagt er af stað frá Reykjavík og þar til komið er aftur til Reykjavíkur.

Nefndin áskilur sér þó rétt til að breyta eitthvað út frá þessari tilhögun, ef nauðsyn krefur, enda verði slíkar breytingar þá strax tilkynntar keppendum.

Með bestu kveðju
Undirbúningsnefndin:

Halldór Snorrason form nefndarinnar
Bolli Gunnarsson
Ragnar Ingólfsson.

Sjóstangaveiðifélag Reykjavíkur

VIII. ALPJÓÐAMÓT SJÓSTANGAVEIÐIMANNA Í VESTMANNAEYJUM dagana 13.–15. maí 1967

Upplýsingar varðandi tilhögun mótsins:

1. Keppendur mæta á Afgreiðslu Flugfélags Íslands Reykjavíkurflugvelli laugardaginn 13. maí kl. 1600
2. Brottför frá Reykjavík kl. 1630
3. Ekið frá flugvelli í Vestmannaeyjum að Hótel H.B.
4. Kvöldverður þetta kvöld er ekki innifalinn í þátttökugjaldi, en ætlast er til að keppendur borði á Hótel H.B. Þar verður úthlutað gögnum varðandi keppnina, svo sem merkispjöldum á fiskistampa, nafnspjöldum og merki mótsins. Þá verður keppendum ráðað á bátana. Um kl. 2200 mun bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum ávarpa hópinn með nokkrum orðum, en síðan mun formaður Sjóstangaveiðifélags Reykjavíkur, Magnús Valdimarsson setja mótið.
5. 14. maí: Morgunverður á Hótel H.B. Úthlutað matarpökkum fyrir hvern bát.
6. Bátar leggja af stað úr höfninni kl. 0900 STUNDVÍSLEGA.
7. Veiðum hætt kl. 1800
8. Keppendur eru áminntir um að merkja vel stampa sína - í síðasta lagi á leið til lands - með þar til gerðum merkispjöldum.
9. Dagsafli vigtaður, þegar komið er að landi, af þar tilnefndum starfsmönnum mótsins.
10. Kvöldverður á Hótel H.B.
11. Keppendur halda til Akoges-hússins, en þar verða tilkynnt úrslit um veiði dagsins.
12. 15. maí: Morgunverður á H.B.
13. Bátar leggja af stað úr höfninni kl. 0900 STUNDVÍSLEGA
14. Veiðum hætt kl. 1700
15. Dagsafli veginn strax og komið er að landi.
16. Kvöldverður á H.B. Keppendum er bent á að hafa allan sinn farangur tilbúinn á H.B. áður en farið er þaðan til Akoges-hússins, en þar hefst lokahófið að loknum kvöldverði á H.B.:
17. Lokahóf í Akoges, þar verða úrslit tilkynnt og verðlaun afhent.
18. Um kl. 2300 mótinu slitið í Akoges. Keppendur halda til H.B., en þaðan verður farið um kl. 2400 til flugvallar og flogið til Reykjavíkur.

Undirbúningsnefndin

Stjórnarfundur

Haldinn í Naustinu 20. júní 1967. Mættir voru: Magnús Valdimarsson, Hákon Jóhannsson, Bolli Gunnarsson, Jón B. Þórðarson, Egill Snorrason, Halldór Snorrason, Birgir Jóhannsson. Þetta gerðist:

Rabbað um mót sem haldið verður frá Keflavík 25. júní. Ákveðið að taka þátt í þessu móti og Halldóri Snorrasyni falið að auglýsa. Fundi slitið.

Bolli Gunnarsson

Stjórnarfundur

Haldinn í Naustinu 6. september 1967. Mættir voru: Magnús Valdimarsson, Bolli Gunnarsson, Ragnar Ingólfsson, Halldór Snorrason, Birgir Jóhannsson. Þetta gerðist:

1. Rætt um þátttöku í mótinu sem félagið á Akureyri stendur fyrir 9. september.
2. Rætt lítillega um Evrópumeistaramótið sem komið hefur til mála að haldið verði á Íslandi 1968.
3. Ákveðið að enda sumarstarfið með góðri veiðiferð með M/S Eldingu, seinni part september ef veður leyfir. Fundi slitið.

Bolli Gunnarsson

Stjórnarfundur

Haldinn á Hótel Sögu 12. október 1967. Mættir voru: Magnús Valdimarsson, Hákon Jóhannsson, Bolli Gunnarsson, Jón B. Þórðarson, Egill Snorrason, Ragnar Ingólfsson, Birgir Jóhannsson, eða stjórnin öll og báðir varamenn. Auk þess hafði stjórnin boðað eftirtalda menn til þessa fundar: Halldór Snorrason, Njál Símonarson, Kristinn Finnbogason, Jónas Halldórsson, alla úr Reykjavík, Friðrik Jónsson frá Keflavíkurfélaginu og Karl Jörundsson frá Akureyrarfélaginu, mættu allir þessir menn nema Karl sem forfallaðist.

1. Formaður setti fundinn og skýrði frá að bréf hefði nýlega borist frá European Federation of Sea Anglers þar sem félagi okkar er tilkynnt að sambandið hafi á fundi sínum í Cobh á Írlandi um miðjan september s.l. ákveðið að næsta Evrópumeistaramót í sjóstangaveiði verði haldið á Íslandi. Áður hafði borist fyrirspurn frá sambandinu um það á hvaða árstíma við teldum heppilegast að halda þetta mót.

Hafði stjórnin svarað því til eftir nánari athugun að tvímælalaust teldum við tím-ann um mánaðarmótin maí og júní eða um Hvítasunnuna. Formaður gat þess að hingað hefði fyrr í sumar komið breiti David Brickinton að nafni. Hann var þó ekki á vegum sambandsins. David fór þó með okkur í eina sjóferð og kynnti sér einnig hótelin hér og aðstæður allar. Mun hann síðan hafa sent stjórn E.F.S.A. skýrslu um ferð sína hingað og athuganir. Þá gat formaður þess að bréfi sambandsins hefði þegar verið svarað á þá lund, að við værum ánægðir með þessa ákvörðun stjórnar E.F.S.A. og hefðum fullan hug á að vanda vel allan undirbúning þessa móts. Þá taldi formaður næst liggja fyrir að kjósa nefnd eða nefndir, sem strax tækju til starfa að undirbúningi þessa mesta verkefnis sem félag okkar hefur tekist á hendur. Að lokum mæltist formaður til þess að viðstaddir létu í ljós álit sitt á þessu máli og stóð ekki á því. Urðu strax fjórlegar umræður um þetta mál. Voru menn á einu máli um það að þetta væru mikil tíðindi og góð, og nú væri um að gera að taka til starfa sem allra fyrst. Allir viðstaddir töluðu og flestir oft, enda var fundurinn ekki um of formlegur, en þó hafði formaður óskað þess í upphafi að Njáll Símonarson stýrði umræðum ef út í ógöngur færu, en til þess kom ekki. Aðalumræðurnar snerust um það hvort heppilegra væri að kjósa eina alsherjanefnd, sem síðan skipti með sér verkum, eða hvort fleiri nefndir ætti að kjósa til undirbúnings þessu móti. Að lokum varð það samkomulag að kosnar yrðu þrjár nefndir.

2. Fór sú kosning þannig: **Aðalframkvæmdanefnd:** Magnús Valdimarsson, Bolli Gunnarsson, Halldór Snorrason, Karl Jörundsson Akureyri, Friðrik Jóhannsson Keflavík. **Báta - bíla og Hótelnefnd:** Njáll Símonarson formaður, Birgir Jóhannsson, Hákon Jóhannsson, Benidikt Jónsson Keflavík. **Fjáröflunar og kynningarnefnd:** Ragnar Ingólfsson formaður, Jón B. Þórðarson, Jónas Halldórs-son, Kristinn Finnbogason. Ýmislegt var enn rätt varðandi framkvæmd mótsins, sem ekki verður nána rakið hér, þar sem umræður snérust mest um atriði sem koma munu til framkvæmda af einhverri hinna þriggja nefnda. Fundi slitið.

Bolli Gunnarsson

Stjórnarfundur

Haldinn á Hótel Sögu 25. október 1967. Mættir voru: Magnús Valdimarsson, Bolli Gunnarsson, Halldór Snorrason, Ragnar Ingólfsson, Kristinn Finnbogason, Jón B. Þórðarson, Birgir Jóhannsson. Auk þess mættu á fundinn Jóhann Sigurðsson forstjóri Flugfélags Íslands í London, en fundurinn var boðaður til þess að ræða við Jóhann um væntanlegt Evrópumeistaramót næsta ár á Íslandi. Fram kom á fundinum að Halldór hafði rätt við hóteltjóra Loftleiðahótelsins og fengið frá honum tilboð þess efnis að þeir vilja taka erlenda gesti mótsins fyrir kr. 600- á dag. Innifalinn morgun-

verður og kvöldverður. Önnur hótél hafa ekki treyst sér til að bjóða lægra verð. Þótti fundarmönnum ráðlegt að tak þessu tilboði. Tilboð hafði borist frá Veitingahúsinu Askur, en Askur býður nestisþakka fyrir kr. 80- og var ákveðið að taka því tilboði einnig. Þessir tveir kostnaðarliðir ásamt áætluðum kostnaði vegna bátanna kr. 500- pr. mann á dag gerir því fyrir 3 daga Kr. 2.040- þegar með er talið akstur milli Hótel- els og Keflavíkur í 3 daga. Þetta eru því £35-0-0 ef reiknað er með að erlendir kepp- endur komi á föstudagskvöldi og fari á föstudagsmorgni. Heildarkostnaður £52-0-0 pr mann. Þá upplýsti Jóhann að möguleikar væru á því að „Carther“ flug frá London til Íslands yrði £35-0-0 pr mann fyrir báðar leiðir. Þá er allur kostnaður með ferðum kominn í 87-0-0 pund pr. mann Var ákveðið að ritari tilkynnti E.F.S.A. þetta sem fyrst og benti jafnframt E.F.S.A. á að hafa beint samband við Jóhann í London varð- andi flugferðirnar. Fleira gerðist ekki, en ákveðið að allar 3 undirbúningsnefndir mótsins komi saman næstkomandi fimmtudag 9. nóvember. Fundi slitið.

Bolli Gunnarsson

Stjórnarfundur

Haldinn í Naustinu 17. nóvember 1967 Mættir voru: Magnús Valdimarsson, Ragnar Ingólfsson, Hákon Jóhannsson, Birgir Jóhannsson, Egill Snorrason, Jón B Þórðar- son, Njáll Símonarson, Bolli Gunnarsson. Formaður setti fundinn og gat þess að ekki hefði borist neitt svar frá E.F.S.A. við ítarlegu bréfi sem ritari hefði sent. Verk- efni þessa fundar væri hinsvegar að ræða um væntanlegan Aðalfund félagsins, en hann verður haldinn laugardaginn 2. desember n.k. í samkomusal Tannlæknafélags- ins Bolholti 4. Kl. 1500. Ritara falið að senda út skriflegt fundarboð til félaga. Gjaldkera, ritara og Njáli falið að ganga frá og senda reikninga til Jóhanns Sigurðs- sonar í London vegna þátttöku tveggja Breta í Vestmannaeyjamótinu síðasta. Þá samþykkti stjórnin að leggja fram á aðalfundi tillögu um væntanlega stjórn sem hér segir: Formaður Bolli Gunnarsson, varaformaður Hákon Jóhannsson, gjaldkeri Jón B Þórðarson, ritari Ragnar Ingólfsson, meðstjórnandi Jónas Halldórsson, varamenn Egill Snorrason og Jóhann Gunnlaugsson. Þá var stjórnin sammála um að koma á þeirri hefð að fyrrverandi formenn yrðu boðaðir á stjórnarfundum framvegis. Sam- þykkt var að mæla með Njáli Símonarsyni sem fundarstjóra á væntanlegum aðal- fundi. Formaður gat þess að dagskrá fundarins yrði þessi:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
 2. Evrópumeistaramót E.F.S.A. á Íslandi 1968
 3. Önnur mál.
- Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Bolli Gunnarsson

Aðalfundur 1967

Aðalfundur Sjóstangaveiðifélags Reykjavíkur var haldinn í Félagsheimili Tannlæknafélags Reykjavíkur laugardaginn 2. desember 1967, og hófst fundurinn kl 1500. Formaður félagsins Magnús Valdimarsson setti fundinn og bauð félagsmenn velkomna. Útnefndi hann Njál Símonarson fundarstjóra, sem tilnefndi Jón Lárússon sem fundarritara. Síðan var gengið til dagskrár. Flutti formaðurinn skýrslu stjórnarinnar fyrir síðasta starfsár og kom víða við. Fyrsta verkefni stjórnarinnar var að hefja undirbúning að alþjóðamóti. Var í fyrstu ákveðið að halda mótið frá Keflavík um Hvítasunnuna 1967, en horfið frá því og mótið haldið í Vestmannaeyjum á sama tíma. Mikil þátttaka varð eða um 80 manns. Gott veður var og geysimikill fiskur báða dagana. Sveit Akureyrar sigraði. Ungur Akureyringur var með bestan samantalagðan afla. Annan daginn veiddi sá hinn sami 1/2 tonn, sem er heimsmet í dagsafla. Minntist formaður á að Akureyrarsveitirnar ynnu orðið nokkuð marga sigra, og mættum við í S.R. fara að spjara okkur svo um munaði. Stærsta verkefni stjórnarinnar var byrjun að undirbúningi næsta Evrópumóts sjóstangaveiðimanna, sem halda á hér sunnanlands á komandi vori - verður nánar komið að því síðar. Farin var veiðiferð frá Grundarfirði um síðustu Verslunarmannahelgi og alls 8 ferðir með Eldingunni, sem formaður taldi vera mjög hentugan bát fyrir sjóstangaveiði. Gat formaður Bolla Gunnarssonar sérstaklega í sambandi við undirbúning á þessum ferðum og þakkaði honum góða og mikla vinnu í þessu sambandi. S.l. sumar kom hingað til lands Mr. Dave Brockington frá Hastings og lenti hann í góðum fiski og gaf síðan skýrslu til Evrópusambandsins. Akureyringar héldu mjög gott og skemmtilegt mót í heimabæ sínum. Tvær sveitir fóru frá Reykjavík, enn sigruðu Akureyringar og hirtu nær alla bikara. Að loku sagði formaður að hann hafi verið í stjórn félagsins undanfarin 7-8 ár, en gæti því miður ekki vegna anna setið lengur og bæðist undan endurkosningu. Gjaldkeri félagsins Jón B Þórðarson las síðan upp reikninga félagsins. Í sjóði voru kr. 17.200- . Reikningarnir voru bornir undir atkvæði og samþykktir einróma. Var nú orðið laust. Tók þá Hákon Jóhannsson til máls og harmaði það að Magnús Valdimarsson skyldi ekki sjá sér fært að halda áfram formannsstörfum, og þakkaði honum vel unnin störf í stjórn félagsins og þágu. Fór þá fram stjórnarkjör: Eftirfarandi menn voru kjörnir: Bolli Gunnarsson, Hákon Jóhannsson, Jón B Þórðarson, Ragnar Ingólfsson, Jónas Halldórsson. Varamenn: Egill Snorrason og Jóhann Gunnlaugsson. Endurskoðendur: Þorsteinn Þorsteinsson og Halldór Snorrason. Tók nú Bolli Gunnarsson til máls og skýrði frá undirbúningi Evrópumótsins á vori komandi. Skipað hefur verið í nefnd til að sjá um allan nauðsynlegan undirbúning og störf í sambandi við mótið. Sagði hann þetta gífurlega vinnu fyrir fámenna nefnd, en auðvelt ef margir hjálpuðust að. Hvatti hann félagsmenn til að leggjast á eitt og bregðast vel við ef til þeirra yrði leitað um aðstoð. Nokkrar umræður urðu. Tilhögun mótsins er í aðalatriðum þessi: Mótið sett 31. maí 1968. Veitt frá Keflavík dagana 1.-

2. og 3. júní. En aðalfundur Evrópusambandsins haldinn 4. júní. Mótsslit að honum loknum. Verðlaunaafhending verðu þó ekki fyrr en 6. júní. Að lokum kom fram til-laga þess efnis að félagið léti gera kópiu af kvikmynd Rögnvaldar Johansen um fyrsta sjóstangaveiðimótið sem haldið var hér á landi. Var tillagan samþykkt. Fleiri mál voru ekki rædd og fundi slitið kl. 1730

Jón Lárusson

Stjórnarfundur

Haldinn að Hótel Sögu herbergi nr. 513 fimmtudaginn 14. desember 1967 kl 2030.
Fyrsta mál á dagskrá var að stjórnin skipti með sér verkum:

1. Bolli Gunnarsson tók að sér formannsstörf. Hákon Jóhannsson verður varafor-
maður, Ragnar Ingólfsson ritari, Jón B Þórðarson gjaldkeri, og Jónas Halldórsson
meðstjórnandi. Varamenn eru Egill Snorrason og Jóhann Gunnlaugsson.
2. Formaður kynnti bréf frá stjórn Evrópusambandsins varðandi Evrópumeistara-
mótið og svar hans við því. Dagsetning bréfanna 25/11 og 8/12 1967.
3. Formaður fjáröflunarnefndar Ragnar Ingólfsson gaf skýrslu um störf nefndarinnar.
Auglýsingasöfnun er hafin í væntanlegan auglýsingabækling og standa vonir til
að hún gefi góðan árangur. Fram hefur komið sú hugmynd hjá nefndinni að halda
árshátíð á Hótel Sögu í vetur með góðum skemmtiatriðum sem gefa ættu nokkurn
arð.
4. Báta - og hótelfnefnd hefur enn eigi tekið til starfa og var rætt um ýmis málefni
varðandi hennar verksvið.
5. Rætt ýmislegt er varðar framkvæmd mótsins í heild og komið víða við. Var skrif-
að niður margt til minnis og borið saman við framkvæmd eldri móta. Mættir voru
fyrirgreindir stjórnarmeðlimir, svo og Magnús Valdimarsson. Egill Snorrason
mætti ekki. Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið

Ragnar Ingólfsson

Fundur stjórnar og nefnda

Var haldinn í herbergi nr. 513 að Hótel Sögu fimmtudaginn 18. janúar 1968 kl. 2030. Bolli formaður gaf skýrslu um störf stjórnarinnar að undanfögnu.

1. Kynning á mótinu fór fram í Sjónvarpi og blöðum, Var það gert fyrst og fremst í þeim tilgangi að skapa áhuga og vekja áhuga fyrir mótinu. m.a. vegna auglýsinga-söfnunar í bækling, en 1500 eintök voru send til útlanda til ýmissa flugfélaga og ferðaskrifstofa, svo og fulltrúa sjóstangaveiðifélaga. Var þetta bréf um tilhögun mótsins og verð, hótél o.fl. Erlendis er kynning þegar hafin í blöðum. Allskonar bæklingum um Ísland og kynningarpésur hefur verið dreift um Evrópu.
2. Bréf hefur borist frá ritara E.F.S.A. um ýmislegt varðandi EM. Skrá fylgdi yfir bikara og stytur og önnur verðlaun svo og tillögur um þau verðlaun sem félag okkar þarf að láta í té. Í bréfinu kom fram að félagið þarf að bjóða þremur útlendingum, i.e. Prince Ligne, Mr. Boulton og Mr. Hughes. Sótt hefur verið um frítt uppihald fyrir þá á Loftleiðahótelinu og far með Flugfélagi Íslands. Margvíslegar upplýsingar og athugasemdir voru í bréfinu sem stjórnin tekur til athugunar.
3. Kostnaður við þátttöku verður sem hér segir: Íslendingar greiða kr. 3.500- Keflvíkingar fá kr. 300- í afslátt v/bílferða. Útlendingar greiði £ 20-0-0. Innifalið er matur, bátar bifreiðaflutningur og beita.
4. Sjóstangaveiðifélagið í Hastings í Bretlandi hefur haldið happdrætti og var vinningur ferð á EM á Íslandi. Fer félagið fram á frítt þáttökugjald og e.t.v. uppihald. Ákveðið var að gefa þáttökugjald og athuga með uppihaldið.
5. Ragnar gaf upplýsingar um kynningapésann og kvað söfnun auglýsinga ganga vel, en flýta þyrfti henni til að hægt væri að gefa út pésann.
6. Rætt var um dómaraströf, frest um þáttökutilkynningar, starfsfólk o.fl. Stjórnin reynir að flýta framkvæmdum. Margt fleira var rætt og ákveðið að drífa allt áfram svo sem kostur er. Mættir voru Bolli, Jón Bj, Benedikt, Hákon, Ragnar, Egill, Halldór, Magnús, Friðrik, og Jóhann. Fundi slitið.

Ragnar Ingólfsson

Fundur stjórnar og nefnda

Haldinn að Hótel Sögu fimmtudaginn 1. febrúar 1968 í herbergi nr. 515. (ekki 513 en þar voru flugfreyjur á fundi) Njáll Símonarson gaf skýrslu um fund sem hann sat í London með Jóhanni Sigurðssyni, Hughes and Thomson. Sá síðastnefndi rekur ferðskrifstofur og mun hann sjá um allar bókanir í sambandi við EM á Íslandi. Fundur í stjórn E.F.S.A. verður haldinn 24. febrúar í Amsterdam, sem er lokafundur um EM. Þá þarf bæklingurinn að liggja fyrir hjá þeim. Ósk kom fram um að kjósa í „Miss EM“?! Íslenskt kvöld yrði haldið. Fleiri verðum á Hótelum var óskað eftir. Rætt um að bókanir bærust eigi síðar en 20. apríl. Fundur E.F.S.A. verður haldinn þriðjudaginn 4. júní kl. 1430. Talað var um Sightseeing-Tour um Þingvelli o.fl. og ákveðið að fara þess á leit við borgarstjórn að hún gefi hana. Fjölmörg framkvæmdaatriði voru rædd og skiptu menn með sér verkum. Mættir voru: Bolli, Magnús, Njáll, Jón, Hákon, og Ragnar. Fundi slitið.

Ragnar Ingólfsson

Stjórnarfundur

Haldinn í herbergi 513 að Hótel Sögu laugardaginn 24. febrúar 1968 kl. 1400.
Mættir voru: Bolli, Ragnar, Halldór, Egill, Birgir, Jóhann, Jón B, og Magnús.

1. Tekið fyrir: Öll þau lokaatriði varðandi útgáfu bæklingins vandlega athuguð, yfirfarin og endanlega samþykkt. Staðið hafði á ýmsu erlendis frá, en var nú komið.
2. Óskað hafði verið eftir ókeypis upphaldi fyrir ungling þann í Bretlandi sem hefur orðið þrisvar unglingameistari á EM. Birgir bauð að taka hann að sér.
3. Félag í Hasting hafði með happdrætti lofað vinningi á EM á Íslandi. Ókeypis upphald vantar hér og bauð Magnús að taka vinnandan að sér. Má vera kvenmaður. (helst)
4. Samþykkt að láta gera 3 gross af borðfánum. Einnig að kaupa 4 dús af skyrtu-hnöppum og bindisnælum.
5. Bolli upplýsti ýmislegt í sambandi við framkvæmd mótsins og skýrði frá símtali við Bob Hughes, sem sagði að stjórn E.F.S.A. væri mjög ánægð með undirbúning mótsins.

6. Félag okkar er nú skuldlaust við E.F.S.A. og löglegur meðlimur til ársins 1969.
7. Allmörg bréf hafa borist um fyrirsurnir varðandi mótið og hefur Bolli svarað þeim jafnarðan.

Mörg fleiri mál voru upplýst og rædd, m.a. að klúbbur hefur verið stofnaður í Vestmannaeyjum (endurreistur) stofnendur voru 15. Rætt sérstaklega um vigtun afla, sem er og verður stærsta vandamálið. Fundi slitið kl.1815

Ragnar Ingólfsson

Stjórnarfundur

Haldinn í herbergi 513 að Hótel Sögu fimmtudaginn 21. mars 1968 kl. 2030. Boðaðar voru og nefndir ásamt framkvæmdanefnd. Mættir voru úr Reykjavík: Bolli, Hákon, Ragnar, Jón Bjarni, Jóhann, Egill, Jónas, Halldór, Birgir, Magnús, Kristinn, Njáll. Frá Keflavík: Benedikt og Friðrik, og frá Akureyri : Karl.

1. Bolli skýrði frá viðtali við Stefán Hirst forstjóra Hótel Loftleiða, varðandi margt er varðar framkvæmd mótsins (EM) Voru undirtektir hans mjög jákvæðar og lofa góðu. Ýmsum fyrirsurnum svarar Stefán síðar.
2. Send verða nú boðsbréf til þriggja „toppmanna“ E.F.S.A. Belgíska prinsins, Poultons og Hughes.
3. Bolli las upp bréf varðandi fjáröflunaráætlun, sem samþykkt var að senda 200 einstaklingum og fyrirtækjum. Spunnust um þetta nokkrar umræður, og var þessi fjáröflunaraðferð samþykkt.
4. Sótt verður um leifi til yfirvalda í Keflavík um aðstöðu við höfnina. Friðrik upplýsti að skátar í Keflavík mundu fánlegir til að vinna að vigtun á fiski gegn greiðslu.
5. Send verða bréf um þátttöku í mótinu til allra félaga í Reykjavík ásamt „prógrammi“.
6. Skemmtun er ákveðin 6. apríl í „Dentalú“
7. Bolli skýrði frá allmörgum bréfum, sem send höfðu verið til ýmissa aðila, en svör höfðu ekki borist. Var ákveðið að ýta við þeim og fá hrein svör.

8. Ákveðið að bjóða Jóhanni Sigurðssyni forstjóra Flugfélags Íslands í London frítt þátttökugjald í EM.
 9. Rætt var um að halda blaðamannafund og almennan kynningarfund fljótlega.
 10. Magnús hafði haft um það forystu að bjóða hingað á EM þekktum erlendum veiðimanni, skrifaði Bing Crosby og bauð honum í nafni SJÓR* á mótið. Mr. Bing skrifaði mjög vinsamlegt bréf og ætlar að reyna að koma.
- * *Þarna kemur skammstöfunin SJÓR fram í fyrsta sinni í fundargerðabókum félagsins*
Fjöldmörg mál voru rædd og var fundi síðan slitið kl. 2300.

Ragnar Ingólfsson

Stjórnarfundur

Ásamt með nefndum haldinn í Áthugasal Hótel Sögu mánudaginn 29. apríl 1968 kl. 2100. Mættir voru: Bolli, Hákon, Ragnar, Jón B, Jóhann, Njáll, Kristinn, Halldór, Jónas, Birgir, Magnús og Friðrik.

1. Samkvæmt síðustu upplýsingum er gert ráð fyrir ca. 70 þátttakendum erlendis frá. Hugsanlegt er þó að þeir geti orðið fleiri. Íslendingar verða að líkindum 70-80 talsins.
2. Ákveðið var að veita þeim Íslendingum sem tilkynnt hafa þátttöku, greiðslufrest á þátttökugjaldi til 10. maí. Gjaldkeri setur á biðlista þá sem kunna að vilja vera með og verður tekin ákvörðun um þá síðar.
3. Sótt hefur verið til Bæjarstjórnar og Hafnarstjórnar Keflavíkur um leyfi til að halda EM þar.
4. Rætt var um blaðamannafund og að halda hann um borð í Eldingunni svo blaðamenn geti fengið að veiða. Formaður mun finna hentugan dag og tilkynna þá um hann í tíma.
5. Skrifstofa í Loftleiðahótelu verður opnuð og starfar hún yfir mótisdagana. Formaður hefur haft samband við Emil Guðmundsson starfsmanns LL-hótelsins, sem er tilleiðanlegur til að taka að sér skrifstofuna.
6. Skoðunarferð á vegum Borgarstjórnar Reykjavíkur er ekki möguleg samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu borgarstjóra.

7. Fyrirspurn hefur borist frá Dave Brockington um hvort hann gæti fengið frítt uppihald meðan EM stendur yfir. Magnús tekur hann að sér, en Birgir tekur að sér í staðinn „Lotberg-manninn“
8. Farið var yfir tillögur framkomnar frá „Sjóstöng“ í Keflavík um framkvæmd EM í nokkrum liðum.
9. Jónasi Halldórssyni falið að ná skriflegum samningi um flutning milli Reykjavíkur og Keflavíkur.
10. Friðrik bauð að keppendur mætt geyma farangur sinn í Aðalveri milli keppnisdaga.
11. Ragnari falið að tilkynna ráðuneytinu, að „Cock-tail-party“ sé vel þegið 4. júní kl. 1800
Fundi slitið kl. 2400.

Ragnar Ingólfsson

Almennur fundur

Með keppendum á EM 1968, var haldinn í fundarsal Tannlæknafélags Íslands að Bolholti 4 kl. 2030 þriðjudaginn 28. maí. Formaður SJÓR Bolli Gunnarsson setti fundinn og tilkynnti efni fundarins, sem var að upplýsa Reykvísku (og nágrennis) keppendur um ýmislegt varðandi EM. Fór hann síðan yfir eftirfarandi atriði, sem svo var dreift fjölrituðum til keppenda:

Sjóstangaveiðifélag Reykjavíkur

Til athugunar og leiðbeiningar fyrir
Keppendur í Evrópumeistaramótinu:

1. Föstudaginn 31.maí verður mótið sett í Blómasal LL-hótelsins og hefst setningin kl 2100. Þess er vænst að sem flestir keppendur mæti.
2. Mótsnefndin hefur skrifstofu í anddyri LL-hótelsins. Allan daginn 31. maí verða afhent hin venjulegu umslög til keppenda á skrifstofunni og eins að kvöldinu, en í þessum umslögum er að finna öll nauðsynleg gögn, sem hver keppandi þarf til að geta tekið þátt í mótinu.

3. Munið að mæta svo við LL-hótelinu hvern keppnisdag 1.-2.-og 3. júní laust fyrir kl. 0800, en þaðan fara „Bússarnir“ kl 0800 til Keflavíkur.
4. Þegar komið er til Keflavíkur fer hver keppandi strax um borð í sinn bát. Munið að merkja strax einn fiskistamp með númeri ykkar og síðan fleiri ef þörf krefur.
5. Á leiðinni út skal keppendum bent á að gera veiðarfæri sín klár. Keppnin hefst með því að eftirlitsskipið Elding sendir upp blys, þegar allir bátarnir eru komnir að stað sem nefnist Gerðhólmi.
6. Keppni hvers dags líkur með því að bátar skulu ver komnir á sama stað kl. 1615, og þá sendir Eldingin upp blys og verða þá allir að hætta veiðum og bátarnir halda í höfn.
7. Starfsmenn mótsins aðstoða keppendur við að koma fiskistömpunum upp á bíla, sem aka þeim að vigtaplássi ofan við höfnina.
8. Reglur E.F.S.A. segja mjög skýrt, að hver keppandi skuli vera viðstaddur þegar afli hans er veginn og taka kvittun fyrir sínum afla.
9. Jafnóðum og vigtun lýkur fara „Bússarnir“ hver af öðrum af stað til Reykjavíkur, að LL-hótelinu.
10. *Atriði varðandi keppnina sjálfa:* Fyrir utan stöng, hjól, línu, öngla og sökkur, er rétt að benda á að nauðsynlegt er að hafa með sér auka öngla og sökkur. Það má enginn keppandi aðstoða annan meðan á veiði stendur. Eina aðstoðin sem keppandi má fá, er frá skipsmönnum sem verða 2 á hverjum báti, en þeir meiga gogga fiskinn, þegar hann er kominn upp á yfirborðið. Keppandi verður sjálfur að taka fiskinn af önglinum. Skipsmenn sjá um að blóðgun aflans. Aðeins þrír önglar meiga vera í notkun í einu eða ein þríkrækja. Leyfilegt er að hafa meðferðis varastöng, en hana má ekki setja saman fyrir en hin stöngin bílar og er tekin úr notkun. Athugið ennfremur að meðan fiskur er dreginn upp, má stöng aldrei hvíla á borðstokknum.
11. Hvert land má aðeins senda tvær sveitir A og B í hinar reglulegu sveitakeppnir. Aðalframkvæmdanefndin hefur þegar skipað í þessar 2 sveitir fyrir Ísland. Auk þess senda bæir og borgir eina sveit hver í „City & Town“ keppnina. Í þær sveitir hefur einnig verið raðað af hinum ýmsu bæjum.

12. Reynt verður að tilkynna á LL-hótelinu öll 3 kvöldin, helstu úrslit yfir veiði dagsins. Æskilegt er að keppendur komi þangað, t.d. eftir kvöldmat, og þá helst til að rabba við hina erlendu veiðifélaga, sem flestir munu mæta þar að kvöldinu. Eitthvað verður til skemmtunar á hverju kvöldi, en þó aðalega 4. júní og svo 5. júní, en þann dag kl. 1900 er lokhófið, sem hefst með kvöldverði og er því æskilegt að allir taki þátt í því, enda fer þar fram afhending verðlauna og ýmis skemmtiatriði. Hátíðin endar með dansi.
13. Fundur Evrópusambands Sjóstangaveiðimanna hefst á LL-hótelinu 4. júní kl. 1430 og stendur til kl. 1730. Æskilegt að sem flestir keppendur sækji fundinn, en þá er nauðsynlegt að hafa með sér gulu E.F.S.A. meðlimakortin.
14. Þann 5. júní verður, í stað Shore-Fishing, farið í silungsveiði í Elliðavatni. Lagt verur af stað frá LL-hótelinu kl. 0900 og veitt til kl.1600. Þeir sem vilja eru velkomnir til að taka þátt í þessari ferð, enda innifalið í þátttökugjaldinu. Nauðsynlegt er þó að skrifa sig á lista til þátttöku í silungsveiðinni eigi síðar en 4. júní fyrir kl. 1900. Listinn verður í skrifstofu mótsins í LL-hótelinu.

Svaraði formaður þá ýmsum fyrirspurnum en fundarmenn spurðu margs og leysti Bolli greiðlega úr þeim. M.a. upplýsti hann að keypt yrði sameiginleg ábyrgðartrygging fyrir all keppendur. Framkvæmdanefndin hafði skipað í sveitir: A-sveit Íslands skipa: Jónas Halldórsson Reykjavík, Eiríkur Eyfjörð Keflavík, Jóhann Kristjánsson Akureyri, Lárus Árnason Akranesi. B-sveit Íslands: Halldór Snorrason Reykjavík, Jóhann Gunnlaugsson Reykjavík, Sigurður Herbertsson Keflavík, Matthías Einarsson Akureyri. Sveit Reykjavíkur: Birgir J Jóhannsson, Jón B. Þórðarson, Kristinn Finnbogason, Ragnar Ingólfsson. Nokkrar umræður fóru fram um framkvæmdatriði mótsins. Fundi slitið kl. 2400.

Ragnar Ingólfsson

Stjórnarfundur

Haldinn laugardaginn 28.09. 1968 að Bolholti 4. kl. 1600. Mættir voru: Bolli, Halldór, Njáll, Magnús, Jón Bj, Birgir, Ragnar. Lagt fram bráðabirgða uppgjör vegna alþjóðamótsins. Talsvert tap varð af því, en ekki þó mjög alvarlegt. Spunnust um það nokkrar umræður hvernig mætti greiða hallan sem varð af því. Ákveðið að rita Ollwey Travel Service og Flugfélagi Íslands og krefja greiðslu á útistandandi skulduum. Bolli beðinn að skrifa Bing Crosby einu sinni enn og bjóða honum á alþjóðlegt mót í vor.

Ragnar Ingólfsson

Stjórnarfundur

Haldinn í Grillinu á Hótel Sögu sunnudaginn 1. desember 1968 kl. 1600. Mættir voru: Bolli, Ragnar, Birgir, Magnús, Halldór.

1. Ákveðið að halda aðalfund laugardaginn 7. desember n.k. að Bolholti 4. Kl. 1630.
2. Rætt um væntanlegt stjórnarkjör, en Bolli getur ekki tekið að sér formannstöðu áfram.
3. Ákveðið að mæla með því á aðalfundi, að næsta alþjóðamót verði um Hvítasunnuna næsta ár 25. og 26. maí.
4. Samþykkt að leggja til á aðalfundi að athuga möguleika á að leigja Esju til alþjóðamóts t.d. í Vestmannaeyjum.
5. Sérstök ósk kom fram um það að barinn í Bolholti 4. yrði opnaður a.m.k. hálfri klukkustund fyrir fundarbyrjun. Var þessari tillögu fagnað.
6. Ákveðið að bjóða áheyrnarfulltrúum frá öðrum félögum á aðalfundinn.

Fundi slitið kl. 1800.

Ragnar Ingólfsson

Aðalfundur 1968

Haldinn í húsaábyrgnum Tannlæknafélags Íslands að Bolholti 4. kl. 1600. Mættir voru 20 að meðtöldum tveimur gestum þeim Friðriki Jóhannssyni úr Keflavík og Lárusi Árnasyni frá Akranesi. Formaður Bolli Gunnarsson setti fundinn og bauð viðstadda velkomna. Tilnefndi hann Njál Símonarson fundarstjóra og Ragnar Ingólfsson fundarritara. Voru þeir samþykktir og gengið til dagskrár. Ritari las fundargerð síðasta aðalfundar og var hún samþykkt til undirritunar. Flutti formaður síðan skýrslu stjórnarinnar um störf á síðastliðnu starfsári. Ræddi hann að sjálfsögðu um Evrópumeistaramótið, sem tókst mjög vel, og varð innlendum sem erlendum þátttakendum til mikillar ánægju og félagi okkar og öðrum hjálparhellum frá Keflavík og Akureyri til mikils sóma. Fer skýrsla formanns hér á eftir:

Kæru félagar og gestir.

Ég vil byrja mál mitt með því að bjóða ykkur velkomna til þessa Aðalfundar Sjóstangaveiðifélags Reykjavíkur. Þá vil ég ekki síður bjóða velkomna vini okkar frá Keflavík, sem alltaf eru aufúsugestir á fundum okkar, enda hefur í gegnum árin þróast hið besta samstarf milli félags okkar og félagsins í Keflavík. Ég mun nú í sem stystu máli rifja upp það helsta sem gerst hefur í starfsemi félags okkar síðan á síðasta aðalfundi í desember s.l. Ekki fer hjá því þegar hugsað er til baka til síðasta starfsárs, þá kemur fyrst upp í huga minn Evrópumeistaramót Sjóstangaveiðimanna sem á þessu ári var haldið í fyrsta sinn á Íslandi, enda má segja að þetta stóra mót hafi verið aðalverkefni okkar á s.l. starfsári. Þegar núverandi stjórn tók við í desember s.l. var þegar byrjað á undirbúningi þessa móts, sem haldið var dagana 31. maí til 6. júní. Að þessum undirbúningi unnu auk stjórnar félags okkar félagar úr Sjóstangaveiðifélögum í Keflavík og á Akureyri. Var sá háttur hafður á að kosnar voru tvær undirbúningsnefndir auk aðalnefndar og held ég að óhætt sé að segja að samstarfið að undirbúningi þessa móts var í alla staði mjög ákjósanlegt og samvinna mjög góð. Ekki fer auðvitað hjá því þegar hugsað er til baka til þessa móts, þá kemst maður að því að sitthvað hefði mátt betur fara eins og gengur. Enda geri ég ráð fyrir því að við höfum allir lært sitthvað varðandi hvernig á að halda mót sem þetta - og þá jafnframt að verða færari um að halda enn betra mót í framtíðinni - bæði innanlands mót og stærri alþjóðamót. Nú má enginn skilja orð mín svo, að ég sé fyrir hönd stjórnarinnar eingöngu að biðjast afsökunar á því sem betur hefði mátt fara varðandi framkvæmd Evrópumeistaramótsins. Ég held við getum orðið sammála um það að í öllum aðalatriðum fór þetta mót vel og skipulega fram og án þess að vera endilega dómbær á þetta sjálfur, þá segi ég þetta vegna þess að mörg bréf hafa okkur borist frá erlendum þátttakendum - þar sem notuð eru sterkustu lýsingaorð til að lýsa því hve mót okkar hafi verið vel skipulagt og farið vel fram í alla staði. Þessi bréf eru m.a. frá forseta Evrópusambandsins, ritar þess og gjaldkera, svo einhverjir séu nefndir. Ég get ekki stillt mig um að geta þess í þessu sambandi, að í fyrsta bréfinu sem mér barst frá ritara Evrópusambandsins Bob Hughes - eftir heimkomu hans til Englandis - lét hann þess getið að hann hefði á leiðinni út í flugvélinni - fengið fjölmargar skoranir þess efnis að önnur hópferð yrði farin til Íslands þegar á næsta sumri. Við athugun hefði komið í ljós að milli 30 - 40 manns hefðu þá verið ákveðnir í að koma aftur til okkar næsta sumar. Sjálfsagt er að hafa þó í huga í þessu sambandi það tvennt, að grunur minn er sá að e.t.v. kunni einhverjir af þessum vinum okkar verið í meira lagi bjartsýnir þegar þeir ræddu þetta mál í flugvélinni. Í fyrsta lagi finnst mér ótrúlegt að margir þeirra hafið vaknað þennan morgun allsgáðir- og auk þess þekkjum við vel hina marglofuðu úrvals farþegaþjónustu í Íslenskum flugvélum, sem ég efast ekki um að hópurinn hafi notið í ríkum mæli. Hinsvegar gefur þetta ótvírætt til kynna, að þessir þátttakendur hafi verið ánægðir með dvöl sína hér hjá okkur, enda er ég þess fullviss, að það verður myndarlegur hópur, sem vill koma

hingað aftur þegar á næsta sumri og þarf í þessu sambandi að taka fljótlega ákvarðanir um á hvaða tíma við getum haldið mót á næsta ári - og kemur þá jafnvel til greina að hafa tvö alþjóðamót t.d. fyrri hluta sumars og annað síðla sumars. Ekki get ég skilið svo við hugleiðingar um þetta mót, að minnst á það hve frammistaða okkar Íslensku keppenda var með miklum ágætum. Þetta verður enn ljósara þegar úrslit mótsins sýna að af 19 meistaratitlum, sem við gátum keppt um - unnu Íslendingar 15, en hinir erlendu gestir okkar aðeins 4. Við skulum ekki fara að sundurliða þetta alltof mikið, en ekki verður hjá því komið að geta þess að þrátt fyrir góða frammistöðu keppenda úr okkar félagi, þá er hlutur Akureyrafélagsins og Keflavíkurfélagsins það sem hæst ber þegar úrslit mótsins eru rædd. Nokkur nöfn skulu nefnd hér - nöfn manna sem eiga mestan heiður af frammistöðu Íslands í þessu móti. Þessir menn og konur báru hita og þunga dagsins: Matthías Einarsson, Erla Eiríksdóttir, Jórunn Þórðardóttir, Margrét A. Helgadóttir, Sigurður Herbertsson, Halldór Snorrason, Jóhann Gunnlaugsson, Benedikt Jónsson, Eiríkur Eyfjörð, Einar Gunnarsson, Marínó Pétursson, Einar K. Einarsson, Kristinn Finnbogason, Ásgeir Óskarsson, Jónas Halldórsson, Jónas Jóhannsson. Við stöndum í mikilli þakkarskuld við allt þetta ágætisfólk, og leyfi ég mér að mælast til þess, að fundarmenn standi upp og heiðri þennan hóp með lófataki. Margt fleira mætti eflaust segja varðandi þetta mót, en ég læt hér staðar numið til að tefja ekki fundarstörf um of. Auk þessa móts skal þess getið að nokkrar veiðiferðir voru farnar á vegum félagsins á sumrinu. Þær urðu þó ekki eins margar og æskilegt hefði verið. Kemur þar margt til. Gæftir voru oft slæmar, veiði var treg meginhluta sumarsins, og oft á tíðum erfiðleikar að fá báta til ferðanna. Þá var að mínu mati - eins og menn hefðu fengið sig sadda af þessu stóra móti, enda höfðu þá margir eytt miklum tíma til þátttöku í þessu móti. Þá skal þess getið að efnit var til hinnar árlegu ferðar í Grundarfjörðinn um Verslunarmannahelgina. Tókst sú ferð að örðuleiti en því að veðrið var ekki eins gott og oft áður. Fengu menn því minni afla en oftast áður. Eins og áður voru félagar okkar úr Keflavíkurfélaginu með okkur í þessari ferð. Akureyrarfélagið hélt mót síðla sumars en því miður gat enginn úr okkar félagi tekið þátt í því móti. Við auglýstum þetta mót í Morgunblaðinu að beiðni þeirra norðanmanna, en sem sagt enginn gat farið héðan. Eins og áður voru stjórnarfundir haldnir þegar tilefni var til. Stjórnarfundir okkar á þessu starfsári voru þó flestir haldnir í sambandi við undirbúning Evrópumeistaramótsins, og þá venjulega með nefndum þeim sem unnu að undirbúningi mótsins. Áður en ég lík máli mínu vil ég aðeins bæta þessu við. Ég þakka meðstjórnendum mínum fyrir þeirra mikla starf og þeirra góðu samvinnu. Ég þakka félögum okkar úr Keflavík og frá Akureyri fyrir þeirra mikla framlag að undirbúningi Evrópumeistaramótsins, og sömuleiðis þeim sem áttu sæti í nefndum sem að undirbúningi mótsins unnu. Og að síðustu þakka ég Sjóstangaveiðifélagi Reykjavíkur - ykkur öllum - fyrir fagrar afmælisgjafir, sem mér voru færðar á fimmtugsafmæli mínu s.l. sumar, og ekki síður þakka ég þeim sem heimsóttu mig í því tilefni. Ef mér hefur láðst að geta

einhvers þess, sem markvert má teljast í þessari skýrslu minni þá bið ég velvirðingar á því og er að sjálfsögðu reiðubúinn til að svara fyrirspurnum sem fram kunna að koma síðar á fundinum. Svo þakka ég góða áheyrn. Þökkudu fundarmenn skýrslu formanns með lófataki. Því næst flutti gjaldkeri skýrslu sína um fjárhag og rekstur félagsins svo og um tekjur og gjöld E.F.S.A.-mótsins. Varð allmikið tap á báðum fyrirtækjunum, sem sjá má nánar í framlögðum reikningum gjaldkera. Nokkrar fyrirspurnir komu fram um reikningana og svaraði gjaldkeri þeim jafnóðum á greinar-góðan hátt. Í framhaldi af umræðum um skýrslu formanns og gjaldkera kvaddi Ragnar Ingólfsson sér hljóðs, og þakkaði Bolla Gunnarssyni mjög vel unnin störf í þágu félagsins og einkum í sambandi við framkvæmd Evrópumeistaramótsins. Upplýsti Ragnar að Bolli hefði orðið fimmtugur hinn 1. júlí s.l. og hefði stjórnin heim-sótt hann í tilefni þessa merka viðburðar með gjöf í nafni félagsins, stöng og hjól af vönduðust gerð. Afhenti hann Bolla fagurgerðan pennahníf með merki félagsins, áletraðan frá nokkrum veiðifélögum í tilefni afmælisins, með þakklæti fyrir góð kynni og skemmtun í öllum veiðiferðum með honum. Klöppuðu félagsmenn Bolla lof í lófa og skáluðu fyrir honum. Þá fór fram stjórnarkjör. Kosnir voru: Bolli Gunnarsson, Hákon Jóhannsson, Ásgeir Þ. Óskarsson, Ragnar Ingólfsson, Jón Bj Þórðarson. Varamenn: Jóhann Gunnlaugsson og Njáll Símonarson. Endurskoðendur: Hall-dór Snorrason og Birgir J. Jóhannsson. Undir liðnum ýmis mál tóku til máls: Birgir J Jóhannsson, Friðrik Jóhannsson, Ragnar Ingólfsson, Magnús Valdimarsson, Jón Bj Þórðarson, Einar Ásgeirsson, Reynir Eyjólfsson, Bolli Gunnarsson, o.fl. Var einkum rætt um sjóferðir, og urðu fjörugar umræður um þetta mál. Mælti Ragnar einkum og enn fyrir að skipulagðar yrðu ferðir um hverja helgi í sumar, og einum manni falið að sjá um hverja ferð. Tók formaður undir þessa tillögu. Jón Bj. Þórðarson minntist tveggja látinna heiðursmanna skipstjóranna Jóns Þórarinssonar og Guðmundar Guð-mundssonar, sem ætíð voru vinveittir sjóstangaveiðmönnum. Stóðu fundarmenn upp í virðingu við hina látnu. Fram kom tillaga um að halda næsta alþjóðalega mót í Keflavík eða Vestmannaeyjum. Var stjórninni falið að taka ákvörðun í því máli. Samþykkt var tillaga frá Jóni Bj. og Bolla svohljóðandi: „Stjórn félagsins er falið að athuga möguleika á stofnun landssambands og ef ástæða þykir til að skipa nefnd til undirbúnings þessa máls“. Þá var og samþykkt tillaga frá ráfarandi stjórn um að félagsgjald fyrir árið 1969 skuli vera kr. 500-. Þórður Sturlaugsson afhenti félaginu að gjöf vandað myndaalbúm með fjölda litmynda frá Evrópumeistaramótinu í sumar. Var honum þakkað með dynjandi lófaklappi og skálað fyrir honum á eftir. Var síðan skálað í tíma og ótíma fyrir hinu og öðru. Birgir tók að leika á píanó og upphófst fjöldasöngur og litlu síðar myndasýningar frá ýmsum veiðiferðum. Var gerður góður rómur að þessari tilbreytingu og skálað fyrir henni. Ekki er vitað með vissu hvenær skemmtiatriðum lauk, en þeim var ekki lokið kl 1935, þegar ritari og formaður laumuðust á brott.

Ragnar Ingólfsson

Stjórnarfundur

Haldinn í Félagshemili Karalakórs Reykjavíkur laugardaginn 11. janúar 1969 kl. 1400 Mættir voru: Bolli, Ragnar, Jón, Jóhann, Njáll, Magnús, Birgir, Halldór.

1. Stjórnin skipti með sér verkum: Formaður Bolli Gunnarsson, varaformaður Hákon Jóhannsson, ritari Ragnar Ingólfsson, gjaldkeri Ásgeir Óskarsson, meðstjórnandi Jón Bj. Þórðarson. Varamenn: Jóhann Gunnlaugsson og Njáll Símonarson.
2. Rætt var um fjármál félagsins og þá aðallega um víxilskuldina í Verslunarbbankanum að fjárhæð kr. 42.000- Ákveðið að reyna að greiða af henni kr. 10.000- og framlengja hann til þriggja mánaða.
3. Til umræðu kom fjáröflunaraðferð, og stakk formaður uppá að skipuð yrði nefnd til að afla fjár. Í nefndina voru skipaðir: Birgir Jóhannsson, Ragnar Ingólfsson, Ásgeir Óskarsson.
4. EM-mótið fer fram í Stavanger 3.-8. ágúst n.k. og er áhugi fyrir að senda nokkrar sveitir til keppni. Formaður hefur beðið um samband við einhvern þar til að undirbúa þátttöku.
5. Ákveða þarf alþjóðlegt mót í vor. Fram hefur komið hugmynd um að taka á leigu Esju til Vestmannaeyjaferðar og halda mótið þar. Verðtilboð er fyrir hendi og kostar skipið £ 641-0-0 á dag sem svarar 3-5 pundum á mann. Stjórnin hefur málið til athugunar.
6. Senda út fréttabréf til félagsmanna um aðalfundinn o.fl. Athuga með að senda skipstjórunum eitthvert viðurkenningarskjal fyrir þátttökuna í EM 1968.
7. Halldór Snorrason hefur fengið tilboð um leigu á báti. Vísað til stjórnar.
8. Birgir lék nú ættjarðarlög á rafmagnsorgel og tveir MAO-sjúklingar sungu með. Var þetta mjög sjúklegt. Birgir hefur enn ekki veikst. Fundi slitið kl. 1700.

Ragnar Ingólfsson

ES: Fundarmenn telja að þessi fundur hafi tekist mjög vel. Menn komu þunglyndir til leiks en gengu hallir af velli. Halldór þykir enn fremur þunglyndur, en von er til að Njáll vaki yfir velferð hans. Njáll mótmælir eindregið og segist fara að sofa. Nei nei, segist ætla að halda vöku sinni, MAO segir ekki orð, enda ekki frásagnarhæfur eftir síðustu Pólar-ferð. Punktur.

Halldór komst loksins í stuð og sagði tvær fallegar jólasögur: Reykti Skarina sem hann sagði „Old English“ og bætti við að menn ættu að koma sér upp góðu tóbaki. Góður fundur, fleiri slíkir ættu að vera haldnir, a.m.k. annan hvern dag.

Rétt þykir að taka fram, að þar sem bókin er búin, reyndist ekki unnt að rífa síðasta blaðið úr henni. Lýkur hér með 8 ára merkilegri þátttöku hennar í skemmtilegu félagsstarf, sem blandað hefur verið alvöru og gáska, en alltaf skemmtilegt. Megi innihald hennar jafnan vera fyrirmynd og leiðarljós í framtíðinni.

Ragnar Ingólfsson

Fundargerð 1. Fundar 24.04.1990
um endurstofnun Sjóstangaveiðifélags Reykjavíkur
haldinn að Hótel Loftleiðum kl. 2000

1. Jónas Þór Jónasson setti fundinn og tilnefndi fundarstjóra og ritara þá Anton Örn Kærnested og Pál Trausta Jörundsson.

Fundarstjóri kynnti dagskrá fundarins:

- Skýrsla Jónasar Þórs um tilurð fundarins.
 - Kynnt lög félagsins.
 - Kosinn formaður.
 - Kosnir 4 menn í stjórn.
 - Kosnir 2 menn í varastjórn.
 - Kosnir 2 endurskoðendur.
 - Önnur mál.
2. Jónas Þór sagði frá tilurð þessa fundar, og rakti gang mál, en þann 10.04. 1990 hittust nokkrir áhugasamir aðilar um stofnun Sjóstangaveiðifélags Reykjavíkur. Að höfðu sambandi við eldri félagsmenn var ákveðið að auglýsa almennan fund, endurstofnfund Sjóstangaveiðifélags Reykjavíkur, en starfsemin hafði legið niðri um hríð.

Ragnar Ingólfsson tók til máls, og skýrði frá starfsemi eldra félagsins, en starf þess var um tíma mjög kröftugt, og m.a. haldið Evrópumót frá Dalvík 1974. Hann lagði til að félagið yrði endurvakið en ekki stofnað nýtt, og kvað það skoðun félaga sinna úr Sjóstangaveiðifélagi Reykjavíkur.

Birgir J. Jóhannsson sagði frá eignun félagsins svo sem bikurum húsgögnum, skjöl- um o.fl. Hann sagði að SJÓR hefði átt aðild að Landssambandi stangveiðifélaga.

Ólafur H. Ólafsson stjórnarmaður úr SVFR sagði það vilja stjórnar SVFR að endurvekjja SJÓR og bauð alla þá aðstoð og samvinnu sem óskað væri eftir. Einnig tóku til máls þeir Hannes V. Jónsson - Birkir Þór Gunnarsson og Reynir Brynjólfsson.

3. Fundarstjóri kynnti lög félagsins og bar þau undir atkvæði, og voru þau samþykkt samhljóða.
4. Tillaga um formann: Ein tillaga kom fram um Jónas Þór Jónasson, og var hún samþykkt samhljóða.
5. Í aðalstjórn voru kjörnir:
 - Páll T Jörundsson
 - Ólafur Ólafsson
 - Ævar Sigurðsson
 - Örn AndréssonÍ varastjórn:
 - Helga Haraldsdóttir
 - Róshildur StefánsdóttirEndurskoðendur:
 - Anton Örn Kærnested
 - Birkir Þór Gunnarsson
6. Félagsgjald: Samþykkt var að félagsgjald yrði kr. 2.500- á féлага en að hjón gr. Samtals kr. 4.000-
7. Önnur mál: Afar fjórugar umræður urðu og lýstu menn sig ánægða með þennan fund og framhald á störfum þessa félags, og mun stjórnin nú þegar hefjast handa um undirbúning allan að kröftugu félagsstarfi. Fleira gerðist ekki og var fundi slitið.

Eftirtaldir gerðust félagar í Sjóstangaveiðifélagi Reykjavíkur:

Kennitala	Nafn	Heimilisfang	Póstfang	Sími
160640-7319	Anton Örn Kærnested	Bakkaseli 10	109 RVK	75444
160972-5999	Arnar Þór Arnarsson	Reykjavíkurvegi 65	270 Mosb	667307
	Ásgeir Sverrisson	Fannafold 125	112 RVK	
270329-7999	Birgir J. Jóhannsson	Ásenda 15	108 RVK	37812
281138-2279	Birkir Þór Gunnarsson	Háaleitisbraut 111	108 RVK	30734
241273-3189	Bjarni Örn Kærnested	Bakkaseli 10	109 RVK	75444
160924-2419	Einar Jónsson	Þverbrekku 2.	200 Kópv	41209
150447-4969	Einar Kristinsson	Kirkjuteig 19	104 RVK	35405
031225-0000	Einar M. Guðmundsson	Grundargerði 18	108 RVK	32396
040170-4219	Elínbjörg Gunnarsdóttir	Frostafold 22	112 RVK	
250744-2429	Erlingur Björnsson	Holtsbúð 65	210 Garðb	656151
210455-4349	Fanngeir Sigurðsson	Brekkestíg 31 E	230 Njarv	9213831
230733-2879	Friðleifur Stefánsson	Rauðarárstíg 40	105 RVK	12632
240640-3099	Geir Hauksson	Sævangi 45	220 Hafn	52563
050847-2259	Guðjón Finnbogason	Æsufelli 2	111 RVK	77086
280265-3229	Guðjón Gunnarsson	Frostafold 22	112 RVK	
290850-3399	Gunnar Snorrason	Sogavegi 115	108 RVK	35629
131150-3349	Gunnar Þorsteinsson	Dverghömrum 24	112 RVK	676764
240325-4629	Hafsteinn Hansson	Hrísateig 9	105 RVK	31854
080835-3829	Halldór Þórðarson	Vogatungu 35	200 Kópv	40311
010669-5029	Hannes V. Jónsson	Trönuhólum 18	111 RVK	77105
050846-7419	Hans Hafsteinsson	Hnotubergi 13	220 Hafn	53839
190954-5799	Hans Ólafsson	Hringbraut 68	220 Hafn	35405
200749-3409	Hansína Melsteð	Þjórskárgötu 9	101 RVK	20397
120451-4729	Helga Haraldsdóttir	Holtsbúð 65	210 Garðb	656151
110348-2079	Jóhann Þorsteinsson	Bólstaðarhlíð 39	105 RVK	84460
190232-3959	Jón B. Þorvarðsson	Stigahlíð 37	105 RVK	35383
090648-7569	Jón Einarsson	Jakaseli 10	109 RVK	687214
150448-4689	Jónas Þór Jónasson	Heiðargerði 37	108 RVK	31600
050652-3279	Konráð Jónsson	Álfabergi 10	220 Hafn	53635
210949-7719	Lárus Einarsson	Dalatanga 4	270 Mosb	666374
060125-5709	Magnús Valdimarsson	Kirkjubraut 15	170 Seltn	618401
090249-2829	Ólafur H. Ólafsson	Lindarbraut 6	170 Seltn	82499
230626-3679	Ólafur Ólafsson	Leifsgötu 19	101 RVK	22971
250161-4689	Óskar Einarsson	Hjallavegur 14	104 RVK	680969
211154-3309	Páll Emil Beck	Kópavogsbraut 92	200 Kópv	44219
100640-3419	Páll Trausti Jörundsson	Seiðakvísl 15	110 RVK	671462

260525-2399	Ragnar Ingólfsson	Ofanleiti 29	103 RVK	12994
070245-3029	Reynir Brynjólfsson	Merkjastíg 4	270 Mos	666477
050812-7669	Ríkarður Ingibergsson	Hjallavegi 8	104 RVK	34189
051041-2409	Róshildur Stefánsdóttir	Háaleitisbraut 111	108 RVK	30734
101067-3279	Sigurður Erlendsson	Hraunbæ 40	110 RVK	674801
071065-3329	Stefán Birkisson	Blöndubakka 13	109 RVK	77227
251270-4659	Stefán Hallur Jónsson	Trönuhólum 18	111 RVK	77105
220354-4239	Sveinbjörn Friðjónsson	Gerðhömrum 21	112 RVK	676676
180557-7099	Sævar Sverrisson	Hábergi 7	111 RVK	77159
	Þorbjörg Jónsdóttir	Hofsvallagötu 23	101 RVK	15584
200546-3779	Þorsteinn Einarsson	Reynihvammi 12	200 Kópv	44832
251053-4729	Þorsteinn Stígsson	Ljósabergi 14	220 Hafnf	54450
040546-2359	Ægir Geirdal	Bjarnhólastíg 8	200 Kópv	41323
300544-4209	Ævar Sigurðsson	Þjósárgötu 9	101 RVK	20397
210651-3229	Örn Andrésson	Reykjavíkurvegi 61	270 Mosb	667307

Fundur stjórnar SJÓR

Haldinn 08.05. 1990 að Heiðargarði 37. RVK

1. Mættir: Jónas Þór Jónasson - Ævar Sigurðsson - Örn Andrésson - Páll Jörundsson
2. Jónas og Páll sögðu frá að þeir hefðu farið til Grindavíkur í gær og ræddu þar við tvo skipstjóra um mótshald, en stefnt er að innanfélagsmóti þann 20. maí n.k. frá Grindavík. Undirtektir skipstjóranna voru mjög góðar og var þriðji báturinn frágenginn.
3. Næstkomandi fimmtudag er ákveðinn fundur með stjórnnum SJÓR og SVFR um væntanlega samvinnu þessara félaga um þjónustu og aðstöðu til fundarhalda, eða annað sem til greina kemur. Ákveðið var að sem flestir stjórnarmenn mæti.
4. Varðandi verðlaun á Vormótum var ákveðið að verðlauna mesta aflu, flestar tegundir, stærsta fisk hvernar tegundar og skipstjórabíkar. Stefnt er að mótsslitum í Reykjavík að móti loknu.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 2230

Páll Jörundsson

Fundur stjórnar SJÓR

Haldinn 28.06. 1990 að Heiðargerði 37. RVK

1. Rætt var um mót Vestmanneyinga um síðustu Hvítasunnu, en þar fór margt úrskaiðis, sem olli leiðindum þátttakenda, svo sem skipulagning, matur og eins hið háa verð sem þátttakendur urðu að greiða. Samþykkt var að skrifa bréf til stjórnar SJÓVE, þar sem kurteislega væri bent á þau atriði sem betur mættu fara.
2. Rætt var um skipan í sveitir, og var samþykkt að þátttakendur sjálfir velji sig saman í sveitir til þátttöku í mótum, að öðru leiti mun stjórnin sjá um niðurröðun sveita.
3. Rædd var þátttaka í mótum sumarsins, en áhugi virðist vera á þátttöku í mótum frá Ólafsvík - Ísafirði - og Siglufirði. Eins var ræddur möguleiki á móti frá Grindavík í haust. Rétt þótti að athuga til hlítar þá möguleika sem eru á mótshaldi frá Grindavík, innanfélagsmót í september og opið mót í maí á næsta ári. Einnig sá möguleiki að róa frá Reykjavík með innanfélagsmót í huga.
4. Jónas Þór reifaði sínar hugmyndir um að félagið eignaðist bát til ráðstöfunar, en hann er þekktur fyrir þessar hugdettur og áhuga á þessum máli. Hugmyndir þessar voru ræddar en fengu dræmar undirtektir. Ýmis mál rædd fram og aftur.

Fundin sátu: Jónas Þór Jónasson - Ævar Sigurðsson - Helga Haraldsdóttir - Róshildur Stefánsdóttir - Örn Andrés�on - Ólafur Ólafsson og Páll Jörundsson.

PS: Öllum að óvörum færði formaðurinn konunum rósavönd, og bauð Ólafi Wisky, og hélt svo áfram áróðri um bátakaup. Andmælendum fækkaði stórum við þetta síðasta tromp.

Páll Jörundsson

Fundur stjórnar SJÓR

Haldinn 23.08. 1990 að Heiðargerði 37. kl 2030

1. Ritari mætti seint og var búið að taka ákvarðanir um mótshald frá Reykjavík 15. september. n.k. Róið verður kl. 0700 og komið til baka kl. 1500. Reynt verður að fá verðlaunagripa gefins í mótið, og slíta mótinu að Hótel Sögu að kvöldi. Bátar eru fyrir hendi og pláss fyrir 35 til 40 keppendur. Þátttökugjald verður kr. 3.000- pr. mann, en afli verður seldur og rennur til félagsins.

2. Jónas Þór las uppkast að bréfi sem ákveðið var á síðasta stjórnarfundinum að senda SJÓVE í framhaldi af síðasta Hvítasunnunóti. Ákveðið var að senda bréfið hið fyrsta.

Flleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 2330. Fundinn sátu: Jónas Þór Jónasson - Ólafur Ólafsson - Páll Jörundsson - Örn Andrés�on - Ævar Sigurðsson - Birkir Þór Gunnarsson - Róshildur Stefánsdóttir

Páll Jörundsson

Aðalfundur

Sjóstangaveiðifélags Reykjavíkur var haldinn 27.11. 1990 að Hótel Loftleiðum.

Dagskrá fundarins:

Kosning fundarstjóra og ritara.

Skýrsla stjórnar

Reikningar félagsins

Kosning stjórnar

Önnur mál

1. Fundarritari var kjörinn Páll Jörundur
2. Jónas Þór flutti skýrslu stjórnar. Hann sagði frá störfum stjórnar þann stutta tíma frá endurstofnunarfundinum. Sjóstangaveiðimót var haldið frá Grindavík í maí og tókst með ágætum. Hann las upp bréf frá SJÓR til SJÓVE vegna mótshalds um Hvítasunnuhelgina í vor, en margt gagnrýni vert var um mótshald þetta eins og oft áður atriði sem betur máttu fara. Hann sagði frá margítrekuðum og árangurslausum tilraunum með innanfélagsmóts frá Reykjavík í haust og taldi upp ástæður fyrir að svona fór. Hann kynnti væntanlegt bréf sem ætlað er stjórn Stangveiðifélags Reykjavíkur um samstarf sem það félag hefur boðið SJÓR. Hann óskaði eftir að heyra meira frá hinum almenna félagsmanni. Birkir var óhress með að móti væri frestað á síðustu stundu. Hafsteinn Hjálmarsson spurði um aðstæður um borð. Reynir spurði hvort afrit hefði verið sent öðrum félögum, en taldi að svo hefði átt að vera. Spurt var um verð á innanfélagsmóti SJÓVE, og almennt um samanburð á verði móta hinna ýmsu félaga. Skýrsla stjórnar var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða. Ólafur Ólafsson skýrði reikninga félagsins, en niðurstaða þeirra var inneign í Landsbanka Íslands kr. 64.968- Reikningarnir voru samþykktir samhljóða.
3. Kosning stjórnar: Tillögur bárust um óbreytta stjórn og varastjórn, en formaður var kosinn Jónas Þór. Aðrar tillögur bárust ekki og er því stjórn með varastjórn og endurskoðendum rétt kjörin.

4. Árgjald var ákveðið kr. 2.500- fyrir árið 1991.

5. Önnur mál: Páll Trausti skýrði frá hugmyndum stjórnarinnar um opið mót, en menn hallast að að halda árlega Jónsmessumót og róa um nótt og festa þann tíma í sessi. Um innanfélagsmót er haustið heppilegast. Rætt var um hugmyndir þessar og voru góðar undirtektir um þennan tíma og ekki síður næturmót. Jónas kynnti bréf sem ætlað er S.V.F.R. um samstarf og afnota af aðstöðu til fundarhalda. Birkir var efins í að svo lítið félag gæti lifað af samstarf af því félagi. Hafsteinn tók í sama streng og Birkir og taldi að félagsmenn gætu í sjálfböðavinnu séð um sín mál. Lárus Einarsson taldi að efni bréfsins til SJÓVE væri of harkalegt. Anton Örn taldi að bréfið væri að sínu mati síður en svo óviðeigandi, öðru nær væri alvara málsins slík að tryggja bæri að öryggi væri í fyrirrúmi. All nokkrar umræður spunnust um samstarf við S.V.F.R. Tillaga kom um að klára þetta mál með atkvæðagreiðslu. Efni bréfsins var kynnt að nýju og menn beðnir að gefa merki með handaruppréttingu. Samþykkt var að stjórnin fengi heimild til að kynna efni bréfsins stjórn S.V.F.R. um samstarf er varðaði útsendingar og innheimtu og aðgang að félagsaðstöðu. Ellefu voru með en sex á móti. Reynir Brynjólfsson hvatti til að stofnuð yrði Landssamtök strax í vetur, svo samræma mætti keppnisreglur. Anton Örn spurði um bikaraeign félagsins. Jónas sagði að hluti af bikara-safni væri heima á stofugólfi. Málin rædd vítt og breytt og fundi slitið kl. 2255.

Páll Jörundsson

Fundur stjórnar SJÓR

Haldinn að Heiðargerði 37. 04.03. 1991 kl. 2100

1. Jónas Þór sagði frá húsnæði sem í boði er til fundarhalda stjórnar. Þar sem aðstaða er fyrir síma, tölvu, og pláss fyrir gögn í eigu félagsins. Leiga er í lágmarki og var samþykkt að taka þessu boði. Húsnæði þetta er að Hafnarstræti 15.
2. Rætt um útsendingu upplýsinga til félagsmanna varðandi mótahald á komandi sumri. Rétt þykir að safna þessu sem mest saman og senda út í einni útsendingu til félagsmanna.
3. Rætt um mótshald félagsins í sumar, stefnt er að móti um Jónsmessuna, þá helst á föstudagkvöld og róa á bilinu 2200-2400 um nóttina og koma í land snemma morguns. Stefnt skal að því að hafa þetta mót öðruvísi en önnur félög er varðar tíma og aðra tilhögum. Ákveðið var að Jónas, Páll og Erlingur færu til Grindavíkur mjög fljótlega til undirbúningsviðræðna um mótshaldið. Athugað verður með að tryggingar á þátttakendum í mótinu, og eins að áfengisneysla um borð verði

takmörkuð. Ævar og Ólafur sjá um verðlaunagripi og merkingar á þá. Athugað verður hvort fánlegur er fær maður að stjórna þessu móti, og er Halldór Snorrason nefndur í þessu sambandi. Páll mun ræða við Halldór. Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 2320.

Páll Jörundsson

Fundur stjórnar SJÓR

Haldinn 02.05. 1991 kl. 2030

1. Fyrir fundinum lágu drög að lögum Landssambands sjóstangaveiðifélaga, sem ætlunin er að stofna um Hvítasunnuna í Vestmannaeyjum næstkomandi. Farið var yfir lögín og samþykkt að standa að stofnun Landssambandsins með þeim lögum sem fyrir liggja lítt breyttum.
2. Rætt um hlutverk trúnaðarmanns um borð í veiðiferð. En á fyrsta fundi L.S.F í vor verður hlutverk trúnaðarmanna skilgreint nákvæmara en nú er. Samþykkt var að fela trúnaðarmanni vald til að halda vel utan um reglur þær sem í gildi eru.
3. Varðandi mótshalds SJÓR í sumar lítur treglega út með báta frá Grindavík. Rétt þykir þó að halda áfram við undirbúning mótshalds frá Grindavík þann 15. júní n.k.
4. Rætt var um tryggingar þátttakenda í móti, en ljóst er að mótshaldarar verða að tryggja þátttakendur um borð.
5. Rætt um þátttökugjald í mótum, ákveðið var kr. 6.000- og bjóða skipstjórum kr. 5.000- pr. stöng og fjóra boðsmiða á lokahóf fyrir hvern bát. Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 2330.

Páll Jörundsson

Aðalfundur Sjóstangaveiðifélags Reykjavíkur

Haldinn 26.11. 1991 að Hótel Loftleiðum kl. 2030.

1. Formaður setti fundinn og stakk upp á Antoni Erni Kærnested sem fundarstjóra sem var samþykkt, fundarritari var Páll Jörundsson. Formaður flutti skýrslu stjórnar og byrjaði að segja frá mótshaldi á vegum félagsins á árinu og taldi að vel hafi til tekist. Eins að þátttaka okkar í öðrum mótum var betri en annarra félaga. Á árin var stofnað Landssamband Sjóstangaveiðifélaga, og boðaði tillögu breytingar á stigagjöf sambandsins til Íslandsmeistartílsins. Hann lýsti ánægju með áhuga félagsmanna á starfsemi félagsins og bjartsýni á framtíð þess.

2. Ólafur Ólafsson skýrði reikninga félagsins, en samkvæmt rekstrarreikningi er tekjuafgangur kr. 191.272-. Eigið fé er kr. 256.247- Umræður snérust um innheimtu félagsgjalda og hvernig bæta megi þar um, en allnokkur félagsgjöld fyrir síðasta ár eru óinnheimt. Reikningar félagsins voru síðan bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.
3. Kosning formanns: Jónas Þór var einróma kjörin formaður. Aðrir í stjórn voru kjörnir: Róshildur Stefánsdóttir, Helga Haraldsdóttir, Ævar Sigurðsson, Páll Jörundsson, til vara Örn Andrésson og Ólafur Ólafsson. Endurskoðendur voru kjörnir Anton Örn Kærnested og Birkir Þór Gunnarsson, til vara Erlingur Björnsson.
4. Árgjald var samþykkt óbreytt kr. 2.500-, og kr. 4.000- á hjón.
5. Önnur mál: Formaður reifaði hugmynd að námskeiði hjá Sjóslýsavarnafélagi Íslands er varðar öryggi á sjó. Einnig þá hugmynd að þátttakendur í mótum væru í flotgöllum. Námskeið þetta kostar kr. 2.500- á mann. Menn sýndu þessu máli áhuga og allnokkrir kváðust skrá sig til þátttöku ef tími hentaði. Fundurinn sýndi áhuga á að stjórnin kannað með hentuga flotgalla fyrir félagsmenn. Reglur um stigagjöf til Íslandsmeistarabikarsins bar á góma, og sýndist núgildandi reglur ekki gefa rétta mynd af aflasæld keppenda. Jónas Þór kom með tillögu að breytingu á reglum þessum og kynnti hana. Fundarmenn voru einróma samþykkr því að stjórnin kæmi á framfæri tillögu til breytinga í þessa veru. Tillaga að félagsmerki lá fyrir fundinum og var stjórninni falið að vinna áfram að gerð þessa merkis. Hafsteinn Hannesson gerði að umræðuefni meðferð afla um borð, og harmaði illa meðferð afla, sem dæmi kvaðst hann hafa hirt stóran Hagkaupsþoka af smælki og eldað handa kettinum, og voru báðir ánægðir. Anton Örn gerði að umræðuefni hlutverk trúnaðarmanna, en störfum þeirra hefur verið verulega áfátt, og þá sérstaklega stjórnin um borð og kynningu. Rætt var um tilhögun Jónsmessumóts síðastliðið sumar, þar sem róið var um nótt. Almenn sýndist mönnum rétt að breyta þeirri tilhögun ekki, en skoða betur lengd róðurs. Jónas Þór vakti upp gamlan draug með því að leggja til að félagið kæmist yfir bát, helst gefins, og brýndi menn grimmt í þessu máli, og óskaði eftir að menn tjáðu sig um málið. Eftir allmiklar umræður var svokölluð Bátanefnd kosin, en hún er skipuð eftirtöldum mönnum: Jónas Þór, Páll Beck, Úlfar Eysteinnsson, Hafsteinn Hannesson, og Erlingur Björnsson. Jónas Þór varpaði fram hugmynd að breyta nafni félagsins í Sjóstangaveiðifélag Reykjavíkur með aðstöðu í Hafnarfirði. Fundurinn samþykkti einróma að fela stjórn að minnast látinna sjómanna í sjóslýsum við Grindavík um síðustu helgi með peningagjöf til Slysavarnardeildarinnar í Grindavík. Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 2335.

Páll Jörundsson

Fundur í stjórn

Sjóstangaveiðifélags Reykjavíkur haldin að Háaleitisbraut 111. 25.02. 1992 kl. 2030.

1. Jónas Þór kynnti efni bréfs frá SJÓVE um útgáfu blaðs Landssambands sjóstangaveiðifélaga þar sem hugmyndir eru um að koma á framfæri upplýsingum um störf og mót félaganna, en gert er ráð fyrir að félögin afli auglýsinga og leggi til efni í blaðið. Ákveðið var að afla þeirra upplýsinga og senda til Eyja, en halda stærð og kostnaði í skefjum.
2. Rætt var um SJÓR mót í sumar um Jónsmessuna 19. júní. Hugmynd um að kalla þetta Ríkarðsmót, en Ríkarður Ingibergsson ætlar að skera út í tré farandgrip og gefa félaginu, verður rætt við Ríkarð nú á næstunni. Tímasetning mótsins, mótssetning, lengd móts, lokahóf o.fl. tengt mótshaldi rætt frá öllum hliðum. Mótssetning verður með borðhaldi kl. 2100, róíð verður kl. 2400 og komið að landi kl. 1000. Stefnt verður að því að gjald verði kr. 7.000- og verði málsverður og nesti á sjóinn innifalið. Skráning í mótið verður ekki síðar en viku fyrir mótið og staðfestingagjald þá greitt. Umræður voru fjörugar og stóðu lengi. Fundinn sátu: Jónas Þór, Páll Trausti, Ævar Sigurðsson, Birkir Þór, Róshildur, Helga, Erlingur, og Örn. Fundi slitið kl. 2330.

Páll Jörundsson

Félagsfundur

Haldinn að Hótel Loftleiðum 28.04. 1992 kl. 2030. Formaður setti fundinn og sagði þennan fund óformlegan og efnislítinn, þar sem undirbúin mál væru annars óklár. Merki félagsins er ókomið að utan, en er væntanlegt næstu daga. Hann sagði frá ný afstöðnu námskeiði hjá Björgunarskóla sjómanna, en þar tóku þátt 13 félagsmenn, og var mikil ánægja með námskeiðið. Bátur eru til reiðu í Grindavík í maí og kostar kr. 3.000- fyrir daginn, en pláss er fyrir 6-8 manns. Búið er að panta gistingu fyrir 20 manns í Vestmannaeyjum um Hvítasunnuna, og eins í Ólafsvík. Flotgallar eru til sýnis og á tilboðsverði, og eru þar tveir sem koma sérstaklega til greina. Alla miklar umræður spunnust um öryggi og kosti gallanna og sýndist mönnum rétt að athugað verði frekar um verð og kosti 66°gallanna og sýndu 14 aðilar áhuga á þessu. Varðandi leigu til félagsmanna á bátum frá Grindavík, þótti rétt að hver borgi fyrir sig, og lofi félaginu að njóta aflans. Mót sumarsins sem vitað er um eru eftirfarandi:

Vestmannaeyjar 6. og 7. júní
Neskaupstaður 12. og 13 júní
Reykjavík 19. júní

Ísafjörður 2. júlí
Ólafsvík 16. júlí
Siglufjörður 31. júlí
Akureyri 20. ágúst

Þátttökutilkynningar fara fram í gegnum viðkomandi félag, sem síðan tilkynna þátttöku í mótinu. Einróma var samþykkt að Jónas Þór tæki við þátttökutilkynningum frá SJÓR. Stefnt verður að innanfélagsmóti SJÓR með tilliti til hvenær bátar verða fánlegir, en frekar síðla sumars. Fleira gerðist ekki og fundi slitið kl. 2240.

Páll Jörundsson

Fundur stjórnar SJÓR

Haldinn þann 10.11. 1992 að Heiðargerði 37. kl. 2030.

1. Rætt um tilnefningar í stjórn SJÓR, eftirfarandi uppstilling verði af hálfu stjórnar á aðalfundi: Formaður Birkir Þór Gunnarsson, ritari Anton Örn Kærnested, gjaldkeri Róshildur Stefánsdóttir, og aðrir í stjórn og varastjórn, Einar Kristinsson, Örn Andrésson, Helga Haraldsdóttir og Jónas Þór Jónasson.
2. Aðalfundur verður boðaður að Hótel Loftleiðum 26. nóvember n.k.
3. Birki og Páli var falið að finna einhvern grip, sem færa á Ríkarði Ingibergssyni í tilefni 80 ára afmælis hans í sumar. Fleira gerðist ekki og fundi slitið kl. 2300. Fundin sátu: Jónas Þór, Róshildur, Birkir Þór, Örn, Ólafur og Páll.

Páll Jörundsson

Aðalfundur SJÓR

Haldinn að Hótel Lofteiðum 26.11. 1992 kl. 2030.

1. Skýrsla stjórnar: Formaður flutti skýrsluna, og nefndi í upphafi að með ólíkindum væri hve starfsemi félagsins hefði gengið hvað varðaði mótshald félagsins, en aflýsa þurfti mótinu vegna veðurs. Námskeið á vegum Björgunarskóla sjómanna sem nokkrir félagar okkar tóku þátt í tóks afar vel, sem hefur orðið til þess að allnokkrir hafa komið sér upp flotbúningum. Hann nefndi þá möguleika sem skoða má í sambandi við mótshald, en margir kostir eru til skoðunar svo sem Akranes. Um fjárhag félagsins er það að segja að hann er mjög bágur eftir sumarið enda fjáröflunarmöguleikar svo sem veiðitúrar allir fyrir bí. Um störf Landssambandsins sagði hann að nokkur vonbrigði væri með þau áhrif sem við vildum hafa á reglur sambandsins. Hann hvatti félagana til aukinna starfa við félagið.

2. Reikningar skýrðir: Birkir Þór skýrði reikningana, tekjumegin kom uppá kr. 210.162,35 gjaldamegin kom uppá kr. 360.901- mismunur -kr 150.738,65. Eignir eru bókaðar uppá kr. 213.236,35, og eigið fé 62.497,70 Niðurstæða kr. 213.236,35. Mismunur á innistæðu og fylgiskjölum síðasta árs, stafa af því að úr sjóði félagsins var greitt kr. 54.000- með þátttöku í innanfélagsmótinu, en gleymdist að gefa kvittun á móti. Reynir spurði um þann félagalist sem fylgir reikningunum, en þar er t.d. hjón ekki til sömu húsa og aðrir heimilislausir, þessi misskilningur var leiðréttur samstundis. Spurt var um stigagjöf sambandsins, og skýrði Jónas Þór frá ágreiningi okkar við reglur sambandsins. Spurt var um hvort formenn félaganna skipi stjórn Landssambandsins. Sú skipan hefur verið en er ekki endilega sjálfgefin. Rætt var um stigagjöfina og hvatt til að ná fram nauðsynlegum breytingum. Reikningarnir voru bornir undir atkvæði og voru samþykktir samhljóða.
3. Kosning stjórnar: Formaður var kosinn Birkir Þór Gunnarsson, aðrir í stjórn voru kosnir Anton Örn Kærnested, Helga Haraldsdóttir, Róshildur Stefánsdóttir, og Einar Kristinsson, til vara Jónas Þór Jónasson og Örn Andrésón. Endurskoðendur voru kosnir Páll Beck og Stefán Sigurðsson.
4. Samþykkt var að allir greiddu sama félagsgjald og verði það kr. 2.500-
5. Önnur mál: Jónas Þór bað Ríkarð Ingibergsson að taka við gjöf frá félaginu í til efni 80 ára afmælis hans þann 5 ágúst s.l. og eins þakklætisvott fyrir grip þann sem hann færði félaginu s.l. vor. (Þorskurinn). Jónas Þór vildi reyna áfram þann möguleika að halda mótið okkar frá Grindavík, en með breyttu sniði þar sem hvatt væri til gistingar, sem virka myndi sem hvatning á heimamenn um fyrirgreiðslu við slíkt mótshald. Anton Örn nefndi möguleika á að afla fjár í vetur með samkomu þar sem kennt væri að hnýta flugur. Nokkuð var rætt um beitumál í mótshaldi, og sýndist sitt hverjum. Nýkjörinn formaður ávarpaði fundinn og sagðist ekki liggja á liði sínu í formennsku fyrir félagið. Jónas Þór gerði grein fyrir störfum bátanefndar, sem kosin var á síðasta aðalfundi, og kom fram að fundir hefðu verið haldnir yfir góðum mat og víni, árangurs er að vænta þó síðar verði. Jónas Þór og Páll Trausti þökkðu samstarfið í fráfarandi stjórn og óskuðu nýkjörinni stjórn velfarnaðar í starfi. Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 2245.

Páll Jörundsson

Fundur stjórnar SJÓR

Haldinn fimmtudaginn 3. desember 1993 að Háaleitisbraut 111. kl. 2000.

Stjórn: Stjórnin skipti þannig með sér verkum:
Formaður: Birkir Þór Gunnarsson.
Ritari: Anton Örn Kærnested
Gjaldkeri: Róshildur Stefánsdóttir
Meðstjórnendur: Einar Kristinsson, Helga Haraldsdóttir.
Varastjórn: Örn Andrésson og Jónas Þór Jónasson.

Stigagjöf: Rætt var um stigagjöf til Íslandsmeistaratíls, og var ákveðið að stefna að formenn félagana hittist fyrir Páska 1993, og komi með sameiginlega tillögu um málið.

Fjáröflun: Rætt um fjáröflun í febrúar til mars 1993 t.d. með dansleik.

Félagsgjöld: Gjaldkera falið að senda út gíróseðla vegna félagsgjalda á réttum tíma.

Mót: Rætt um að halda tveggja náttu mót í sumar um Jónsmessuna.

Kári: Samþykkt að stefna að að fá mb. Kára frá Grindavík til æfinga c.a tvo laugar-daga í maí 1993.

Fluguhnýtingar: Ákveðið að halda námskeið fyrir félagmenn í fluguhnýtingum veturinn 1993.

Tölvudiskur: Samþykkt að athuga í tíma með tölvudisk frá Vestmannaeyjum v-móta 1993.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 2225.

Anton Örn Kærnested

Fundur stjórnar SJÓR

Haldinn fimmtudaginn 22. apríl 1993 kl. 2140 að Háaleitisbraut 111.

Allir stjórnarmenn mættir.

Blaðið: Birkir gerði grein fyrir að blað landssambandsins kæmi ekki út í vor eins og til stóð, vegna vanefnda á auglýsingum í fyrra.

Mót 1993: Samþykkt að ritari sendi út gögn til félagsmanna um dagsetningar móta 1993.

Reykjavíkurmót: Rætt um fyrirhugað mót okkar í sumar dagana 18. og 19. júní frá Grindavík. Birkir og Rósa hafa verið að kanna það mál. Gisting í uppbúnu rúmi í Verbúðunum mun kosta kr. 2.000- en svefnpokapláss kr.1.000-

Tölvudiskur: Samþykkt að Anton Örn setji sig í samband við Jón Inga í Vestmannaeyjum vegna tölvudisks um sjóstangaveiðimót.

Stigagjöf: Rætt um stigagjöf til Íslandsmeistaratitils, og ákveðið að fela Birki Þór og Jónasi Þór að ræða við formenn annarra félaga og kynna þeim hugmyndir okkar um stigagjöf í sumar.

Bátar: Rætt um hugsanleg vandræði með báta á Jónsmessumótið. Birkir og Rósa munu halda áfram að ræða við skipstjóra og aðra aðila í Grindavík. Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 2210.

Anton Örn Kærnested

Fundur stjórnar SJÓR

Haldinn fimmtudaginn 25. nóvember 1993 kl. 2030 að Háaleitisbraut 111.

Mættir: Birkir Þór, Róshildur, Jónas Þór, Örn, og Anton Örn.

Aðalfundur: Ákveðið að halda aðalfund félagsins fimmtudaginn 2. desember n.k. kl. 2030, að Hótel Loftleiðum.

Landssamband: Rætt um málefni Landssambands Sjóstangaveiðifélaga, og ákveðið að stuðla að, að formenn félaganna hittist fyrir 15. febrúar 1994, og að þeir komi sér saman um stigagjöf og reglur um sjóstangaveiðimót.

50 ára: Jónas Þór reifaði hugmyndir um að halda opið Sjóstangaveiðimót í tilefni 50 ára afmælis Lýðveldis á Íslandi 17. júní 1994 í samvinnu við Reykjavíkurborg og Flugleiði. Sitt sýndist hverjum um þessa tillögu en Jónas Þór mun hreifa þessu á næsta aðalfundi.

Stjórn: Fráfarandi stjórn mun gefa kost á sér á næsta aðalfundi. Fleiri mál ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 2315.

Anton Örn Kærnested

Aðalfundur SJÓR

Haldinn að Hótel Loftleiðum fimmtudaginn 2. desember 1993 kl. 2030.

Fundarstjóri/ritari: Fundarstjóri og ritari var kjörinn Anton Örn Kærnested.

Fundargerð: Fundargerð síðasta fundar upplesin og samþykkt.

Skýrsla formanns: Birkir Þór rakti starfsemina á síðast ári, en SJÓR sendi keppendur í öll mót sumarsins 6 að tölu. Íslandsmeistari varð Jónas Þór Jónasson frá SJÓR, en hann og Einar Kristinsson frá SJÓR urðu jafnir að stigum, en Jónas Þór dró fleiri kg, og varð því sigurvegari. Haldið var námskeið í fluguhnýtingum í umsjón Gunnars Þorsteinssonar, Einars Kristinssonar og Antons Arnar Kærnested. Þá ræddi formaðurinn um léleg störf Landssambandsins og um hugmyndir að nýrri stigagjöf sem hann taldi of flókna.

Reikningar: Þá voru endurskoðaðir reikningar félagsins lesnir upp, og síðan var skýrsla formanns og reikningarnir samþykkt samhljóða.

Kosning: Formaður var kjörinn Birkir Þór Gunnarsson, og aðrir í stjórn voru kjörnir þau Anton Örn Kærnested, Róshildur Stefánsdóttir, Einar Kristinsson, Helga Haraldsdóttir, í varastjórn voru kosnir, Jónas Þór Jónasson og Örn Andrésson.

Endurskoðendur: Endurskoðendur voru kjörnir Páll Beck og Stefán Sigurðsson.

Árgjöld: Árgjöld voru ákveðin kr. 2.500-

Tillaga: Anton Örn las upp eftirfarandi tillögu: „Aðalfundur Sjóstangaveiðifélags Reykjavíkur haldinn 2. desember 1993, beinir þeirri áskorun til nýkjörinnar stjórnar félagsins að hún hlutist um að haldinn verði sameiginlegur fundur með formönnum félaganna innan Landssambandsins fyrir 15. febrúar 1994 og á þeim fundi gangi formenn okkar frá tillögu að nýrri stigagjöf og sameiginlegum keppnisreglum vegna sjóstangaveiðimóta, sem síðan verði borin upp í félögunum fyrir 15. mars 1994. Formenn félaganna komi sér saman um fundarstað og mun Sjóstangaveiðifélag Reykjavíkur greiða ferð og upphald síns formanns“. Ritara var falið að koma þessari tillögu á framfæri við hin félögin innan Landssambandsins. Tillagan rædd og síðan samþykkt samhljóða.

Önnur mál: Jónas Þór reifaði hugmynd sína um að í tilefni 50 ára afmælis Íslenska lýðveldisins 17. júní 1994 myndi SJÓR beita sér fyrir stóru opnu móti með þátttöku innlendra og erlendra veiðimanna. Taldi rétt að leita eftir samstarfi við Reykjavíkur-

borg, Flugleiði og ferðamálaráð. Lagði til að kosnir yrðu 2-3 menn til að kanna þetta mál. Um málið urðu miklar umræður og sýndist sitt hverjum, en allir fundarmenn tjáðu sig um málið og töluðu sumir oft, en hér á eftir verður gerð grein fyrir máli hvers og eins. Birkir Þór var á móti þessu og vildi hafa mótshald með hefðbundnu sniði og efaðist um að SJÓR væri fært um að halda svona stórt mót. Hann óttaðist að slíkt mót yrði alltof stórt og þungt í vöfum. Páll Beck var hlynntur þessu og taldi að þetta væri góð leið til að fjölga félögum í SJÓR, og taldi einnig mögulegt að markaðssetja þessa hugmynd á innlandan markað. Stefáni Sigurðssyni leist vel á þessa hugmynd og taldi að þetta mál þyrfti að athuga fljótt og vel. Anton Örn var hlynntur könnun á málinu, en vildi vita hvort raunverulegur áhugi væri á stórframkvæmdum á vegum félagsins væri fyrir hendi og hvort ætti að stefna markvist að fjölgun félaga. Gunnar Þorsteinsson benti á að í Evrópu væri veitt eftir öðrum reglum en hjá okkur, en taldi rétt að kann málið vel og taldi stækkun félagsins af hinu góða. Ólafur Ólafsson taldi að við ættum einfaldlega að halda okkar mót eftir okkar reglum. Jónas Þór taldi að við ættum að stefna að öflugum félagi sem ætti eigið hús-næði og bát. Ævar Sigurðsson var hlynntur þessu máli og hvatti til að það yrði skoðað nánar. Erlingur taldi málið tvíeggjað og hvatti til varkárni í þessum málum. Einar vildi skoða málið betur og fara varlega. Erlendur tók í sama streng. Að lokum var borin upp tillaga um að Anton Örn, Jónas Þór og Úlfar Eysteinnsson yrðu skipaðir í nefnd til að kanna þessi mál fyrir 14. janúar 1994. Tillagan samþykkt samhljóða.

Landssambandið: Jóna Þór taldi eðlilegt að formaður Landsambandsins væri kjörinn til tveggja ára og gagnrýndi núverandi stigagjöf. Anton Örn spurði hvort Landsambandið væri í raun og veru óþarft. Birkir Þór vildi samræma reglur og vanda val á trúnaðarmönnum. Ólafur var á móti Landssambandinu og vildi hafa reglur einfaldar og auðveldar í framkvæmd. Erlingur vildi koma á reglum um lágmarks sökkuþyngd. Ákveðið var að skipa þá Einar Kristinsson, Erling Björnsson og Gunnar Þorsteinsson í nefnd til að yfirfara lög og reglur v-sjóstangaveiðimóta. Að lokum er hér færð til bókar niðurstöður á Rekstrarreikningi félagsins 1992-1993, en tekjur voru kr. 699.190,40 Gjöld kr. 575.011,00 og Hagnaður ársins kr. 124.179,40 Efnahagsreikningur pr. 26.11.1993 Eignir kr. 314.310,78 skuldir kr. 0 og eigið fé því kr. 314.310,78

Samþykkt var að taka fram að samkvæmt reikningi félagsins þá eru í dag í vörslu gjaldkera 384 félagsmerki, metin á kr. 361.00 eða að verðmæti kr. 138.624,00 Fleiri mál ekki tekin fyrir og fundi slitið kl 2245.

*Reykjavík 03.12. 1993
Anton Örn Kærnested
Ritari og fundarstjóri*

Fundur stjórnar SJÓR

Haldinn miðvikudaginn 20. apríl 1994 kl. 2000 að Háaleitisbraut 111.

Allir stjórnarmenn mættir.

SJÓRMót: Anton gerði grein fyrir gangi mál um að halda Alþjóðlegt sjóstanga-veiðimót í samvinnu við Akranesbæ. Samþykkt að halda áfram með málið, og stefna að mótsdögum 17. og 18. júní.

Gíróseðlar: Ákveðið að senda út gíróseðla fyrir ársgjöldum 1994 kr. 2.500- ásamt félagatali og tillögum nefndar sem var skipuð á síðasta aðalfundi til að yfir fara lög um sjóstangaveiði, en nefndin hefur lokið störfum.

Dagskrá: Samþykkt að senda Sportveiðiblaðinu mótadagskrá sumarsins. Stigagjöf: Fram kom hjá formanni að þrátt fyrir ítrekuð tilmæli hans til aðildafélaga SJÓL þá hefði ekkert gerst í stigagjafa málinu, og taldi Birkir Þór einsýnt að við yrdum að notast við sömu stigagjöf og undanfarin ár.

Veiðidagar: Fyrir lá að Perlan mun gangast fyrir „veiðidögum“ í Perlunni dagana 12.-15. maí n.k. og var samþykkt beiðni frá Ellingsen um að við myndum aðstoða þá með kynningu á sjóstangaveiði í þeirra bás eftir nánara samkomulagi. Jónas Þór mun sjá um málið. Fleiri mál ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 2315.

Anton Örn Kærnested

Fundur stjórnar SJÓR

Haldinn miðvikudaginn 17. ágúst 1994 kl. 2030 að Háaleitisbraut 111.

Mættir: Birkir Þór, Róshildur, Einar, Jónas Þór, Örn, og Anton Örn.

Stigagjöf: Stigagjöfin rædd og Birki Þór falið að ræða þetta mál á stjórnarfundi SJÓL á Akureyri 26. ágúst n.k.

Greiðsla: Samþykkt samhljóða að greiða kr. 35,000- SJÓSKAG vegna verðlaunagripa á móti okkar frá Akranesi 16. og 17. júní s.l., en SJÓSKAG rak uppá „sker“ við fjáröflun vegna verðlaunagripa.

Innanfélagsmót: Ákveðið að gangast fyrir Innanfélagsmóti laugardaginn 17. september. n.k. frá Hafnarfirði. Fleiri mál voru ekki tekin fyrir og var fundi slitið kl 2310.

Anton Örn Kærnested

Fundur stjórnar SJÓR

Haldinn fimmtudaginn 24.11.1994 að Háaleitisbraut 111. kl. 2030

Mættir: Birkir Þór- Róshildur - Einar - Örn og Anton Örn.

Stigagjöf: Stigagjöfin rædd fram og aftur, og síðan samþykkt einróma að fella hana.

Reglur: Nýjar reglur um Sjóstangaveiði samþykktar af hálfu SJÓR, á formannafundi n.k. laugardag. Fleiri mál ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 2315.

Anton Örn Kærnested

Aðalfundur SJÓR

Haldinn að Hótel Loftleiðum þriðjudaginn 06.12. 1994.

Fundarstjóri: Fundarstjóri var kjörinn Örn Andrésson og fundarritari Anton Örn Kærnested.

Fundargerð: Fundargerð síðasta aðalfundar upplestin og samþykkt samhljóða.

Skýrsla formanns:

Birkir Þór Gunnarsson formaður SJÓR flutti skýrslu stjórnar. Þar kom fram að haldin voru sjö mót yfir sumarið, og tóku félagar í SJÓR þátt í þeim öllum. Tvær gjafir bárust frá Heiðursfélaga SJÓR Ríkarði Ingibergssyni, útskorinn Þorskur sem sá félagi SJÓR sem verður aflahæstur á móti SJÓR hlýtur, og að þessu sinni hlaut Anton Örn Kærnested þennan fagra grip. Einnig gaf Ríkarður fagurlega útskorna Lúðu, sem sá félagi SJÓR sem dregur stærstu lúðuna yfir sumarið fær, og að þessu sinni hlaut Erlendur Guðjónsson þennan fagra grip. Þá greindi formaðurinn frá aðalfundi Landssambandsins, en þar var m.a. samþykkt að sökkur yrðu 600 gr. að þyngd. Bátar yrðu að sömu stærð. Þá voru samþykktar nýjar reglur um stigagjöf fyrir næsta keppnistímabil með 5 atkvæðum gegn 2. Á árinu gáfu fjögur fyrirtæki félaginu borðfána með merki félagsins. Umræður urðu um nýju stigagjöfina og voru flestir fundarmenn óánægðir með hana, enda kom í ljós að enginn viðstaddur treysti sér til að útskýra þessar nýju reglur.

Reikningar: Þá voru lagðir fram reikningar félagsins: Tekjur voru kr 855.504,53 en Gjöld kr 774.907,00 og Hagnaður ársins því kr 78.597,53 Eigið fé samtals kr 442.194,31 Skýrsla formanns og reikningar félagsins samþykktir samhljóða.

Formaður: Formaður var kjörinn Birkir Þór Gunnarsson, og aðrir í stjórn Anton Örn Kærnested, Einar Kristinsson, Helga Haraldsdóttir, og Þuríður Jørgensen, í varstjórn voru kjörnir Örn Andrésson og Jónas Þór Jónasson. Endurskoðendur voru kjörnir Páll Beck og Stefán Sigurðsson.

Árgjald: Árgjald var ákveðið kr. 2.500-

Önnur mál:

Gunnar Þorsteinsson taldi eðlilegt að halda aðalmót okkar frá Reykjavík, og setja þau og slíta í Reykjavík. Einnig vildi Gunnar halda innanfélagsmóti fyrr á árinu, jafnvel um Páska. Lárus Einarsson vildi að tryggingarmál yrðu lögfest. Úlfar Eysteinnsson taldi eðlilegt að gera samning t.d. við Sjóvá-Almennar og að keppendur bæru þá auglýsingar frá Sjóvá-Almennum til endurgjalds að hluta. Birkir Þór taldi eðlilegt að allir væru tryggðir og var samþykkt að vísa málinu til stjórnar. Birkir Þór taldi eðlilegt að reyna innanfélagsmót um Páska, og að nauðsyn bæri til að koma gistimálum á mótum í betra og ódýrara húsnæði. Ákveðið var að halda Þorablót og voru Úlfar Eysteinnsson - Lárus Einarsson og Þorsteinn Stígsson skipaðir í Þorra-blótsnefnd. Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 2220.

Anton Örn Kærnested

Fundur stjórnar SJÓR

Haldinn fimmtudaginn 16. febrúar 1995 að Háaleitisbraut 111.

Allir stjórnarmenn mættir, nema Helga Haraldsdóttir.

Reglur SJÓL: Birkir Þór lagði fram nýjar reglur SJÓL, samþykkt var að senda nýju reglurnar til allra félagsmanna SJÓR.

Bréf frá Fiskistofu: Kynnt var bréf frá Fiskistofu um upplýsingar um sjóstanga-veiðimót okkar fyrir árin 1993 og 1994. Samþykkt að ritari svari bréfinu.

SJÓSKIP: Rætt var um inngöngu SJÓSKIP á Akranesi í SJÓL, og samþykkt að styðja við bakið á þeim.

Innanfélagsmót: Ræt um að reyna að halda Innanfélagsmót um eða upp úr Páskum í apríl n.k. Einnig var samþykkt að stefna að opnu Reykjavíkurmóti um Jónsmessuna frá Grindavík, og halda þá tveggja nóttu mót.

Þorablótið: Hagnaður varð af Þorablótinu uppá kr. 11.700-

Tryggingarmál: Samþykkt að fela ritara að leita tilboða í tryggingarmál félagsins. Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 2230.

Anton Örn Kærnested

Fundur stjórnar SJÓR

Haldinn þriðjudaginn 30.05. 1995 að Háaleitisbraut 111.

Mættir: Birkir Þór, Jónas Þór, Einar, Örn, Þuríður og Anton Örn.

Mót: Birkir Þór gerði grein fyrir væntanlegu móti dagana 23.-24. júní n.k. Þátttökugjald verður kr.10.000- Skipstjórar fá greiddar kr. 8.000- pr mann fyrir tveggja náttu róður + 2 miða á lokhófið sem verður haldið að Hótel Sögu. Ritara falið að senda út bréf til allra félaga í SJÓL.

Tryggingar: Anton Örn gerði grein fyrir svörum frá Tryggingafélögum vegna óska okkar um tryggingar. Samþykkt að hafna báðum tilboðum sem bárust. Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 2235.

Anton Örn Kærnested

Fundur stjórnar SJÓR

Haldinn að Háaleitisbraut 111. fimmtudaginn 15. júní 1995 kl. 2030.

Mættir: Birkir Þór, Þuríður, Einar, Jónas Þór, Helga, og Anton Örn.

Bréf frá Fiskistofu: Birkir Þór lagði fram bréf frá Fiskistofu dagsett 05.06. 1995 og rakti gang mála. SJÓL og öll aðildarfélög þess eru hvert á sinn máta að vinna að þessu máli og hefur verið rætt við tvo ráðherra auk fjölda þingmanna. Menn á einu máli um að halda fyrirhugað mót frá Grindavík þrátt fyrir bréfið og sjá til hvernig málin æxlast.

Árgjöld: Fyrirspurn hafði borist frá G.Þ.(sennilega Gunnari Þorsteinssyni) hvort stjórnin ætlaði að halda fast við sína ákvörðun um að ársgjald ætti að vera greitt fyrir mót. Svar já , en gjaldkera var gefið umboð til að geyma ávísun fram að næstu mán- aðarmótum ef á þarf að halda.

Mótið: 28 hafa skráð sig í mótið frá Grindavík dagana 23.-24. þessa mánaðar. Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 2230.

Anton Örn Kærnested

Fundur stjórnar SJÓR

Haldinn að Háaleitisbraut 111. fimmtudaginn 9. nóvember 1995 kl. 2030.

Mættir: Birkir Þór, Þuríður, Einar, Helga, Örn og Anton Örn.

Aðalfundur: Aðalfundur verður haldinn fimmtudaginn 30. nóvember 1995 að Hótel Loftleiðum í Þingsal nr. 6.

Porrablót: Porrablót verður haldið föstudaginn 19. janúar 1996 að Skipholti 70.

Íslandsmeistarar: Íslandsmeistarar árið 1995 urðu Þorsteinn Jóhannesson SJÓSIGL og Sigfríð Valdimarsdóttir SJÓAK. Elingsen gaf veiðistöng í verðlaun fyrir aflahæsta einstaklinginn í hverju móti SJÓL á s.l. sumri.

Fiskistofa: Birkir Þór las upp bréf til og frá Fiskistofu og Sjávarútvegsráðuneytisins vegna málefna sjóstangaveiðimanna. Bréfin eru dagsett 03.07. 1995, og 24.10. 1995. Síðan munu þeir Birkir Þór og Þórir frá Ísafirði ganga á fund ráðherra 22.11. n.k. og ræða þessi mál nánar, en ráðherra hefur tekið mjög jákvætt í þessi mál.

Jónsmessumót: Samþykkt að okkar árlega Jónsmessumót verði dagana 15. og 16. júní 1996.

Félagaskrá: Samþykkt var á þessum fundi að fella út eftirtalda 17 féлага sem ekki hafa greitt ársgjaldið a.m.k. s.l. tvo ár: Bjarni Ólsen, Einar Jónsson, Einar M Guðmundsson, Einar Víglundson, Hafsteinn Hansson, Jóhanna Ingólfssdóttir, Jón Á Einarsson, Jón Ólafur Óskarsson, Konráð Jónsson, Ólafur H Ólafsson, Óskar Þór Óskarsson, Óttar Sigurðsson, Páll Emil Beck, Páll Jörundsson, Sigrún Sigurðardóttir, Sveinn Sigmundsson, Þorvaldur Jón Guðmundsson.

Stigagjöf: Ákveðið að menn reyndu að finna lausn á stigagjöfinni, og eru öll aðildarfélög að skoða þetta mál. Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 2215.

Anton Örn Kærnested

Aðalfundur SJÓR

Haldinn að Hótel Loftleiðum fimmtudaginn 30. nóvember 1995. Formaður setti fundinn kl. 2035.

Fundarstjóri: Fundarstjóri var kjörinn Örn Andrésson og fundarritari Anton Örn Kærnested.

Fundargerð: Fundargerð síðasta aðalfundar upplestin og samþykkt samhljóða.

Skýrsla formanns:

Birkir Þór Gunnarsson formaður SJÓR flutti eftirfarandi skýrslu:

Ágætu veiðifélagar.

Haldin voru átta opin mót sumarið 1995, frá Akranesi dagana 19.-20. maí en þar voru keppendur 27, sjö konur og tuttugu karlar, þar af voru fjórir frá SJÓR. Við unnum til eftirtalinnna verðlauna: Róshildur Stefánsdóttir var aflahæst kvenna, og einnig í aflahæstu sveit kvenna. Erlendur Guðjónsson var með stærsta marhnútinn, og Úlfar Eysteinnsson var á aflahæsta bátnum, en það skal tekið fram að SJÓSKIP var ekki komið í Landssambandið og þetta því ekki stigamót. Í Vestmannaeyjum 3. - 4. júní, þar voru keppendur 37, átta konur og 29 karlar, þar af 12 frá SJÓR. Við unnum til eftirtalinnna verðlauna: Úlfar Eysteinnsson með stærsta fisk mótsins þorsk, einnig var hann með stærsta ufsann. Einar Kristinsson var með stærstu ýsuna. Friðleifur Stefánsson með stærstu keiluna og stærsta karfann. Á Neskaupstað 9.-10. júní, þar voru 28 keppendur, 8 konur og 20 karlar, en þangað fór enginn frá SJÓR. Okkar mót var haldið í Grindavík 23.-24. júní. Keppendur voru 29, 10 konur og 19 karlar, þar af 14 frá SJÓR. Við unnum til eftirtalinnna verðlauna: Anton Örn Kærnested með flestar tegundir. Finn Hansen með stærsta fisk mótsins þorsk, og einnig var hann með stærsta ufsann. Úlfar Eysteinnsson með stærsta karfann. Fanngeir Sigurðsson með stærstu síldina. Þuríður Jörgensen var aflahæst kvenna, og einnig aflahæst á mótinu, og hlaut þar með Þorskin.

Á Ísafirði 30. júní til 1. júlí, þar voru keppendur 29, 15 konur og 14 karlar, en þar var enginn frá SJÓR. Í Ólafsvík 21. - 22. júlí, þar voru keppendur 54, 20 konur og 34 karlar, þar af 5 frá SJÓR. Bjarni Örn Kærnested var með stærstu lúðuna. Á Siglufirði 5.-6. ágúst, þar voru keppendur 52, 25 konur og 37 karlar, þar af 11 frá SJÓR. Helga Haraldsdóttir var með stærsta fisk mótsins þorsk. Úlfar Eysteinnsson með stærsta steinbítinn. Á Akureyri 25.-26. ágúst, þar voru keppendur 57, 18 konur og 39 karlar, þar af 7 frá SJÓR. Við unnum til eftirfarandi verðlauna: Þuríður Jörgensen með stærsta karfann, einnig var hún í aflahæstu sveit kvenna. Úlfar Eysteinnsson með stærsta kolann, og Þorsteinn Stígsson með stærsta steinbítinn. Eins og fram kemur í þessari upptalningu þá sést að tveir félagar í SJÓR hafa unnið til margra verðlauna í

sumar en það eru hjónin Þuríður Jørgensen og Úlfar Eysteinnsson. Til Íslandsmeistara stiga varð Þuríður Jørgensen með flest stig okkar kvenna með 247.014 stig og í 13. sæti, en Íslandsmeistari kvenna varð Sigfríður Valdimarsdóttir frá Akureyri með 377.308 stig. Af okkar körlum varð Einar Kristinsson með flest stig 333.690 í 10. sæti, en Íslandsmeistari varð Þorsteinn Jóhannesson Siglufirði með 389.677 stig. Úrskorna Þorskin sem Ríkarður Ingibergsson heiðursfélagi okkar gaf vann Þuríður Jørgensen með því að vera aflahæst af okkar SJÓR félögum í okkar móti. Aflinn á öllum 8 mótum sumarsins varð sem hér segir: SJÓSKIP 1.553,050 kg. SJÓVE 11.812 kg. SJÓNES 2.384.3 kg. SJÓR 1.891.7 kg. SJÓÍS 1.955.95 kg. SJÓSNÆ 17.796,7 kg. SJÓSIGL 11.864.75 kg. SJÓAK 7.414 kg. Samtals 56.671,75 kg.

Fiskistofa: Í framhaldi af bréfi Fiskistofu sem sent var formönnum félaganna 8. júní 1995, en bréfið er í vörslu formanns. Var mér ásamt Þóri Sveinssyni formanni SJÓÍS falið að fylgja eftir áhugamáli okkar sjóstangaveiðifélaga um að fá að stunda íþrótt okkar eins og við höfum hingað til gert. Þetta mál snýst ekki um hvort við megum veiða fiskinn okkur til skemmtunar heldur hvort við megum selja hann. Í ljósi þessa fòrum við Þórir á fund Þórðar Ásgeirssonar forstjóra Fiskistofu. Hann tók okkur mjög vel og benti okkur á að senda bréf til Sjávarútvegsráðuneytisins. Því næst fór- um við á fund Þorsteins Pálssonar sjávarútvegsráðgjafar, sem einnig tók okkur mjög vel. Sagði hann að eitthvað yrði að gera því ekki kæmi til greina að íþrótt okkar legðist af eftir öll þessi ár, og myndi hann ásamt starfsmönnum sínum finna einhver ráð. Hann benti okkur einnig á að senda ráðuneytinu bréf sem við gerðum 3. júlí s.l. og er það í vörslu formanns. Síðan kom bréf frá sjávarútvegsráðuneytinu 31. júlí þar sem okkur var tjáð að þau mót sem haldin eru á vegum Landssambandsins fari fram eins og undanfarin ár, en ráðuneytið fól Fiskistofu að fylgjast með ólokn- um mótum og skrá sérstaklega þann afla sem kemur á land þá daga. Ég tók þá ákvörðun að halda ekki annað Innanfélagsmót á þessu ári vegna þess sem á undan er gengið. Ég fór á tvo fundi hjá Landssambandinu á árinu, þann fyrri á Ísafirði þann 8. júní, en þar var aðalmálið bréfið frá Fiskistofu. Þar tók Sigurður Arnfjörð Guð- mundsson frá Ólafsvík við formennsku SJÓL. Á Akureyri þann 24. ágúst var farið yfir stigagjöfina í heild sinni. Var samþykkt að reyna að einfalda hana og er von á hugmyndum í þá veru, en hafi eitthvert ykkar tillögu um einföldun væri æskilegt að hún kæmi skrifleg til stjórnarinnar.

Porrablot: Porrablot var haldið 4. febrúar og vil ég þakka skemmtinefndinni sem í eru þeir Úlfar Eysteinnsson, Þorsteinn Stígsson, og Lárus Einarsson. Innanfélagsmót var haldið 29. apríl frá Hafnarfirði, þá veiddust 415,94 kg. Fimmtudaginn 16. nóv- ember fór ég á fund Arthúrs Bogasonar formanns smábátaeigenda, aðallega til að fá vitneskju um hvort nokkrir smábátaeigendur hafi kvartað til félagsins út af okkar veiðum. Hann tjáði mér að svo væri ekki. Þann 22. nóvember fór ég ásamt Þóri

Sveinssyni formanni Sjóstangaveiðifélags Ísafjarðar á fund Jóns Jónssonar skrifstofustjóra Sjávarútvegsmálaráðuneytisins. Hann sagði okkur að þeir hjá ráðuneytinu hefðu lesið bréfið sem frá okkur kom og rætt það nokkuð og nú fljótlega ætlaði hann að ræða við sjávarútvegsráðherra og fá hann til að tjá sig um næsta skref, en hann vildi að tekið yrði á málinu, því nú á þessu þingi yrði farið í að setja einhver lög um sjávarútveginn, og ef þyrfti að setja einhver lög fyrir okkur væri best að hafa það tilbúið, en þeir voru að skoða hvort nóg væri að setja reglugerð gagnvart okkur. Á árinu voru haldnir 4 bókaðir stjórnarfundir. Á næsta ári verður Þorrablótið haldið 19. janúar í sal Múrara í Skipholti og mun skemmtinefndin sjá um það. Á Þorrablótinu verður afhent útskorna lúðan sem Ríkarður Ingibergsson heiðursfélagi okkar gaf félaginu, en núverandi handhafi lúðunnar er Erlendur Guðjónsson. Ég hef hér að framan talið flest upp sem gerst hefur frá síðasta aðalfundi og set því punktinn hér.

Stjórnarkjör: Í stjórn voru kosnir: Birkir Þór Gunnarsson formaður, Anton Örn Kærnested, Þuríður Jörgensen, Einar Kristinsson, Helga Haraldsdóttir, í varstjórn Örn Andrésson og Jónas Þór Jónasson. Endurskoðendur, Finn Hansen og Þorsteinn Stígsson. Í skemmtinefnd, Úlfar Eysteinnsson, Lárus Einarsson og Þorsteinn Stígsson.

Önnur mál:

Einar Kristinsson ræddi um hvort rétt væri að SJÓL fengi 25-50 % af afla í mótum, eða jafnvel ákveðið % hlutfall hvers keppenda rygni til hans félags, en þetta gæti hugsanlega aukið þátttöku og þau félög sem lægju ekki eins vel við gjöfulum fiskimiðum myndu hugsanlega verða fær um að styrkja sína menn eins og sum vel sett félög geta. Þorsteinn Stígsson vildi strangar reglur um vigtun, taldi of oft verða ágreining um vigtun eftirá. Talað var um að senda út bréf um Þorrablótið til allra félaga í SJÓR og eintak til hinna aðildarfélaganna að SJÓL. Umræður um lúðumót í Stykkishólmi í september 1996, og var Þorsteini Stígssyni og Erlendi Guðjónssyni falið að kanna málið nánar. Bjarni Örn Kærnested vildi að haldið yrði fluguhnýtinganámskeið, og að t.d. Gunnar Þorsteinsson fræddi okkur um hreinsun og viðhald á hjólum og öðrum útbúnaði okkar. Fleiri mál ekki tekin fyrir og fundi slitið kl 2230. 17 sátu fundinn.

Anton Örn Kærnested

Fundur SJÓR

Stjórnarfundur haldinn að Háaleitisbraut 111 fimmtudaginn 11.01. 1996 kl 2030.

Mættir: Birkir Þór, Einar, Jónas Þór, Örn, Anton Örn, Þuríður.

Þorrablót: Rétt um væntanlegt Þorrablót sem þeir Úlfar Eysteinnsson, Þorsteinn Stígsson og Lárus Einarsson sjá um.

Stigagjöf: Rætt um fyrirhugaðan fund formanna í SJÓL laugardaginn 20. janúar n.k., og var ákveðið að formaður okkar legði fram eftirfarandi tillögu frá SJÓR um stigagjöf.

Tillögur SJÓR um stigagjöf á sjóstangaveiðimótum.

Stjórn SJÓR hefur á undangengnum árum rætt og lagt til einfalda stigagjöf og útreikninga stiga, á þann veg að allir þátttakendur séu færir um að fylgjast með og reikna út sín stig, og á þann máta að halda spennu og keppni milli einstaklinga og sveita og sjá sjálfir innbyrðis stöðu sína í hópnum.

Undangengin ár haf komið fram ýmsar tillögur sem sífellt ganga út á að „jafna“ milli keppenda og keyrði þó um þverbak þegar núverandi stigagjöf var samþykkt, þrátt fyrir að öllum væri ljóst að einungis örfáir félagar voru færir um að skilja og meta stöðuna, og þeir sem skildu stöðuna urðu að notast við tölvu við alla útreikninga, auk þess sem fyrri árangur kom mönnum til góða. Einnig má telja til galla að með smá útsjónarsemi var opinn möguleiki á að velja mót sem af ýmsum ástæðum voru vænlegri en önnur til stigasöfnunar til Íslandsmeistara.

Tökum stutt dæmi, og hugsum okkur að við séum staddir t.d. á stóru frjálsíþróttamóti og fylgjumst með langstökki.

Keppandi A stekkur 7,85 cm en keppandi B stekkur 7,81 cm, samkvæmt almennum skilningi á keppni þá er A sigurvegari mótinu. Nú hefst mótun á þessum einföldu staðreyndum í ungfrú tölvu, og eftir skamma stund kemur niðurstaða hennar. Keppandi B er sigurvegari mótsins, hann tók þátt í fimm mótum s.l. ár og ávann sér þar með stig sem upphelja þennan mismun, en þar sem keppandi A er byrjandi, þá á hann enga möguleika, hann á hugsanlega möguleika næst ár.

Þá hefur SJÓR lengi verið þeirrar skoðunar, að í allri keppni komi fram ýmsir þættir sem flokka má undir heppni, ástand keppanda keppnisdagana jafnt andlegt sem líkamlegt, áunnið t.d. með áfengisnotkun fyrir keppni, eða fyllast af kvefi nóttina fyrir keppni, sjóveikur, eða sjóhraustur, svaf ekkert nóttina fyrir mót, metnaðarfullur, eð bara að vera með. Á hvernig bát lendir keppandinn, lendir hann með skipstjóranum sem þekkir miðin eins og lófa sína, eð lendir hann með skipstjóra sem hefur s.l. tíu ár verið á úthafstogara, en fyrir tilviljun er í fríi og af góðsemi sinni „bjargar“ mótshaldara og fer sem skipstjóri, en á hans upphalds mið sem hann þekkir eru margra sólarringa stífm, á heimamiðum hefur hann aldrei verið.

Við teljum í sjálfu sér ekki ástæðu fyrir að færa nánari rök fyrir þessum þáttum, enda mun formaður okkar fylgja þessu eftir á sameiginlegum fundi formanna SJÓL laugardaginn 20. janúar n.k.

Við teljum nauðsynlegt að jafna vægi móta þannig að þau hafi öll sama vægi, og leiðin til þess er sáraeinföld eins og reyndar öll tillagan er, og kannski er það vikleiki hennar að allir skilja hana, en tillaga okkar er svo hljóðandi:

Tillaga:

SJÓR leggur til að eftirfarandi stigatafla verði notuð við útreikninga á mótum **SJÓL** frá og með keppnistímabilinu 1996.

Röð	Stig	Bátastig	Samtals
1	200		
2	190		
3	180		
4	170		
5	160		
6	150		
7	140		
8	130		
9	120		
10	110		
11	100		
12	95		
13	90		
14	85		
15	80		
16	75		
17	70		
18	65		
19	60		
20	55		
21-150	50		

Bátastig reiknist þannig:

Aflahæstur á bát	Stig
1. sæti gefur	10
2. sæti gefur	8
3. sæti gefur	6
4. sæti gefur	4
5. sæti gefur	2
6. sæti og neðar	0

Bátastigin eru í sjálfu sér ekki nauðsynleg, því stiga munur myndast við hina töfluna, en við teljum þó rétt að hafa bátastigin með, en þau geta skapað meiri keppnisanda innan hverrar áhafnar fyrir sig.

Samkvæmt núgildandi reglum þá eru haldin átta mót sem telja til Íslandsmeistara og leggjum við til að samanlagður besti árangur úr 3 mótum teljist til stiga um Íslandsmeistaratitil í karla og kvennaflokkum.

Með því að fella niður vægi afla í kg fá öll mót sama vægi, og að okkar mati er ekki síður ánægjulegt að verða efstur á móti þar sem afli er samtals 1.5 til 2 tonn heldur en á t.d. 15 tonna móti, hæfni veiðimannsins nýtur sín ekki síður á mótum með minni afla auk þess sem meira jafnvægi verður milli móta.

Ef tveir eða fleiri einstaklingar verða jafnir þá verður meðalþyngd látin ráða, ef enn er jafnt, þá ræður samanlagt kg magn röðinni.

Aflahæsti karl-kona

Við teljum mjög eðlilegt að veitt verði verðlaun fyrir þá einstaklinga sem samanlagt drógu flest kg úr sjó í keppnismótum sumarsins, því eftir þessum tillögum er als ekki sjálfgefið að Íslandsmeistarinn hafi dregið flest kg úr sjó á keppnistímabilinu.

Sveitakeppni

Um sveitakeppni gilda að okkar mati allt aðrar forsendur, þar má gjarnan reikna út eftir aflamagni, og þar koma samanlagðar aflatölur til verðlauna, sama gildir um aflahæsta skipstjóra o.fl.

Við lítum svo á að hver mótshaldari hafi afar frjálssar hendur um þessi atriði og hvaða verðlaun og fyrir hvað hann veitir verðlaun. Einnig teljum við rétt að mönnum sé heimilt að stofna til sveit á þann máta sem þeir sjálfir velja, t.d. eftir „bumbustærð“ eða öðrum sem einstaklingar innan hópsins kjósa sér.

*Með kveðju
Anton Örn Kærnested
Ritari SJÓR*

Anton Örn Kærnested

Fundur SJÓR

Haldinn fimmtudaginn 13. júní 1996 kl. 2030 að Háaleitisbraut 111.

Mættir: Birkir Þór, Anton Örn, og Þuríður.

SJÓR mót: Farið yfir stöðu mála vegna opna SJÓR mótsins í Grindavík um næstu helgi. Dregið var á báta og í sveitir, og annar undirbúningur fyrir mótið yfirfarinn með góðri aðstoð frá Róshildi og Jóhönnu sem ætla að sjá um tölvumálin fyrir okkur á mótinu.

Fundi slitið kl. 0045.

Anton Örn Kærnested

Fundur SJÓR

Haldinn fimmtudaginn 04.07. 1996 að venju á heimili formanns að Háaleitisbraut 111. og hófst hann kl. 2030

Mættir: Birkir Þór, Anton Örn, Örn, og Jónas Þór.

Lög SJÓL: Farið var yfir tillögur um breytingar á lögum SJÓL, en formannafundur verður haldinn í Ólafsvík 19. júlí n.k. Tillögurnar bornar saman við núverandi lög, og að lokum voru allir stjórnarmenn sammála og mun formaður okkar Birkir Þór Gunnarsson mæta á Ólafsvíkur-fundinum og fara með okkar mál þar. Birkir Þór gerði grein fyrir tölum í sambandi við mótið okkar frá Grindavík dagana 15. og 16. júní s.l. Útlit er fyrir að hagnaður sé liðlega kr 100.000-

Fundi slitið kl. 2200.

Anton Örn Kærnested

Fundur SJÓR

Haldinn að Háaleitisbraut 111. fimmtudaginn 21.11. 1996 kl. 2030

Mættir: Birkir Þór, Þuríður, Jónas Þór, Örn, Einar.

Aðalfundur: Ákveðið að boða til Aðalfundar fimmtudaginn 09.01. 1997 að Hótel Loftleiðum.

Innanfélagsmót: Ákveðið að halda Innanfélagsmót í apríl 1997. Ákveðið að halda okkar landsmót frá Grindavík dagana 13. og 14. júní 1997, og verður róíð kl 0400. Fundargerð skrifuð af Birki Þór

Anton Örn Kærnested

Aðalfundur SJÓR 1996

Haldinn að Hótel Lofleiðum fimmtudaginn 10.01.1997.

Fundarstjóri: Örn Andrésson var kjörinn fundarstjóri og Anton Örn Kærnested fundaritari.

Fundargerð: Fundargerð síðasta aðalfundar upplestin og samþykkt samhljóða.

Skýrsla formanns:

Skýrsla formanns fer hér á eftir, en að ósk formanns er hér bætt við þakkarorðum til Gunnars Þorsteinssonar fyrir góða leiðsögn til félagsmanna um meðferð og umhirðu á veiðiútbúnaði, en Gunnar stóð fyrir 1/2 dags námskeiði um þessi mál í húsakynnum Einars Kristinssonar að Skipholti á s.l. vetri. Einnig var farið yfir helstu atriði í sjófluguhnýtingum o.fl. sem viðkemur íþrótt okkar. Síðan lásu formaður og gjaldkeri skýrslur sínar og fara þær hér á eftir:

Ársskýrsla formanns SJÓR 9. janúar 1997.

Ágætu veiðifélagar.

Ég vil byrja á að segja ykkur hvers vegna aðalfundurinn er ekki fyrir en í janúar 1997. Það er vegna þess að halda átti fund hjá Landsambandinu fyrir lok nóvember 1996 og af þeim fundi ætlaði ég að hafa eitthvað til að segja ykkur, en þegar í ljós kom að af honum yrði ekki, boðaði ég til stjórnarfundar 21. nóvember, þar sem ákvörðun var tekin að halda ekki fundinn fyrir en nú. Fyrirnefndur fundur SJÓL verður haldinn laugardaginn 18. janúar 1997. Í framhaldi af þessum orðum ætla ég að ræða mót sumarsins. Haldin voru 8 opin mót sumarið 1996:

Frá Akranesi 10. og 11. maí. Þar voru keppendur 34. 8 konur og 26 karlar, þar af 6 frá SJÓR. Þar unnum við til einna verðlauna fyrir stærsta kolann sem Róshildur Stefánsdóttir vann.

Í Vestmannaeyjum 25. og 26. maí. Þar voru 49 keppendur. 12 konur og 37 karlar, þar af 12 frá SJÓR. Við unnum til eftirtalinnna verðlauna: Anton Örn Kærnested dró stærsta fiskinn, þorsk. Jón Þór Guðmundsson stærsta steinbítinn, og Friðleifur Stefánsson stærstu lúðuna.

Á Neskaupstað 7. og 8. júní. Þar voru 15 keppendur, 6 konur og 9 karlar, þar af 2 frá SJÓR. Þar vann SJÓR ekki til verðlauna, en næst komst Erlendur Guðjónsson með því að verða í öðru sæti í sveitakeppni.

Okkar mót var 15. og 16. júní. Þar voru 37 keppendur. 12 konur og 25 karlar. Við unnum til eftirtalinnna verðlauna: Stærsta ufsa Erlendur Guðjónsson, flestar tegundir 8 talsins Úlfar Eysteinnsson.

Á Ísafirði 5.-6. júlí. Þar voru keppendur 25. 12 konur og 13 karlar, þar af 3 frá SJÓR. Þar unnum við ekki til verðlauna, en næst því komst Úlfar Eysteinnsson með því að verða í 2 sæti karla.

Á Ólafsvík 19.-20. júlí. Þar voru 68 keppendur. 27 konur og 41 karl, þar af 12 frá SJÓR. Þar unnum við ein verðlaun, Róshildur Stefánsdóttir var með hæstu meðalþyngd.

Á Siglufirði 3. og 4. ágúst. Þar voru 33 keppendur. 13 konur og 20 karlar, þar af 3 frá SJÓR, en þar unnum við ekki til verðlauna, en þar var Erlendur Guðjónsson með hæstu meðalþyngd en fyrir það voru ekki veitt verðlaun.

Á Akureyri 23. og 24. ágúst. Þar voru keppendur 56, 20 konur og 36 karlar, þar af 3 frá SJÓR. Þar unnum við ekki til verðlauna, en Erlendur Guðjónsson komst næst því með að veiða þriðja stærsta marhnútinn.

Eins og fram hefur komið unnum við til 8 verðlauna árið 1996, en við unnum til 20 verðlauna árið 1995 svo við verðum að taka okkur á á þessu ári. Ég vil geta þess að einn SJÓR félagi fór á öll 8 mót sumarsins en það er Úlfar Eysteinnsson. Til Íslandsmeistarastiga varð Þuríður Jörgensen með flest stig af okkar konum með 425 stig og í 15 sæti, en Íslandsmeistari varð Sigfríður Valdimarsdóttir SJÓAK eins og árið 1995 með 689 stig.

Af okkar körlum varð Úlfar Eysteinnsson í 9 sæti með 669 stig, en Íslandsmeistari eins og 1995 varð Þorsteinn Jóhannesson SJÓSIGL með 768 stig.

Afli í öllum 8 mótum sumarsins varð sem hér segir: SJÓSKAG 5.004,8 kg. SJÓVE 13.404,6 kg. SJÓNES 2.498,3 kg. SJÓR 5.162,3 kg. SJÓÍS 7.847,5 kg. SJÓSNÆ 19.271,2 kg. SJÓSIGL 10.841,3 kg. SJÓAK 7.694,1 kg. Heildaraflinn varð 71.704 kg, en 1995 varð aflinn 56.671,75 kg. Mestan afla sumarsins dró Þorsteinn Jóhannesson 1.720,67 kg. en af SJÓR félögum Úlfar Eysteinnsson 1.538,29 kg.

Á árinu 1995 var stigagjöfinni breytt til betri vegar og er það ekki síst Úlfari Eysteinnssyni að þakka, og mun ég nú segja hvernig hún er.

(Engin nánari bókun er um málið)

Útskorni þorskurinn sem heiðursfélagi okkar Ríkarður Ingibergsson gaf félaginu vann Jónas Þór Jónasson, sem varð aflahæstur af okkur SJÓR félögum á okkar móti. Þorrrablót héldum við sem var mjög vel sótt og þar var lúðan sem heiðursfélagi okkar gaf afhent, en hana vann Einar Kristinsson sem veiddi stærstu lúðu sumarsins af SJÓRFélögum.

Þann 16.-19. maí var haldin svokölluð veiðimessa í Perlunni og aðstoðuðu nokkrir SJÓRFélagar Ellingsen sem var með bás þar.

Þann 5. júní voru samþykkt lög á Alþingi okkur í hag, þannig að nú getum við veitt og selt aflann án afskipta Fiskistofu.

Aðalfundur SJÓL var haldinn í Ólafsvík 18. júlí 1996 og mun ég nú lesa fundargerð þess fundar en hún er í vörslu formanns.

Nú í haust kom formaður skemmtinefndar Úlfar Eysteinnsson með þá hugmynd að hittast fyrsta þriðjudag í mánuði og eru þessi kvöld búin að vera tvö og mættu samtals 20 manns.

Þann 18. janúar ætlum við að halda Þorablót og vona ég að sem flestir mæti og taki með sér gesti. Ég vil þakka skemmtinefndinni fyrir síðasta Þorablót og vona ég að sama nefnd starfi áfram en í henni eru Úlfar Eysteinnsson, Lárus Einarsson og Þorsteinn Stígsson.

Á Þorablótinu verður lúðan sem heiðursfélagi okkar gaf afhent fyrir stærstu lúðu sumarsins sem SJÓR félagi veiddi.

Innanfélagsmót stendur til að halda í apríl og okkar opna mót 13. og 14. júní og róa frá Grindavík.

Ég vil að endingu þakka meðstjórnendum mínum gott samstarf á liðnu ári.

Birkir Þór Gunnarsson

Tekjur á árinu voru kr. 848.259,85 en gjöld kr. 637.196,00 og hagnaður ársin því kr. 211.063,85 Eigið fé í árslok var kr. 714.556,19

Skýrsla formanns og reikningar félagsins borin upp og samþykkt samhljóða.

Kosning: Birkir Þór Gunnarsson var endurkjörinn formaður og aðrir í stjórn: Anton Örn Kærnested - Einar Kristinnsson - Erlendur Guðjónsson - Gunnar Þorsteinsson - í varastjórn: Örn Andrésón - og Þuríður Jörgensen. Endurskoðendur: Þorsteinn Stígsson og Finn Hansen, Úlfar Eysteinnsson til vara.

Ársgjöld: Ársgjöld voru ákveðin kr. 2.500-

Önnur mál: Birkir Þór rakti aðdraganda að núverandi stigagjöf. Einnig greindi hann frá fyrirhuguðum formannafundi SJÓL, sem verður haldinn laugardaginn 18. janúar n.k. hér í Reykjavík og munu formenn ásamt mökum væntanlega taka þátt í Þorablóti SJÓR þá um kvöldið. Þá las Birkir Þór upp ný lög frá Alþingi sem fjalla um málefni okkar sjóstangaveiðimanna. Gunnar Þorsteinsson ræddi um möguleika á að koma til félagsmanna upplýsingum um úrslit sumarmótanna. Fram kom á fundinum mikil óánægja í garð Eyjamanna fyrir lélega þjónustu og hátt verð og peningaplokk í sambandi við Hvítasunnumótin, talið var að þessi óánægja væri um allt land og var formanni falið að koma henni á framfæri við formann þeirra Eyjamanna. Síðan voru ýmis smærri mál og gamanmál rædd og var fundi slitið kl. 2235.

Anton Örn Kærnested

Fundur SJÓR

Haldinn fimmtudaginn 20. mars 1997 að Háaleitisbraut 111.

Stjórnin skipti þannig með sér verkum:

Stjórn: Formaður Birkir Þór Gunnarsson - varaformaður Einar Kristinsson - ritari Anton Örn Kærnested - gjaldkeri Gunnar Þorsteinsson - meðstjórnandi Örn Andrés-son. Til vara Erlendur Guðjónsson og Þuríður Jörgensen.

Fundur SJÓL: Birkir Þór greindi frá aðalfundi SJÓL, og þeim málum sem voru tekin þar fyrir.

Bréf: Lesið bréf frá Sjávarútvegsmálaráðuneytinu vegna mótshalds árið 1997.

Félagaskrá: Ritara var falið að senda ritara SJÓL félagaskrá SJÓR.

Skýrslur til Fiskistofu: Samþykkt að senda Fiskistofu mótaskýrslur strax að loknum mótum.

Innanfélagsmót: Samþykkt að stefna að innanfélagsmóti um helgina 26. apríl n.k. og hafa þá 3.mái til vara. Róið verður frá Grindavík kl. 0700 - 1500, og verðlaunaafhending verður á Hótel Sögu að venju.

Fleiri mál ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 2220.

Anton Örn Kærnested

Fundur SJÓR

Haldinn fimmtudaginn 10. Júlí 1997 að Háleitisbraut 111.

Mættir: Birkir Þór - Anton Örn - Þuríður - Gunnar - Örn og Erlendur.

Grindavíkurmótið: Farið var yfir Grindarvíkurmótið og gerð grein fyrir kostnaði við mótið, sem var uppá kr. 691.283-, en tekjur voru uppá kr. 1.081.169- og því hagnaður uppá kr. 389.886- Keppendur voru 32 í mótinu sem tókst í allastaði vel.

Styrkir: Allmiklar umræður urðu um hvernig ætti að koma þessum hagnaði í lóg sem fyrst, og voru menn ekki á eitt sáttir í þessu máli. Að lokum gerði formaður að tillögu sinni að skipa í nefnd til að gera tillögur í þessu máli þá Anton Örn Kærnested - Einar Kristinsson og Gunnar Þorsteinsson. Tillagan var samþykkt, og voru ekki fleirri mál tekin fyrir og var fundi slitið kl. 2215.

Anton Örn Kærnested

Fundur SJÓR

Haldinn miðvikudaginn 12. nóvember 1997 að Háaleitisbraut 111.

Mættir: Birkir Þór - Púriður - Gunnar - Einar - Anton Örn - Erlendur og Örn.

Aðalfundur: Aðalfundur félagsins var ákveðinn fimmtudaginn 20.11. 1997 kl. 2030 í Þingsal 6 að Hótel Loftleiðum. Ritari sér um að senda út bréf.

Niðurstöður nefndar: Anton Örn gerði grein fyrir niðurstöðum nefndar sem skipuð var 10.07. 1997 til að gera tillögur um hvernig ætti að standa að málum SJÓR um styrki á mót úr sjóðum SJÓR. Umræður urðu um málið, en tillaga stjórnar verður lögð fyrir á næsta aðalfundi.

Lög: Umræður urðu um lög SJÓR, og var ákveðið að skipa í nefnd strax eftir aðalfund 20.11. 1997 til að yfirfara lögina fyrir annan aðalfund héðan í frá.

SJÓR mót: Samþykkt var að halda SJÓR mót dagana 19.-20. júní 1998.

Aðalfundur SJÓL: Aðalfundur SJÓL verður haldinn 17.01. 1998 í Reykjavík, sama dag og við höldum Þorrablótið okkar.

Innanfélagsmót: Stefnt er að halda Innanfélagsmót 25.04. 1998. Fleiri mál voru ekki tekin fyrir og var fundi slitið kl. 2235.

Anton Örn Kærnested

Aðalfundur SJÓR

Haldinn fimmtudaginn 20.11. 1997 að Hótel Loftleiðum.

12 félagar og 2 gestir mættu á fundinn.

Fundarstjóri-ritari: Fundarstjóri var kjörinn Einar Kristinsson og Anton Örn Kærnested fundarritari.

Fundargerð síðasta aðalfundar: Upplesin og samþykkt samhljóða.

Skýrsla formanns: Ársskýrsla formanns SJÓR 20. nóvember 1997.

Ágætu veiðifélagar!

Haldin voru 8 opin mót sumarið 1997.

Frá Akranesi 9. og 10. maí 1997: Þar voru keppendur 35 (voru 34 í fyrra) 10 konur og 25 karlar, þar af 3 frá SJÓR. Þar unnum við ekki til verðlauna en næst því komst Úlfar Eysteinnsson með þriðja stærsta steinbítinn.

Í Vestmannaeyjum 17. og 18. maí 1997: Þar voru keppendur 35 (voru 49 í fyrra) 3 konur og 32 karlar, þar af 5 frá SJÓR. Þar unnum við ein verðlaun Friðleifur Stefánsson dró stærstu lúðuna. Einhver varð að reka lestina svo ég tók á mig að vera lægstur á mótinu.

Í Neskaupstað 30. og 31. maí 1997. Þar voru keppendur 28 (voru 15 í fyrra) 9 konur og 19 karlar, þar af 5 frá SJÓR. Þar unnum við ekki til verðlauna.

Okkar mót 13. og 14. júní 1997. Þar voru keppendur 34 (voru 37 í fyrra) 8 konur og 26 karlar, þar af 16 frá SJÓR. Við unnum til eftirtalinna verðlauna: Stærsta ufsann Róbert B. Agnarsson. Stærstu lýsuna Guðmundur Kristinsson og aflahæsti meðlimur SJÓR varð Anton Örn Kærnested.

Á Ísafirði 4. og 5. júlí 1997. Þar voru keppendur 34 (voru 25 í fyrra) 13 konur og 21 karl, þar af 7 frá SJÓR. Við unnum til eftirtalinna verðlauna: Aflahæsta sveit karla en í henni voru Einar Kristinsson - Þorsteinn Einarsson - Sigurður Erlendsson - Erlendur Guðjónsson. Þorsteinn Einarsson var með hæstu meðalþyngd og Sigurður Erlendsson með stærsta marhnútinn.

Í Ólafsvík 18. og 19. júlí 1997. Þar voru keppendur 65 (voru 68 í fyrra) 22 konur og 43 karlar, þar af 7 frá SJÓR. Þar fengum við eftirtalin verðlaun: Anton Örn Kærnested stærstu lúðuna, stærsta sandkolann og flestar tegundir.

Á Siglufirði 1. og 2. ágúst 1997. Þar voru keppendur 31 (voru í fyrra 33) 11 konur og 20 karlar, þar af 2 frá SJÓR. Við unnum ekki til verðlauna.

Á Akureyri 28. og 29. ágúst 1997. Þar voru keppendur 57 (voru 56 í fyrra) 16 konur og 41 karl, þar af 5 frá SJÓR. Þar unnum við ekki til verðlauna, en næst því komst Finn Hansen með næst stærsta ufsann.

Eins og fram hefur komið unnum við til 11 verðlauna í ár, en árið 1996 voru okkar verðlaun 8, en árið 1995 voru þau 20, þannig að nú erum við heldur á uppleið.

Aflinn á öllum átta mótum sumarsins varð sem hér segir:

Akranes 8.338,29 kg. Vestmannaeyjar 6.339,08 kg. Neskaupstaður 8.081,90 kg. Reykjavík 9.451,86 kg. Ísafjörður 8.870,05 kg. Ólafsvík 16.586,70 kg. Siglufjörður 10.953,22 kg. Akureyri 7.177,98 kg. Samtals eru þetta 75.799,03 kg. Sem 318 manns veiddu, í fyrra 71.704 kg, sem 317 manns veiddu. Þetta segir okkur að í sum- ar var meðalafli þessara 318 félaga 238,36 kg á stöng, en árið 1996 var þetta 227,3 kg, og árið 1995 var þetta 177,4 kg. á mann.

Íslandsmeistari kvenna: Varð þriðja árið í röð Sigfríð Valdimarsdóttir SJÓAK með 733 stig og vann þar með Flugleiðabikarinn til eignar. Flest stig okkar SJÓR kvenna hlaut Róshildur Stefánsdóttir 241 stig í 24 sæti, en hún tók bara þátt í einu móti.

Íslandsmeistari karla: Einnig þriðja árið í röð varð Þorsteinn Jóhannesson SJÓ-SIGL með 780 stig og vann hann því einnig Flugleiðabikarinn til eignar. Flest stig okkar SJÓR karla fékk Úlfar Eysteinnsson 669 stig í 8 sæti.

Í ár var stigagjöfinni breytt að því leiti að aflahæsta kona fékk 250 stig, en áður fékk aflahæsti einstaklingur 250 stig hvort sem var karl eða kona.

Útskorna þorskin: Sem heiðursfélagi okkar Ríkarður Ingibergsson gaf félaginu fékk Anton Örn Kærnested til varðveislu í eitt ár með því að verða aflahæstur SJÓR félaga á okkar móti og veiddi hann 422,2 kg.

Þorrablót: Héldum við þann 18. janúar sem var vel sótt. Þar var lúðan sem heiðursfélagi okkar gaf okkur afhent Friðleifi Stefánssyni til varðveislu í eitt ár en hann veiddi stærstu lúðu okkar SJÓR félaga sem vóg 7.4 kg.

Haldnir voru þrír reglulegir stjórnarfundir á árinu. Formannafundur landsambandsins var haldinn hér í Reykjavík 18. janúar og tel ég ekki ástæðu til að ræða neitt sérstaklega um hann nema að það komi upp spurningar á eftir, vegna þess að ykkur voru sendir ársreikningarnir og fundargerðin.

Bréf: Þann 3. mars 1997 var okkur sent bréf frá Sjávarútvegsráðuneytinu sem veitti öllum félögum leyfi til að halda tveggja daga mót. Okkar mót gekk vel peningalega séð, en það skilaði okkur tæplega kr. 400.000- í hagnað og vegna þess var borin upp tillaga frá stjórninni varðandi það hvernig við viljum ráðstafa peningunum sem við eigu.

Þorralót verður haldið 17. janúar 1998 og vona ég að það verði vel sótt. Ég vil þakka skemmtinefnd fyrir síðast þorralót sem tókst í allastaði mjög vel, þeim Úlfari Eysteinsyni, Þorsteini Stígssyni, og Lárusi Einarssyni.

Innanfélagsmót: Við ætlum okkur að halda innanfélagsmót 25. apríl 1998 og okkar opna mót dagana 19. og 20. júní 1998.

Ég vil að lokum þakka meðstjórnendum mínum ánægjulegt samstarf.

Birkir Þór Gunnarsson

Reikningar: Gunnar Þorsteinsson gjaldkeri félagsins lagði fram og útskýrði reikninga félagsins. Tekjur samkvæmt rekstarreikningi voru kr. 1.188.191- en gjaldamegin kr. 738.778,80 og hagnaður ársins því kr. 451.412,20 Á efnahagsreikning var niðurstaðan sú að tekju megin er eigið fé kr. 1.165.968,39 en skuldir eru engar. Áritun endurskoðenda og reikningarnir í heild eru varðveittir í fylgiskjalamöppu. Engar umræður eða spurningar komu fram um skýrslu stjórnar eða reikningana og var hvorttveggja samþykkt samhljóða.

Stjórn: Öll stjórnin var endurkjörin og er hún þannig skipuð: Formaður Birkir Þór Gunnarsson, Varaformaður Einar Kristinsson, ritari Anton Örn Kærnested, Gjaldkeri Gunnar Þorsteinsson, meðstjórnandi Erlendur Guðjónsson í varastjórn Örn Andrés-son og Þuríður Jørgensen. Endurskoðendur voru kjörnir þeir Þorsteinn Stígsson og Finn Hansen.

Ársgjöld: Ársgjöld voru ákveðin kr. 2.500-

Styrkir á mót: Anton Örn gerði síðan grein fyrir tillögu stjórnar um stryki í mót fyrir næsta keppnistímabil.

Á stjórnarfundi SJÓR 10.07. s.l. voru undirritaðir skipaðir í nefnd til að gera tillögur um á hvern máta mætti styrkja skuldlausa félagi í SJÓR. Nefndin hefur rætt þessi mál fram og aftur og komist að eftirfarandi niðurstöðu.

Niðurstaða nefndarinnar var rædd á stjórnarfundi fimmtudaginn 12.11. 1997, og þar samþykkt og er þar með orðin tillaga stjórnar til Aðalfundar.

Tillaga um styrki úr sjóðum SJÓR

1. SJÓR greiði 1/2 þátttökugjald í árlegu SJÓR móti fyrir alla félagi sína sem greitt hafa árgjald sitt fyrir fyrsta opinbert mót ár hvert. Ef skuldlaus félagi í SJÓR á af einhverjum ástæðum ekki heimangengt á hið árlega SJÓR mót fellur réttur hans niður, og er ekki færánlegur milli móta.
2. Aðalfundur hvers árs fyrir sig samþykkir heimild til stjórnar um styrki fyrir næsta keppnisár á önnur mót innan SJÓL en Reykjavíkurmótið, og skal sú samþykkt taka mið af fjárhagsstöðu félagsins hverju sinni samkvæmt ný samþykktum og endurskoðuðum reikningum félagsins. Stjórn félagsins leggi fram rökstudda tillögu um styrki fyrir næsta starfsár á aðalfundi félagsins, og skal hún borin undir atkvæði, og öðlast tillagan þar með aðalfundar samþykkt eða höfnun.
3. Lagt er til að stjórn félagsins taki nú þegar Kr. 500.000- úr sjóðum félagsins og ávaxti þessa upphæð á besta mögulegan máta og myndi þar með sjálfstæðan öryggissjóð til mögru árána.

Rökstuðningur:

- Liður 1.** Með þessu tryggir félagið sig fyrir að félagsmenn kappkosta að taka þátt í okkar eigin móti, sem þýðir væntanlega auknar tekjur í sjóði SJÓR.
- Liður 2.** Þarna mótar aðalfundur stefnuna ár hvert, með tilliti til eiginfjárstöðu félagsins hverju sinni. Í tillögu nefndarinnar er gert ráð fyrir að hver félagi geti aðeins óskað eftir styrk sem samsvarar 1/1 mótsgjaldi fyrir utan 1/2 mótsgjald í Reykjavíkurmótinu ár hvert. Að öðru leiti er stjórn félagsins falið að móta framtíðarstefnu í samræmi við stöðu félagsins ár hvert.
- Liður 3.** Félagið á nú í sjóðum sínum um 970.000- krónur, og ef við tökum núna Kr. 500.000- í varasjóð til að mæta aflaleysis árum eða öðrum áföllum sem upp geta komið, þá eru eftir Kr. 470.000- Skuldlausir félagar í dag eru um 30 talsins, og er því ljóst að á næsta SJÓR móti mun félagið greiða Kr. 150.000- í þátttökugjaldi fyrir félagi sína, og þrátt fyrir að aflí verði góður á næsta móti, þá eru þeir peningar ekki til styrktar fyrr en ári síðar. Þá eigum við nú aðeins eftir Kr. 320.000- sem þá rétt slefar í 1/1 styrk á eitt mót fyrir hvern félagi

miðað við sömu forsendur. Enn einu sinni sannast hið fornkveðna „að fljótlegra er að eyða fé en afla“. Við höfum með aðhaldssemi í 8-9 ár náð að eignast þessar krónur, en förum léttilega með að eyða þeim á einu og 1/2 móti, og þarna þýðir ekki að bera okkur saman við önnur félög inna SJÓL, það þarf einfaldlega ekki að færa rök fyrir þeim sam-
anburði, hann er allur okkur í óhag.

Reykjavík 12.11. 1997

Anton Örn Kærnested

Einar Kristinsson

Gunnar Þorsteinsson

Stjórn félagsins tók tillöguna fyrir á fundi sínum 12.11.1997 og var tillagan samþykkt og er þar með orðin að tillögu stjórnar.

Tillaga stjórnar var síðan borin upp og var hún samþykkt samhljóða. Birkir Þór greindi frá að hann og Þórir frá Ísafirði færu á fund í Sjávarútvegsmálaráðuneytinu nú á næstunni til viðræðna við ráðherra um okkar mál.

Porrablót: Birkir Þór minnti á Þorrablótið 17.01. 1998. Friðleifur Stefánsson óskaði stjórninni til hamingju með „Rússneska“ kosningu og stakk uppá að fundurinn sendi vini okkar Jónasi Þór baráttukveðjur í veikindum hans. Samþykkt var að Birkir Þór færi til Jónasar með kveðju okkar SJÓR félaga. Samþykkt var að Úlfar Eysteinnsson veldi sér mann í skemmtinefndina í stað Þorsteins Stígssonar sem gaf ekki kost á sér í nefndina. Fleiri mál voru ekki tekin fyrir og var fundi slitið kl. 2150.

Anton Örn Kærnested

Fundur SJÓR

Haldinn mánudaginn 25. maí 1998 að Háaleitisbraut 111.

Mættir: Birkir Þór Gunnarsson, Erlendur Guðjónsson, Örn Andrésson, Anton Örn Kærnested, Þuríður Jörgensen, Gunnar Þorsteinsson.

Innanfélagsmót: Antoni Erni falið að skrifa Fiskistofu vegna Innanfélagsmóts okkar 25. apríl s.l. Tekjur af mótinu voru kr. 27.000-

SJÓR mót: Ákveðið var að halda okkar mót dagana 19.og 20. júní n.k. Anton Örn mun senda út bréf til allra í Landssambandinu. Mótið verður að venju frá Grindavík.

Evrópumál: Rætt var um fyrirhugaða inngöngu okkar í E.F.S.A. sem eru Evrópu-samtök sjóstangaveiðimanna. Samþykkt að SJÓR taki þátt í kostnaði við þessa inngöngu. Fleiri mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 2230.

Anton Örn Kærnested

Fundur SJÓR

Haldinn mánudaginn 29. júní 1998 að Háaleitisbraut 111.

Mættir: Birkir Þór, Örn, Einar, Gunnar, Þuríður, Erlendur og Anton Örn.

SJÓR mót: Birkir skýrði frá SJÓR mótinu í Grindavík dagana 19. og 20. júní s.l. 39 keppendur voru á mótinu og varð heildaraflinn 7.763 kg, sem seldist fyrir kr. 654.163- eða kr. 84,26 pr kg að meðaltali. Efstur í karlaflokki varð Þorsteinn Einars-son SJÓR með 378 kg. Efst í kvennaflökki varð Sigríður Rögnvaldsdóttir SJÓSIGL með 326 kg.

Dómar: Formaður las upp dómsorð kærunefndar SJÓNES , en á þeirra móti kom upp kærúmál.

Mistök: Í okkar móti urðu þau mistök að Þorsteini Einarssyni SJÓR var afhentur **Jónasarbikarinn** en Árni Halldórsson SJÓAK var hinn rétti sigurvegari. Birkir Þór hefur leiðrétt þessi leiðu mistök við þá Árna og Þorstein. Einnig urðu mistök við útreikninga á röð karla og við endurskoðun kom í ljós, að félagi í SJÓR Guðmundur Ingólfsson átti að vera í öðru sæti, þetta hefur verið leiðrétt. Samþykkt að skrifa öll-um þátttakendum bréf og senda með nýja og leiðréttá mótaskrá.

Nýir félagar: Rætt um hvernig bæri að standa að öflun nýrra félaga.

Jónasarbikar: Rætt um hvort ekki væri rétt að SJÓR tæki yfir minningabikar um Jónas Þór sem var gefinn og afhentur í fyrsta sinn á þessu móti. Þuríði falið að ræða tillöguna við Úlfar. Þessi bikar varðveitist í KJÖT-GALLERY í minningu Jónasar Þórs, og mun nafn sigurvegarans hverju sinni skráð á bikarinn, auk þess sem sigur-vegarinn hverju sinni fær veglegan eignarbikar.

Næsta mót: Samþykkt að fyrir næsta mót yrði skipuð sérstök mótsnefnd, og með því stefnt að þekking og reynsla við mótshald verði á fleiri höndum en er í dag. Fleiri mál ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 2215.

Anton Örn Kærnested

Fundur SJÓR

Haldinn að Hótel Sögu þriðjudaginn 1. desember 1998.

Mættir: Birkir Þór Gunnarsson, Gunnar Þorsteinsson, Einar Kristinsson, Örn Andrés-son, Erlendur Guðjónsson, og Anton Örn Kærnested. Þuríður Jörgensen boðaði forföll.

Félagsgjöld: Fram kom að 36 félagar greiddu ársgjöld. Gunnar gerði grein fyrir fjárhagslegri stöðu Grindavíkurmótsins frá s.l. sumri:

12 SJÓR félagar greiddu kr. 4.500-	54.000-
22 aðilar gr. Kr. 9.000-	198.000-
Miðar á lokahóf	34.000-
Seldur afli	<u>726.791-</u>
	1.012.791-
- kostnaður	<u>-727.595-</u>
Hagnaður	<u>285.196-</u>

Styrkir: Samþykkt var að leggja fyrir aðalfund tillögu um að SJÓR styrkti félagana á sama hátt og í fyrra, eða með greiðslu á 1/2 þátttökugjaldi í okkar móti, + 1/1 greiðslu í einu öðru móti, að vali hvers skuldlaus félaga í SJÓR, miðað við upphaf móta vorið 1999.

Reykjavíkurmót: Stefnt skal að Reykjavíkurmóti dagana 18. og 19. júní frá Grindavík. Einnig var ákveðið að stefna að eins dags innanfélagsmóti í lok apríl 1999.

Vigtun: Umræður urðu um vigtunarmál og tímatöku, á s.l. sumri var mikið um mistök og ágreining í þessum málum.

Þorablót: Fram kom að hið árlega Þorablót SJÓR verður haldið 16. janúar 1999, og mun Úlfar Eysteinnsson stjórna því að vanda.

Utanlandsferð: Á aðalfundinum mun Úlfar Eysteinnsson skíra frá utanlandsferð sem hann ásamt nokkrum SJÓL stangveiðimönnum fór í til Danmerkur s.l. sumar.

Ný stjórn: Fram kom að Birkir Þór mun gefa kost á sér sem formaður næsta ár, en einhverjar óljósar fregnir voru um hugsanlegt mótframboð til formanns voru á fundinum. Eftir umræður varð niðurstaðan sú að allir stjórnarmenn sem sátu fundinn ákváðu að gefa kost á sér, en í upphafi fundarins kom fram að allflestir stjórnarmanna voru að hugsa um að draga sig til baka, enda flestir búnir að vera í stjórn frá 1993. Fleiri mál ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 2240.

Anton Örn Kærnested

Aðalfundur SJÓR 1998.

Haldinn miðvikudaginn 2. desember 1998 að Hótel Loftleiðum.

21 félagi og 2 gestir sátu fundinn.

Fundarstjóri: Fundarstjóri var kjörinn Örn Andrésón, og fundarritari Anton Örn Kærnested.

Fundargerð: Fundargerð síðasta Aðalfundar upplesin og samþykkt samhljóða.

Skýrsla formanns:

Ársskýrsla formanns SJÓR 1998.

Ágætu veiðifélagar.

Það hryggilega hefur gerst frá síðasta aðalfundi okkar að þrír úr okkar félagi hafa látist, þeir Einar Guðmundsson, Jónas Þór Jónasson fyrrum formaður okkar og Axel Clausen, og einnig lést Egill Stefánsson úr SJÓAK. Vil ég biðja viðstadda að rísa úr sætum til minningar um þessa látnu féлага.

Haldin voru 8 opin mót sumarið 1998:

Frá Akranesi 8. og 9. maí: Þar voru keppendur 53 (voru 35 í fyrra) 22 konur, engin frá SJÓR og 31 karl þar af 5 frá SJÓR. Þar unnum við til eftirtalinna verðlauna: Úlfar Eysteinnsson stærsti fiskur mótsins 8.86 kg. Bjarni Garðarsson stærstu lúðuna 1.66 kg, og stærsta sandkolann 0.01 kg. Þetta gekk mun betur en árið 1997, en þá fengum við engin verðlaun.

Í Vestmannaeyjum 30. og 31. maí: Þar voru keppendur 34 (35 í fyrra) 4 konur, engin frá okkur og 30 karlar þar af 7 frá SJÓR. Þar unnum við þrenn verðlaun, Úlfar Eysteinnsson stærsta ufsann 4.7 kg. Anton Örn Kærnested stærsta karfann 1.5 kg. og Guðmundur Kristinsson stærstu lönguna 6.8 kg.

Í Neskaupstað 5. og 6. júní: Þar voru 21 keppandi (28 í fyrra) 4 konur og 17 karlar, þar af 1 frá SJÓR. Þar var okkar maður Gunnar Þorsteinsson í sveit sem var í öðru sæti.

Okkar mót frá Grindavík 19. og 20. júní: Þar voru keppendur 40 (34 í fyrra) 6 konur, engin frá okkur og 34 karlar þar af 17 frá okkur. Þar unnum við til eftirtalinna verðlauna: Aflahæsti karl Þorsteinn Einarsson með 379,515 kg. og í öðru sæti Guðmundur Ingólfsson með 370,135 kg. Guðmundur Ólafsson með stærstu lönguna 3.680 kg. Erlendur Guðjónsson með stærstu keiluna 8.360 kg. og einnig með stærsta karfann 1.450 kg. Erlingur Björnsson var með flestar tegundir 7 tegundir.

Á Ísafirði 3. og 4. júlí: Þar voru 33 keppendur (34 í fyrra), 8 konur þar af 2 frá SJÓR og 25 karlar þar af 7 frá SJÓR. Þar unnum við eftirtalin verðlaun: Aflahæsti karl Þorsteinn Einarsson með 414,5 kg. og einnig með flesta fiska eða 328 stk. Gunnar Þorsteinsson, Guðmundur Jónsson, Bjarni Garðarsson og Böðvar Jóhannesson frá SJÓSKIP voru í aflahæstu sveitinni. Erlendur Guðjónsson var með stærsta ufsann 2.540 kr. og einnig með stærsta steinbítinn 2.750 kg . Einar Kristinsson var með stærsta kolann 0,590 kg.

Í Ólafsvík 17. og 18. júlí: Þar voru keppendur 63 (65 í fyrra) 19 konur og þar af 2 frá SJÓR og 44 karlar þar af 10 frá SJÓR. Þar unnum við ein verðlaun, en Erlendur Guðjónsson var með stærsta ufsann 6.50 kg.

Á Siglufirði 31. júlí og 1. ágúst: Þar voru keppendur 41 (31 í fyrra) 8 frá SJÓR 3 konur og 5 karlar. Þar unnum við þessi verðlaun: Sigríður Kjartansdóttir stærstu ýsuna 3.37 kg. Birkir Þór Gunnarsson með mesta meðalþyngd 2.05 kg. Bjarni Garðarsson varð annar aflahæstur karla með 620,41 kg. en hæsti karl var með 673.97 kg.

Á Akureyri 21. og 22. ágúst: Þar voru keppendur 46 (57 í fyrra) þar af 4 karlar frá SJÓR. Þar var Bjarni Örn Kærsted á aflahæsta bátnum. Eins og fram hefur komið unnum við til 27 verðlauna, en til gamans þá voru þau 11 í fyrra, 8 árið 1996, og 20 árið 1995, þannig að þetta er besta árið okkar í sjóstönginni hingað til.

Aflinn á öllum mótum sumarsins varð sem hér segir:

Akranes:	13.520,92 kg.	(8.338,24 kg. í fyrra)
Vestmannaeyjar:	8.183,71 kg.	(6.339,08 kg. í fyrra)
Neskaupstaður:	7.893,66 kg.	(8.081,90 kg. í fyrra)
Reykjavík:	7.893,66 kg.	(9.451,86 kg. í fyrra)
Ísafjörður:	6.548,90 kg.	(8.870,05 kg. í fyrra)
Ólafsvík:	15.678,02 kg.	(16.586,70 kg. í fyrra)
Siglufjörður:	17.253,00 kg.	(10.953,22 kg. í fyrra)
Akureyri:	<u>13.238,63 kg.</u>	<u>(7.177,98 kg. í fyrra)</u>
Samtals:	89.831,42 kg.	75.799,03 kg.

(Innskot frá skrásetjara: Þarna fer eitthvað á milli mála Samlagning stemmir ekki og munar frá skráðum tölum 379.08 kg. Vakin er athygli á að aflinn á Neskaupstað og Reykjavík er nákvæmlega sá sami, og þar liggur að öllum líkindum „hundurinn grafinn“

Samtals eru þetta 89.831,42 kg. á 331 keppanda, og veiddust 18.127,42 kg. meira en í fyrra en þá voru keppendur 318.

Íslandsmeistari kvenna varð: Kristín Þorgeirsdóttir SJÓSIGL með 762 stig. Stiga-hæsta SJÓR kona varð Sigurbjörg Jóhannesdóttir með 480 stig, en hún tók bara þátt í tveimur mótum, en það þarf þátttöku í minnst 3 mótum til að geta orðið Íslands-meistari.

Íslandsmeistari karla varð: Árni Halldórsson SJÓAK með 775 stig, en jafn að stig-um varð Þorsteinn Einarsson SJÓR, svo meðalþyngd réði úrslitum að þessu sinni.

Útskorna þorskin: Sem Ríkarður Ingibergsson gaf félagin fékk Þorsteinn Einarsson til varðveislu í eitt ár með því að vera aflahæsti SJÓR félagi í okkar opna móti með 379,515 kg.

Jónasar bikarinn: Á árinu gáfu sjóstangaveiðifélagar bikar til minningar um Jónas Þór Jónasson sem keppt verður um á hverju ári í okkar opna móti og vinnur sá bikarinn sem verður með hæsta prósentutölu fyrir ofan annan mann á bát og að þessu sinni vann Árni Halldórsson SJÓAK með 118,13 % , en í öðru sæti varð Karl Þórðarson SJÓSKIP með 115,99%

Innanfélagsmót: Héldum við 25. apríl. Í því móti tóku þátt 34 keppendur á 4 bátum. Það mót vann Úlfar Eysteinnsson með 78 kg. Í öðru sæti varð Erlendur Guðjónsson með 77 kg.

Til ráðherra: Þann 21. nóvember 1997 fórum við (BPG) og Þórir Sveinsson SJÓÍS í Sjávarútvegsráðuneytið til að reyna að fá leyfi fyrir innanfélagsmótum hjá þessum 8 félögum í Landssambandinu, og 19. mars 1998 kom bréf frá ráðuneytinu sem veitt voru leyfi fyrir mótunum. Bréfi hljóða svona:
(Ekkert bréf er skráð í fundargerðarbók)

Íslandsmeistararnir: Fóru á Evrópumót sem haldið var í Danmörku í ágúst. Ég hef engar fréttir að færa af því móti en Úlfar Eysteinnsson sem þangað fór einnig ásamt konu sinni Þuríði Jörgensen ætlar hér á eftir undir liðnum önnur mál að segja okkur frá þessu móti.

Í okkar opna móti greiddi félagið 1/2 mótsgjald fyrir SJÓR félaga samtals kr. 54.000- og einnig mótsgjald fyrir 23 félaga á önnur mót samtals kr. 211.400-

Þorrablót: Héldum við 17. janúar sem var vel sótt og tókst mjög vel, þar var útskorna lúðan sem heiðursfélagi okkar gaf félaginu afhent Friðleifi Stefánssyni til varðveislu í eitt ár, en hann veiddi stærstu lúðu okkar SJÓR félaga 2,9 kg, og er það í annað sinn sem hann fær lúðuna til varðveislu. Ég vil þakka skemmtinefndinni fyrir ánægjulega og góða skemmtun. Þorrablót verður haldið 16. janúar 1999 að Skipholti 70.

Stjórnarfundir: Haldnir voru 3 stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi og margir óformlegir. Formannafundur Landssambandsins var haldinn hér í Reykjavík 17. janúar. Stefnt verður að innanfélagsmóti í apríl 1999 og róíð frá Grindavík, og okkar opna mót verður dagana 18. og 19. júní 1999 einnig frá Grindavík.

Hér á eftir afhendi ég ykkur ársskýrsluna og einnig gögn um stigahæstu karla og konur og ýmsar tölur um aflabrögð hjá öllum Landssambandsfélögum. Ég vil að lokum þakka meðstjórnendum mínum ánægjulegt samstarf.

Birkir Þór Gunnarsson

Reikningar: Gjaldkeri félagsins Gunnar Þorsteinsson lagði fram og skírði reikninga félagsins. Tekjur samkvæmt rekstrarreikningi voru kr. 1.321.400,28. Gjaldamegin voru kr. 1.089.090,80, og hagnaður ársins því kr. 232.309,48. Á efnahagsreikningi var niðurstaðan þannig að tekjumegin er eigið fé kr. 1.398.277,87, en skuldir eru engar. Áritun endurskoðenda og reikningarnir í heild eru varðveittir í fylgiskjalamöppu. Skýrsla formanns og reikningarnir voru borni undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

Stjórn: Fram komu tvær tillögur um formann, um þá Birki Þór Gunnarsson og Þorstein Einarsson. Úrslit skriflegar atkvæðagreiðslu varð þannig, að Birkir Þór Gunnarsson hlaut 11 atkvæði en Þorsteinn Einarsson 9, einn seðill var ógildur. Aðrir í stjórn voru kjörnir: Einar Kristinsson, Anton Örn Kærnested, Örn Andrésson, Erlendur Guðjónsson, og í varastjórn Þorsteinn Einarsson og Sigurður Erlendsson. Endurskoðendur voru kjörnir þeir Finn Hansen og Þorsteinn Stígsson.

Ársgjöld: Samþykkt var tillaga frá stjórninni um óbreytt árgjald kr. 2.500-, sem samkvæmt lögum félagsins ber að greiða fyrir 15. maí 1999.

Veðistyrkir: Samþykkt var tillaga frá stjórninni um að SJÓR greiði 1/2 þáttökugjald SJÓR félaga sem skuldlausir eru í Reykjavíkurmótinu. Einnig var samþykkt að SJÓR greiði eitt þáttökugjald fyrir hvern skuldlausan félag í einu SJÓL móti að vali hvers félaga fyrir sig. Sjá tillögu í fylgiskjalamöppu.

Önnur mál: Úlfar Eysteinnsson sagði frá för sinni og þeirra Helga Magnússonar SJÓ-SIGL Skarphéðins Ásbjörnssonar SJÓSIGL og Sigfríðar Valdimarsdóttur SJÓAK á Evrópumót í sjóstöng í Danmörku s.l. sumar. Erindið var fróðlegt og skemmtilegt, og niðurstaðan að þessi veiði hentaði ekki okkur á neinn máta. Þá óskaði Úlfar nýkjörinni stjórn til hamingju, þótt hann væri um margt óánægður um fyrri störf stjórnarinnar eins og t.d. um „einræðislegar“ athafnir formanns, dapurt félagslíf, og óskaði eftir að stjórnin hysjaði upp um sig buxurnar og eflði félagsstarfið til muna. Birkir Þór tók undir orð Úlfars og lofaði bót og eflingu félagslífsins og kvaðst fús á að deila

störfum meira á aðra félagsmenn en sjálfan sig, en vísaði til föðurrhúsanna um slæmt eða niðrandi ummæli um þá stjórnarandstæðinga. Anton Örn tók til máls og hvað tímabært í þessu félagi að fá uppá borðið umræður í hreinskilni um nag og róg og óstaðfestar fréttir aðalega frá þeim starfsmönnum Ellingsen þeim Guðmundi Ingólfs-syni og Gunnari Þorsteinssyni, og hvað það ekkert launungamál að hann hefði kallað þá félaga ásamt Úlfari Eysteinsyni „hælbíta“ og það væri ummæli sem hann hygðist hvorki draga til baka né draga úr, heldur þvert á móti ítreka sem sín, og stæði við þessi orð í einu og öllu, en tók jafnframt fram að um þá félaga hefði hann aldrei sagt eitt né neitt á bak við þá, heldur við þá sjálfa hvern og einn fyrir sig. Guðmundur Ingólfsson lýsti yfir ánægju sinni með hreinskilni Antons en kvaðst verða að segja að sér finnst formaðurinn hafa sýnt af sér einræðiskenndir, og væri að vasast í öllu einn á okkar móti í stað þess að nýta sér aðstoð annarra félaga, og benti þar m.a. á að hann hefði mjög góð sambönd við trillusjómenn í Grindavík. Einnig fann Guðmundur að áfengisnotkun formannsins þar sem hann kæmi fram sem formaður SJÓR. Fundarritar spurði er hér var komið hvort menn féllust á eftirfarandi bókun um ofangreindar umræður: „Menn skiptust á skoðunum og voru ekki á eitt sáttir um ýmis mál er vörðuðu félagið“ Úlfar Eysteinson og Guðmundur Ingólfsson töldu rétt fyrir seinni tíma menn að sjá þessi orðaskipti bókuð, og skal þess getið þar sem fundarritari blandaðist inn í umræðurnar að þessi fundargerð er gerð snemma að morgni 3. desember 1998. Erlingur Björnsson vildi fá skrá yfir báta sem væru líklegir til þátttöku í okkar mótum. Einnig vildi Erlingur að fiskikassar eða kör væru tvímerkt, það er á botni undir aflu, og síðan í „eyra“ eins og tíðkast í dag. Þeir Úlfar og Guðmundur Ingólfsson báru fram óformlega tillögu um að stjórnin skipaði í mótsnefnd með einum fulltrúa frá stjórninni og 2-4 annarstaðar frá, og má þá leita til utanfélagsmanna ef henta þykir. Að lokum ávarpaði formaður félagsmenn og baðst afsökunar á ef honum hefði orðið eitthvað á í messunni, og lofaði betrun og óskaði eftir að menn sam-einuðust um að verja hagsmuni þessa litla félags í einu og öllu. Fundi slitið kl. 2240.

Anton Örn Kærnested

Fundur SJÓR

Haldinn að Hótel Sögu þriðjudaginn 5. janúar 1999 kl. 2000.

Stjórn: Allir stjórnarmenn mættu á fundinn, og skipti stjórnin þannig með sér verkum: Formaður Birkir Þór Gunnarsson, varaformaður Þorsteinn Einarsson, ritari Anton Örn Kærnested, gjaldkeri Einar Kristinsson, meðstjórnendur Sigurður Erlendsson og Erlendur Guðjónsson.

Þorablót: Ákveðið var að halda hið árlega þorablót SJÓR laugardaginn 16. janúar n.k. og mun Úlfar Eysteinson sjá um undirbúning þess.

SJÓL: Rætt var um tillögu frá SJÓL um tekjustofn uppá 3% af aflaverðmæti hvers móts. Mennt voru á einu máli um að hafna þessu, en voru hins vegar sammála um að hækka krónutöluna fyrir hvern félag til SJÓL. Einnig vildu menn halda óbreyttu fyrirkomulagi á kosningu til formanns SJÓL.

Mótsnefnd: Skipað var í mótsnefnd SJÓR þannig: Þorsteinn Einarsson, Erlendur Guðjónsson, Guðmundur Örn Ingólfsson, Einar Kristinsson og Sigurður Erlendsson.

Kynning: Ákveðið var að halda opinn kynningarfund um SJÓR sem næst 10. apríl nk.

Fluguhnýtingar: Ákveðið var að hafa fluguhnýtinganámskeið og spjall um meðferð veiðitækja í mars, en Einar ætlar að lána húsnæði sitt laugardaginn 13. mars n.k. Fleiri mál voru ekki tekin fyrir og var fundi slitið kl. 2230.

Anton Örn Kærnested

Laugardaginn 13. mars 1999

Var haldið námskeið í fluguhnýtingum og meðferð veiðitækja í húsakynnum Einar Kristinssonar. 13 félagar mættu þennan laugardagseftirmiðdag og skemmtu sér við fluguhnýtingar o.fl. Um kl. 1600 bauð félagið uppá léttar veitingar og sátu menn að spjalli til kl. 1800.

Anton Örn Kærnested

Fundur SJÓR

Haldinn að Hótel Sögu mánudaginn 29. mars 1999 kl. 2030.

Mættir: Birkir Þór Gunnarsson, Anton Örn Kærnested, Erlendur Guðjónsson, og Þorsteinn Einarsson.

Kynningarfundur: Ákveðið var að halda kynningarfund um SJÓR þann 15. apríl n.k.

Innanfélagsmót: Stefnt að innanfélagsmóti laugardaginn 24. apríl n.k. Ákveðið að stefna að Slysavarnarnámskeiði jafnvel í samvinnu við SJÓSKIP og SJÓSNÆ í apríl. Birkir Þór mun kanna málið nánar.

Merki: Rætt var um að láta útbúa barmmerki fyrir SJÓR, og mun Birkir Þór athuga málið nánar. Upp komu umræður um að halda sér kvöld til slóðahnýtinga, en engin ákvörðun tekin. Fleiri mál voru ekki tekin fyrir og var fundi slitið kl. 2215.

Anton Örn Kærnested

Kynningarfundur SJÓR

Haldinn að Hótel Sögu sal B Fimmtudaginn 15. apríl 1999 kl. 2030.

Fundin sóttu 30 manns og í félagið gengu 5 nýir félagar. Fundurinn hófst með því að formaður félagsins Birkir Þór bauð gesti velkomna en 9 manns sátu fundin auk 21 félaga í SJÓR. Birkir Þór fór yfir sögu félagsins og gerði grein fyrir henni í stórum dráttum. Þeir Þorsteinn Einarsson og Einar Kristinsson sýndu gestum okkar tæki og tól sem eru notuð til sjóstangaveiði hjá okkur. Gestir vörpuðu fram spurningum og fengu svör við þeim. Fundi var slitið kl. 2140.

Anton Örn Kærnested

Fundur SJÓR

Haldinn að heimili formanns að Háaleitisbraut 111. fimmtudaginn 4. nóvember 1999.

Mættir: Birkir Þór Gunnarsson, Anton Örn Kærnested, Einar Kristinsson, Örn Andrésson, Þorsteinn Einarsson og Erlendur Guðjónsson.

Ársgjöld: Fram kom hjá gjaldkera að 45 félagar greiddu ársgjald 1999.

Styrkir: Samþykkt var að hafa styrki til veiðiferða eins og á síðasta ári, miðað við samþykkt aðalfundar.

Afli: Fram kom hjá Birki Þór að á formannafundi SJÓL á Siglufirði í sumar hefðu hann og fleiri haft áhyggjur af hversu vel veiddist, en heildarafli sumarsins losaði 100 tonn.

2001 nefnd: Samþykkt var að skipa í afmælisnefnd fyrir 40 ára afmæli félagsins árið 2001 þá Einar Kristinsson sem formann og þá Anton Örn Kærnested og Úlfar Eysteinnsson.

Mót 2000: Ákveðið var að stefna að innanfélagsmóti 30.04. 2000 og Reykjavíkurmótinu 23. - 24. júní 2000.

Lúða: Engin lúða veiddist s.l. sumar og mun formaður varðveita lúðuverðlaunin í ár.

Aðalfundur: Ákveðið var að boða til aðalfundar fimmtudaginn 25.11. 1999 að Hótel Loftleiðum og mun ritari sjá um að senda út fundarboð.

Stjórn: Ákveðið var að bjóða fram eftirtalda menn í stjórn fyrir næsta ár: Birgir Þór Gunnarsson, Einar Kristinsson, Anton Örn Kærnested, Einar Lárusson, Þorsteinn Einarsson, Sigurður Erlendsson og Bjarni Örn Kærnested.

Félagsgjöld: Samþykkt að leggja til að ársgjald verði kr. 2.500-. Ákveðið að borga fyrir Ríkarð Ingibergsson heiðursfélaga okkar á þau mót sem hann vildi fara á keppnisárið 2000.

Af félagaskrá: Samþykkt að taka eftirtalda félag af skrá: Friðleif Firðleifsson, Elinborgu Gunnarsdóttur, Guðjón Gunnarsson, Halldór Þórðarson, Stefán B. Sigurðsson og Guðmund Örn Ingólfsson. Fleiri mál ekki tekin fyrir og var fundi slitið kl.2230.

Anton Örn Kærnested

Aðalfundur SJÓR 1999

Haldinn að Hótel Loftleiðum fimmtudaginn 25. nóvember 1999.

Mættir voru 19 félagar.

Fundarstjóri: Fundarstjóri var kjörinn Örn Andrésson og fundarritari Anton Örn Kærnested.

Fundargerð: Fundargerð síðasta aðalfundar upplesin og samþykkt samhljóða.

Ársskýrsla formanns SJÓR 1999.

Ágætu veiðifélagar.

Síðan síðasti aðalfundur var haldinn hefur einn af stofnendum SJÓR látist Magnús Valdimarsson, og vil ég biðja viðstadda að rísa úr sætum í minningu um þennan látna féлага.

Stjórn: Stjórnin kom saman eftir síðasta aðalfund og skipti með sér verkum þannig: Varaformaður Þorsteinn Einarsson, ritari Anton Örn Kærnested, Gjaldkeri Einar Kristinsson og meðstjórnandi Örn Andrésson. Varamenn Erlendur Guðjónsson og Sigurður Erlendsson.

Haldin voru 8 opin mót sumarið 1999:

Frá Akranesi 14. og 15. maí. Þar voru 49 keppendur (voru 53 í fyrra) 16 konur þar af ein frá SJÓR og 33 karlar þar af 8 frá SJÓR. Þar unnum við til eftirtalinnna verðlauna, stærsta fisk mótsins þorskur 8,470 kg veiddi Finn Hansen. Edda Klemenz veiddi stærsta karfann 0.599 kg. og flestar tegundir 3 veiddi Þorsteinn Einarsson.

Í Vestmannaeyjum 22. og 23. maí. Þar voru keppendur 40 (34 í fyrra) 5 konur engin frá SJÓR og 35 karlar þar af 9 frá SJÓR. Eftirtalin verðlaun fengum við: Aflahæsta sveit karla en í henni voru: Bjarni Garðarsson, Friðleifur Stefánsson, Guðmundur Kristinsson, og Ólafur Ólafsson, með samtals 1.115,10 kg. Stærstu ýsuna 3 kg. fékk Bjarni Garðarsson.

Í Neskaupstað 4. og 5. júní. Tíu ára afmælistót, en í því tilefni færðum við þeim að gjöf eftirlíkingu af bát úr jární. Þarna voru 35 keppendur (21 í fyrra) 11 konur engin frá SJÓR, og 24 karlar, þar af 5 frá SJÓR. Þar unnum við ein verðlaun en Þorsteinn Einarsson var með stærstu ýsuna 0,86 kg.

Okkar mót í Grindavík 18. og 19. júní: Þar voru keppendur 45 (40 í fyrra) 6 konur ein frá okkur, og 39 karlar 16 frá okkur. Þar unnum við eftirtalin verðlaun: Stærsta ufsa 2,230 kg. dró Bjarni Garðarsson, stærsta karfann 1.860 kg dró Þorsteinn Einarsson, og stærstu lýsuna 0.910 kg. dró Einar Kristinsson.

Á Ísafirði 2. og 3. júlí: Þar voru keppendur 24 (33 í fyrra) 8 konur, engin frá SJÓR og 26 karlar þar af 6 frá SJÓR. Eftirtalin verðlaun féllu í okkar hlut: Stærsta ufsann 4,0 kg dró Einar Kristinsson, en hann fékk einnig stærsta kolann 0.400 grömm. Einar veiddi líka stærsta kolann í fyrra.

Í Ólafsvík 16. og 17. júlí. Þar voru keppendur 55 (63 í fyrra) 14 konur þar af 1 frá SJÓR og 41 karl þar af 10 frá SJÓR. Þar unnum við til eftirtalinna verðlauna: Guðmundur Ólafsson dró stærsta fisk mótsins 17.750 kg. þorsk, stærsta ufsann 7,480 kg. dró Anton Örn Kærnedsted og fékk hann einnig stærstu síldina 0.30 kg. Gunnar Þorsteinsson dró stærstu lönguna 3.0 kg. Úlfar Eysteinnsson dró stærsta marhnútinn. Á næsta ári verður SJÓSNÆ 10 ára.

Á Siglufirði 30. og 31. júlí: Þar var 10 ára afmælistót og færði SJÓR þeim að gjöf bát eins og SJÓNES fékk á þeirra 10 ára afmælistóti. Þar voru keppendur 51(41 í fyrra) 15 konur 1 frá okkur, og 36 karlar þar af 11 frá SJÓR. Þar unnum við til eftirtalinna verðlauna: Einar Kristinsson varð í öðru sæti karla með 914,88 kg, Bjarni Garðarsson dró stærstu ýsuna 1,38 kg, og Birkir Þór Gunnarsson stærstu keiluna 1.18 kg.

Á Akureyri 20. og 21. ágúst: Þar voru keppendur 72 (46 í fyrra) 20 konur, 3 frá SJÓR, og 52 karlar þar af 6 frá SJÓR. Þar unnum við ekki til verðlauna.

Aflinn í öllum mótum sumarsins var sem hér segir:

Akranes:	8.044,81 kg.	(13.520,92 kg í fyrra)
Vestmannaeyjar:	7.806,20 kg.	(8.183,71 kg í fyrra)
Neskaupstaður:	8.372,91 kg.	(7.514,58 kg í fyrra)
Reykjavík:	6.447,18 kg.	(7.893,65 kg í fyrra)
Ísafjörður:	8.216,00 kg.	(6.548,90 kg í fyrra)
Ólafsvík:	20.782,34 kg.	(15.678,02 kg í fyrra)
Siglufjörður:	23.650,29 kg.	(17.253,00 kg í fyrra)
Akureyri:	20.771,87 kg.	(13.238,63 kg í fyrra)

Samtals veiddust 104.091,60 kg af 371 keppanda. Í fyrra veiddust 89.831,42 kg af 331 keppanda. Þetta segir okkur að í sumar veiddi hver keppandi að jafnaði 280,57 kg., en í fyrra veiddi hver keppandi að jafnaði 271 kg, þannig að meðalaflinn á stöng var nánast 10 kg. meiri en árin 1999 og 1998.

Íslandsmeistari kvenna: Íslandsmeistari kvenna varð enn eitt árið Sigfríð Valdimarsdóttir SJÓAK með 778 stig. Aflahæsta kona í okkar félagi varð í 5 sæti en Edda Klemenz var með 727 stig og óska ég henni til hamingju með þennan frábæra árangur en þetta er fyrsta keppnisárið hennar í sjóstöng.

Íslandsmeistari karla: Íslandsmeistari karla varð annað árið í röð Árni Halldórsson SJÓAK með 760 stig, jafn honum að stigum varð Auðunn Stefnisson SJÓVE, en Árni var með hærri meðalþyngd. Aflahæsti SJÓR félagi varð Úlfar Eysteinnsson í 8 sæti með 679 stig.

Útskorinn þorskur: Útskorna þorskinn sem Ríkarður Ingibergsson gaf félagin hlaut að þessu sinni Fanngeir Sigurðsson til varðveislu í eitt ár, en hann varð aflahæstur á opna Reykjavíkurmótinu SJÓR félaga með 198,380 kg.

Jónasarbikarinn: Bikarinn sem gefinn var til minningar um Jónas Þór Jónsson vann að þessu sinni Pétur Sigurðsson SJÓAK með 29% umframafla fram yfir annan mann á bát.

Stór útskorinn þorskur: Heiðursfélagi okkar Ríkarður Ingibergsson gaf Landssambandinu stóran útskorinn þorsk sem veita skal þeim sem mestan afla dregur yfir sumarið, en þetta árið veiddi Arnþór Sigurðsson SJÓVE mestan afla sumarsins eða 2.362,45 kg. í 7 mótum, og fékk hann þorskinn til varðveislu í eitt ár. Aflahæsti SJÓR félaginn varð Einar Kristinsson í 10 sæti með 1.702,01 kg í 4 mótum.

Innanfélagsmót: Var haldið frá Grindavík 1. maí. Þar voru 28 keppendur og veiddu þeir 2.896,00 kg. Aflahæstur karla var Skarphéðinn Ásbjörnsson SJÓSIGL með 266,2 kg. og aflahæsta konan varð Sigurbjörg Jóhannesdóttir SJÓR með 152,415 kg. og Guðmundur Ólafsson SJÓR fékk verðlaun frá SJÓL fyrir að veiða stærsta fisk sumarsins 17,750 kg. þorsk.

Eins og fram hefur komið unnum við til 19 verðlauna en til 27 í fyrra.

Þorrablót: Var haldið 16. janúar og var það vel sótt og var vel að því staðið, og vil ég þakka þeim hjónunum Þuríði og Úlfari fyrir mjög góða skemmtun. Þar var lúðan sem heiðursfélagi okkar gaf afhent Guðmundi Jónssyni til varðveislu í eitt ár, en hann veiddi 3.38 kg. lúðu á Ísafirði.

Næsta Þorrablót verður haldið 15. janúar á næsta ári að Skipholti 70 og vil ég biðja ykkur um að taka þennan dag frá.

Fluguhnýtingar: Þann 13. mars hittust nokkrir SJÓR félagar til fluguhnýtinga og til að spjalla í húsnæði Einars Kristinssonar að Brautarholti 30, en því miður mættu fáir.

Opinn félagsfundur: Fimmtudaginn 15. apríl var haldinn opinn félagsfundur að Hótel Loftleiðum og var hann auglýstur í Morgunblaðinu. Á þennan fund komu 15 SJÓR félagar og 15 nýir, og einhverjir þeirra skráðu sig í félagið og hafa verið með okkur á mótum í sumar.

Slysavarnarnámskeið: Þann 28. apríl var ég búinn að fá Slysavarnarskólann til að halda námskeið um borð í Sæbjörgu, en því miður var þátttakan ekki nógu mikil svo að hætta varð við námskeiðið. Svona námskeið var haldið hér um árið að frumkvæði Jónasar Þór Jónasonar heitins og tókst í alla staði mjög vel.

Mótanefnd: Til að sjá um okkar opna mót og innanfélagsmóti var mótanefnd sett á laggirnar og í henni voru: Þorsteinn Einarsson, Einar Kristinsson, Erlendur Guðjónsson, Sigurður Erlendsson, og Guðmundur Ingólfsson og vil ég þakka nefndinni fyrir þeirra störf.

Stjórnarfundir: Haldnir voru 5 formlegir stjórnarfundir og margir óformlegir. Formannafundur Landssambandsins var haldinn 16. janúar. Hugmyndin er að halda Innanfélagsmót þann 29. apríl og okkar opna mót 23. og 24. júní og róa á báðum mótunum frá Grindavík. Hér á eftir afhendi ég ykkur ársskýrsluna og fleiri gögn. Ég vil að lokum þakka meðstjórnendum mínum ánægjulegt samstarf.

Birkir Þór Gunnarsson

Reikningar: Gjaldkeri las síðan og skýrði reikninga félagsins. Tekjur voru samtals kr. 1.620.771- og gjöld kr. 1.397.781, og hagnaður ársin því kr. 222.994- Eigið fé var kr. 1.427.610- en skuldir voru engar.

Stjórnarkjör: Birkir Þór Gunnarsson var kjörinn formaður og aðrir í stjórn, Anton Örn Kærnested, Einar Kristinsson, Þorsteinn Einarsson, Sigurður Erlendsson, og í varstjórn Bjarni Örn Kærnested og Einar Lárusson. Endurskoðendur þeir Finn Hansen og Þorsteinn Stígsson.

Árgjöld: Samþykkt var að árgjöld fyrir árið 2000 væru kr. 2.500- sem á að greiða fyrir 15. maí 2000.

Styrkir: Samþykkt var að styrkir til SJÓR félaga yrðu óbreyttir þ.a.s. 1/2 gjald í okkar mót og 1/1 gjald í einu móti innan SJÓL að vali hvers félaga.

Önnur mál: Úlfar Eysteinnsson kom með tillögu um að stjórnin gengist fyrir að koma upp alvöru SJÓRFána til nota við hátféleg tækifæri og við útfarir félagsmanna. Samþykkt samhljóða.

Skemmtinefnd: Birkir Þór stakk uppá þeim Bjarna Erni Kærnested Einari Lárus-syni, Eyvindi Jóhannssyni, Gunnari Þorsteinsyni og V. Björgvini Tómassyni í skemmtinefnd og mun Gunnar Þorsteinnsson kalla nefndina saman.

Afmælisnefnd: Birkir Þór stakk uppá að eftirtaldir menn skipuðu afmælisnefnd fyrir 40 ára afmæli SJÓR á árinu 2001. Einar Kristinsson formaður, Anton Örn Kærnested og Úlfar Eysteinnsson, báðar þessar tillögur voru samþykktar. Þá óskaði Birkir Þór eftir að fá samþykkt að merki og borðfánar félagsins væru afhent ókeypis til félagsmanna eftir þörfum hvers og eins. Samþykkt. Ýmsir félagsmenn tóku til máls um fluguhnýtingar, áhyggjur af of miklum afla, fara með stærð fiska úr 45 cm í 50 cm sem lágmarksstærð, slysavarnarnámskeið o.fl. Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 2200.

Anton Örn Kærnested

Fundur SJÓR

Haldinn að Háaleitisbraut 111. fimmtudaginn 13. janúar 2000 kl. 2030.

Mættir: Einar Kristinsson, Þorsteinn Einarsson, Birkir Þór Gunnarsson, Sigurður Erlendsson, og Einar Lárusson. Þeir Bjarni Örn Kærnested og Anton Örn Kærnested boðuðu forföll.

Stjórnin: Stjórnin skipti þannig með sér verkum að Birkir Þór Gunnarsson er formaður, Þorsteinn Einarsson varaformaður, Anton Örn Kærnested ritari, Einar Kristinsson gjaldkeri, og Sigurður Erlendsson meðstjórnandi, en í varastjórn eru þeir Einar Lárusson og Bjarni Örn Kærnested.

Tillögur: Ræddar voru tillögur frá Þóri Sveinssyni og var 6. gr. felld með 4 atkvæðum geng 1. 7. greinin var samþykkt með 5 atkvæðum. 14. grein samþykkt með 5 atkvæðum.

Fluguhnýtinganámskeið: Ákveðið var að halda fluguhnýtingarnámskeið hjá Eyvindi Jóhannssyni í Vinnulyftum í Garðabæ. Ýmis önnur mál rædd, en fundi síðan slitið kl. 2200.

Þessi fundargerð er rituð eftir minnismiða frá Birki Þór vegna fjarveru ritara á fundi.
Anton Örn Kærnested

Fundur SJÓR

Haldinn fimmtudaginn 6. apríl að Háaleitisbraut 111. kl. 2030.

Mættir: Birkir Þór Gunnarsson, Einar Lárusson, Einar Kristinsson, Sigurður Erlendsson, Þorsteinn Einarsson, Anton Örn Kærnested, Bjarni Örn Kærnested boðaði forföll.

SJÓL: Birkir Þór lagði fram gögn og skýrslur frá aðalfundi SJÓL.

Innanfélagsmót: Ákveðið var að halda innanfélagsmót 29.04. n.k. mótið verður sett í Sjósbúðinni hjá Geira kl. 0600, veiðum hætt kl 1400 og verðlaunaafhending og mótsslit verða í hliðarsal að Hótel Sögu. Þátttökugjald kr. 4.000- Anton Örn mun senda út bréf um mótið.

Mótanefnd: Í mótanefnd voru skipaðir: Birkir Þór Gunnarsson, Lárus Einarsson og Þorsteinn Einarsson.

Formannafundur: Boðað hefur verið til formannafundar hjá SJÓL laugardaginn 8. apríl 2000, og á að ræða þar um tölvukerfi fyrir útreikninga á afla og stigum í mótum SJÓL. Ákveðið að þeir Birkir Þór og Einar Lárusson mæti af hálfu SJÓR.

Þorablót: Einar Lárusson lagði fram uppgjör fyrir þorablótið, en auðséd þótti að þarna væri eitthvað óljóst, og var samþykkt að Einar skoðaði málið betur fyrir næsta fund. Fleiri mál ekki tekin fyrir og var fundi slitið kl. 2145.

Anton Örn Kærnested

Fundur SJÓR

Haldinn fimmtudaginn 09.11. 2000 að Háleitisbraut 111. kl. 2030.

Mættir: Birkir Þór Gunnarsson, Einar Kristinsson, Sigurður Erlendsson, Anton Örn Kærnested, Þorsteinn Einarsson og Einar Lárusson, en Bjarni Örn Kærnested var veikur.

Fáni: Birkir Þór greindi frá að fáni félagsins yrði tilbúinn fyrir áramót hjá nunnunum í Hafnarfirði. Stærðin er 1.15 x 1,70 cm og á að kosta kr. 100.000-. Standur undir fánann kostar ca 15 - 20 þúsund krónur.

Afmælisnefnd: Birkir Þór las upp fundargerð afmælisnefndar.

Merki SJÓL: Þá lagði Birkir Þór fram fullnið barmmerki SJÓL, en SJÓR fékk 60 stk. á kr. 200- = kr. 12.000-. Samþykkt að afhenda þetta merki til SJÓR félaga endurgjaldslaust á næsta aðalfundi.

Stigagjöf: Lögð var fram ný tillaga um stigagjöf SJÓL, og var Birki Þór falið að fylgja þessu eftir á formannafundi SJÓL sem áætlað er að halda þann 18.11. 2000.

Þorablót: Hið árleg þorablót verður haldið laugardaginn 13.01. 2001 að Skipholti 70. að venju, en í skemmtinefndinni eru þeir Bjarni Örn Kærnested, Einar Lárusson og Eyvindur Jóhannsson.

Innanfélagsmót/Jónsmessumót: Ákveðið að halda innanfélagsmót 28.04. 2001 og 40 ára afmælimót dagana 22.-23. júní 2001 frá Grindavík.

Styrkir: Samþykkt tillag um að halda óbreyttum styrkjum í mótin árið 2001, og var ritara falið að útbúa tillöguna fyrir aðalfund.

Forrit-SJÓL: Miklar umræður urðu um tilurð og framgang mála varðandi sameiginlegt forrit fyrir öll aðildarfélög SJÓL, og var Birki Þór falið umboð á formannafundi SJÓL þann 18.11. n.k. til að ákveða hvort SJÓR greiddi gíróseðil sem okkur hefur borist uppá kr. 31.250- sem er hlutur SJÓR í þessu forriti. Jafnframt var honum falið að koma á framfæri óánægju okkar með tilurð forritsins, án nokkurs mats á gæðum þess.

Aðalfundur: Ákveðið að halda Aðalfund SJÓR að Hótel Loftleiðum sal 6 fimmtudaginn 30.11. 2000 kl. 2030. Ritara falið að senda félagsmönnum fundarboð.

Stjórn: Stjórnin mun öll gefa kost á sér til endurkjörs. Fleiri mál ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 2230, eftir að menn höfðu að venju gert sér gott að hinu rómaða ostarhlaðborði frá Róshildar, og má leiða að því líkur að fundarsókn sé svona góð hjá stjórn SJÓR, og má búast við að fundasóknin dali og menn seti upp skeifu ef frá Róshildi dytti í hug sú vitleysa að hætta þessum stórkostlegu veitingum. Fundarritara telst svo til að þetta sé 24 fundurinn sem haldinn er að Háleitisbraut 111. og alltaf jafn glæsilegar veitingar, og mikið meira en tímabært að þakka þeim hjónum Birki Þór og Róshildi fyrir að opna sitt heimili fyrir starfsemi SJÓR, og þær höfðinglegu veitingar sem frá Róshildur ber á borð fyrir stjórnina hverju sinni. Takk fyrir mig.

Anton Örn Kærnested

Aðalfundur SJÓR 2000

Haldinn fimmtudaginn 29. nóvember 2000 að Hótel Loftleiðum kl. 2030.

Mættir: Eftirtaldir félagar mættu á fundinn: Anton Örn Kærnested, Birkir Þór Gunnarsson, Bjarni Garðarsson, Einar Kristinsson, Einar Lárusson, Erlingur Björnsson, Eyvindur Jóhannsson, Finn Hansen, Friðleifur Stefánsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Kristinsson, Gunnar Þorsteinsson, Jóhann Ólafsson, Jón Þór Guðmundsson, Ólafur Ólafsson, Ríkarður Ingibergsson, Róshildur Stefánsdóttir, Sigurður Erlendsson, Þorsteinn Einarsson og Örn Andrésson.

Fundarstjóri: Birkir Þór Gunnarsson var kjörinn fundarstjóri og ritari Anton Örn Kærnested.

Fundargerð: Fundargerð síðasta aðalfundar upplestin og samþykkt samhljóða.

Skýrsla stjórnar: Birkir Þór flutti skýrslu stjórnar og fer hún hér á eftir:

Ársskýrsla formanns SJÓR 2000

Ágætu veiðifélagar:

Stjórn: Stjórnin kom saman til fundar eftir síðasta aðalfund og skipti með sér verkum þannig:

Varaformaður : Þorsteinn Einarsson
Ritari: Anton Örn Kærnested
Gjaldkeri: Einar Kristinsson
Meðstjórnandi: Sigurður Erlendsson
Varamenn: Bjarni Örn Kærnested
Einar Lárusson

Haldin voru 8 mót sumarið 2000:

Frá Akranesi 12. og 13. maí: Þar voru 65 keppendur (49 í fyrra) 17 konur, 1 frá SJÓR og 48 karlar, 13 frá SJÓR. Þar unnum við 3 verðlaun, Finn Hansen með flestar tegundir 6, og stærsta karfann 0.975 kg. Bjarni Garðarsson með stærsta rauðmaggann 0.990 kg.

Í Neskaupstað 2. og 3. júní: Þar voru 39 keppendur (35 í fyrra) 16 konur engin frá SJÓR og 23 karlar þar af 4 frá SJÓR. Þar unnum við 1 verðlaun, Ríkarður Ingibergsson með stærsta ufsann 2.535 kg.

Í Vestmannaeyjum 10. og 11. júní: Þar voru 58 keppendur (40 í fyrra) 15 konur engin frá SJÓR, og 43 karlar þar af 6 frá SJÓR. Við fengum 1 verðlaun en Bjarni Garðarsson var með stærsta þorskinn 9.75 kg.

Okkar mót frá Grindavík 23. og 24. júní. Þar voru 32 keppendur (45 í fyrra) 7 konur, þar af ein frá okkur og 25 karlar, þar af 11 frá okkur, sem er alltof fáir og úr því þurfum við að bæta. Þar unnum við 3 verðlaun Einar Kristinsson dró stærsta ufsann 8.330 kg. og einnig stærstu lönguna 13.760 kg. Bjarni Garðarsson var með stærsta karfann 1.350 kg. og Birgir Ævarsson varð aflahæsti SJÓR félaginn með 512,82 kg., og fékk þar með útskorna þorskinn sem Ríkarður Ingibergsson gaf félaginu til varðveislu í eitt ár. Aflahæsti SJÓR félagi í fyrra var með 198,380 kg.

Á Ísafirði 7. og 8. júlí: Þar voru keppendur 30 (24 í fyrra) 12 konur og 18 karlar. Þar var enginn keppandi frá SJÓR og er það miður.

Í Ólafsvík 21. og 22. júlí, 10 ára afmælimót: Þar voru keppendur 86 (55 í fyrra) 24 konur, þar af 1 frá SJÓR og 64 karlar þar af 18 frá SJÓR. Við unnum til eftirtalinnna veðlauna, Birkir Þór Gunnarsson með stærsta steinbítinn 5.550 kg. Erlendur Guðjónsson með stærsta ufsann 9.710 kg. og Sindri Már Erlingsson með stærstu ýsuna 2.000 kg.

Á Siglufirði 4. og 5. ágúst: Þar voru keppendur 48 (51 í fyrra) 20 konur og þar af 1 frá SJÓR, 28 karlar þar af 3 frá SJÓR. Þar unnum við ekki til verðlauna.

Á Akureyri 24. og 25. ágúst: Þar voru keppendur 74 (72 í fyrra) 24 konur, engin frá SJÓR og 28 karlar þar af 3 frá SJÓR, en þar unnum við ekki til verðlauna.

Aflinn á öllum mótum sumarsins var sem hér segir:

Akranes:	16.225,24 kg.	(8.044,81 í fyrra)
Neskaupstaður:	7.678,70 kg.	(8.372,91 í fyrra)
Vestmannaeyjar:	10.806,13 kg.	(7.806,20 í fyrra)
Reykjavík:	10.747,76 kg.	(6.447,18 í fyrra)
Ísafjörður:	12.675,16 kg.	(8.216,00 í fyrra)
Ólafsvík:	26.991,30 kg.	(20.782,34 í fyrra)
Siglufjörður:	24.918,23 kg.	(23.650,29 í fyrra)
Akureyri:	29.736,54 kg.	(20.771,87 í fyrra)

Samtals veiddust 139.779,05 kg. Þetta veiddu 432 keppendur. Í fyrra veiddust 104.091,60 kg. og það veiddu 371 keppandi, þannig að hver keppandi veiddi að meðaltali 321.25 kg en í fyrra 280.57 kg. og árið 1998 271,00 kg, þannig að aflinn hefur verið að aukast ár frá ári pr. stöng.

Íslandsmeistari kvenna: Varð Sigríður Kjartansdóttir SJÓÍS með 765 stig. Stigahæsta kona SJÓR varð Edda Klemensdóttir í 20 sæti með 581 stig.

Íslandsmeistari karla: Varð Pétur Sigurðsson frá SJÓAK með 780 stig. Stigahæstur karla frá SJÓR varð Erlendur Guðjónsson í 18 sæti með 595 stig.

Jónasarbikarinn: Bikarinn sem gefinn var til minningar um Jónas Þór Jónasson vann Jón Haukur Stefánsson með 50.65 %

Útskorinn þorskur: Stóra útskorna þorskurinn sem heiðursfélagi okkar Ríkarður Ingi-bergsson gaf Landssambandinu og veittur er þeim sem er með mestan afla yfir sumarið og í heild í opnum mótum vann þetta árið Valur Höskuldsson SJÓAK með 3.385,22 kg en aflahæsti SJÓR félaginn varð Erlendur Guðjónsson með 1.621,82 kg. Valur veiddi tæpu tonni meira en sá sem mest veiddi í fyrra.

Innanfélagsmót: Var haldið frá Grindavík 29. apríl. Þar voru keppendur 25 (28 í fyrra) og veiddu þeir 1.129,44 kg. Aflahæsti karl varð Þorsteinn Einarsson með 98,20 kg, og aflahæsta kona Róshildur Stefánsdóttir með 79,94 kg.

Eins og fram hefur komið unnum við til 11 verðlauna, en til 19 í fyrra og 27 árið 1998 svo nú verðum við að reyna að standa okkur betur.

Þorrablót: Var haldið laugardaginn 15. janúar og var það vel sótt og vil ég þakka skemmtinefndinni fyrir þeirra starf. Næsta Þorrablót verður haldið 13. janúar 2001 og vil ég biðja ykkur um að taka þann dag frá.

Aðalfundur Landssambandsins: Var haldinn 15. janúar 2000 og hef ég sent ykkur þá fundargerð.

Fluguhnýtingar o.fl. Laugardaginn 11. mars 2000 hittust 15 félagar úr SJÓR í húsa- kynnum félaga okkar Eyvinds Jóhannssonar að Smiðshöfða 2 Garðabæ til að hnýta flugur og rabba saman, og tókst það í alla staði mjög vel en fleiri hefðu mátt mæta. Vil ég þakka Eyvindi fyrir aðstöðuna og höfðinglegar móttökur.

Tölvuforrit: Þann 8. apríl 2000 fór ég ásamt Einari Lárussyni upp á Akranes að skoða nýtt tölvuforrit til að skrá mótin og á það að kosta kr. 250.000- en það er kr. 31.250- á félag.

Stigagjöf. Eins og fram kom í fundargerð Landssambandsins var skipuð nefnd á aðalfundinum sem í eru ég (BPG) ásamt Arnþóri Sigurðssyni SJÓVE og Pétur Sigurðsson SJÓAK og höfum við hittst nokkrum sinnum og borið saman hugmyndir okkar um nýja stigagjöf. Hugmyndir okkar voru til umræðu á formannafundi sem haldinn var 18. nóvember.

E.F.S.A. Á fundi formanna sjóstangaveiðifélaganna í Ólafsvík 22. júlí 2000 var tekin ákvörðun um að gefa öllu sjóstangaveiðifólki SJÓL kost á að skrá sig í E.F.S.A. meðal annars vegna fyrirhugaðrar þátttöku veiðimanna í Evrópumóti sem haldið verður í Kerrý á Írlandi á næsta ári. Ef áhugi er á að skrá sig í E.F.S.A. eða fá nánari upplýsingar um möguleika á þátttöku í mótum erlendis þá hafið samband við Úlfar Eysteinnsson SJÓR sem er í stjórn deildar E.F.S.A. á Íslandi. Erú ásamt Úlfari sem er gjaldkeri þeir Skarphéðinn Ásbjörnsson SJÓSIGL formaður og Þórir Sveinsson SJÓÍS ritari, en kostnaður við þátttöku í Evrópumótum eru 6£, en árgjald í félagið er kr. 3.000-. Til að eiga möguleika á að taka þátt í mótinu á Írlandi þarf að skrá sig fyrir áramót.

Mótanefnd: Á stjórnarfundum sem haldinn var 9. nóvember var skipuð mótanefnd sem í eru ásamt mér Þorsteinn Einarsson og Sigurður Erlendsson.

Pakkir: Ég vil þakka Birgi Ævarssyni SJÓR fyrir verðlaunin sem hann gaf félaginu í innanfélagsmótið og aðrar gjafir sem hann hefur fært okkar félagi og Landssambandinu.

Stjórnarfundir: Haldnir hafa verið 3 formlegir stjórnarfundir og margir óformlegir. Formannafundir Landssambandsins voru haldnir 15. janúar og 18. nóvember.

Innanfélagsmót: Halda á innanfélagsmót 28. apríl og okkar opna mót 22. og 23. júní og róíð verður frá Grindavík í báðum mótunum.

Afmælisnefndin: Sem í eru Einar Kristjánsson, Úlfar Eysteinnsson og Anton Örn Kærnedsted er komin á fullt skrið.

Félagsfáninn: Sem samþykkt var að kaupa og láta nunnurnar í Hafnarfirði sauma verður tilbúinn fyrir áramót. Hér á eftir afhendi ég ykkur ársskýrsluna og fleiri gögn. Ég vil að lokum þakka meðstjórnendum mínum ánægjulegt samstarf.

Birkir Þór Gunnarsson

Rekstrarreikningur: Niðurstöður rekstrarreiknings fyrir tímabilið 01.12. 1999 til 30.11. 2000

Tekjur:

Félagsgjöld (39 x 2.500-)	97.500-
Seldur fiskur	641.123-
Mótsgjöld + seldur matur á lokahófi	488.600-
Hagnaður af Þorrablóti	28.000-
Styrkur frá Sjóvá-Almennar	68.000-
Vaxtatekjur	145.349-

Samtals tekjur **1.468.572-**

Gjöld:

Prentun og póstur	37.847-
Fluguhnýtingar	28.320-
Nesti á sjó	49.500-
Rúta	40.000-
Bátaleiga	340.000-
Veitingar v- Reykjavíkurmóts	278.752-
Styrkir v- móta	262.000-
Verðlaunagripir	87.598-
Ýmis kostnaður	22.525-
Hljómsveit	40.000-
Fáni	53.579-
Félagsgjald SJÓL 1999	29.000-
Félagsgjald SJÓL 2000(44x2500)	22.000-
Beita	7.387-
Barmmerki SJÓL	12.000-
Bankakostnaður	1.281-
Fjármagnstekjuskattur	7.8

Samtals gjöld: **1.319.686-**

Hagnaður ársins kr. 148.886-

Skýrsla stjórnar og reikningar félagsins borið upp og samþykkt samhljóða.

Formaður: Birkir Þór Gunnarson var kjörinn formaður og aðrir í stjórn Anton Örn Kærnested, Einar Kristinnsson, Sigurður Erlendsson, Þorsteinn Einarsson og í varstjórn þeir Bjarni Örn Kærnested og Einar Lárusson. Endurskoðendur voru kjörnir þeir Finn Hansen og Þorsteinn Stígsson.

Árgjöld: Samþykkt var að árgjald fyrir árið 2001 verði kr. 3.000-.

Styrkir: Samþykkt var að keppnisstyrkir yrðu óbreyttir frá fyrra ári, eða 1/2 gjald í Reykjavíkurmótinu, og eitt mót að auki sem SJÓR greiddi þátttökugjald að fullu.

Skemmtinefnd: Í skemmtinefnd voru skipaðir þeir Einar Lárusson, Bjarni Örn Kærnested, og Eyvindur Jóhannsson.

Stigagjöf: Rætt var um breytingar á stigagjöf og um kaup á sameiginlegu forriti fyrir öll aðildarfélög SJÓL og mun kostnaður SJÓR verða rúmar 30.000- krónur.

Merki SJÓL: Þá afhenti Birkir Þór öllum viðstöddum merki SJÓL úr málmi, en hlutur SJÓR í þessu framtaki var kr. 12.000- og ákvað stjórnin að afhenda þessi merki ókeypis til félagsmanna.

Önnur mál: Bjarni Garðarsson spurði hvort til stæði að stækka lágmarkstærð úr 45 cm í 50 cm. Birkir Þór sagði að Landssambandið væri að ræða þetta mál m.a. Einnig að stærsti fiskur í tegund gæfi aukastig til Íslandsmeistara. Finn Hansen lagði til að gestir fylgdu gestgjafa á bát a.m.k. á innanfélagsmóti okkar og voru menn sammála um það.

40 ára: Rætt var lítillega um 40 ára afmæli SJÓR hinn 10. maí 2001, og nefndi Birkir Þór þá hugmynd að fara með m/b Húna frá Hafnarfirði laugardaginn 12. maí 2001 og hafa einhvern afmælisfagnað um borð, en Húni er sérútbúinn til slíkra uppákomna. Spurt var um hvernig dagskrá afmælisins væri og svaraði Anton Örn því í stuttu máli.

Heimasíða: Spurt var hvort við ættum að opna heimasíðu á netinu, en ekki hafði stjórnin hugsað sér það, en Einar Lárusson kvaðst reiðubúinn ef af yrði að „skanna“ á vefinn myndir ef eftir væri leitað. Síðan má segja að fundurinn hafi leyst upp í svona óformlegt spjall og notarleg heit og sýndist sitt hverjum eins og gengur og gerist. Fleirri mál voru ekki tekin fyrir og var fundi slitið kl. 2210.

Anton Örn Kærnested

Fundur SJÓR

Haldinn fimmtudaginn 11.01. 2001 kl. 2030 að Háaleitisbraut 111.

Mættir: Birkir Þór Gunnarsson, Bjarni Örn Kærnested, Anton Örn Kærnested, Sigurður Erlendsson, Einar Kristinsson, og Einar Lárusson, Þorsteinn Einarsson var erlendis.

Stjórn: Stjórnin skipti þannig með sér verkum: Birkir Þór Gunnarsson formaður, Þorsteinn Einarsson varaformaður, Anton Örn Kærnested ritari, Einar Kristinsson gjaldkeri, Sigurður Erlendsson meðstjórnandi og í varastjórn þeir Bjarni Örn Kærnested og Einar Lárusson.

Formannafundur SJÓL: Farið var yfir ýmis mál og gögn fyrir formannafund SJÓL sem verður haldinn laugardaginn 13. janúar n.k. m.a var samþykkt að kaupa sameiginlegt forrit fyrir öll aðildarfélög SJÓL til stigaútreikninga.

Fáni SJÓR: Fullunnin og fagur fáni SJÓR er nú tilbúinn , og má áætla að heildarkostnaður við gerð fánans verði í kringum kr. 250.000- , en upp-runalega áætlunin var uppá kr. 130-150.000- . Stjórnin var öll sammála um að handbragð þeirra systra í Nunnuklaustrinu í Hafnarfirði væri frábært og verðið gæti ekki talist annað en sanngjarnt, en fjárhagsáætlunin hefði greinilega verið úti í hött.

Porrablót SJÓR: Verður haldið n.k. laugardag að Skipholti 70, og er þátttaka í kringum 80 manns.

Innanfélagsmót: Innanfélagsmót okkar verður væntanlega haldi frá Grundarfirði í lok apríl 2001. Fleiri mál voru ekki tekin fyrir og var fundi slitið kl. 2225.

Anton Örn Kærnested

Fundur SJÓR

Haldinn fimmtudaginn 29.03. 2001. kl. 2030 að Háaleitisbraut 111.

Mættir: Birkir Þór Gunnarsson, Bjarni Örn Kærnested, Anton Örn Kærnested, Þorsteinn Einarsson og Einar Kristinsson.

SJÓL: Birkir Þór gerði grein fyrir fundi SJÓL, og fór yfir lið fyrir lið þær breytingar sem voru samþykktar á þessum formannafundi.

Fluguhnýtingar: Fluguhnýtinganámskeið verður haldið laugardaginn 07.04. 2001, hjá Eyvindi Jóhannssyni í húsakynnum hans í Garðabæ.

Bréf: Anton Örn mun útbúa bréf til félagsmanna með ýmsum upplýsingum, og mun Birkir Þór síðan senda þetta bréf ásamt gögnum frá SJÓL. Ennfremur mun Einar Kristinsson útbúa giróseðla fyrir árgjaldinu og mun það fara með þessum gögnum.

Grundarfjörður: Rætt var um fyrirhugað Innanfélagsmót í Grundarfirði laugardaginn 28. apríl n.k. Farið var yfir kostnaðartölur og ákveðið að róa að þessu móti af fullum krafti.

40 ára afmælimót: Rætt var um 40 ára afmælimótið, og sagði Anton Örn að hann hefði lagt inn beiðni hjá Símanum um styrk að upphæð kr. 150.000- til kaupa á verðlaunagripum. Einnig sýndi Anton Örn sérstaka stálkaffibrúsa með merki SJÓR á sem hver keppandi í mótinu á að fá afhentan með sínum gögnum sér að kostnaðarlausu. Stefnt er að þátttakendur verði um 70. Birkir Þór greindi frá að þeir í Grindavík væru óhressir með að mótsslit ættu að vera í Reykjavík. Hugsanlega fara einhverjir til Grindavíkur og taka út og meta þá aðstöðu sem í boði er. Ýmis mál rædd en engar ákvarðanir teknar og fundi slitið kl. 2240.

Anton Örn Kærnested

Fluguhnýtingar

Laugardaginn 07.04. 2001 var haldinn fluguhnýtingadagur í húsakynnum Vinnulyftunar hjá Eyvindi Jóhannssyni. Þessi dagur heppnaðist mjög vel og kom 33 félagar. Sumir hnýttu, aðrir spjölluðu saman, og í lok dags bauð SJÓR uppá „léttar veitingar“. Var mál manna að þetta hefði verið góður dagur, og ber að þakka Eyvindi og Ingu fyrir afnot að húsnæði og öðrum góðgjörningi þennan dag.

Anton Örn Kærnested

Innanfélagsmót SJÓR 28.04. 2001

Mótið var haldið í Grundarfirði laugardaginn 28. apríl 2001, og voru þátttakendur 40 alls, en þeir veiddu samtals 3.1 tonn af þorski sem var seldur á kr. 346.390-. Um kvöldið var verðlaunaafhending og sameiginlegur kvöldverður með SJÓSNÆ, en þeir héldu sitt innanfélagsmót þennan sama dag. Mestan afla fékk Geir Guðbjörns-son en hann veiddi 194 kg. en þetta er fyrsta mótið sem Geir tekur þátt í. Geir veiddi

líka flesta fiska. Stærsta fiskinn veiddi Anton Örn Kærnested 8.95 kg. þorsk. Flestar tegundir eða tvær fékk Skarphéðinn Ásbjörnsson SJÓSIGL, en hann keppti sem gestur, og veiddi einn kola, en að öðru leiti veiddist aðeins þorskur. Þetta mót tókst mjög vel og var almenn ánægja með þessa framkvæmd stjórnarinnar, og eru allar líkur á að þetta verði endurtekið að ári.

Anton Örn Kærnested

Verklök

Hér með er lokið afritun þeirra gagna úr fundargerðabókum SJÓR sem liggja fyrir. Ljóst er að inn í þetta vantar eina fundargerðarbók sem ekki hefur komið í ljós þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir stjórnar til að hafa uppá henni. Ef saga SJÓR verður einhverntíman skráð, þá ætti þessi „afritun“ að stytta væntanlegum söguritara verkið til muna. Ég sem hef dundað mér við þessa afritun í vetur hef eðlilega kynnst sögu SJÓR vel, en þar vantar þó illilega inní myndina hvernig og hversvegna félagið lagðist til svefns um nokkur ár.

Prentsmiðja Oddi hf. hefur styrkt okkur um umbrot og prentun á þessum gögnum, og mun ég væntanlega afhenda stjórn SJÓR 150 eintök af þessum fundargerðum í afmælishófi í tilefni 40 ára afmælis SJÓR sem verður væntanlega haldið laugardaginn 23. júní n.k.

Með von um að einhverjir hafi gaman af að lesa yfir þessa fundargerði, læt ég verkinu lokið.

Anton Örn Kærnested

Félagatal SJÓR 07.05. 2001

Kennitala	Nafn	Heimili	Póstn
190671-2329	Andrew Horne	Vesturbraut 10 Box 19	340 Grindavík
160640-7319	Anton Örn Kærnested	Bakkaseli 10	109 Reykjavík
230647-2329	Axel B. Eggertsson	Flyðrugranda 4	107 Reykjavík
141254-4569	Ármann Brynjar Ármannsson	Gullengi 13	112 Reykjavík
241262-5029	Árni Magnússon	Austurbergi 30	111 Reykjavík
140159-5659	Birgir Ævarsson	Pósth 4063	124 Reykjavík
281138-2279	Birkir Þór Gunnarsson	Háaleitisbraut 111	108 Reykjavík
030843-2589	Bjarni Garðarsson	Breiðvangi 30	220 Hafnarfjörður
241273-3189	Bjarni Örn Kærnested	Bakkaseli 10	109 Reykjavík
170756-7119	Björn Karlsson	Miðvangi 63	220 Hafnarfirði
160443-3409	Edda Klemenz	Laugavegi 141	105 Reykjavík
090560-5579	Einar Ásgeirsson	Hólmgarði 50	108 Reykjavík
220551-2379	Einar Guðbjörnsson	Bjargartanga 6	270 Mosfellsbær
150447-4969	Einar Kristinsson	Birkihvamm 17	200 Kópavogur
170675-4609	Einar Lárusson	Dalatanga 4	270 Mosfellsbær
220548-2449	Einar Stígsson	Hraunbæ 142	110 Reykjavík
220432-3359	Ellert Svavarsson	Hólabraut 8	220 Hafnarfjörður
220655-4589	Erlendur Guðjónsson	Lindarsmára 39	201 Kópavogur
250744-2429	Erlingur Björnsson	Holtsbúð 65	210 Garðabær
210751-2469	Eyvindur Jóhannsson	Sjávargrund 10. B	210 Garðabær
210455-4349	Fanngeir Sigurðsson	Brekustíg 31 E	230 Njarðvík
230446-8309	Finn Hansen	Hamratúni 2	270 Mosfellsbær
230733-2879	Friðleifur Stefánsson	Rauðarárstíg 40	105 Reykjavík
161243-2059	Geir Guðbjörnsson	Engjaseli 31	109 Reykjavík
170249-3729	Gísli Jónmundsson	Reykjavegi 24	105 Reykjavík
050255-3960	Guðmundur Jónsson	Bólstaðarhlíð 58	105 Reykjavík
310550-2999	Guðmundur Kristinsson	Gerðhömrum 27	112 Reykjavík
051048-7099	Guðmundur Ólafsson	Kirkjuteig 16	105 Reykjavík
170956-3899	Guðmundur Svavarsson	Spóaási 9	221 Hafnarfjörður
131150-3349	Gunnar Þorsteinsson	Grandavegi 41	107 Reykjavík
131073-4299	Haraldur Haraldsson	Gunnarsbraut 36	105 Reykjavík
120451-4729	Helga Haraldsdóttir	Holtsbúð 65	210 Garðabær
290362-4159	Hjalti Bogason	Leynisbrún 8	240 Grindavík
220671-5189	Hlynur Finnbogason	Víðiteig 4e	270 Mosfellsbær
011079-2969	Hörður Smári Sigurðsson	Sörlaskjól 50	107 Reykjavík

111253-5609	Jóhann Ólafsson	Blönduhlíð 6	105 Reykjavík
191148-2749	Jón Albert Kristinsson	Hléskógum 18	109 Reykjavík
290947-3599	Jón Þór Guðmundsson	Miðtúni 24	105 Reykjavík
141171-5509	Jónas Harðarson	Túngötu 6 Box 19	340 Grindavík
260555-4999	Jónína Magnúsdóttir	Hæðarbyggð 24	210 Garðabær
100455-2509	Júlíus Helgason	Langholtsvegi 67	104 Reykjavík
200939-2479	Kristján B. Kristjánsson	Sunnufliot 1	210 Garðabær
191158-4589	Kristján R. Kristjánsson	Smyrlahrauni 52	220 Hafnarfjörður
170346-7269	Kristján Steingrímsson	Dalsbyggð 3	210 Garðabær
210949-7719	Lárus Einarsson	Dalatanga 4	270 Mosfellsbær
230626-3679	Ólafur Ólafsson	Leifsgötu 19	101 Reykjavík
150257-2399	Páll Pálsson	Kleppsvegi 66	104 Reykjavík
070245-3029	Reynir Brynjólfsson	Víðiteig 28	270 Mosfellsbær
050812-7669	Ríkarður Ingibergsson	Hjallavegi 8	104 Reykjavík
051041-2409	Róshildur Stefánsdóttir	Háaleitisbraut 111	108 Reykjavík
261150-4419	Sighvatur Sigurðsson	Reykjafold 20	112 Reykjavík
120147-5019	Sigríður Karlsdóttir	Birkihvammi 17	200 Kópavogur
070666-4729	Sigurbjörg Jóhannesdóttir	Pósthólf 290	202 Kópavogur
131160-3219	Sigurður Ásgeirsson	Hraunbæ 19	110 Reykjavík
101067-3279	Sigurður Erlendsson	Pósthólf 290	202 Kópavogur
091256-2589	Sigurður Hávarðsson	Hólsvegi 11	104 Reykjavík
080653-5229	Sigurður Jóhannsson	Arnarhrauni 35	220 Hafnarfirði
130663-7969	Stefán Þorsteinsson	Mosarima 34	112 Reykjavík
200956-2229	Sveinn Einarsson	Vesturbergi 70	111 Reykjavík
040946-4899	Thulin Johansen	Kirkjusandi 1	105 Reykjavík
230847-4609	Úlfar Eysteinnsson	Box 8128	128 Reykjavík
090764-2419	V. Björgvin Tómasson	Blikahöfða 3	270 Mosfellsbær
200546-3779	Þorsteinn Einarsson	Reynihvammi 12	200 Kópavogur
251053-4729	Þorsteinn Stígsson	Fjóluhlíð 15	220 Hafnarfjörður
100259-2739	Þuríður Jørgensen	Box 8128	128 Reykjavík
091275-3259	Ægir Valur Hauksson	Espigerði 18	108 Reykjavík
300544-2909	Ævar Sigurðsson	Bræðraborgarstíg 9	101 Reykjavík
210651-3229	Örn Andrésson	Hraunbæ 22	110 Reykjavík

ÁRSSKÝRSLA FORMANNS SJÓR 2001

Ágætu veiðifélagar.

Stjórnin kom saman eftir síðasta aðalfund og skipti með sér verkum.

Varaformaður	Þorsteinn Einarsson
Ritari	Anton Örn Kærnested
Gjaldkeri	Einar Kristinsson
Meðstjórnandi	Sigurður Erlendsson

Varamenn: Bjarni Örn Kærnested, Einar Lárusson

Haldin voru 8 opin mót sumarið 2001.

Frá Akranesi 10. og 11. maí

Þar voru keppendur 56 (65 í fyrra) 16 konur og 40 karlar, 10 frá Sjó, engin kona frá Sjó.

Þar unnum við 5 verðlaun. **Guðmundur Kristinsson** stærsta þorskinn 8.420 kg. stærstu keiluna 3.830 kg. stærstu lönguna 1.900 kg. og stærsta físk mótsins sem var þorskurinn og **Birgir Ævarsson** stærstu ýsuna 2.620 kg.

Frá Vestmannaeyjum 2. og 3. júní.

Þar voru keppendur 46 (58 í fyrra) 8 konur, 1 frá Sjó og 38 karlar, 11 frá Sjó. Þar unnum við 2 verðlaun. **Einar Stígsson** stærstu lúðuna 13,400 kg. og stærsta físk mótsins sem var lúðan.

Frá Neskaupstað 8. og 9. júní.

Þar voru 40 keppendur (39 í fyrra) 14 konur, engin frá Sjó og 26 karlar 3 frá Sjó. Þar unnum við ekki til verðlauna.

Okkar mót frá Grindavík sem var 40 ára afmælimót 21. og 22 júní.

Þar vori keppendur 86 og hafa aldrei verið svo margir síðan félagið var endurvakið (32 í fyrra) 23 konur, 4 frá Sjó og 63 karlar, 26 frá Sjó. Þar unnum við 2 verðlaun, **Róshildur Stefánsdóttir** stærstu lýsuna, 1.205 kg. og stærsta karfann 2.550 kg. Þorskinn sem Ríkarður Ingibergsson gaf félaginu og sem veita á aflahæsta Sjó félagi í okkar móti fékk **Lárus Einarsson** sem veiddi 343.770 kg.

Frá Ísafirði 5. og 6. júlí.

Þar voru 45 keppendur (30 í fyrra) 12 konur, 1 frá Sjórn og 33 karlar, 13 frá Sjórn. Þar unnum við 1 verðlaun, **Þorsteinn Stígsson** stærsta karfann 0,700 kg.

Frá Ólafsvík 20. og 21. júlí.

Þar voru keppendur 71 (86 í fyrra) 23 konur, 1 frá Sjórn og 48 karlar, 11 frá Sjórn. Þar unnum við engin verðlaun.

Frá Siglufirði 2. og 3. ágúst.

Þar voru keppendur 52 (48 í fyrra) 16 konur, 2 frá Sjórn og 36 karlar, 7 frá Sjórn. Þar unnum við ekki til verðlauna.

Frá Akureyri 16. og 17. ágúst.

Þar voru keppendur 79 (74 í fyrra) 31 kona, engin frá Sjórn sem er miður og 48 karlar, 6 frá Sjórn. Þar unnum við 1 verðlaun, **Bjarni Örn Kærnested** stærstu ýsuna 3,15 kg.

Samtals veiddust 159.276,29 tonn. Þetta veiddu 469 keppendur. Í fyrra veiddust 139.779,05 tonn og það veiddu 432 keppendur, þannig að hver keppandi veiddi 339,61 kg, en í fyrra 321,25 kg. Svo aflinn hefur verið að aukast ár frá ári.

Á Akureyri voru Íslandsmeistarar kvenna og karla krýndir og okkur til mikillar ánægju varð **Guðmundur Kristinsson**, Sjórn Íslandsmeistari karla með 760 stig, í öðru sæti **Árni Halldórsson** Sjórn með 750 stig. Þetta var ekki síst ánægjulegt á þessu afmælisári félagsins, og Guðmundur það eir ekki síður ánægjulegt þar sem þú hefur verið félaginu til sóma hvert sem þú hefur farið til að veiða.

Íslandsmeistari kvenna varð **Sigríð Valdímarsdóttir**, Sjórn með 745 stig. Hæsta kona Sjórn varð **Sigríður Karlsdóttir** með 175 stig eftir 1 mót. Bikarinn sem gefinn var til minningar um Jónas Þór Jónasson vann **Jóhannes Hreggviðsson**, Sjórn með 58% mun,

Stóra útskorna þorskinn sem heiðursfélaginn okkar Ríkarður Ingibergsson gaf Landssambandinu og sem veittur er þeim sem veiðir mestan afla yfir sumarið í heild á opnum mótum vann **Pétur Sigurðsson**, Sjórn með 2.560 kg. En aflahæsti Sjórn félagi, **Guðmundur Kristinsson** með 2.137 kg.

Innanfélagsmót Sjórn var haldið 28. apríl frá Grundarfirði. Aldrei hafa verið svo margir keppendur á innanfélagsmóti eins og þessu, 40 talsins, 7 konur og 33 karlar. Við veiddum 3.358,76 kg. Allt þorsk nema 1 kola. Aflahæsta konan varð **Sigríður Kjartansdóttir** með 182 kg. Og aflahæsti karlinn varð **Gunnlaugur Geir Guðbjörnsson** með 193 kg.

Ég ásamt Einari Kristinssyni fór til Grundarfjarðar til að athuga hvort þetta væri

mögulegt og hef ég aldrei fengið jafn góðar móttökur eins og þar. Hugmynd var um að halda líka afmælistími þar, en öll gistiadstaða var upppöntuð.

Aðalfundur Landssambandsins var haldinn 13. janúar síðastliðinn og hef ég sent ykkur þá fundargerð. Þar voru samþykktar nokkrar nýjar veiðireglur og aðrar felldar úr gildi. Mesta breyting að mér finnst er á stigagjöfinni þar sem bátastig hækka og inn eru sett bónusstig fyrir stærsta fisk í hverri tegund hvers móts. Þetta gerir það að verkum eins og einmitt skeði í sumar, þar er áður varð sá Íslandsmeistari sem vann þrjú mót, en vegna bónusstiga þurfti það ekki nú, sem sagt nú dugar ekki bara að göslast áfram og veiða sem mest, heldur að ná stórum fiskum í hverri tegund, þannig vann Guðmundur Kristinsson Íslandsmeistaratitilinn sem var mjög gaman á 40 ára afmælisárinu.

Porrablótið var haldið 13. janúar. Það var vel sótt og vil ég þakka skemmtinefndinni fyrir þeirra störf þar.

Næsta þorrablót verður haldið 12. janúar og vil ég biðja ykkur að taka þann dag frá. Stjórnin var búin að ákveða að halda þennan aðalfund á Húna II, en við hættem við það á síðasta stjórnarfundum vegna kostnaðar.

Þann 7. apríl komu 22 Sjórfélagar saman til fluguhnýtingar og til að rabba saman hjá Eyvindi Jóhannssyni að Smiðsbúð 2, Garðabæ og vil ég þakka honum og hans elskulegu unnustu fyrir yndislegar móttökur.

Stjórnin er búin að taka á leigu að Smiðsbúð 2, hjá Eyvindi Jóhannssyni húsnæði fyrir félagið sem er fundarherbergi, ca. 12 fermetrar og kaffistofa, til að geyma fánann og aðra hluti sem félagið á og þær möppur og annað sem stjórnarmenn geyma heima hjá sér.

I endaðan apríl var hringt í mig frá sjómannadagsráði til að fá Sjórfélag til að sýna á sjómannadaginn 10. maí þann útbúnað sem við notum í sjóstönginni. Ég hringdi í Ríkarð Ingibergsson og Birgir Ævarsson Sjórfélag og fékk þá til að vera niður á höfn í þar til gerðu tjaldi sem og þeir gerðu og var það tjald mikið sótt. Vil ég færa þeim bestu þakkir. Á sama degi fór ég til Grindavíkur til að fá báta í okkar mót og fékk ég 6 og ekki veitti af.

Ég vil þakka Birgi Ævarssyni fyrir gjafabréfin sem hann gaf félaginu til afhendingar aflahæstu konu og karli í okkar móti.

Þann 27. október var haldinn formannafundur Sjórfélags þar sem tekin voru fyrir nokkur mál til reynslu af nýju stigagjöfinni og voru allir ánægðir með hana. Reglur um sjóstangaveiði og vegna framkvæmda móta og sitt hvað fleira var rætt og mun næsta stjórn fara yfir þær hugmyndir og taka afstöðu til þeirra.

Á næsta fundi Landssambandsins sem haldinn verður eftir áramót mun Sjórfélag taka við formennsku Landssambandsins í eitt ár.

Ég vil þakka afmælisnefndinni fyrir vel unnin störf, en í nefndinni voru Einar Kristinsson, Anton Örn Kærnested og Úlfar Eysteinnsson.

Haldnir hafa verið 5 formlegir stjórnarfundir og margir óformlegir. Okkar opna mót verður haldið 18. og 19. apríl frá Grundarfirði. Þar er ég búinn að panta þá gistingu sem þar er að fá. Innanfélagsmót Sjór verður haldið 22. júní frá Grindavík. Hér á eftir afhendi ég ykkur ársskýrsluna og fleiri gögn. Ég vil að lokum þakka meðstjórnendum mínum ánægjulegt samstarf.

Formaður,
Birkir Þór Gunnarsson

Aðalfundur SJÓR 29. nóvember 2001

Dagsetning:

Staður: Þingsalur 8 Hótel Loftleiðum Reykjavík

Viðstaddir: Anton Örn Kærnested, Birgir Ævarsson, Birkir Þór Gunnarsson, Edda Klemen, Einar Kristinsson, Einar Lárusson, Einar Stígsson, Eyvindur Jóhannesson, Finn Hansen, Friðleifur Stefánsson, Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Ólafsson, Guðmundur Svavarsson, Gunnar Þorsteinsson, Lárus Einarsson, Ólafur Ólafsson, Ríkarður Ingibergsson, Róshildur Stefánsdóttir, Sigurður Erlendsson, Þorsteinn Einarsson og Örn Andrésson.

Birkir Þór Gunnarsson var kjörinn fundarstjóri og setti hann fundinn.

1. Anton Örn Kærnested las upp fundargerð síðasta aðalfundar frá árinu 2000

2. Skýrsla formanns

Birkir Þór Gunnarsson las upp ársskýrslu fyrir árið 2001. Þar minntist hann á Íslandsmeistara okkar árið 2001 Guðmund Kristinsson. Í skýrslunni kemur fram sú nýbreytni að ákveðið hefur verið að halda aðalmót SJÓR 2002 í lok apríl og skal mótið fara fram í Grundarfirði.

Birkir þakkaði sérstaklega Antoni Erni fyrir þá vinnu sem Anton lagði í með að endurskrifa og setja í bók gamlar fundargerðir frá stofnun SJÓR.

3. Rekstrarreikningar 2001

Einar Kristinsson gjaldkeri las upp rekstrareikninga fyrir síðasta starfsár og dreifði jafnframt afriti til fundarmanna. Í reikningunum kemur fram að tap varð á síðasta starfsári, en fundarmenn eru sammála um að þessum peningum hafi verið vel varið. Tap þetta má rekja til mikils kostnaðar sem fylgdi 40 ára afmæli SJÓR og má þar nefna veglegt afmælistmót í Grindavík í júní 2001.

Einar leitaði eftir spurningum og umræðu um rekstrarreikninga 2001.

Birkir Þór Gunnarsson talaði um kostnaðinn sem að fylgdi árinu 2001 og hrósaði svo Einari Kristinssyni fyrir vel unnin störf sem gjaldkera.

Guðmundur Svavarsson bar upp spurningu um það hvað hver bátur kostaði. Kom fram að hver bátur kostar 4000 kr. á dag og hefur sá kostnaður ekki hækkað á síðastliðnum 10 árum.

4. Atkvæðagreiðsla

Árskýrsla formanns og rekstrarreikningar fyrir árið 2001 borin til atkvæða og voru þau samþykkt einróma. Að lokinni atkvæðagreiðslu var gert hlé á fundinum. Eftir hlé talaði Birkir Þór um það að stærsti karfinn sem veiddist á móti SJÓR 2001, veiddist af Eyvindi Jóhannssyni.

Ársskýrslu formanns 11 til fundarmanna.

5. Kosning nýrrar stjórnar og endurskoðenda

Birkir Þór Gunnarsson stakk upp á Lárusi Einarssyni sem næsta formanni, Edda Klemenz stakk upp á Guðmundi Kristinssyni en hann kvaðst ekki gefa kost á sér.

Lárus Einarsson var kosinn einróma formaður.

Lárus Einarsson kom með tillögu að nýrri stjórn félagsins og skemmtinefnd fyrir þorrablót í janúar 2002.

Tillaga að stjórn fyrir árið 2002:

- o Lárus Einarsson formaður
- o Þorsteinn Einarsson gjaldkeri
- o Einar Stígsson varaformaður
- o Einar Lárusson ritari
- o Sigurður Erlendsson meðstjórnandi
- o Finn Hansen varamaður
- o Þorsteinn Stígsson varamaður

Tilaga að skemmtinefnd fyrir árið 2002: Birgir Ævarsson , Edda Klemenz , Eyvindur Jóhannsson

Stjórn og skemmtinefnd voru kosin einróma.

Birgir Ævarsson og Gunnar Þorsteinsson voru kosnir endurskoðendur fyrir árið 2002

6. Tillaga að þátttökustyrkjum

Lagt er til að hver skuldlaus félagi eigi þess nú kost að fá greidd þátttökugjöld á tvö mót (í stað eins áður) á vegum SJÓL. Var tillagan lögð til umræðu og

atkvæðagreiðslu. Áfram verður greitt 1/4 þáttökugjald á aðalmót SJÓR. Erlendur Guðjónsson lagði til að þessi styrkur kæmi til þar sem lokahóf er innifalið í þáttökugjaldi, en þessi tillaga var ekkert frekar rædd.

Tillagan var samþykkt óbreytt.

7. Önnur mál

Lárus Einarsson nýkjörinn formaður SJÓR tók til máls og þakkaði fráfarandi formanni fyrir vel unnin störf undanfarin ár. Rifjaði Lárus upp byrjun sína í sjóstanga-veiði og þakkaði svo fráfarandi stjórn fyrir vel unnin störf á síðastliðnum árum.

Birkir Þór Gunnarsson talaði um húsnæðismál félagsins undir þá hluti sem að félagið hefur eignast í gegnum tíðina. Birkir setti þetta mál í hendur nýkjörinnar stjórnar til úrvinnslu.

Eyvindur Jóhannsson tók til máls og óskaði hann nýkjörnum formanni til hamingju með kosninguna, einnig þakkaði hann fráfarandi formanni og stjórn fyrir vel unnin störf á liðnum árum.

Sagðist hann hafa húsnæði sem að hann væri til búin til að leigja félaginu fyrir sanngjarnt verð, en að auki þyrfti að standsetja húsnæðið. Umrætt húsnæði er hluti af atvinnuhúsnæði sem að hann á og rekur fyrirtæki, Vinnulyftu ehf. sitt í að Smíðsbúð 12 í Garðabæ. sú standsetning sem um var rætt felst í því að saga gat á gólf í herbergi sem að félagið fengi og setja þar stiga niður í kaffistofu sem að félagið hefði aðgang að. Eyvindur bauðst til að gefa teppi til að setja á gólf í herberginu og á ganginum. Eyvindur lagði til að félagsmenn myndu taka í þetta einn laugardag að standsetja húsnæðið.

Lárus Einarsson spurði um fyrirhugaða leigu á herberginu og svaraði Eyvindur því að leigan myndi vera 15.000 krónur á mánuði svo og þær breytingar sem gerðar yrðu á húsnæðinu yrðu eign Vinnulyfta.

Örn Andrésen talaði um það að sú vinna og kostnaður sem færi í að standsetja húsnæðið færi upp í leigu á húsnæðinu. Mæltist þessi tilaga frá Erni vel fyrir á fundinum og kvaðst Eyvindur vera til taks til að ræða þessi mál.

Ekki var tekin afstaða til þessa máls á fundinum og mun því nýkjörin stjórn fjalla um málið á næsta stjórnarfundinum.

Svavar kom með hugmynd um að ef menn ættu græjur til sölu að þá yrðu þær auglýstar einhverstaðar. Ekki kom nein patent lausn við þessu máli.

Ólafur Ólafsson þakkaði fyrir þá gjöf sem að hami fékk á móti SJÓR 2001 í tilefni 75 ára afmæli sem að hann átti á árinu 2001.

Finn Hansen spurði hvort að það stæði til að breyta lágmarksstærð á þeim fiskum sem að komið væri með í land í mótum á vegum SJÓL, fram kom að tillaga þess efnis væri ekki á borði SJÓL.

Guðmundur Svavarsson viðraði þá hugmynd að menn mættu nota pilk og 3 króka,

ekki var mikil umræða um þetta mál og voru fundargestir samála um að núverandi fyrirkomulag væri mjög gott.

Edda Klemenz viðraði þá hugmynd að stytta veiðitímamann og fara seinna út á morgnana að veiða, Lárus Einarsson benti henni á að fara fyrr að sofa á kvöldin.

Guðmundur Svavarsson spurði hvort að ekki væri hægt að veiða á næturnar, en kom fram að það hefði verið reynt áður og hefði ekki tekist vel til með það.

Birkir innti eftir fleiri málum en engin komu fram og sleit hann því fundinum. Að því loknu kom Ríkarður Ingibergsson og áréttaði hvernig nota ætti fundarhamarinn.

Einar Lárusson Ritari SJÓR

Aðalfundur SJÓR 28.11. 2002

Dagsetning: 28.11.2002

Staður: Hótel Loftleiðir, Þingsalur 8

Viðstaddir: Anton Örn Kærnested, Birgir Ævarsson, Birkir Þór Gunnarsson, Edda Klemenz, Einar Lárusson, Einar Stígsson, Eyvindur Jóhannsson, Erlendur Guðjónsson, Finn Hansen, Friðleifur Stefánsson, G. Geir Guðbjörnsson, Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Gunnar Þorsteinsson, Gústaf Þor Ágústsson, Lárus Einarsson, Ólafur Ólafsson, Reynir Brynjólfsson, Róshildur Stefánsdóttir, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, Sigurður Erlendsson, Þorsteinn Einarsson, Þuríður Jørgensen, Örn Andrésson.

Lárus Einarsson setti fundin og skírði frá þeim munum sem voru til sýnis á fundarstað. Um er að ræða gamla muni frá SJÓR er komu úr vörslu Birgis Jóns Jóhannssonar tannlæknis.

1 Kosning fundarstjóra

Lárus Einarsson stakk upp á Antoni Erni Kærnested og var hann kosinn fundarstjóri með öllum atkvæðum.

2. Kosning fundarritara

Sitjandi ritari, Einar Lárusson, var kosinn ritari fundarins.

3 Lesin upp fundargerð síðasta aðalfundar

Einar Lárusson las upp fundargerð aðalfundar 2001. Fundargerðin var borin undir atkvæði og var hún samþykkt.

4. Skýrsla formanns.Lárus Einarsson las upp ársskýrslu formanns fyrir starfsárið 2002 Þar kom fram leiðrétting á því sem fram kom varðandi aðalmót sjór í

Grundarfirði. Þar segir að Einar Stígsson hafi verið hæsti SJÓR félaginn, en rétt er að það var Þorsteinn Stígsson og fékk hann því útskorna þorskin.

5. Reikningar félagsins lesnir upp og skírðir

Gjaldkeri félagsins Þorsteinn Einarsson las upp rekstrarreikning fyrir árið 2002. Eftir útskýringar á reikningum félagsins las Anton upp bréf frá endurskoðendum félagsins og kom þar fram að uppgjör þorablótsins í janúar 2002 er ófullnægjandi. Anton stakk upp á því að ársreikningar yrðu samþykktir með þeim fyrirvara að uppgjör þorablótsins yrði skoðað nánar.

Anton óskaði eftir opinni umræðu um skýrslu formanns og ársreikningafélagsins. Birkir tilkynnti að Guðmundur Kristinsson hefði verið í 2. sæti á móti SJÓSNÆ í Ólafsvík og hefði hann fengið verðlaun fyrir það. Einnig óskaði Birkir eftir frekari útskýringum á greiðslu til Lions í Grundarfirði.

Gjaldkeri tók til máls og áréttaði að tap hefði verið á þorablóttinu árið 2002. Hann sagðist ekki vera með reikninginn frá innanfélagsmóttinu á sér en hann kæmi, með hann eftir hlé þar sem að reikningurinn væri úti í bíl. Þorsteinn talað. um að í þessari tölu hafi verið m.a. nesti á sjó, mótsgjald, gisting, matur o.fl. Birkir kvaðst vera sáttu við þessa útskýringu.

Eyvindur kvad sér hljóðs er varðar uppgjör þorablótsins og taldi sig hafa séð um þorablótið undanfarin 3 ár og að í ár hefði verið farið eins að og síðastliðin ár. Sigurður Erlendsson tók til máls og kom með Ljósrít af reikningi frá Freyju er sér um salinn sem leigður var undir þorablótið í janúar 2002 og mörg undafarin ár. Þar kemur fram að nótan er stíluð á Vinnulyftur ehf. sem eru í eigu Eyvindar, spurði Sigurður hvort að þetta væri rétt og sagði Eyvindur að svo væri.

Gunnar Þorsteinsson annar af endurskoðendum félagsins skírði frá afstöðu endurskoðenda til uppgjors þorablótsins og talaði hann um að engin fylgiskjöl hefðu fylgt uppgjöri þorablótsins og þar af leiðandi ekki getað undirskrifað ársreikning félagsins fyrir árið 2002.

Guðmundur Kristinsson spurði Eyvind út í reikninginn fyrir leiguna á salnum fyrir þorablótið og sagðist Eyvindur ekki sjá neitt athuga vert við að hafa látið nótna á fyrirtæki sitt.

Sigurður Erlendsson spurði Eyvind af hverju gefin hafi verið út virðisaukaskattsnóta á fyrirtæki hans og hvort að fleiri slíkir reikningar væru til. Sigurður sagði að Eyvindur væri með þessu að gera sig mjög tortrygginn gagnvart félaginu og krafðist hann því svara frá Eyvindi.

Eyvindur sagðist hafa gert þetta til að hagræða og að þetta skipti engu máli. Lárus tók til máls og sagði það hreina móðgun við félagið að þessir hlutir skiptu ekki máli og að jafnframt hefði Eyvindur ekki heimild til að vera taka slíkar ákvarðanir og hann gerði er varðar reikning fyrir leigu á salnum fyrir þorablótið. Lárus sagði það klárt að umrætt kvöld þá hafi salur og starfsfólk verið í útleigu

fyrir Vinnulyftur ehf. en allir reikningar greiddir af SJÓR.

Eyvindur kvaðst ekki hafa nýtt innskatt af nóttunni.

Einar Lárusson innti eftir því hvort að fylgiskjöl hefðu fylgt uppgjöri þorra-
blóts 2001 en gjaldkeri kveðst ekki hafa neinar nótur fyrir þeim peningum sem
greiddir voru til Eyvindar í tengslum við þorrablótið 2001.

Anton lagði til að endurskoðendur ásamt stjórn félagsins færu yfir reikninga
þorrablótsins og reyna að finna lausn á þeim Guðmundur Kristinsson tók undir
orð Antons og lagði til að fundinum yrði haldið áfram.

Puríður kvaðst muna eftir því að ávalt hafi verið gefin út nóta fyrir leigu á
salnum fyrir þorrablót félagsins.

Lárus Einarsson sagðist ekki vera að saka einn né neinn um að vera að stinga
undan peningum og lagði jafnframt að þorrablótið yrði sett. fastar skordur.

Edda Klemenz spurði hvort að einhver regla væri um að gefa miða á Þorrablót
og kom fram að engir miðar hefðu verið gefnir, heldur er það landssamband.ð
sem hefur borgað þá miða fyrir þá boðsgesti sem komið hafa á þorrablót SJÓR.

Anton lauk umræðunni um skýrslu formanns og ársreikninga og lagði árskýrslu
formanns og ársreikninga ,með fyrirvara um að uppgjör þorrablóts væri ekki.
fullnægjandi, til atkvæða.

Árskýrsla formanns og ársreikningar voru samþykktir án mótakvæða en ein-
hverjir sátu hjá.

Hlé var gert á fundarstörfum.

Anton setti fundinn aftur eftir hlé og þakkaði fyrir þæf veitingar eru voru veittar í hlé

6. Lagabreytingar, ef einhverjar eru

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

7. Kosinn formaður

Lárus Einarsson var endurkjörinn formaður.

8. Kosnir fjórir menn í stjórn

Lárus Einarsson stakk upp á eftirfarandi stjórn:

Þorsteinn Einarsson gjaldkeri

Einar Stígsson varaformaður

Svavar Svavarsson ritari

Sigurður Erlendsson meðstjórnandi

9. Kosnir tveir menn í varastjórn

Lárus Einarsson stakk upp á eftirfarandi í varastjórn:

Finn Hansen

Þorsteinn Stígsson

10. Kosnir tveir endurskoðendur

Því næst voru kosnir 2 endurskoðendur fyrir árið 2002, þeir Birgir Ævarsson og Gunnar Þorsteinnsson

12. Árgjöld og veiðistyrkir ákveðin

Lárus Einarsson las upp tillögu stjórnar SJÓR um óbreytt félagsgjald kr. 3.000-. Einnig las hann upp tillögu að breyttum veiðistyrkjum til félagsmanna SJÓR og var tillagan eftirfarandi:

1. Hver skuldlaus félagi fær greitt mótsgjald á aðalmót SJÓR
2. Hver skuldlaus félagi fær greitt mótsgjald á aðalmót vegum aðildarféлага SJÓL að eigin vali. Einnig fær skuldlaus félagi. Greitt mótsgjald á innanfélagsmót SJÓR.
3. Að auki fær hver skuldlaus félagi sem sótt hefur aðalmót SJÓR og innanfélagsmót SJÓR greitt mótsgjald á eitthvert mót á vegum aðildarféлага SJÓL að eigin vali.

Lárus Einarsson óskaði eftir umræðu um tillöguna.

Guðmundur Svavarsson lagði til að félagsgjaldið yrði hækkað og að SJÓR mundi borga á 5 mót fyrir sína félagsmenn.

Erlendur Guðjónsson var ósammála þeirri kvöð að þurfa að mæta á okkar mót til að fá styrk á það fjórða.

Einar Stígsson talaði um að þetta ætti að vera gulrót til að fá okkar félagsmenn til að taka þátt í okkar mótum.

Lárus Einarsson sagði að umræða um þetta væri af hinu besta og einnig talaði hann um að eftir því sem fleiri taka þátt í okkar mótum því betra.

Birkir Þór kvað sér hljóðs og var sammála tillögu stjórnar SJÓR og tók

Guðmundur Kristinnson undir það með honum. Birkir nefndi. að ekki. ætt. að hækka árgjald þar sem það hefði lítil áhrif á innkomu félagsins.

Lárus Einarsson talaði um að á síðasta innanfélagsmóti, júní 2002, hefði allt verði frítt en það yrði með örlítið breyttu sniði árið 2003.

Tillaga stjórnar var samþykkt með öllum atkvæðum gegn einu atkvæði Erlendar.

13. Önnur mál

Lárus Einarsson talaði um að hafa glöggan jólafund 13. desember þar sem félagsmenn mundu hittast yfir léttum veitingum og spjalla saman svona rétt fyrir jólin. Einnig talaði Lárus um verðlaun til skipstjóra og að þeim hefð. verið synt þakklæti með því að veita þeim koníaksflöskur á lokahófum móta. Lagð. Lárus fram tillögu frá stjórn SJÓR þess efnis að skipstjórar í mótum SJÓR yrðu verðlaunaðir með því að veita þeim andvirði einnar koníaksflösku í matarúttekt á veitingarstað Úlfars Eysteinnssonar Premur frökkum. Var þessar. tillögu vísað til stjórnar.

Gjaldkeri las upp sundurliðun á reikningi fyrir innanfélagsmót í Grundarfirði í júní 2002.

Lárus Einarsson las upp bréf frá Gunnari Bender þess efnis að Sportveiðiblaði væri á tilboði til félagsmanna SJÓR á 500 kr. eintakið,

Lárus Einarsson talaði um öryggi á sjó og nefndi þau veður og atvik er hafa komið upp á undanförunum árum. Talaði hann um bréf hafi borist landasambandinu frá Rafbjörg og innihélt upplýsingar um flotgalla og nefnd, hann að árið 2003 yrði ár öryggis á sjó.

Lárus lagði tillögu fyrir fundinn um að félagið keypti 20 flotgalla og seldi svo félagsmönnum sínum þá á niðurgreiddu verði. Talaði hann um þetta sem sína hugarenningu en jafnframt væn honum mikil alvara með þetta og vildi hann bæta öryggi veiðimanna til sjós.

Lárus Einarsson þakkaði fyrir þá muni er félagið fékk frá gömlum félagsmönnum okkar.

Anton tók undir með Lárusi að huga þyrfti að öryggi til sjós.

Birkir tók til máls og þakkaði fyrir þær veitingar sem veittar voru í fundarhléinu. Hann tók undir umræðuna um öryggismál. Lagði hann fyrir fundinn tillögu þess efnis að félagið létu útbúa og borga að fullu leggstein á leiði Jónasar Þórs Jónassonar heitins fyrrverandi formanns SJÓR að fengnu samþykki aðstandenda hans.

Anton innti eftir umræðu um tillöguna og lagði hana til atkvæðagreiðslu.

Tillagan var samþykkt með einróma lófataki fundargesta.

Birgir sýndi flotgalla frá Rafbjörg og bauð Guðmundur Svavarsson fram aðstoð sína og klæddi hann sig í gallann. Birgir Ævarsson tók það fram að þessir gallar væru samþykktir af Siglingastofnun ríkisins.

Anton talaði um námsskeið hjá Stýrimannaskólanum og Siglingaskólanum og þar væri töluverður verðmunur eða 105.000 kr hjá Stýrimannaskólanum og 78.000 kr. hjá Siglingaskólanum.

Eyvindur tók til máls varðandi öryggismál á sjó og var hann sammála formanni og studdi hann tillögu hans til kaupa á flotgöllum. Lagði hann til að formaður legði þessa tillögu formlega fram og að hún yrði borin undir atkvæði. Einnig talaði hann um reynslu sína af Siglingaskólanum og mælti hann frekar með Stýrimannaskólanum.

Lárus talaði um virðisaukaskattmál félagsins og óskaði hann eftir umboði fundarins til að koma þeim málum í rétt horf, var málinu vísað til stjórnar.

Guðmundur Svavarsson spurði hvort að standa þyrfti þá skil á virðisaukaskattskýrslum og/edá skattskýrslu ef að félagi fer þá leið að sækja um virðisaukaskattsnúmer.

Guðmundur Kristinsson spurði um þá sem að ættu flotgalla fyrir og Lárus svaraði því að um það væri ekkert að segja.

Guðmundur Svavarsson bað um að veiðidagar 2003 yrðu lesnir upp og var bent á að þeir væru í ársskýrslu formanns fyrir árið 2002.

Guðmundur Kristinsson spurði hvort veiðidagatal væri farið í prentun og spurði hann hvort að ekki væri hægt að merkja veiðidaga í lit.

Eftirfarandi bókun var gerð á fundinum:

„Lárus Einarsson bað um heimild fundarins til að leita samninga við innflytjendur á flotgöllum til að kaupa og niðurgreiða til félagsmanna SJÓR.”

Bókunin var samþykkt.

að lokum var Guðmundur Kristinsson kosinn formaður skemmtinefndar fyrir þorablótið laugardaginn 18. janúar 2003 og verður það haldið í Skipholti 70 eins og venjulega.

Anton sleit fundinum og þakkaði fundargestum fyrir þrúðmannlegan og góðan fund.

Einar Lárusson Fundarritari

Ágæti veiðifélagi

Stjórn Sjóstangveiðifélags Reykjavíkur vill vegna erfiðleika með uppgjör á þorablóti 2002 koma með eftirfarandi reglu. Nefndir á vegum SJÓR verði gert að starfa eftir eftirfarandi reglum. Vörur eða þjónusta skulu keyptar í nafni SJÓR með kennitölu á reikningum, reikningum vegna kaupa eða skila á vörum skal skilað til gjaldkera ekki síðar en viku eftir mót eða skemmtun líkur.

Stjórnin

1. stjórnarfundur SJÓR 06.01. 2003 kl. 20.00

Mættir voru: Einar, Þorsteinn.Lárus og Svavar Forföll boðuðu Þorsteinn Stígs

Dagskrá:

1. Virðisaukaskattmál.

Fyrsta mál á dagskrá var umræða um virðisauka sem kemur til þegar við seljum á fiskmörkuðum. Það hefur ekki tíðkast að greiða virðisaukaskatt af þeim afla sem við höfum verið að veiða. Hér áður fyrr þá var siglt frá Grindavík og veiddist ekki svo mikið á þeim miðum sem þar eru nærri. Mótið var fært á síðast ári til Grundarfjarðar og veiddist mikið. Er hér verið að tala um háar fjárhæðir og eru menn hræddir um að skatturinn fari að setja fingur í þess fjáröflun hjá okkur. Fundarmenn voru inná því að það væri eðlilegt að félagið fengi virðisauka númer og gera uppa vaskinn bæði sem inn og út skatt. Ákveðið var að fela ritara að athuga hvað væri í gangi hjá öðrum félögum í sjóstönginni.

2. Fundargerð aðalfundar 2002

Lárus fór yfir fundargerð aðalfundar sem var sex blaðsíður og fór hann í gegnum alla liði. Mestar umræður á aðalfundinum fór I uppgjör á þorablóti sem haldið var í janúar 2002. Flotgallar voru til umræðu og var samþykkt að Lárus Einarsson formaður leitaði eftir samningum við innflytjendur og yrði þeir niður-greiddir til félagsmanna.

3. Uppgjör þorablóts 2002

Stjórnin ræddi um uppgjör á þorablóti 2002 og Eyvindur Jóhannsson hafði séð um þorablótið og vildu endurskoðendur ekki samþykkja reikninga yfir uppgjör á þorablótinu og voru reikningar félagsins samþykktir með fyrirvara um að stjórn færi í sauma á þessu máli. Umræður urðu um þetta hjá stjórninni og var ákveðið að útbúa bréf sem yrði sent út til allra félagsmanna og settar voru þar reglur um hvernig staði yrði að uppgjöri á skemmtunum fyrir félagið. Uppgjör eiga að vera tilbúin viku eftir að mannamóti líkur og uppgjörið verði sent gjaldkera félagsins. Þorsteinn útbjó yfirlýsingu sem stjórn samþykkti og var ákveðið að senda hana út til félagsmanna. Kosinn var nýr formaður skemmtinefndar og var það Guðmundur Kristinsson sem fékk þann heiður.

4. Heimasíða SJÓR

Ákveðið var að setja upp heimasíðu hjá SJÓR og bauðst Einar Lárusson að hana fyrir okkur vefinn. Kostnaður er óheyrilegur og nauðsynlegt er að hafa upplýsingar um hvað er í gangi hverju sinni hjá félaginu. Var það skoðun stjórnarmanna að það væri mikill styrkur fyrir félagið að koma á heimasíðu eins og mörg önnur félög hafa komið sér upp og nauðsynlegt allir eru með tölvuaðgang heima hjá sér og í vinnu.

5. Önnur mál.

Lárus lagði fram tölvu póst frá Þóri og í því var tundað starf í SJÓL og var þeim félögum falið að sækja um heimild til veiða á árinu 2003 og tillaga að sleppa stærri fiski en gert er í dag er 45 cm. Og vilja menn að farið sé í 50cm, Tillaga er um líka að fiskur verði óslægður áður en komið er með hann að landi. Ýmsar lagabreytingar verða sniðnar til og lagðar fyrir aðalfund SJÓL er haldinn verður í mars. Fundi slitið kl. 22.15

2. stjórnarfundur SJÓR 12.02. 2003 kl. 20:00

Mættir voru: Einar, Lárus, Svavar, Þorsteinn og Finn

Dagskrá

1. Kynntir veiðidagar og innanfélagsmót.

Sjávarútvegsráðuneytið sendi okkur bréf um veiðidaga á árinu 2003. Landsmótið okkar verður 25-26 apríl og innanfélagsmótið 14 júní. Sjávarráðuneytið er búið að úthluta okkur veiði í Grundarfirði. Við erum búnir að fá þessa daga. Það er komið upp óskir að halda mótið í Grindarvík og þar eru miklu fleiri tegundir. Var það samþykkt en Einar var ekki ánægður að flytja þetta frá Grundarfirði nefndi að veður og léleg veiði hefði oft komið niður á félaginu.

2. Flotgallar, tilboð frá Rafbjörg

Það hefur borist tilboð frá Rafbjörg 27 janúar 2003. Formaður sendi fyrirspurn og fékk svar til baka. Eru þetta samfestingar Sundridge Flotgalli og listaverð er kr. 29.900 og ef keyptir eru 20 gallar þá fer verðið í 20.900. Félagsmenn bjóðast kaupa á flotgalla á kr. 10.900,-

3. Uppgjör þorrablóts 2003

Þorrablótsuppgjör hagnaður var á blótinu um 10 þúsund og blótið til fyrirmyndar og fær Guðmundur Kristinsson miklar þakkir fyrir og hans hjálpar hellur. Ákveðið var að senda fána félagsins til þeirra sem gáfu vinninga.

4. Aðalfundur SJÓL 15.03.2003

Er boðaðar að Lækjarbrekku og er hann haldinn í hádeginu og er ákveðið að fara út að borða um kvöldið og félagið greiðir fyrir sinn féлага og hans maka. Kemur tillaga um að hækka framlag til SJÓL. Formaður leggur til að stjórn fylgi honum í mat á Naustinu. Breytingar á lögum SJÓL um að fjölga um einn til setu á aðalfund og fleira verður tekið fyrir á aðalfundinum.

5. Kaup á Ljósritunarvél og skanna

Ákveðið að kaupa Ljósritunarvél frá Bræðrunum Ormson og skanna til að skanna inn myndir. Ákveðið var að kaupa 3 skápa til að setja upp á skrifstofuna og var formanni falið að kaupa þá.

6. Önnu mál .

A Stjórn ákvað að styrkja góðan einstakling til áframhaldandi keppni ef viðkomandi nær góðum árangri í veiðinni næsta sumar. Hefur vantað hvatningu frá félaginu til þess að fá menn til að stunda veiðar af kappi.

B Hvatningaverðlaun vegna nýliða verði tekið upp.

C Ríkharður er með sýningu 22 febrúar í Gerðubergi. Þarf að safna þeim gripum sem hann hefur búið til og er I okkar vörslu.

- D Þórir ritari Ísfríðinga er 50 ára og var ákveðið að gefa honum koníaksflösku í tilefni dagsins.
 - E Fluguhnýtingarfundur ákveðinn 15 mars klukkan eitt.
 - F Dagatalið er I vinnslu og er kominn styrkur uppá 200.000,- og kostnaður kr. 50.000,- sem dregst frá.
 - G Heimasíðan er í vinnslu
 - H Senda bréf til sveitarstjórans í Grundarfirði um ósk félagsins að fá að koma aftur að ári og fá að veiða hjá þeim þetta var gert í fyrra..
 - I Fá nýtt tilboð frá hótélstýru á Framnesi í Grundarfirði í mat og drykk. Kom fram hvað kosturinn á bátana var dýr og ræfilslegur.
- Fundi slitið klukkan 22.40

Haustfundur formanna Sjól 2003.

Dagsetning: 25. október 2003.

Staðsetning: Veitingastaðurinn Lækjarbrekka Reykjavík.

Viðstaddir: Þórir Sveinsson Sjóis, Pétur Sigurðsson Sjóak, Matthías Sveinsson Sjónes, Lárus Einarsson Sjónæ, Svavar Svavarsson Sjór, Böðvar Jóhannesson Sjóskip, Helgi Magnússon Sjósígl og Arnþór Sigurðsson Sjóve.
Formaður Sjól. Þórir Sveinsson Sjóis, setti fundinn og bauð viðstadda velkomna. Fram kom í máli formanns að boðað hefði verið til þessa haustfundar formanna með bréfi dags. 14. október 2003. Stungið var uppá Þóri Sveinssyni Sjóis sem fundarstjóra og Pétri Sigurðssyni Sjóak sem ritara og var tillagan samþykkt samhljóða. Fyrir fundinum lá svohljóðandi dagskrá.

Dagskrá:

1. Reglur um sjóstangaveiði.
 1. slægt eða óslægt 2004, veiðitími, úrskurðir mótastjórna, fundartími dómnefndar o.fl.
 2. Önnur atriði.
2. Veiðin sumarið 2003. Er komið nóg?
3. Önnur mál.
 3. tími aðal- og innanfélagsmóta 2004.
 4. mótið í Grundarfirði, apríl 2003.
 5. afhending Íslandsmeistarabikars.
 6. málefni gagnagrunns Hjól.
 7. félagsgjöld til Hjól.
 8. annað.

Fundarstjóri kynnti fyrir fundarmönnum gögn fundarins og dagskrá. Pétur Sigurðsson gjaldkeri Hjól óskaði eftir því að fá að segja nokkur orð áður en gengið yrði til dagskrár og var það samþykkt. Pétur afhenti fundarmönnum aflaghefti Hjól, þ.e.a.s. samantekt á helstu tölum sumarsins ásamt upplýsingum um helstu styrktaraðila sambandsins. Jafnframt útbýtti hann skipstjórakrökum sumarsins en þeir eru gjöf til aflahæsta skipstjóra í hverju móti, gefnir af Ellingsen, en vegna tafa í bærust þeir ekki fyrir en á haustdögum. Pétur vildi einnig nota þetta tækifæri og þakka þeim aðilum sem lögðu sambandinu lið við veitingu verðlauna í Íslandsmeistarakeppninni, þ.e.a.s. **ICELANDAIR, RAFBJÖRGU, SAMSKIPUM, og OLÍS**. Að þessu loknu var gengið til dagskrár.

1. Reglur um sjóstangaveiði.

1. **Slægt eða óslægt.** Þórir ræddi um reynslu manna af löndun óslægsðs aflaghefti til dagskrár og óskaði eftir afstöðu fundarins um framhald á því fyrirkomulagi. Fulltrúar félaga, þar sem aflaghefti var landað óslægdum í mótum, lýstu mikilli ánægju með fyrirkomulagið jafnframt því að þeir töldu að keppendur hefðu verið mjög sáttir við breytinguna. Fram kom jafnframt að félög þeirra myndu styðja þetta fyrirkomulag áfram. Fulltrúi Sjósígl Helgi Magnússon lýsti því yfir að Sjósígl myndi leggja fram tillögu fyrir næst aðalfund Sjól um að bráðabirgðaákvæði um slægingu yrði framlengt.

2. Þórir Sveinsson Sjófs kynnti tillögu Sjófs sem lagðar verða fyrir aðalfund Sjól um breytingar á gr. 14 og 18 í reglum um sjóstangaveiði. Út úr greinunum falli skáletraður undirstrikaður texti en inn komi feitiletraður texti hér að neðan.

14. gr. Vigtun aflaghefti. Leitast skal við að brúttóvígta aflaghefti hvers veiðimanns sérstaklega áður en að vigtun hefst. Vigta skal allan aflaghefti á löggilta vog. Stærstu fiski skal vigta eins nákvæmlega og hægt er en þó aldrei með minna en tveimur aukastöfum. Ef tveir fiskar eða fleiri af sömu tegund eru jafnstórir skal meðalvigt viðkomandi keppanda reiknuð út og hæsta meðalvigt ráða. Sama skal gera ef tveir eða fleiri keppendur eru með jafnmargar tegundir og skera þarf úr um verðlaun. **Ef tveir eða fleiri keppendur eru með jafnmargar tegundir og skera þarf úr um verðlaun skal heildarvigt stærstu fiski í tegundum viðkomandi keppanda reiknuð út og hæsta heildarvigt ráða verðlaunum.** Allur undirmálsaflí í þeim tegundum þar sem stærðarmörk eru í gildi skal flokkaður frá við vigtun og skráður sérstaklega. Við flokkunina skal nota mælistikur eins og þær sem notaðar eru í viðkomandi móti.

18. gr. Dómnefnd. Mótsstjórn skal skipa dómnefnd sem sker úr ágreinisefnum sem upp kunna að koma á mótinu. Aðildarfélög sem eiga keppendur í mótinu skulu tilnefna fulltrúa sinn í nefndina. Við tilnefningu fulltrúa skal þess gætt að viðkomandi hafi góða þekkingu á lögum og veiðireglum Sjól.

Við mótssetningu skal tilkynna fyrirhugaðan fundartíma og fundarstað . Mótsstjórn er heimilt að takmarka kærufrest þannig að **skrifleg** kærar hafi komið fram eig síðar en einum tíma fyrir auglýstan fundartíma dómnefndar. Rita skal fundargerð á fundum dómnefndar og skila fundargerðinni til stjórnar Sjól. Komi ekki fram kæra skal mótsstjórn við mótslit tilkynna að engin kæra hafi borist í mótinu og teljist mótið þar með löglegt.

3. Nokkrar umræður urðu um 18.gr. og komu þar m.a. fram hugmyndir um að breyta greininni þannig að dómnefndin verði virkar á mótum t.d. með því að dómnefnd kæmi saman á hverju móti, formaður dómnefndar yrði skipaður sérstaklega í upphafi móts og sæi um að kvitta út mótið á lokahófi. Fundarstjóri minnti menn á að ef þeir teldu þörf á að breyta greininni yrðu þeir að leggja frá tillögur þar um og senda út til allra félaga ekki seinna en 30 dögum fyrir aðalfund Sjól sem haldinn skal á tímabilinu janúar-apríl ár hvert.
4. Umræður urðu um 13.gr. um öryggismál keppenda t.d. hífingu á kórum upp úr bátum, að mótsstjórn hverju sinni sæi til þess að viðunandi búnaður sé notaður við hífingu kara (krókar, öflugar stroffur) skoda skildi tryggingarskilmála með tilliti til þessara hluta, tryggja það að skjöl sem tengjast skipstjórum séu með í skipstjóraumslagi svo sem ljósrit af tryggingarskírteini og leyfi Fiskistofu fyrir mótshaldi.
5. Fundarstjóri óskaði eftir álitu fulltrúanna um reynslu á breytingu þeirri sem gerð var á 15. gr. reglana um sjóstangaveiði og gildi á s.l. sumri. Það var samdóma álit fundarmanna að þessi breyting hefði orðið til góðs og eitt að mest þeim álitamálum sem oft kom upp í sambandi við sveitakeppni.
6. Pétur Sigurðsson boðaði tillögu frá Sjóak um breytingu á 15. gr. reglana um sjóstangaveiði þar sem inn í greinina yrði sett ákvæði um lágmarksverðlaun sem veitt eru á hverju móti, þá sérstaklega um aflaverðlaun í einstaklingskeppni að alltaf verði veitt verðlaun fyrir 1-2 og 3 sæti.

2. **Veidiin sumarið 2003. Er komið nóg?**

Þórir kynnti aflaskýrslur fyrir sumarið 2003 og samantektir síðustu 7 ára. Í skýrslunum kemur fram að heildarafli hafi aukist frá árinu 1997 - 2001 með aukinni fiskigengd á grunnslóð og fjölgun keppenda. Afli árána 2001 - 2003 væri hins vegar mjög svipaður, þannig að ákveðið jafnvægi sé á veiðinni. Skýrslurnar voru ræddar frá ýmsum hliðum og kom m.a. fram að afli á síðasta sumri hefði dregist saman á 5 mótum af átta.

3. **Önnur mál.**

a. **Veiddidagar 2004.**

Fundarmenn lögðu fram tillögur félaga sinna að mótsstað og veiðidögum

fyrir sumarið 2004. Engar athugasemdir komu fram um tillögurnar og teljast þær því samþykktar og eru eftirfarandi:

Félag	Aðalmót	Dags	Innanfélagsmót	Dags.	
Sjór	Grundarfjörður	13-15.05. 04	Grundarfjörður	26.06, 04	
Sjóve	Vestmannaeyjar	28-30.05.04	Vestmannaeyjar	04.09.04	
Sjónes	Neskaupstað	03-05.06.04	Neskaupstað	08.05.04	
Sjóskip	Akranes	17-19.06.04	Akranes	08.05.04	
Sjóís	Bolungarvík	01-03.07.04	Bolungarvík	22.05.04	
Sjósigl	Siglufjörður	29-31.07.04	Siglufjörður	12.06.04	
Sjóak	Dalvík	12-14.08.04	Grimsey	26.06.04	

Mótið i Grundarfirði, apríl 2003.

Þórir lagði fram fundargerð stjórnar Sjól frá 25.05.2003 vegna skráningar afla í móti Sjór í Grundarfirði sem fram fór 25.-26. apríl síðastliðinn. Hann fór yfir málið frá sjónarmiði stjórnar Sjól og kom m.a. fram að stjórnin gæti ekki sætt sig við að mótstjórn breytti úrslitum móts án þess að dómnefnd væri kölluð saman eða fram kæmu gögn sem sönnuðu að mistök hefðu átt sér stað. Í umræðum um málið kom fram að fundarmenn teldu þetta vera atvik sem læra mætti af. Full ástæða væri til að brýna fyrir mótstjórnnum að vanda vinnubrögð við mál af þessu tagi og breyta ekki úrslitum nema fram komi staðfestar upplýsingar sem sanni að mistök hafi átt sér stað. Eins töldu fundarmenn að við meðferð slíkra mála skyldu mótstjórnir og dómnefndir gæta fyllsta hlutleysis þannig að í umfjöllun verði ekki spurt hver teldi að brotið hefði verið á sér heldur hvernig. Æskilegt sé að mótstjórnir hafi gott aðgengi að dómnefndarúrskurðum sem fallið hafa á undanförunum árum þannig að þau fordæmi sem til eru séu nothæf til viðmiðunar.

b. Afhending íslandsmeistaraverðlauna 2003.

Fundarmenn voru ánægðir með hvernig til tókst og fékk Þórir Sveinsson formaður Sjól hrós frá fundarmönnum. Almennur vilji félaga er fyrir því að hafa þetta með sama hætti að ári.

c. Gagnagrunnur/Safngrunnur.

Fundarmenn töldu að afláuttreikningskerfið hafi unnið betur í sumar en á síðasta ári. Þó hafi of margir hnökrað verið á sem sníða þarf af fyrir næsta sumar. Þar má nefna skráningu nýrra félaga inn í safngrunninn, að fella niður fastnúmerakerfið og nota kennitölur þess í stað, að sá möguleiki sé fyrir hendi að prenta beint út úr félagaskrá safngrunnsins límmiða til útsendingar og að ný útgáfa gagnagrunnsins verði send í

upphafi tímabils til allra félaga þannig að félögin hafi lengri tíma til að prófa kerfið. Fram kom að heimasíða Sjól hafi verið sett upp í vikunni og sé í vinnslu. Samþykkt var að fela gjaldkera Sjól Pétri Sigurðssyni að sjá um samskipti við Kristian Guttesen varðandi heimasíðuna og aflaútreikninga kerfið. Því var síðan beint til fundarmanna, að ef þeir hefðu einhverjar ábendingar um uppsetningu heimasíðunnar eða annað sem lýtur að samstarfinu við Guttesen, að senda Pétri upplýsingar um slíkt í tölvupósti petur@solrun.is eða kolfinna@nett.is

d. Félagsgjöld til Sjól.

Fram kom að félagsgjöld til Sjól er 500 kr. á hvern félag aðildarfélaganna. Stjórn Sjól innheimtir síðan þjónustugjald, jafnhátt af hverju félagi, til að standa straum af kostnaði vegna trygginga, gagnagrunns, safngrunns, heimasíðu og aðra þá þjónustu sem Sjól veitir aðildarfélögum. Áætluð upphæð þjónustugjalds fyrir árið 2003 er 25.000 kr. Pétur gjaldkeri Sjól upplýsti að fjárhagur Sjól væri í jafnvægi og áleit fundurinn að núverandi fyrirkomulag væri sanngjarnt.

e. Skipan stjórnar.

Þórir upplýsti að stjórnarmaður í stjórn Sjól hefði forfallast síðast liðið sumar og hafi ekki starfað í stjórninni frá þeim tíma. Í lögum Sjól er ekki ákvæði um kosningu varamanna sem taki sæti í stóm ef kjörnir stjórnarmenn forfallast eða geta ekki sinnt starfi sínu í stjórn.

Fundurinn samþykkti að fela stjórn Sjól að leggja fram tillögu að lagabreytingu fyrir næsta aðalfund þar sem kjör varamanna verði framvegis hluti af aðalfundardagskrá. Fundurinn telur að eðlilegast sé að varamenn komi úr sömu félögum og aðalmenn þannig að auðveldar sé að koma gögnum og upplýsingum á milli aðalmanns og varamanns.

f. Tegundaveiði.

Matthias Sveinsson Sjónes ræddi um tegundaveiði og tíma til hennar, hvort ástæða væri til að setja ákvæðinn tíma í hverju móti til slíkrar veiði eða ekki. Engar ákvæðnar tillögur komu fram í þessu sambandi en í umræðum um málið kom fram óánægja með það hvernig sumir veiðimenn, sérútbúinir til tegundaveiða, gætu fengið skipstjóra til að eyða miklum tíma í slíkar veiðar, jafnvel í óþökk annarra keppenda um borð. Einnig komu fram þau sjónarmið að setja ætti í veiðireglur ákvæði um að mótsstjórnnum væri heimilt að setja takmarkaðan tíma í sínu móti til tegundaveiði.

Fleira ekki rætt. fundi slitið kl 16.10.

Fundarritari
Pétur Sigurðsson.

Fréttabréf SJÓR janúar 2003

Gleðilegt ár kæru veiðifélagar SJÓR. Nú sendi ég ykkur hér ársskýrslu SJÓR 2002 og félagatal.

Seinkun á skýrslunni er vegna uppgjörs þorrablóts, en samkvæmt ákvörðun stjórnar ætlum við að una því ófullgerðu. Í Ljósi þessara atburða hefur stjórnin samið vinnureglur fyrir félag SJÓR er gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið. Samþykkt þessi fylgir ársskýrslunni.

Nú styttist í þorrablótið **18. janúar í Skipholti 70** og mun formaður skemmtinefndar, Guðmundur Kristinsson senda nákvæma verklýsingu út fljótlega.

Eftir þorrablótið hefst undirbúningur fyrir **fyrsta mót sumarsins í Grundarfirði 25. og 26. apríl** sem haldið er af SJÓR. Vandað verður til mótsins. Að venju munum við halda námskeið í fluguhnýtingum, námskeið í að taka á móti verðlaunum svo og ýmsu öðru er lýtur að sjóstönginni.

Dagatalið okkar er í vinnslu og verður mun vandaðara nú því fleiri styrktaraðilar eru með okkur við gerð dagatalsins. Verður það sent út þegar það er tilbúið.

Félagsmenn eru hvattir til að lesa um þá möguleika er þeir eiga í formi styrkja á mót og í kaupum á göllum. Því svo segir mér hugar að innan fárra ára verða veiðimenn skyldaðir til að vera í flotgöllum á mótum SJÓL.

Félagið stefnir að því að kaupa góða Ljósritunarvél fljótlega, en ef einhver veit um „einmanna tölvu“ er pláss fyrir hana í Skeljanesi.

Vefsíða SJÓR er í vinnslu og verður vonandi komin á skjáinn fyrir fyrsta mót í apríl. Ef félagsmenn eiga myndir eru þeir hvattir til að hafa samband við Einar Lárusson í síma 849-9123 eða með tölvupósti ainar01@ru.is.

Aðalfundur SJÓL verður 9. mars, ef það er eitthvað sem félagar SJÓR vilja að komi á þann fund láti formann vita skriflega.

AÐALFUNDUR SJÓR 04. desember 2003

Fundurinn var haldinn á Hótel Loftleiðum 4. desember 2003 kl. 20.00. og fundinn sátu Svavar Svavarsson, Anton Örn Kærnested, Þorsteinn E. Einarsson, Birkir Þór Gunnarsson, Róshildur Stefánsdóttir, Björn Karlsson, Eyvindur Jóhannsson, Smári Jónsson, Finn Hansen, Edda Klemenz, Ellen Maja Tryggvadóttir, Þorseinn Stígsson, Erlingur Björnsson, Páll Jörundsson, Ólafur Ólafsson, Reynir Brynjólfsson, Friðleifur Stefánsson, Guðmundur Jónsson, Kristinn Grétarsson, Guðmundur Svavarsson, Guðmundur Kristinsson, Bjarni Garðarsson, Einar Stígsson.

Dagskrá

1. Fundur settur.
2. Kosning fundarritara.
3. Lesin upp fundargerð síðasta aðalfundar.
4. Skýrsla formanns.
5. Reikningar félagsins lesnir upp og skýrðir.
6. Umræður um skýrslu formanns og reikninga félagsins.
7. Fundarhlé.
8. Lagabreytingar.
9. Kosning formanns.
10. Kosnir fjórir í stjórn.
11. Kosnir tveir í varastjórn.
12. Kosning endurskoðenda.
13. Árgjöld og veiðistyrkir ákveðnir.
14. Önnur mál.

1. Fundur settur.

Einar Stígsson setti fundinn í fjarveru formanns Lárusar Einarsson, Einar stakk uppá Antoni Erni Kærnested sem fundarstjóra og voru fundarmenn sammála þeirri ákvörðun.

2. Kosning fundarritara.

Stungið var uppá Svavari Svavarssyni sem fundarritara og var það samþykkt með lófataki.

3. Lesin upp fundargerð síðasta aðalfundar.

Svavar Svavarsson las upp fundargerð síðasta aðalfundar 2003. Fundargerðin var borin undir atkvæði og var hún samþykkt.

4. Skýrsla formanns.

Einar Stígsson varaformaður Sjór las upp það markverðasta sem gerðist á starfsárinu 2003. Átta mót voru haldin á sumrinu 2003 og unnu Sjór félagar til verðlauna á fimm mótum. Til keppni á Íslandsmeistarar móti á sumar komst Guðmundur Kristinsson næst í 14 sæti og Erlendur Guðjónsson í það 15. Þorsteinn Jóhannsson Sjósígl varð hlutskarpastur í karlaflokki með 750 stig. Sigurbjörg Kristjánsdóttir Sjósnae varð íslandsmeistari kvenna með 735 stig. Innanfélagsmót var haldið í Grindavík og voru 44 keppendur skráðir til keppni. Á öllum mótum hjá Sjól nema einu má koma með óslægðan fisk að landi. Má segja að minni slysaætta sé um borð og hreinlæti sé miklu meira fyrir vikið. Lárus Einarsson var aðalhvatamaður að koma þessu á og fær hann þakkir skildar

fyrir það. Nokkrar skemmtanir voru haldnar á síðasta starfsári. Jólafundur var haldinn í Skeljanesi og boðið var uppá léttar veitingar. Þorrablótið var haldið 18. janúar 2003 og fær Guðmundur Kristinsson miklar þakkir fyrir sína framgöngu á þeirri skemmtun og tókst hún með miklum ágætum. Guðmundur sá líka um Veididagatalið fyrir Sjórn og var það rekið með hagnaði. Finn Hansen sá um Fluguhnýtinga dag Sjórn sem haldin var í félagsaðstöðu okkar í Skeljanesi og var góð mæting. Legsteinn var keyptur á leiði fyrrverandi formanns Sjórn Jónas Þór Jónassonar. Ýmis tæki og tól voru keypt á árinu, má það helst nefna hillur,tölvuvog, skanna, hleðslutæki og ljósritunarávél. Heimasiða félagsins var sett á laggirnar á árinu og ákveðið var að Birgir Ævarsson muni sinna þessari síðu fyrir okkar á komandi ári. Keyptir voru 23 flotgallar á félagsmenn og bauðst félagsmönnum að kaupa gallanna með helmings afslætti.

Gunnar Þorsteinsson annar endurskoðandi félagsins setti útá reikninga félagsins. Í fyrsta lagi með fyrirkomulag stjórnar varðandi endursölu á flotgöllum. Fannst honum að það hefði átt að liggja fyrir hverjir hefðu átt rétt á kaupum á flotgöllum. Enginn listi lá fyrir um hverjir ættu rétt á þessu og hver skilyrðin væru fyrir kaupum á galla. Í öðru lagi setti hann útá reikning frá Hótel Framnesi var engin sundurliðun á reikningi um veitingar. Og vildi hann ekki skrifa undir reikningana vegna þessa, vildi hann fá skýringar á þessu þáttum. Ekki náðist að vinna í þessum málum vegna þess að endurskoðandinn var ekki á landinu á þessum tíma til að taka við þeim athugasemdum sem hann hafði sett útá.

5. Reikningar félagsins lesnir upp og skýrðir.

Gjaldkeri félagsins Þorsteinn Einarsson las upp rekstrarreikning 2003 og efnahagsreikning fyrir starfsárið sem var að ljúka. Sagði Þorsteinn að endurskoðendur Sjórn hefðu ekki viljað skrifa uppá reikninga félagsins. Birgir Ævarsson hafði ekkert útá reikningana að setja en Gunnar Þorsteinsson var ekki sáttur við tvennt í reikningum félagsins.

6. Umræður um skýrslu formanns og reikninga félagsins.

Guðmundur Kristinsson var ekki sáttur með framsetningu á ársreikningnum. Hann taldi sig hafa skilað Þorrablóti Sjórn með hagnaði en ekki með tapi. Taldi sig hafa skilað kr. 16.000,- í hagnað. Þorsteinn svaraði því til að reikningur hafði komið vegna leigu á posa og fleira hafi komið til. Birgir Þór Gunnarsson las upp reikning á Grundarjarðarmóti Sjórn vegna veitinga á bar. Hafði reikningurinn hljóða uppá kr. 35.150,- sem er ekki rétt hafði átt að lækka um 18.000,- hafði verið lagt rangt saman af hóteltýru, reikningur hljóðar því uppá kr. 21.150,- Kemur lækkuin til greiðslu á móti reikningum á næsta móti Sjórn í Grundarfirði. Þorsteinn svaraði því til að skipstjórum og fleirum hefði verið boðið uppá drykk á barnum. Nokkrum var boðið á ballið eins og einum blaðamanni sem gisti á hóteli-

inu og líka þeim sem sáu um prentunina fyrir okkur á mótsgögnum. Anton Örn Kærnested taldi það ekki gott hjá stjórn félagsins að reikningar félagsins skulu ekki verða undirritaðir af endurskoðendum félagsins. Er þetta annað árið í röð sem það gerist. Þorsteinn Einarsson sagðist aldrei hafa lent í öðru eins rétt vika í mót og ekkert var búið að gera. Ekki var búið að semja við hótélhaldarar og ekki var búið að fá báta til veiða. Það voru áttatíu manns búnir að skrá sig til keppni og ekkert var tilbúið. Birkir og Þorsteinn fóru í að redda því sem eftir var að gera og var það mikið. Ekki var búið að semja um verð á gistingu og allt var í lamasessi. Þetta hafðist á endanum og kennir okkur að margar hendur vinna létt verk saman. Einn maður má ekki vera með allt á sinni könnu, við verðum að skipta á milli okkar verkefnum. Þorsteinn Stígsson taldi að stjórn ætti að ráða því hverjum þeir bjóða uppá drykk eða eitthvað annað vegna vinnuframlags eða eitthvað álíka. Guðmundur Kristinnsson talaði um dóm-greindarleysi stjórnar í sambandi við reikninga félagsins. Anton Örn Kærnested bar upp skýrslu stjórnar og var hún samþykkt. Reikningar félagsins verða lagðir fyrir endurskoðendur og mun stjórn fara yfir þá með þeim. A þessu að vera lokið fyrir 20.01.2004 og þurfa skýringar að liggja fyrir á þeim tíma.

7. Fundarhlé.

8. Lagabreytingar.

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

9. Kosinn formaður

Ein tillaga lá fyrir um formann og var Þorsteinn Einarsson kosinn formaður félagsins fyrir næsta starfsár.

10. Kosnir fjórir í stjórn.

Þorsteinn Einarsson lagði til að stjórn yrði skipuð eftirfarandi. Sigurður Erlendsson, Guðmundur Kristinnsson, Gilbert G. Guðbjörnsson og Svavar Svavarsson.

Var það samþykkt með lófataki.

11. Kosnir tveir í varastjórn.

Fjórir félagar sóttust eftir að vera kosnir í varastjórn. Voru það Smári Jónsson, Birgir Ævarsson, Finn Hansen og Guðmundur Svavarsson. Kosning fór fram og niðurstaðan er eftirfarandi. Finn fékk 16 atkvæði, Guðmundur fékk 15 atkvæði, Smári fékk 12 atkvæði og Birgir fékk 3 atkvæði. Finn Hansen og Guðmundur Svavarsson eru rétt kosnir í varastjórn Sjór.

12. Kosning endurskoðenda.

Stungið var uppá Þorsteini Stigssyni og Gunnari Þorsteinssyni og var það samþykkt. Til vara Einar Kristinsson.

13. Árgjöld og veiðistyrkir ákveðnir.

Stjórn Sjórs leggur til að árgjaldið verði kr. 5000,- fyrir árið 2004. Varð það samþykkt af meirihluta fundarmanna.

Stjórn Sjórs lagði fram tillögu fyrir fundinn um að veita ferðastyrk kr. 5000 - á innanfélagsmót Sjórs. Félagið greiðir 3 mótsgjöld á árinu 2004 fyrir félagsmenn. Skilyrt er að félagsmaður er skuldlaus við félagið og mæti á innanfélags- eða aðalmót Sjórs 2004.

Var tillagan samþykkt af meirihluta fundarmanna.

14. Önnur mál.

Nýr formaður Sjórs Þorsteinn Einarsson þakkar fundarmönnum fyrir það traust sem félagsmenn sýni sér með kosningunni. Formaðurinn minnti félagsmenn á Jólafund Sjórs 12. desember kl. 20.00 á Skeljanesi. Boðið verður uppá léttar veitingar. Hvataferð verður farin í vor með Húna frá Hafnarfirði er þessi veiðiferð hugsuð til þess að stilla saman strengi og prufa veiði græjurnar okkur fyrir sumarið.

Birkir Þór Gunnarsson óskaði nýjum formanni til hamingju með kjörinu og nýrri stjórn líka. Birki sagði frá því að þorablótið ætti að vera að Skipholti 70, hafði misritast í útsendu bréfi. Átti að skila kærri kveðju til okkar frá Katrínu Hreinsdóttur ekkju Jónasar Þórs Jónassonar heitins fyrrverandi formanns Sjórs. Félagið lét útbúa legstein á leiði Jónasar með fengnu samþykki aðstandanda hans. Tveir menn meiddust á aðalmóti okkar í Grundarfirði. Annar meiddist á fæti og hinn var sendur í makaferð sem var í boði Sjórs. Birkir sagði að tvær konur hefðu komið að máli við sig og kvartað yfir dónaskap eins félaga úr Sjórs. Hafði hann verið drukkin og með ljótan munnsöfnuð. Birkir sagðist hafa ávítað þennan einstakling. Birkir var í mótsstjórn á síðasta móti og sagðist ekki hafa verið sáttur við framgöngu Guðmundar Svavarssonar í verðlaunaafhendingu á mótinu í Grundarfirði. Guðmundur hafði neitað að taka við bikar um aflaghæsta félaga í Sjórs. Guðmundur hafði tekið við þessum bikar á afmælimóti Sjórs í Grindarvík 2001. Nokkrum dögum eftir mótið þá hafði bikarinn verið tekinn af honum, Var það gert vegna þess að hann hafði gert að tveimur fiskum við bryggju og það er bannað samkvæmt öllum reglum og með þessu þá hafði heildarþungi lækkað hjá honum. Við þetta þá missti hann af verðlaunasæti. Sigurður Hávarðarson var veittur Þorskurinn sem er útskorinn að okkar heiðursfélaga Ríkarði Ingibergssyni. Guðmundur Svavarsson sagðist ekki hafa verið sáttur við hvernig verðlaunin voru tekin af sér. Hefði hann fengið leyfi til þess að

gera að þessum fiskum við bryggju Anton Örn sagðist hafa séð tvo menn gera að við bryggju og tilkynnt það til rétttra aðila. Ekki var komist að neinni niðurstöðu vegna þessa máls. Einar Stigsson þakkaði fyrir sig og óskaði hinni nýju stjórn velfarnaðar í starfi á komandi ári. Anton Örn áréttaði með reikninga félagsins að þeir yrðu að vera undirritaðir að endurskoðendum félagsins og ítrekaði það til stjórnar enn og aftur. Hann sleit síðan fundinum og þakkið fyrir málefnalega umræðu.

Fundi slitið kl. 21.55 Svavar Svavarsson fundaritari.

1. Stjórnarfundur Sjór haldinn á kaffihúsi í Kópavogi 3. janúar 2004 kl. 10.00

Mættir. Þorsteinn Einarsson, Guðmundur Kristinsson, Sigurður Erlendsson og Svavar Svavarsson. Gilbert boðaði forföll.

1. Stjórn skipti með sér verkum. Þorsteinn formaður Sjór ætlaði að tala við Gilbert hvort hann væri tilbúinn að taka að sér varaformanninn. Svavar verður ritari, Guðmundur verður gjaldkeri og Sigurður verður meðstjórnandi.
2. Þorablótsnefnd.
Guðmundur Kristinsson bauðst til að taka að sér þorablótið eins og hann hafði gert á síðasta ári og ætlaði að kalla til félaga til hjálpar. Guðmundur lagði fram gögn frá síðasta þorablóti og var allt til fyrirmyndar í sambandi við síðasta blót.
3. Afmæli Sjóak.
Sjóak verður 40 ára 16 janúar. Þorsteinn hafði fengið boðskort á afmælishátíð Sjóak 17. janúar 2004 hátíðin verður haldin í félagsheimili á Árskógi Árskógströnd. Stjórnin ákvað að senda Þorstein og konu hans fyrir okkar hönd og greiðir félagið kostnað sem hlýst af gistingu og ferðakostnaði. Formaðurinn ætlaðar að tala við Gallerí Tinu í Grundarfirði vegna gjafir fyrir Akureyringana. Má gjöfin kosta allt að 25. þúsund krónur.
4. Mótastjórn á sumri komanda.
Stjórnin ásamt góðum félögum frá Sjór þeim Birki, Elínu og fleirum verði kallaðir til við skipulagningu á mótum sumarsins. Guðmundur Kristinsson ætlaði að sjá um að nestismálin verði á hreinu. Mikið hefur verið kvartað yfir hvað nestið er litíð og ræfilslegt á síðustu mótum. Svavar ætlar að sjá til þess að skráning á aflatölum verði í góðu lagi og ætlar hann að kalla til hönnuð kerfisins hann Guttiesen frá Akranesi til þess að sjá um að skráning fari rétt fram á okkar móti.

Björgunarvesti þurfa að vera til staðar í öllum þeim bátum sem við keppum á í sumar við verðum að hafa þessa hluti í lagi.

5. Fluguhnýtingar og veiðidagatal.

Stjórnin ætlar að fá Finn Hansen til að sjá um að halda sýnikennslu í fluguhnýtingum laugardaginn 17. apríl 2004. Finn hefur áður séð um þetta fyrir okkur og hefur verið góð þátttaka frá okkar félögum. Félagar hafa verið ánægðir með framtakið og hafa margar veiðilegar flugur litið dagsins ljós á þessum degi. Guðmundur lagði fram veiðidagatalið 2004 til skoðunar stórglæsilegt að vanda og má áætla að tekjur félagsins af dagatalinu séu 275.000,- Nokkrir nýir styrktaraðilar eru á dagatalinu að þessu sinni. Þeir sem styrkja okkur eru Húsasmíðjan, Ellingsen, Rafbjörg, Appel umboðið, Loftorka Reykjavík og Steypustöðin.

6. Hvataferð 1. maí.

Þorsteinn ætlar að tala við Ella lúðubana vegna fyrirhugaðar hvataferðar Sjór þann 1. maí 2004. Þessi ferð er skemmtiferð og er ætlunin með henni að þjappa veiðifélögum saman á komandi veiðiári og leifa mönnum að prufa græjurnar fyrir átök sumarsins. Stjórnarmenn voru sammála að félagar greiddu hluta kostnaðar af þessari ferð.

7. Önnur mál.

- a) Stjórn skipti á milli sín félagatalinu og hringi út til félagana hvort þeir ætli sér að vera virkir á komandi veiði ári. Það vantar líka netföng og símanúmer á listann Stjórnarmenn þurfa að vera búnir að hringja út fyrir 8 janúar og koma breytingum til Þorsteins formanns sem ætlar að tengja listann saman.
- b) Gjaldkerfi Sjór tilkynnti að hann hafði lokað reikningum hjá Íslandsbanka og fær viðskipti yfir til SPRON og hefði stofnað tékkareikning með góðum innlánsvöxtum. Númer reiknings væri 1158-26-130 og hefðu ýmis fríðindi fylgt í kjölfarið eins og frí tékkhefti og afsláttur af giró svo eitthvað sé upptalið.
- c) Þorsteinn upplýsti að endurskoðandi félagsins Gunnar ætlaði að líta yfir reikninga félagsins og koma með athugasemdir til Antons ef einhverja verða. Birgir í Rafbjörg er líka endurskoðandi og ætlar hann að líta yfir þetta líka.
- d) Guðmundur spurðist fyrir um hver hafði séð um prentun á bréfsefni og umslögum. Fundarmenn töldu að Anton ætti að vita eitthvað um málið. Guðmundur ætlaði að láta prenta kvittanahefti með númerum fyrir félagið svo hægt verði að gefa út löglega reikninga fyrir greiðslum. Voru fundarmenn ánægðir með það.
- e) Svavar taldi rétt að lista upp allt sem við eigum að tækjum og tólum hjá félaginu. Guðmundur ætlar sér að ganga í það mál fyrir félagið að lista upp allt sem við eigum verðmætt.

- f) Guðmundur reyndi að skipta um skrá þar sem við erum með okkar aðstöðu í Skerjafirðinum en hafði ekki tekist. Reynt verður að fá Lárus til þess að skila inn lykklum sem hann er með. Til eru 4 flotgallar og verða þeir seldir til félagsmanna og eru komnir kaupendur að þeim.

Fundi slitið kl. 11.20

2. Stjórnarfundur Sjór haldinn í Skipholti Reykjavík 9 janúar 2004 kl. 12.00

Mættir voru: Finn Hansen, Þorsteinn Einarsson, Gilbert O Guðjónsson, Guðmundur Kristinsson og Svavar Svavarsson

1. Sonur Birgis í Ratbjörg ætlar að halda úti netsíðu fyrir Sjór. Stjórnin samþykkti að fá kostnaðaráætlun vegna fyrirhugaðar heimasíðu félagsins og ákveða síðan í framhaldi á því hvort að við höldum úti heimasíðu Sjór. Guðmundur ætlar að greiða eldri skuld sem er vegna leigu á léninu. Erum við að greiða mánaðarlega af því.
2. Stjórnarmenn skiptu á milli sin nafnalista félagsins. Tilgangur með því var að fá nýjustu upplýsingar frá félögum um breytingar á þeirra högum. Félagsmenn voru spurðir hvort þeir ætluðu sé að vera áfram í félaginu. Guðmundur ætlaði að senda út veiðidagatal og upplýsingar um þorrablót Sjór sem haldið verður 17. janúar 2004 í Skipholti.
3. Ákveðið var að félagar í Sjór myndu hittast 27. mars 2004 og fara yfir veiðihjól og stangir fyrir komandi sumar. Ákveðið var að hittast hjá Einari Kristinssyni að Birkihvammi 17 í Kópavogi. Reynt verður að fá Gunnar Þorsteinsson til þess að vera til skrafs og ráðagerða um veiðibúnaðinn.
4. Svavar og Þorsteinn munu setja saman nafnalista félagsins og prenta út límmiða svo hægt verði að sendi félögum póst og fleira.
5. Þorsteinn ætlaði að tala við listakonurnar í Tinu í Grundarfirði um gjöf fyrir 40 ára afmæli Sjóak. Formaðurinn ætlar að mæta fyrir okkar hönd norður í afmælið sem haldið verður á sama degi og þorrablótið okkar.
6. Fá tilboð í lokahóf innanfélagsmót Sjór 26 júní í Grundarfirði. Uppi er hugmynd frá formanninum að breyta til og halda lokahóf í Stykkishólmi og fá tilboð frá Sæferðum í heildarpakka fyrir lokahófið. Hugmynd er í gangi að halda lokahófið á sjó. Sæferðir sérhæfa sig í að sigla með ferðamenn um Breiðafjörðinn.
7. Það eru fjórir flotgallar sem félagið á og þarf að selja þá til félagsmanna.
8. Haft var samband við Ella vegna hvataferðar Sjór í vor og ætlaði hann að fá tilboð frá eiganda Húna í veiðiferðina. Hugmynd með þessari ferð er að stilla saman strengi og sjá hvort að veiðigræjur virka sem skildi.

9. Endurskoðendur félagsins Gunnar og Birgir ætlaða að skila af sér reikningum félagsins endurskoðuðum 20 janúar 2004.
10. Guðmundur upplýsti stjórnarmenn að allt væri að smella saman með þorrablotið sem haldið verður 17. janúar 2004. Stuðgæjar munu spila fyrir dansi og leynigestur kemur og treður upp. Óskaði Guðmundur eftir að stjórnarmenn væru duglegir að fá happdrættisvinninga fyrir happdrættið. Gilbert, Svavar, Finn og Þorsteinn ætluðu að finna eitthvað til og gefa til góðs málefnis.

Fundi slitið kl. 13.00

3. Stjórnarfundur Sjór haldinn á BSÍ Reykjavík 25. febrúar 2004 kl. 19.00

Mættir voru: Þorsteinn Einarsson, Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Finn Hansen, Gilbert Ó Guðjónsson og Svavar Svavarsson sem ritaði fundargerð. Sigurður boðaði forföll.

1. Uppgjör bókhalds frá 2003.

Endurskoðendur félagsins komu með 6 athugasemdir um bókhald félagsins fyrir árið 2002-2003. Farið var í gegnum þær athugasemdir lið fyrir lið og var ákveðið að funda nánar um svör vegna þeirra. Vildi Guðmundur Kristinsson láta bóka að hann væri ekki sáttur við að menn væru á einkaflippi í vındrykkju á kostnað félagsins. Taldi hann að þeir sem áttu þarna hlut í máli ættu að endurgreiða sinn hlut. Þorsteinn svaraði því til að þeir aðilar sem þáðu drykki á barnum hefðu verið í vinnu fyrir félagið og þetta hefði verið þakklætisvottur frá félaginu fyrir vel unnin störf á aðalmóti Sjór í Grundarfirði. Hann hefði tekið þessa ákvörðun fyrir hönd félagsins í fjarveru formanns.

2. Verðlaun á aðalmóti í Grundarfirði.

Umræða var um fjölda verðlaunagripa fyrir árið 2004. Töldu fundarmenn að rétt væri að hafa sama hátt á eins og undanfarin ár að skipta við listakonur í Grundarfirði. Talið var að það þyrfti að búa til 20 verðlaunagripa fyrir 2004 og skiptast þau þannig að 8 eru litli 8 eru meðalstór og 4 eru stór.

3. Aðalfundur Sjól í mars 2004.

Guðmundur taldi að það mætti fækka önglum úr þremur í tvo en vera áfram með pilk og öngul á sama færi. Töldu fundarmenn að veiðin þurfi að vera stillt í hóf, töldu menn að of mikið hefði verið veitt á sumum mótum í sumar og mun það koma okkur um koll síðar. Ekki megum við slæmu umtali.

4. **Senda þarf út greiðsluseðil fyrir árgjald** 2004 og upphæðin er kr. 5000,- og gjalddagi 1 apríl 2004 og eindagi 15. apríl 2004. Senda þarf með samþykkt aðalfundar frá 4. desember 2003. Veita kr. 5000,- í ferðastyrk á innanfélagsmót Sjórs. Sjórs greiðir 3 mótsgjöld á árinu 2004 fyrir félagsmenn. Skilyrt er að félagsmaður er skuldlaus við félagið og mæti á innanfélags- eða aðalmót Sjórs 2004.
5. **Önnur mál**

Tala á við Ella með að fá tilboð í hvataferðina 1 maí hjá Sjórs. Samband verður haft eiganda Húna með tilboð í ferðina.

Þorsteinn ætlaði að fá tilboð í gistingu og veitingar frá Hótel Framnes og koma með það á næsta fund.

Guðmundur Kristinsson sagðist hafa gengið frá greiðslu við Netlist ehf. sem mun útbúa fyrir okkur heimasíðu Sjórs. Hljóði reikningur frá fyrirtækinu uppá kr. 174.300,-

Guðmundur sagði að tap hefði verið á þorablóti félagsins kr. 30.915 og má segja að 11 frímiðar stjórnar og tengdra aðila muni þar miklu um. Breyta verður þessu fyrirkomulagi á næsta ári.

Fundi slitið kl.20,30

Reykjavík 4. mars 2004

Athugasemdir frá Endurskoðendum Sjórs vegna ársreiknings 2002–2003 og skýringar stjórnar á þeim liðum.

1. **Samkvæmt bókhaldi er til sjóður kr. 5.840.- ber að færa hann á banka-reikning.** Þessi fjárhæð er tilkomin vegna afganga á vínföngum frá þorablóti 2002 og formaður nefndarinnar mat birgðir afgangna með þessum hætti. Þarf að færa þessa fjárhæð út úr sjóði og mætti þetta færa á risnu. Vínföngin eru ekki til staðar í dag og ekkert fæst fyrir þau.
2. **Bókhaldið sýnir að keyptir voru 20. stk. Flotgallar, en seldir 17, mismunur eru 3 gallar.**

Rétt er að seldir hafa verið 16 gallar og eftir eru 4 gallar. Sjórs er búinn að greiða þessa 20 galla og hafa fengið greiðslu frá 16 einstaklingum og er kominn með kaupendur að þessum 4 sem eftir eru. Gengið verður frá sölu á næstu dögum á þeim göllum sem eftir voru.
3. **Vantar skýringu á færsluskjali nr. 83. Veitingar í Sal kr. 39.150.-**

Ekki er til nein sundurliðun á veitingum í sal, en það var ákvörðun gjaldkera Sjórs að veita nokkrum aðilum veitingar á bar. Reikningur frá Ingibjörgu á Hótel Framnes var ekki sundurliðaður og ekki er hægt að sjá hverjir fengu sér hressingu á barnum. Vitað er að skipstjórum hefði verið boðið uppá drykki og fleirum

sem hjálpað höfðu okkur að gera þetta mót mögulegt. Bakreikningur kom til baka frá hótelinu til lækkunar á þessum reikning uppá kr. 18.000,- og kemur hann til lækkunar á næsta sjóstangveiðimóti hjá Sjór á árinu 2004. Reikningur vegna veitinga í sal eru því kr. 21.150,- og ekki er hægt að sundurliða þennan reikning. Stjórnin vill áréttta að ekki eigi að hafa þetta sem fordæmi á komandi árum.

4. Vantar nöfn þeirra sem hafa keypt flotgalla.

Keyptir voru 20 gallar frá Rafbjörg og 3 gallar frá Arkó. Félagsmenn þurfa að greiða kr. 11.000,- fyrir kaup á galla.

Finn Hansen, Einar Kristinsson, Sigurður Erlendsson, Sigurbjörg Jóhannsdóttir, Kristján Kristjánsson, Þorsteinn Stígsson, Guðmundur Olafsson, Olafur Olafsson, Guðmundur Jónsson, Einar Stígsson, Gilbert Guðjónsson, Hilmar Th Magnússon, Erlendur Guðjónsson Svavar Svavarsson, Úlfar Eysteinnsson. Lárus Einarsson og Einar Lárusson skulda sina galla. Tveir gallar voru gefnir til Pálmars Einarssonar og Elínar Snorradóttur fyrir þeirra vinnu við mótið á Grundarfirði. Fjórir gallar eru til á lager hjá Sjór og eru þeir allir seldir.

5.skjal 82 og 86, verðlaun v/sjór 2003, eru kr. 183.300.-

Vísað í reikninga í bókhaldi. Ekki er vitað hvort verið að segja að endurskoðendum finnst verðlaunin of háu verði greidd og hvort hægt sé að lækka kostnað vegna verðlauna. Eins og menn vita þá var ákveðið að eiga viðskipti við listamenn í Grundarfirði og töldu menn það vera vel við hæfi vegna þess að við siglum frá Grundarfirði og með þessu þá værum við að styrkja íbúa sveitarfélagsins.

5. Til að gera bókhald félagsins einfaldara, skal láta allar inn- og útborganir fara í gegnum tékkareikning og þannig að á móti útborgun standi nóta fyrir sömu fjárhæð.

Er þetta réttmæt ábending frá endurskoðendum félagsins og mun stjórnin fara eftir þessum tilmælum á næsta starfsári. Guðmundur Kristinsson gjaldkeri félagsins hefur verið að vinna eftir þessari forskrift frá því að hann tók við sem gjaldkeri félagsins.

4. Stjórnarfundur Sjór haldinn heima hjá formanni í Kópavogi 4. mars 2004 – kl. 18.00

Mættir voru: Þorsteinn Einarsson, Guðmundur Svavarsson, Sigurður Erlendsson og Svavar Svavarsson. Gilbert O Guðjónsson mætti kl. 18.30. Forföll Guðmundur Kristinsson var fjarverandi.

1. Loka umræða um athugasemdir um bókhald frá endurskoðendum Sjór. Skýringar stjórnar á þeim 6. liðum sem endurskoðendur félagsins fóru fram á að yrðu skýrðir út.

Samkvæmt bókhaldi er til sjóður kr. 5.840,- ber að færa hann á banka-reikning. Þessi fjárhæð er tilkomin vegna afganga á vinföngum frá þorablóti 2002 og formaður nefndarinnar mat birgðir afgangi með þessum hætti. Þarf að færa þessa fjárhæð út úr sjóði og mætti þetta færa á risnu. Vínföngin eru ekki til staðar í dag og ekkert fæst fyrir þau.

Bókhaldið sýnir að keyptir voru 20. stk. Flotgallar, en seldir 17, mismunur eru 3 gallar.

Rétt er að seldir hafa verið 16 gallar og eftir eru 4 gallar. Sjór er búinn að greiða þessa 20 galla og hafa fengið greiðslu frá 16 einstaklingum og er kominn með kaupendur að þessum 4 sem eftir eru. Gengið verður frá sölu á næstu dögum á þeim göllum sem eftir voru.

Vantar skýringu á færsluskjali nr. 83. Veitingar í Sal kr. 39.150.-

Ekki er til nein sundurliðun á veitingum í sal og var það ákvörðun gjaldkera Sjór að veita nokkrum aðilum veitingar á bar. Reikningur frá Ingibjörgu á Hóтели Framnes var ekki sundurliðaður og ekki er hægt að sjá hverjir fengu sér hressingu á barnum. Vitað er að skipstjórum hefði verið boðið uppá drykk og fleirum var boðið líka. Bakreikningur kom til baka frá hótelinu til lækkunar á þessum reikning uppá kr. 18.000.- og kemur hann til lækkunar á næsta sjóstangveiðimóti hjá Sjór. Reikningur vegna veitinga í sal eru því kr. 21,150,- og ekki er hægt að sundurliða þennan reikning. Stjórnin vill áréttta að ekki eigi að hafa þetta sem fordæmi á komandi árum. Reikningar fyrir vinföngum eru ekki hægt að réttlæta og má segja að með þessari veitingu þá var verið að umbuna mönnum fyrir vinnu framlag á síðasta móti. Stjórnin telur það ekki rétt að reikningur skuli vera opin í nafni félagsins og hún mun sjá til þess að þetta endurtaki sig ekki á næstu mótum.

Vantar nöfn þeirra sem hafa keypt flotgalla.

Keyptir voru 20 gallar frá Rafbjörg og 3 gallar frá Arkó. Félagsmenn þurfa að greiða kr. 11.000,- fyrir kaup á galla.

Finn Hansen, Einar Kristinsson, Sigurður Erlendsson, Sigurbjörg Jóhannsdóttir, Kristján Kristjánsson, Þorsteinn Stígsson, Guðmundur Ólafsson, Ólafur Ólafsson, Guðmundur Jónsson, Einar Stígsson, Gilbert Guðjónsson, Hilmar Th Magnússon, Erlendur Guðjónsson Svavar Svavarsson, Úlfar Eysteinnsson. Lárus Einarsson og Einar Lárusson skulda sína galla. Tveir gallar voru gefnir til Pálmars Einarssonar og Elínar Snorradóttur fyrir þeirra vinnu við mótið á Grundarfirði. Fjórir gallar eru til á lager hjá Sjór og eru þeir allir seldir.

Skjal 82 og 86, verðlaun v/sjór 2003, eru kr. 183.300.-

Vísað í reikninga í bókhaldi. Ekki er vitað hvort verið að segja að endurskoðendum finnst verðlaunin og háu verði greidd og hvort hægt sé að lækka kostnað vegna verðlauna. Eins og menn vita þá var ákveðið að eiga viðskipti við listamenn í Grundarfirði og töldu menn það vera vel við hæfi vegna þess að við siglum frá Grundarfirði og með þessu þá værum við að styrkja íbúa sveitarfélagsins.

Til að gera bókhald félagsins einfaldara, skal láta allar inn- og útborganir fara í gegnum tékkareikning og þannig að á móti útborgun standi nóta fyrir sömu fjárhæð.

Er þetta réttmæt ábending frá endurskoðendum félagsins og mun stjórnin fara eftir þessum tilmælum á næsta starfsári. Guðmundur Kristinsson gjaldkeri félagsins hefur verið að vinna eftir þessari forskrift frá því að hann tók við sem gjaldkeri félagsins.

Stjórnarmenn voru sáttir við þessar skýringar og telja að þessu máli sé lokið af hálfu stjórnar og undirrituðu stjórnarmenn það til staðfestingar með eigin hendi í fundargerðarþök ritara. Svavar, Guðmundur S., Sigurður og Þorsteinn.

2. Sala á göllum.

Þorsteinn sagði frá því að fjórir gallar væru eftir og verða þeir seldir á næstu dögum. Félagsmenn hafa sýnt því áhuga að kaupa þá. Þorsteinn mun sjá um að selja þessa galla og koma peningum til gjaldkera.

3. Björgunarvesti um borð í keppnisbátum.

Um ræða var um vöntun á björgunarvestum í þeim bátum sem við notum í keppni í sumar. Öryggi keppenda þurfa að vera efst á baugi hverju sinni. Töldu menn eðlilegt að félagið ætti 20 vesti og átti að leita eftir tilboði í þau. Þorsteinn

ætlaði að fá tilboð hjá nokkrum aðilum og kaupa vesti af þeim aðila sem væri með hagstæðasta verðið og gæði.

4. Tilboð frá Ingibjörgu á Hóтели Framnesi á Grundarfirði.
Stjóra Sjórnar barst tilboð í Sjóstangaveiðimót Sjórn 13.-16 maí 2004.
Verð á gistingu m/ morgunverði á einstakling kr. 3000,- nóttin.+ •/ Kvöldverður verður í boði hótelsins á fimmtudagskvöldið.
•/ Kvöldverður föstudagskvöldsins kr. 1.350-ámann
Nesti kr. 1.100
</ Hátíðarkvöldverður laugardagskvöld m/ dansleik kr. 4.500,- á mann
Stjórnarmenn voru sáttir við tilboðið og Þorsteinn ætlaði að athuga betur með nestið hvort að þetta sé fyrir einn dag eða tvo.
Þorsteinn ætlaði að tala við Pálmar og Elínu vegna skipulag á bátum á aðalmóti Sjórnar í Grundarfirði. Þau búa á Grundarfirði og ætti að vera þægilegt fyrir þau að spyrjast fyrir um þetta fyrir okkur og þau eru líka í félaginu.
5. Reglugerðarbreytingar vegna fundar Sjórnar
Aðildarfélag Sjórnar lögðu fyrir reglugerðarbreytingar og taldi formaður að margt þar væri góðar breytingar og þarfar. Komið var inn á öryggi keppenda, vigtun afla, stig og verðlaun svo dæmi séu tekin. Þorsteinn mætir á fundinn fyrir hönd félagsins. Sjórn er líka með breytingu í sambandi við kosningu á formanni og varamanni til stjórnar. Ekki var kosinn varamaður áður og í nýju reglunum er það þannig að forfallast stjórnarmaður þá kemur varamaður inn og tekur sæti hans innan 30 daga. Aðalfundur Sjórnar verður haldinn 27. mars 2004 í Reykjavík.
6. Önnur mál.
Húsaleigusamningur Sjórnar verður óbreyttur við Reykjavíkurborg en við þurfum að þrifa einu sinni í mánuði. Fara þarf yfir þessu mál betur og ræða skiptingar á þrífum.
Umræða var um heimasíðu Sjórnar töldu menn að það hafi verið bókað í fundargerð í janúar 2004 að fá kostnaðaráætlun vegna fyrirhugaðar heimasíðu félagsins. Var það gert vegna þess hvort að það borgaði sig kostnaðarlega að halda úti heimasíðu félagsins. Sjórn var að fara í það að útbúa heimasíðu og bauð aðildarfélagum að vera með fyrir lítinn pening. Leita þarf skýringa á þessu hjá gjaldkera félagsins hversvegna greiddur hafi verið reikningur frá Netlist ehf.

Fundi slitið kl. 19,20

5. Stjórnarfundur Sjór haldinn í Skeljanesi

24. mars 2004 kl. 20.00

Mættir voru: Þorsteinn Einarsson, Guðmundur Svavarsson, Sigurður Erlendsson Gilbert Ó Guðjónsson, Guðmundur Kristinsson, Finn Hansen og Svavar Svavarsson ritaði fundargerð

Ritari las upp fundargerð 4 fundar

Svavar las upp fundargerð frá 4. mars 2004 og óskaði eftir athugasemdum. Guðmundur Kristinsson var ekki sáttur við að haldinn hafi verið fundur meðan hann var fjarverandi. Og hann gat ekki sætt sig við að samþykkt hafi verið að láta kjurt liggja með reikning frá Hóтели Framnesi um reikning á bar. Vildi hann að þeir aðilar sem áttu hlut að máli myndu endurgreiða þennan reikning sem hljóði uppá kr. 21.150,- Fannst honum þessir aðilar hafa brotið af sér og ættu að skipta á milli sín þessari greiðslu. Guðmundur Svavarsson sagaðist hafa heyrt í Birgi og hann teldi að þeir aðilar sem komu að þessu eigi að greiða. Aðrir stjórnarmenn voru sáttir við samþykkt stjórnar frá síðasta fundi og Svavar sagaðist ekki ætla að greiða til baka hluta af þessari fjárhæð. Stjórn hafði tekið á þessu máli og lokið því með bókun á 4. stjórnarfundum

1. Senda bréf til Bæjarstjórnar Grundarfjarðar.

Þorsteinn ætlaði að senda Bæjarstjórn Grundarfjarðar bréf og láta vita af því að við verðum á veiðum tvær helgar í sumar. Eðlilegt að eiga góð samskipti við þá aðila sem stjórna í bæjarfélaginu. Samskipti hafa verið góð við þá aðila sem stjórna bænum og hefur allt verið til fyrirmyndar.

2. Greitt fyrir uppgjör á bókhaldi fyrir 2003.

Gjaldkeri greiddi kr. 35.000,- vegna vinnu á uppgjöri á reikningum fyrir aðalfund félagsins 2003.

3. Mótsnefnd 2004.

Formaður vildi fá stjórnarmenn í mótsnefnd og Finn Hansen, Guðmundur Svavarsson, Þorsteinn Einarsson voru tilbúnir í að vera í nefndinni og formaðurinn ætlaði að tala við Birki og Elínu um að vera í nefndinni líka. Prenta þarf miða á lokahófið og ætlaði Þorsteinn að sjá um það eins og hann hafði gert á síðasta ári og ætlaði hann að hanna forsíðu á mótsöggnin. Svavar ætlaði að tala við Guttisen vegna skráningarvinnu á mótinu og reynt verður að fá hann til að halda utan um það. Hann sá um að hanna þetta kerfi og ef það gengur ekki þá þarf að fá einhvern tölvugúra til þess að halda utan um skráninguna. Þorsteinn ætlaði að fá tilboð hjá Lions í þeirra vinnu framlag á mótinu í sumar og í leið-

inni átti að fá tilboð i kakó og samlokur frá Kvenfélaginu á staðnum..
Guðmundur ætlaði að sjá um að fá tilboð í kostinn um borð i bátana, kvartað hafði verið um hvað nesið var rýrt.

5. Önnur mál.

- Þorsteinn sagðist hafa keypt 20 sjóvesti sem verða notuð ef vantar uppá í mótum hjá Sjór á komandi árum. Oft vill það vera að fá vesti séu um borð í þeim bátum sem við notum við veiða á okkar mótum. Titan bauð besta verðið kr. 49.000,- og gekk formaðurinn í það að kaupa vestin.
- Lagt var fyrir stjórn tilboð i lokahóf á innanfélagsmót Sjór 26.júní 2004. Lagt var til að farin verði Sælkerافرerð um Breiðafjörð um kvöldið og siglt frá Stykkishólmi og kom tilboð frá Sæferðum sem sjá um þessar siglingar. Svavar hafði láta taka frá þennan dag og átti að ræða þetta nánar seinna af stjórnarmönnum.
- Finn hafði verið í USA og hafði farið i Cabelas verslun og talað þar við verslunarstjóra og hafði sá aðili sóst eftir að fá gamlar myndir frá mótum félagsins til þess að nota í verslunum Cabelas. Var tekið vel í þessa beiðni og ætla Finn að fara yfir myndir sem félagið á og láta skanna inn myndir.
- Sigurður beindi fyrirspurn til gjaldkera um reikning sem greiddur var fyrir uppsetningu á netsíðu félagsins. Hann hélt að bera ætti upp tilboðið fyrir stjórnarfund og láta fundinn fjalla um þetta. Gjaldkeri félagsins sagðist hafa borið þetta upp fyrir hluta stjórnar og fengið samþykki þeirra fyrir greiðslu á þessum reikning. Birgir sagðist hafa verið beðinn um að sjá um síðuna fyrir félagið og hafði Þorsteinn beðið hann um það.
- Skráð var niður nokkrir hlutir sem félagið á 1. Myndavél Olympus (Þorsteinn geymir hana) 2. Ljósirtunarfél Sharp keypt 2003 er staðsett i aðstöðu okkar í Skeljanesi. 3. Faxtæki Okai (Skeljanesi). 4. Tölvuvigt (Lárus geymir hana)
- Guðmundur var ekki sáttur við þann anda sem væri á fundinum og honum fannst vissir aðilar vera að vinna á móti sér.

Fundi slitið kl. 21.10

Ágætu veiðifélagar

Reykjavík 12.04. 2004

Fréttaskot frá formanninum.

Eins og flestir vita gekk erfiðlega að fá endurskoðendurna til að klára að fara yfir bókhaldið en það hafðist að lokum með athugasemdum og það helsta að ég bauð nokkrum sem höfðu aðstoðað mig við að gera mótið síðasta sumar mögulegt að

þiggja á barnum veitingar, reikningurinn var að upphæð 21.150 og finnst mér það vel sloppið fyrir þeirra vinnuframlag. Samþykkti stjórnin þessa skýringu að undan teknum Guðmundi Kristinssyni sem lét bóka mótmæli, og skoðast reikningarnir því samþykktir. Húsaleigusamningurinn hefur verið endurýjaður og kemur styrkur frá Reykjavíkurborg á móti leigu sem er 26.445 kr á mánuði, fór ég vestur eftir með tertu frá Þorsteini Stigs af þessu tilefni og voru allir ánægðir.

Þorablótið fór vel fram en var frekar fámennt kannski væri rétt að breyta þessu í árshátíð? Mér var fyrir hönd félagsins boðið á 40 ára afmæli Sjóak á sama tíma, færði þeim vasa í fiskslíki sem þær listakonur á Grundafirði hönnuðu fyrir okkur. 5 stjórnarfundir hafa verið haldnir og ýmislegt rætt. Ég komst ekki með veiðihjólíð til Einars þann 27 sl.var þá á formannafundi Sjól, nokkrir mættu til að rabba en því miður komst Gunnar ekki vegna vinnu en sagði að sjálfsagt væri að kíkja á græjur félaganna ef haft væri samband við sig. **Sjólfundurinn:** fátt nýtt kom fram á fundinum en fleiri voru á fundinum en venjulega þar sem formaður má bjóða með sér einum félagi og nýttu sum félög sér það Svavar sem hafði verið á haust fundinum og ætlaði að koma með forfallaðist,en ég greip Úlfar með sem keyrði Elluboggu á fundinn svo við höfðum tvö atkvæði, reyndar vorum við sjaldnast sammála en það er önnur saga.Samþykkt var undanþága fyrir Siglfríðinga að gera að úti á sjó í sumar en þetta gæti breyst með tilkomu fismarkaðar, rætt var um vigtun afla,öryggi keppenda, krókafjöldi.ofl. Ákveðið var að samræma verðlaun þannig að veit séu verðlaun fyrir þrjú efstu sætin fyrir karla og konur en við höfum aðeins veitt verðlaun fyrir efsta sætið.Tillaga Adda um tveggja tíma tegunda veiði var felld beiðni barst frá Breiðdalsvík vegna nýstofnaðs sjóstangaveiðifélags á svæðinu ekki er getið félaga fjöldi eða annars.ljóst er að þeir verða að halda mót áður en þeir geta sótt um inngöngu í Sjólf svo þetta verður ekki á þessu ári.

Tilboð um gistingu hefur borist frá Hótel Framnesi hún er sú sama og í fyrra kr 3.000 nóttin. Finn Hansen er búinn að fara til USA til að kaupa fluguhnýtingarefni svo flottar flugur ættu að líta dagsins ljós þann 17 apríl húsið opnar kl 14.00 léttar veitingar verða i boði Sjólf.Heimasíðan okkar er kominn í loftið og slóðin er www.sjorek.is Birgir ætlar að uppfæra hana reglulega.Félagið keypti á dögnum 20 björgunarvesti til að geta staðið við reglugerðir um öryggi keppenda ekki er hægt að ætlast til að skipstjórar séu að reyna að útvega þetta á mótinu.fengum þetta með 50% afslætti hjá Titan. **Ellí** er búin að fá tilboð i skemmtisiglingu með Húna frá Hafnarfirði 1 maí, ferðin kostar 3.000 kr á mann en Sjólf mun greiða hluta er þetta upplagt tækifæri fyrir nýliðana að læra handtökin og prufa græjumar fyrir sumarið og veiða i kistuna,barin verður opinn og þeir lofuðu hóflegu verði gott væri að menn skráðu sig í tíma,en farið verður frá Hafnarfjarðarhöfn kl 14.00 og stendur í ca 4 tíma.Vegna ferðar með Húna hafið samband við.Erlendur. sími 5542764 gsm 8965491 Þorsteinn.sími 5544832 gsm 8975758

Formanna kveðja Þorsteinn

6. Stjórnarfundur Sjór haldinn í Skeljanesi 14. apríl 2004 kl. 20.00

Mættir voru: Þorsteinn Einarsson, Guðmundur Svavarsson, Gilbert O Guðjónsson, Finn Hansen og Svavar Svavarsson ritaði fundargerð Forföll Guðmundur Kristinsson, Sigurður Erlendsson.

1. Fluguhnýtingar.

Finn Hansen ætlar að stjórna eins og honum er einum lagið fluguhnýtinga degi félagsins sem haldin verður laugardaginn 17. apríl 2004. Er áætlað að byrja klukkan tvö og vera eitthvað frameftir degi. Er þetta árviss viðburður og heftir mæting verið góð hjá félagsmönnum. Bóðið verður uppá léttar veitingar.

2. Veiðiferð 1. maí 2004.

Elli hefur tekið á leigu skemmtibátinn Húna frá Hafnarfirði laugardaginn 1. maí 2004 og verð á einstakling er kr. 3.000,- Verður lagt úr höfn klukkan tvö og er áætlað að ferðin taki fjóra tíma. Félagsmenn geta keypt veitingar um borð á vægu verði. Lagði Guðmundur Svavarsson það til að félagið greiddi kr. 2.000,- og félagsmenn greiddu kr. 1.000,- var þetta samþykkt af stjórnarmönnum.

3. Mótanefnd 2004

- Þorsteinn var búinn að útbúa bréf til Bæjarstjórnar Grundarfjarðar og ætlaði að senda það frá sér fyrir helgi. Óskar hann eftir samstarfi frá bænum.
- Helgi sonur Þorsteins formanns er tilbúinn að halda utan um skráningu á mótinu í Grundarfirði. Leita á eftir nýjustu uppfærslu á forriti sem heldur utan um stig keppenda.. Ætlaði Þorsteinn að tala við stjórnarmenn í Sjól vegna þessa.
- Rætt var um að fá listamenn í Grundarfirði að bæta við fjórum verðlaunagripum vegna samþykktar á Sjól fundi um að veita verðlaun fyrir 1.2.3. sæti fyrir karla og konur. Hér áður var veitt bara fyrir 1. sæti. Þorsteinn ætlaði að tala við þær.
- Þorsteinn var búinn að tala við sína menn í Svansprenti og ætlaði að láta prenta miða á lokaballið, ákveðið var að hafa enga dagsetningu á þeim bara númeraða. Við stimplum þá bara með dagsetningu.
- Finn Hansen ætlar að kynna sér nýja beitu sem verið er að bjóða uppá er hún sett í grisju og voru fundarmenn á því að kanna hvað þetta kostaði og gaman væri að prufa hana í mótinu í Grundarfirði.
- Óli sér um merkimiða á fiskikör hann hefur skorið þetta út fyrir okkur úr gólf-dúk.

- Leita eftir tilboði frá Lionsmönnum þurfum að hafa það á blaði til þess að vita hvort staðið er við það sem talað var um.
- Þorsteinn ætlar að fara í það að útbúa bréf sem sent verður til allra Sjólf félaga á landinu og bjóða til veiðiveislu í Grundarfirði í maí. Bréfið þarf að fara út í næstu viku.
- Athuga með hvort að Sparisjóðurinn geti útbúið fyrir okkur límmiða til að senda á alla Sjólf félaga. Við erum að tala um tæp 500 bréf sem við verðum að senda út vegna okkar móts í Grundarfirði. Þarf að athuga hver kostnaðurinn er mikill við þessa prentun. Ganga þarf í það að fá nýjan lista uppfærðan frá ritara Sjólf.
- Ákveðið að mótanefndin fundi á laugardaginn þegar fluguhnýtingin er í Skeljanesi.

4. Fréttaskot frá formanni.

Þorsteinn útbjó fréttablað sem sent verður 15.apríl 2004 þar er farið yfir starf félagsins frá lokum aðalfundar. Stjórnarmenn gengu í það að útbúa bréfin til dreifingar og formaðurinn tók bréfin og ætlaði að koma þeim í póst.

Fundi slitið kl. 21.50

7. Stjórnarfundur Sjólf haldinn í Skeljanesi 28. apríl 2004 kl. 19,30

Mættir voru: Þorsteinn Einarsson, Guðmundur Svavarsson, Gilbert Ó Guðjónsson, Finn Hansen, Guðmundur Kristinsson, Erlendur Guðjónsson og Svavar Svavarsson ritaði fundargerð Forföll Sigurður Erlendsson.

1. Útsending dagskrár fyrir aðalmót Sjólf.

Stjórnarmenn komu saman og settu í umslög dagskrá fyrir aðalmót Sjólf sem haldið verður dagana 14 og 15 maí í Grundarfirði. Sent var til rúmlega 450 félagsmanna innan Sjólf. Í umslagið fór líka dagatal sem við gáfum út með nokkrum styrktaraðilum og Rafbjörg sendi smá tilkynningu með. Vel gekk að pakka í umslög og þessu var lokið á met tíma.

2. Tilboð frá Lions.

Formaður lagði fram tilboð frá Lionsmönnum í Grundarfirði og voru þær tölur helstar að við aðstoð við löndun, vigtun og talningu vilja þeir taka kr. 10,- á hvert kíló og við slæðingu kr. 8,- á hvert kíló. Ís í báta kr. 1.200 - karið. Kaffi og kakó á bryggju á laugardaginn kr. 50.000,- Makaferð kr. 50.000,- Prentun á mótaskrá og tölvuvinnslu á móti kr. 20.000,-

Nokkrar umræður urðu á fundinum og fannst mönnum að slægingin væri dýru verði keypt. Ætlaði formaður að reyna að fá lækkun um 20 % á tveimur liðum sem snúa að aflanum. Hann ætlaði að kanna verð hjá fiskmarkaði og fleiri aðilum.

3. **Ný beita**

Finn Hansen hafði fengið 800 stykki á beitu gefins til að prófa á 1. maí þegar við förum að veiða með Húna. Fundarmenn hlökkudu til að prófa þessa beitu henni er pakkað inn í grisju og hægt er að fá síld og smokkfisk. Er þetta hakkað og þarf beitan að vera frosin.

4. **Veiðiferð með Húna 1. maí 2004.**

Félagsmenn hafa verið að bóka sig hjá Ella vegna heiðferðar sem fyrirhuguð er 1. maí og verður siglt frá bryggju klukkan 14.00 og grillað verður um borð hvalkjöt og áætluð heimkoma verður kl. 18.00.

5. **Mótanefnd.**

Formaður upplýsti að verið væri að vinna að málum í sambandi við mótið okkar í Grundarfirði og að það væru komnir rúmlega 10 bátar í keppnina og að öllu jöfnu þá þurfum við 20 báta í mótið okkar í Grundarfirði.

Fundi slitið kl. 22,30

8. Stjórnarfundur Sjór haldinn heima hjá formanni í Kópavogi 5. maí 2004 kl. 19,30

Mættir voru: Þorsteinn Einarsson, Finn Hansen og Svavar Svavarsson ritaði fundargerð

Forföll Sigurður Erlendsson. Guðmundur Svavarsson, Gilbert O Guðjónsson, Guðmundur Kristinsson

1. **Skráning á aðalmót.**

Síðasti dagur vegna skráningar á aðalmótið okkar er 7 maí og hafa 26 aðilar bókað sig í móti. Áætlaður fjöldi verður í kringum 70 ef tekið verður mið af síðustu mótum.

2. **Sjómannadagsráð.**

Sjómannadagsráð hafði samband við formann og óskaði eftir nærveru Sjóstangaveiðifélags Sjór daginn fyrir sjómannadaginn 6 júní 2004. Eru

Hafnardagar í gangi og vantar einhverja til að halda utan um afla keppenda og aðstoða við vigtun og fleira. Eru þetta krakkar sem eru að dorga við bryggjuna. Sjómannadagsráð mun sjá til þess að nægilegar stangir verða fyrir keppendur. Byrjar þetta kl. 10,- og er til 11.- Reyna að fá Finn Hansen og Smári Jónsson til að sjá um þetta fyrir okkar hönd og kalla í félagi til þess að aðstoðar á bryggj-
unni.

3. **Ný beita.**

Nýja beitan sem Finn fékk gefins verður tekin með í Grundarfjörð og verður prófuð þar. Ekki komin nein reynsla á hana í veiðiferðinni með Húna. Eru þetta hakkaður smokkfiskur og síld og pakkaður inn í grisju.

4. **Veiðiferð með Húna 1. maí 2004.**

Góð mæting var í veiðiferðina með Húna eða 32 félagar og gestir. Ekki veiddist mikið eða innan við 10 fiskar. Veiðir var ágætt og fáir urðu sjóveikir.

5. **Mótanefnd.**

Farið var yfir lista hvað væri eflir að athuga fyrir mótið í Grundarfirði 14 og 15 maí 2004. Er verið að vinna á fullu í að klára málin fyrir mótið

- Ljósrita þarf nýju lögin og reglugerðina fyrir trúnaðarmenn
- Sjá um björgunarvestin (Sigurður)
- Mælistikur 45 cm (Elli)
- Merkipjöld á körin (Ólafur)
- Nesti um borð (Matborðið kr. 800.-) án goss.
- Prenta forsíðu
- Prenta miða á ball
- Trúnaðarmenn
- Uppröðun sveita
- Bátar, skipstjórar
- Kærufund
- Verðlaunagripir

Fundi slitið kl. 21,00

Ágæti veiðifélagi

Þá nálgast stóra stundin óðfluga og styttist í fyrsta mót sumarsins, siglt verður frá Grundarfirði dagana 14. og 15. maí. Fyrri daginn verður siglt frá 07.00 og veitt til kl. 15:00, en seinni daginn siglt frá 06.00 og lýkur veiði kl. 13:00 Það er von okkar að sem flestir félagar eigi heimangengt þessa daga og geti mætt hressir og kátir, endurnýjað gömul og góð kynni og stofnað til nýrra kynna við hresst og glatt sjóstangaveiðifólk allstaðar að landinu.

ÞÁTTÖKUGJALD er Kr. 13.000- sem greiðist við mótssetningu. Innifalið er miði á lokahóf, aukamiði kostar kr. 4.500.

GISTING: Gisting á **Hótel Framnesi**, sími 438-6893, verð með morgunverði kr. 3000 per. nótt í uppabúnu 2ja manna herbergi með sjónvarpi og sturtu.

SKRANING: Þátttaka tilkynnist til formanns þíns félags í síðasta lagi fyrir 7 maí 2004 . Hann tilkynnir síðan þátttöku sinna félaga. Gott væri að fá að vita með fjölda maka í makaferðina.

Fyrir hönd Sjóstangaveiðifélags Reykjavíkur

Þorsteinn Einarsson formaður E-mail thefish@isl.is Svavar Svavarsson ritari E-mail svavar.svavarsson@isb.is

Sjóstangaveiðimót dagana 14. og 15. maí 2004 í Grundarfirði

MÓTSSKRÁ

Fimmtudagur 13. maí

Kl. 20:00 Mótið sett á **Hótel Framnesi** og léttur kvöldverður í boði hótelsins.

Kl. 21:00 Skipstjórar og trúnaðarmenn settir inn í sín störf.

Föstudagur 14. maí

Kl. 07:00 Siglt á miðin til fiskjar frá bryggju.

Kl. 15:00 Veiði hætt og haldið til hafnar.

Kl. 19:30 Kvöldverður á **Hótel Framnesi** í boði SJÓR, farið verður yfir aflatölur.

Laugardagur 15. maí

Kl. 06:00 Siglt á miðin til fiskjar frá bryggju.

Kl. 10:00 Makaferð

Kl. 13:00 Haldið til hafnar, löndun, öndun og heitt kakó og góðgæti hjá Lionessum

á bryggjunni. Skyldumæting í sund og slökun fyrir átök kvöldsins. Makar komnir til baka og taka á móti keppendum.

Kl. 19:30 Hátíðarkvöldverður og verðlaunaafhending í samkomuhúsinu, húsið opnað.

Kl. 20:30 Kvöldverður hefst og að honum loknum verðlaunaafhending og mótsslit

Kl. 23:30 Hefst dansleikur okkar sjóstangaveiðimanna og dansað inn í nóttina.

9. Stjórnarfundur haldinn að Malarhöfða hjá Steypustöðinni í fundarsal á vegum Guðmundar Kristinssonar 19. maí 2004 kl. 12.00

Mættir voru: Þorsteinn Einarsson, Guðmundur Svavarsson, Guðmundur Kristinsson, og Svavar Svavarsson ritaði fundarger

1. Grundarfjörður 14 & 15 maí 2004

Farið var yfir hvernig gekk með mótið okkar í Grundarfirði 14 & 15 maí. Búið var að gera upp við Hótel Framnesi og hluti af skipstjórum voru búnir að fá greitt. Gert verður upp við þá skipstjóra við fyrsta hentugleika sem eftir verða, við verðum að hafa skipstjórana góða til þess að getað leitað til þeirra á innanfélagsmótinu okkar og í náninni framtíð. Það veiddust 24 tonn af fiski og var megin uppistaðan þorskur og kemur það vel út fyrir okkur. Talið er að 88 kr. fáiast fyrir þorskinn óslægðan og miklu minna fyrir ufsann. Lionsmenn ætla að senda reikning til formanns fyrir þeirra vinnu. Stjórnarmenn voru ánægðir með hvernig skipulag mótsins fór miðað við hvað margir bátar duttu út rétt fyrir mótsetningu. Lögðust allir á eitt að koma þessum 20 keppendum sem höfðu ekki bátapláss á sjó. Skipstórar voru ekki sáttir með greiðslur fyrir sína vinnu í mótinu. Þarf að leggjast yfir þennan þátt og fleiri sem tengjast móti að ári.

2. Innanfélagsmót 26. júní 2004

Skiptust menn á skoðun um innanfélagsmótið og voru fundarmenn sáttir um að það þurfi að fara að útbúa bréf sem senda ætti fljótlega til félagsmanna um innanfélagsmótið. Ritarar var falið að kom með drög að bréfi sem senda á út um mánaðarmót maí / júní.

3. Hafnardagar 2004.

Óskað var eftir aðstoð félagsins vegna Hafnardaga 2004, aðstoðin felst í því að aðstoða keppendur í dorgveiði við höfnina. Finn Hansen mun leiða þessa vinnu fyrir hönd félagsins.

Fundi slitið kl. 13.00

10. Stjórnarfundur haldinn að Skeljanesi 14. október 2004 kl. 20.00

Mættir voru: Þorsteinn Einarsson, Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Finn Hansen og Svavar Svavarsson ritaði fundargerð.

1. Umræður um formannafund Sjólf 23.október 2004

Formannafundur verður haldinn hjá Sjólf 23. október og kom það fram að formaður okkar Þorsteinn kemst ekki á þennan fund. Guðmundur Kristinsson var tilbúin að fara fyrir okkar hönd. Ræddar voru tillögur sem lágu fyrir fundinum.

2. Aðalfundur hvar og hvenær

Formaðurinn vill breyta til og halda fundinn á Nordica hóteli miðvikudaginn 10 nóvember 2004. Hefur hann fengið tilboð frá Nordica og hljóðaði það uppá 25 þúsund og er kaffi + kaka og salur innfalin í þessu verði. Var enginn fundarmann mótfallin þessari tillögu.

3. Breytingar á reglum SJÓLF fyrir aðalfund

Menn skiptust á skoðunum um reglur sem þurfa að liggja fyrir aðalfundi félagsins.

4. Veiddidagar á næsta veiðiári

Aðalmót okkar verður haldið 6 & 7 maí 2005 og innanfélagsmótið okkar 7 júlí 2005. Átti Guðmundur að fara með þessi skilaboð á formannafund Sjólf fyrir okkar hönd.

5. Haustfagnaður

Láta fundarmenn á aðalfundi ákveða hvað eigi að gera

6. Árshátíð eða Þorrablót

Fá upp umræður á aðalfundi félagsins um þessi mál, eigum við að breyta fyrirkomulagi á skemmtunum félagsins eða ekki.

7. Nefndir fyrir næsta sumar

Talað var um að vera duglegri að nýta félagsmenn í nefndum á næsta starfsári. Þurfum að virkja fleiri til starfa fyrir félagið.

8. Stjórn

Formaður spurði hvort að stjórnin væri tilbúin að starfa áfram og var ekki annað

hægt að greina að þeir stjórnarmenn sem voru mættir voru tilbúnir að halda áfram.

8. Önnur mál

- Ritara falið að útbúa dagskrá fyrir aðalfund félagsins og vera tilbúin með hana fyrir næsta fund.
- Fá reikninga félagsins til skoðunar og láta endurskoðendur félagsins fá þá til umfjöllunar.
- Næsti stjórnarfundur ákveðinn miðvikudaginn 27 október 2004

Ágæti félagi

Aðalfundur SJÓR verður haldinn 10. nóvember 2004 að Hótel Nordica á 2 hæð salur D og hefst fundurinn stundvíslega kl. 20.00

Dagskrá

1. Fundur settur.
2. Kosning fundarritara
3. Lesin upp fundargerð séðasta aðalfundar
4. Skýrsla formanns
5. Reikningar félagsins lesnir upp og skýrðir
6. Umræður um skýrslu formanns og reikninga félagsins
7. Fundarhlé
8. Lagabreytingar
9. Kosning formanns
10. Kosnir 4 í stjórn
11. Kosnir 2 í varastjórn
12. Kosning endurskoðenda
13. Árgjöld og veiðistyrkir ákveðnir
14. Önnur mál

11. Stjórnarfundur haldinn hjá formanni í Kópavogi 4. nóvember 2004 kl. 18.30

Mættir voru: Þorsteinn Einarsson, Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Finn Hansen og Svavar Svavarsson ritaði fundargerð.

1. Reikningar félagsins fyrir 2004 lagðir fyrir stjórn

Guðmundur Kristinsson gjaldkeri lagði fyrir reikninga félagsins fyrir árið 2004 og fóru fundarmenn yfir þá. Stjórnin var sátt við framsetningu á reikningum félagsins voru þeir til fyrirmyndar og var Kristinn á leiðinni með reikninga félagsins til undirritunar hjá endurskoðendum félagsins. Gjöld voru umfram tekjur um 471 þúsund krónur og höfðu 68 greitt félagsgjöld til félagsins í ár. Þátttökugjöld í mótum Sjór voru 688 þúsund og hafa hækkað á milli ára vegna þess að fleiri styrkir hafa verið veittir og fleiri félagar hafa verið að nýta sér sín réttindi.

Fundi slitið kl. 19,30

AÐALFUNDUR SJÓR 10. nóvember 2004

Fundurinn var haldinn á Nordica Hótel 10.nóvember 2004 og voru mættir 38 félagar á fundinn.

1. DagskFundur settur.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Lesin upp fundargerð síðasta aðalfundar.
4. Skýrsla formanns.
5. Reikningar félagsins lesnir upp og skýrðir.
6. Umræður um skýrslu formanns og reikninga félagsins.
7. Fundarhlé.
8. Lagabreytingar.
9. Kosning formanns.
10. Kosnir fjórir í stjórn.
11. Kosnir tveir i varastjórn.
12. Kosning endurskoðenda.
13. Árgjöld og veiðistyrkir ákveðnir.
14. Önnur mál.

1. **Fundur settur.**

Þorsteinn Einarsson formaður félagsins setti fundinn kl. 20.05 og bauð félagsmenn velkomna á fundinn og var ánægður með mætinguna.

2. **Kosning fundarstjóra og fundarritara.**

Þorsteinn stakk uppá Birki Þór Gunnarssyni sem fundarstjóra og var það samþykkt með lófataki og leitað var eftir fundarritara og var stungið uppá Svavari Svavarssyni sem fundarritara og var það samþykkt með lófataki. Birkir þakkaði fyrir kjörið og sagðist vilja hafa þá reglu að menn þyrftu að koma upp í púlt ef þeir ætluðu sér að leggja eitthvað til málanna.

3. **Lesin upp fundargerð síðasta aðalfundar.**

Svavar Svavarsson las upp fundargerð síðasta aðalfundar 2003. Fundargerðin var borin undir atkvæði og var hún samþykkt með athugasemd frá Gunnari um að báðir endurskoðendur hefðu verið sammála um að undirrita ekki ársreikninga félagsins fyrir árið 2003.

4. **Skýrsla formanns.**

Ágætu veiðifélagar

Enn eitt veiði árið að baki og vonandi margar veiðisögur í minningunni. Því miður náðist ekki að samþykkja reikninga félagsins á síðasta aðalfundi vegna athugasemda frá endurskoðendum, fór stjórnin yfir þessi atriði og útskýrði það sem þurfti og samþykkti þá síðan fyrir sitt leiti á stjórnarfundum.

Við héldum Jólafund í desember með léttum veitingum og plockfiski frá Úlfari. Þorablót var haldið í janúar að venju og sá Guðmundur Kristinsson um það, ég var fjarri góðu gamni því okkur hjónunum var boðið í 40 ára afmæli Sjóak og þar mættum við með gjöf fyrir hönd Sjóar. Farið var í hvataferð sem Erlendur skipulagði 1 maí með Húna frá Hafnarfirði heldur var lítið fiskir en Addi var á grillinu og grillaði hvalkjöt frá Úlfari sem var skemmtileg uppákoma á hvalskoðunar skipi, síðan var sungið við raust á heimleiðinni og Ríkharður fékk sér snúning með konunum. **Fyrsta mót** ársins var okkar mót í Grundarfirði héldum við mótið 14 og 15 maí aflaðist rúm 24 tonn keppendur voru 65 þó ég kæmist ekki á sjó fyrri daginn fór svo sem aðstoðarmaður seinni daginn svona til að vera með, en einhverjir bátar dattu út fyrri daginn, aflahæsti karl með 722 kg var Pétur Sigurðsson Sjóak, aflhæsta kona með 696 kg var Sigfríð Ósk Valdimarsdóttir Sjóak, aflahæsti Sjóar félagi með 683 kg var Guðbjartur Gissurarson, stærsta fisk mótsins sem var þorskur 13.6 kg veiddi Guðmundur Svavarsson afla hæsta sveit karla var sveit sjóar skipuð Einari Kristinssyni, Guðmundi Svavarssyni, Guðmundi Kristinssyni og Þorsteini Stígssyni. Flesta

fiska veiddi Pétur einnig, flestar tegundir 5 veiddi Sverrir S Ólafsson. Á **mótinu í Vestmannaeyjum** 29-30 maí veiddist 4,6 tonn, fóru 8 félagar 7 karlar og 1 kona frá Sjó, þar fengum við mörg verðlaun aflahæsti karl var Guðbjartur Gissurarson einnig áttum við afla hæstu sveit skipaða Antoni, Guðbjarti og Reyni Brynjólfs. Fjögurra tegundarverðlaun kræktum við einnig í Víðir Reynisson var með þyngsta karfan 1 .kg. Anton var með þyngstu keiluna 4.25 kg Reynir með þyngstu löngu 4.2 kg og einnig þyngsta ufsann, þannig að þetta var glæsilegt hjá okkar félögum.

Næsta mót var hjá SJÓNES 4-5 júní þar veiddist 16. tonn, ekki unnum við til verðlauna þar en sveit Sjó var í 3 sæti.

Á **Akranesi** Dagana 18-19 júní veiddist 23,6 tonn, mættu 13 félagar 12 karlar og 1 kona en þar unnum við til 3 verðlauna Reynir var með þyngstu keilu 7.4 kg einnig þyngstu löngu 2.44 kg Víðir Reynisson var með þyngsta steinbít 7.77.kg þeir eru öflugir fedgarnir.

Hjá SIÓÍS dagana 2-3 júlí veiddist 29,8 tonn, mættu 8 keppendur frá Sjó, ekki unnum við til verðlauna þar en Guðmundur Kristins krækti í lúðu 1.24 kg. Í **Ólafsvík 16-17 júlí** veiddist 12,6 tonn, mættu 8 frá Sjó 7 karlar og 1 kona 1 verðlaun fengum við þar Guðbjartur veiddi þyngstu keiluna 4.24 kg. Á **Siglufirði 30-31 júlí** veiddist 30,5 tonn, mættu 7 félagar frá SJÓR 6 karlar og 1 kona .

Á **Akureyri 12-14 ágúst** veiddist 51 tonn og var þetta 40 ára afmælistmót þeirra, mættu 27 keppendur frá SJÓR 23 karlar og 4 konur fengum ein verðlaun Þorgerður Einarsdóttir veiddi þyngstu ýsuna 4.35 kg. Á mótum Sjó í sumar veiddist tæp 200 tonn. Guðbjartur Gissurarson var fimmti yfir landið með 680 stig. Til hamingju með það Guðbjartur. Sjómannadagsráð bað félagið að sjá um Dorgkeppni við Reykjavíkurhöfn á Sjómannadaginn og mættu þrjú félagar, Þorsteinn, Svavar og Finn Hansen og tókst vel til.

Við héldum innanfélagsmót 26 júní 2004 35 félagar og makar. Aflahæst í kvenna og karlaflokki urðu þau hjónin Pálmar og Elín, Pálmar var einnig með flesta fiska, þyngsta fisk mótsins veiddi Einar Kristinsson. sem var 12 kg þorskur alls veiddust tæp 5 tonn. Fitjað var upp á þeirri nýbreytni að lokahófið var haldið um borð í skipi Sæferða frá Stykkishólmi, siglt var um Breiðafjörð og snæddur prýðis matur var almenn ánægja með þessa ferð. Ellefu stjórnarfundir voru haldnir á árinu og vil ég að lokum þakka stjórninni gott samstarf og vona að nýtt starfsár verði með því leiðarljósi að starfsemi félagsins blómstri. Að lokum langar mig að segja frá því að þegar við Svavar vorum að ræða hvort við ættum að gefa kost á okkur áfram sagðist ég vilja að hann gæfi kost á sér sem formann en hann sagðist vera tilbúinn í formannslaginn á næsta ári. Ég þakka fyrir gott sjóstangveiðiár.

5. Reikningar félagsins lesnir upp og skýrðir.

Guðmundur Kristinsson las upp reikninga félagsins og voru þeir áritaðir af endurskoðendum félagsins. Gjöld umfram tekjur voru 470.735,- Félagsgjöld voru greidd af 68 félögum. Eigið fé og skuldir eru 2.238.745,-

6. Umræður um skýrslu formanns og reikninga félagsins.

Fundarstjóri bar upp tillögu þess efnis að reikningur frá fyrra ári kr. 21.150 veitingar í sal sem varð þess valdandi að endurskoðendur vildu ekki skrifa uppá reikninga félagsins yrði samþykktur á þessum aðalfundi. Voru þeir samþykktir af meirihluta fundarmanna.

Svavar lagði fram upptekt frá aðalfundum Sjór 1996-2004. Var þetta gert til þess að sjá samanburð á milli ára. Kom fram í þessu skjali árgjald í tölum, aflí í krónum og tonnum, fjöldi verðlauna Sjór félaga, styrkir og fl. Guðmundur Kristinsson sagði frá því að Guðmundur Svavarsson hefði ekki verið sáttur við bókun á 4 stjórnarfundum um athugasemdir frá endurskoðendum. Anton Kærsted vildi koma því á framfæri að hann saknaði þess í skýrslu formanns að gleymst hefði verið að geta þess að hann hafði fengið verðlaun fyrir flest tegundir veiddar á árinu á Sjól mótum. Gaman væri að sjá hve margir félagar hafa greitt félagsgjöld og fær gjaldkeri og stjórn þakkir fyrir. Þurfum að eiga gildan sjóð til þess að eiga innistæðu fyrir tveimur lélegum mótum á næstu árum.

Netsíða félagsins kostaði mikla peninga og væri gott tæki fyrir félagsmenn að láta heyrá í sér og vildi að meira af upplýsingu færi þar í gegn til upplýsinga fyrir okkur. Eigum að notfæra okkur síðuna en gert er. Anton vildi fá skýringu á gistingu og kvöldverði í reikningum félagsins. Guðmundur Kristinsson svaraði því til að hluti af þessum kostnaði hefði verið að formaður hefði greitt fyrir stjórnina gistingu á hótelinu. Voru þetta þrjár gistinætur fyrir Guðmund S., Guðmund K. Svavar, Þorstein, Finn og Gilbert. Kostnaður vegna innanfélagsmóts Sjór fyrir stjórnina var 6 x 9.000,- eða 54.000,- og er þetta gert vegna þess að árið á undan þá var gisting greidd fyrir þá aðila sem voru í mótanefnd fyrir félagið. Engar reglur eru til hjá félaginu vegna þessara mála.

Kom það fram hjá félagsmönnum að reglur þurfa að vera til hjá félaginu vegna þessara fríðinda stjórnarmanna.

7. Fundarhlé.

Gert var fundarhlé og boðið var uppá kaffi og kökur

8. Lagabreytingar.

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

Kosinn formaður

Það lágu tvær tillögur fyrir fundinn um formann, Guðmundur Kristinsson og Þorsteinn Einarsson höfðu gefið kost á sér í þetta embætti. Jóhannes Valdimarsson vildi að þeir kynntu sig og fyrir hvað þeir stæðu. Anton taldi það ekki vera rétt að það yrði gert á þessum fundi, hann taldi sig þekkja vel til fundarskapa og taldi það víst að það væri ekki gert á aðalfundum félaganna. Vildi Jóhannes láta fundinn skera úr um hvort að verðandi formenn kynntu sig eða ekki. Fundarstjóri taldi það ekki vera rétt að láta verðandi formenn kynna sig. Fundarstjóri sagði frá því að það færi fram leynileg kosning og nöfn formanna hefðu verið skráð á miða og ætti að krossa fyrir framan nöfn þeirra. Örn og Þorsteinn fylgdust með að kosning færi rétt fram. Atkvæði fóru þannig að Guðmundur fékk 26 atkvæði og Þorsteinn fékk 12 atkvæði. Á kjörskrá voru 38 félagsmenn. Guðmundur Kristinsson er nýr formaður félagsins

9. Kosnir fjórir i stjórn.

Guðmundur lagði til að Erlendur Magnús Guðjónsson, Guðmundur Svavarsson, Guðbjartur G. Gissurarson og Þorgerður Einarsdóttir væru kosin i stjórn félagsins. Var það samþykkt með lófataki.

10. Kosnir tveir í varastjórn.

Guðmundur stakk uppá Smára Jónssyni og Erni Úlfari Andréssyni i varastjórn og var það samþykkt með lófataki fundarmanna.

11. Kosning endurskoðenda.

Guðmundur lagði til að Birkir og Þorsteinn Stígsson yrðu endurskoðendur fyrir næsta ár og var það samþykkt með lófataki.

12. Árgjöld og veiðistyrkir ákveðnir.

Guðmundur lagði fram tillögu um árgjöld og veiðistyrki. **Árgjald:** Lagt er til að árgjald verði óbreytt fyrir næsta ár kr. 5.000,-

Veiðistyrkir: Á aðalmóti verður boðið uppá frían mat á fimmtudags- og föstudagskvöldi. Félagsmenn sem hafa greitt félagsgjöld fyrir aðalmót hafa tekið þátt í aðal-eða innanfélagsmóti, fá styrk á eitt mót þar fyrir utan.

Svavar lagði fram tillögu um árgjald og veiðistyrk og dró síðan tillöguna til baka áður en til kosningar kæmi.

Fundarmenn samþykktu tillögu Guðmundar um árgjald og veiðistyrki með öllum atkvæðum nema einu.

14. Önnur mál.

- Birkir kom með tillögu að kosnir yrðu 3 menn sem færu yfir lög félagsins ekki hefur verið hreyft við lögunum frá stofnun félagsins frá 1961. Stungið var uppá Antoni, Birki og Svavari til þessara starfa og var það samþykkt með lófataki.
- Jóhann og Eyvindur komu með tillögu um að stjórn kæmi sér saman um fastar reglur fyrir næsta aðalfund um hvað stjórn má og má ekki og legði fyrir aðalfund til samþykktar. Var það samþykkt af fundarmönnum.
- Guðmundur Svavarsson sagði frá því að boðið hefði verið uppá súpu fyrir þá sem komu á aðalmót okkar í Grundarfirði.
- Pálmar sagði frá því að stjórnarmenn hefðu gist hjá sér á innanfélagsmóti Sjórs.
- Anton óskaði Guðmundi til hamingju með afgerandi kosningu til formanns Sjórs. Þakkaði fráfarandi stjórn fyrir allt gott sem gert var á síðasta starfsári. Þarf að vera eining í félaginu svona lítið félag eins og Sjórs má ekki við neinum átökum innan félagsmanna. Vonaðist að sættir næðust á milli manna. Mikið starf væri framundan í sjóstönginni og það þarf að ríkja eining innan félagsins.
- Guðmundur Kristinsson þakkaði kærlega fyrir góða kosningu og sagðist reyna að standa sig í embætti. Kom með tillögu að Flughnýtingarnefnd Ólafur Jónsson formaður, Finn Hansen Skemmti- og húsnefnd Edda Klemens, Viðir Reynisson, Kristinn H Grétarsson, Birgir Ævarsson og Einar Kristinsson.
- Sagði frá því að hafa mætt á fund hjá Sjórs og hefði verið reifað ýmis mál eins og stytting á veiðitíma, konur með önnur stig en karlar og banna 3 stangir um borð. Fundur á að vera í mars 2005 og ætlar Guðmundur að boða til félagsfundar fyrir þann tíma.
- Þorsteinn Einarsson óskaði Guðmundi til hamingju með embættið.
- Birkir talaði um að margir félagar hefðu mætt á aðalmót okkar í sumar og ekki væri hægt að segja neitt við því hvernig veiðimenn radast niður á báta. Menn mega ekki fara í fýlu ef þeir lenda á stórum eða litlum bátum. Við erum í þessu til þess að hafa gaman af.
- Ólafur Jónsson óskaði Guðmundi til hamingju með kosninguna og hlakkaði til að ræða tillögur sem kæmu fyrir fund Sjórs á næsta ári.
- Birkir þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og sleit fundi kl. 21.50

Svavar Svavarsson fundaritari.

Ágætu veiðifélagar

Haldin voru 8 opin mót sumarið 2003 og unnu SJÓR félagar til eftirtalinnna Verðlauna á 5 mötum. Á móti SJÓR i Grundarfirði 3 tegundaverðlaun. Þorsteinn Einarsson stærsta kolann 0,73 kg. Sem reyndist stærsti koli sumarsins á mótum Sjöf Fríðleifur Stefánsson stærstu lúðuna 2,79 kg og Þorsteinn Stígsson stærsta steinbitinn 9,97 kg sem var stærsti steinbitur sumarsins á mötum Sjöf. Og þá fékk Sigurður Hávarðarson Jónasar bikarinn.

Á móti SJÓVE í Vestmannaeyjum unnum við til 2 verðlauna.

Páll Pálsson stærsta karfann 1,55 kg sem var stærsti karfi sumarsins á mótum Sjöf. Og Erlendur Guðjónsson stærstu ýsuna 3,2 kg.

Á móti SJÓÍS í Bolungakvík fengust 3 verðlaun Guðmundur Jónsson stærstu ýsuna 2,12 kg.

Guðmundur Jónsson var með flestar tegundir eða 8 og Guðmundur Ólafsson var i aflahæstu sveit karla sem var blönduð

Á móti SJÖSNÆ í Ölafsvík náðust 3 verðlaun.

Bjarni Örn Kærnested verðlaun sem aflahæsti karlinn með 855.248 kg , en hann var á bátnum Góunni sem var aflahæsti bátur mótsins en með i áhöfn var Elín Snorradóttir .Sveitakeppni karla unnu þeir Sjóf félagar Bjarni Örn Kærnested , Kristinn Grétarsson, Anton Örn Kærnested og Kristján R Kristjánsson Og þá veiddi Ólatur Jónsson stærstu lýsuna 1,18 kg.

Á móti SJÖSIGL á Siglufirði.vann Ólafur Jónsson til verðlauna fyrir stærsta ufsann sem var 5,8 kg.

Á mótunum á Akranesi, Neskaupstað og Akureyri tókst ekki að vinna til verðlauna Og i keppni til Íslandsmeistara komst næst Guðmundur Kristinsson i 14.sæti og Erlendur Guðjónsson í það 15.

Enn Þorsteinn Jóhannesson SJÖSIGL varð Íslandsmeistari karla með 750 stig og Sigurbjörg Kristjánsdóttir SJÖSNÆ varð Íslandsmeistari kvenna með 735 stig Innanfélagsmótið var haldið frá Grindavík, skráðir keppendur voru 44, en gögn hef ég ekki um það mót.

Áður en ég enda þessa upptalningu um mótin vil ég minna á þá framför að geta komið með óslægðan afla að landi en á næsta ári ætla öll félög SJÓL að hafa þann háttinn á á mötum utan eitt.Og ég vil þakka Lárusi Einarssyni fyrir eljusemi við að koma því framfaraskrefi áfram

Síðasta starfsár hófst með svokölluðum Jólafundum i Skeljanesi þar sem léttar veitingar voru i boði, meðal annars frá Úlfari Eysteinsyni.Okkur i stjórnninni þótti vel til takast Og höfum við því ákveðið að endurtaka leikinn þann 12.des næstkomandi. Rætt hefur verið við Úlfar sem tók vel i málið, en nánar um þann fund síðar. Á þorablótinu sem haldið var 18. jan. 2003 fékk nefndur Úlfar Eysteinsson afhenda Útskornu lúðuna.

Guðmundur Kristinsson á þakkir skildar fyrir framgöngu sína sem formaður skemmtinefndar og fyrir umsjón veiðidagatala sem og að ná í styrktaraðila á það. Þorrablótið verður endurtekið þann 17.jan.2004 á sama stað.

Er líða tók að mótum síðasta sumars tók Finn Hansen að sér að húa félögum saman til fluguhnýtinga í Skeljanesi.

Legsteinn var keyptur á leiði fyrrverandi formanns SJÓR, Jónasar Þórs Jónassonar, Samkvæmt samþykktum síðasta aðalfundar.

Tölvuvog var keypt fyrir félagið ásamt ýmsum öðrum búnaði svo sem hillum. Hleðslutæki, skanna, ljósritunarvél.

Þá var heimasíða félagsins sett upp þó lítið hafi gerst síðan, en þess má geta að Birgir Ævarsson er tilbúinn til að sjá um heimasíðuna.

Keyptir voru 23 flotgallar til félagsins sem síðan voru endurseldir til félagsmanna. Tveir gallana eru óseldir og tveir eru ógreiddir.

Gunnar Þorsteinnsson endurskoðandi reikninga setti út á fyrirkomulag stjórnar varðandi endursölu og vill að komið verði á reglu um hana ásamt því hverjir eigi rétt á galla og hvenær

Einnig setti Gunnar út á reikning frá Hótel Framnesi í Grundarfirði, fannst vanta nánari sundurliðun

Að lokum þakka ég meðstjórnendum samstarfið..

Ársskýrsla formanns SJÓR fyrir árið 2004.

Ágætu veiðifélagar

Enn eitt veiði árið að baki og vonandi margar veiðisögur í minningunni.

Því miður náðist ekki að samþykkja reikninga félagsins á síðasta aðalfundi vegna athugasemda frá endurskoðendum, fór stjórnin yfir þessi atriði og útskýrði það sem þurfti og samþykkti þá síðan fyrir sitt leiti á stjórnarfundi. Við höldum Jólafund í desember með léttum veitingum og plockkfiski frá Úlfari. Þorrablót var haldið í janúar að venju og sá Guðmundur Kristinsson um það, ég var fjarri góðu gamni því okkur hjónunum var boðið í 40 ára afmæli Sjóak og þar mættum við með gjöf fyrir hönd Sjóar. Farið var í hvataferð sem Erlendur skipulagði 1 maí með Húna frá Hafnarfirði heldur var lítið fiskirí en Addi var á grillinu og grillaði hvalkjöt frá Úlfari sem var skemmtileg uppákoma á hvalskoðunar skipi, síðan var sungið við raust á heimleiðinni og Ríkharður fékk sér snúning með konunum.

Fyrsta mót ársins var okkar mót í Grundarfirði höldum við mótið 14 og 15 maí aflaðist rúm 24 tonn keppendur voru 65 þó ég kæmist ekki á sjó fyrri daginn fór svo sem aðstoðarmaður seinni daginn svona til að vera með, en einhverjir bátar duttu út fyrri daginn, aflahæsti karl með 722 kg var Pétur Sigurðsson Sjóak, aflæsta kona

með 696 kg var Sigfríð Ósk Valdimarsdóttir Sjóak, aflahæsti Sjór félagi með 683 kg var Guðbjartur Gissurarson, stærsta fisk mótsins sem var þorskur 13.6 kg veiddi Guðmundur Svavarsson afla hæsta sveit karla var sveit Sjór skipuð Einari Kristinssyni, Guðmundi Svavarssyni, Guðmundi Kristinssyni og Þorsteini Stígssyni. Flesta fiska veiddi Pétur einnig, flestar tegundir 5 veiddi Sverrir S Ólafsson. Á **mótið í Vestmannaeyjum** 29-30 maí veiddist 4,6 tonn, fóru 8 félagar 7 karlar og 1 kona frá Sjór, þar fengum við mörg verðlaun aflahæsti karl var Guðbjartur Gissurarson einnig áttum við afla hæstu sveit skipaða Antoni, Guðbjarti og Reyni Brynjólfs. Fjórar tegundarverðlaun kræktum við einnig í, Viðir Reynisson var með þyngsta karfan 1.kg. Anton var með þyngstu keiluna 4.25 kg Reynir með þyngstu löngu 4.2 kg og einnig þyngsta ufsann, þannig að þetta var glæsilegt hjá okkar félögum.

Næsta mót var hjá SJÓNES 4-5 júní þar veiddist 16. tonn, ekki unnum við til verðlauna þar en sveit Sjór var í 3 sæti.

Á **Akranesi** Dagana 18-19 júní veiddist 23,6 tonn, mættu 13 félagar 12 karlar og 1 kona á þar unnum við til 3 verðlauna Reynir var með þyngstu keilu 7.4 kg einnig þyngstu löngu 2.44 kg Viðir Reynisson var með þyngsta steinbit 7.77.kg þeir eru öflugir feðgarnir.

Hjá SIÓÍS dagana 2-3 júlí veiddist 29,8 tonn, mættu 8 keppendur frá Sjór, ekki unnum við til verðlauna þar en Guðmundur Kristins krækti í líðu 1.24 kg. í

Ólafsvík 16-17 júlí veiddist 12,6 tonn, mættu 8 frá Sjór 7 karlar og 1 kona 1 verðlaun fengum við þar Guðbjartur veiddi þyngstu keiluna 4.24 kg. **Á Siglufirði 30-31 júlí** veiddist 30,5 tonn, mættu 7 félagar frá SJÓR 6 karlar og 1 kona .

Á **Akureyri 12-14 águst** veiddist 51 tonn og var þetta 40 ára afmælistmót þeirra, mættu 27 keppendur frá SJÓR 23 karlar og 4 konur fengum ein verðlaun Þorgerður Einarsdóttir veiddi þyngstu ýsuna 4.35 kg.

Á mótum Sjó í sumar veiddist 106,3 tonn og er Sjóak með helming af þessari aflatölu og við vorum með 1/4 eða 24 tonn af heildinni. Guðbjartur Gissurarson var fimmti yfir landið með 680 stig. Til hamingju með það Guðbjartur. Sjómannadagsráð bað félagið að sjá um Dorgkeppni við Reykjavíkurhöfn á Sjómannadaginn og mættu þrjár félagar, Þorsteinn, Svavar og Finn Hansen og tókst vel til.

Við hældum innanfélagsmót 26 júní 2004 35 félagar og makar. Aflahæst i kvenna og karlaflokki urðu þau hjónin Pálmar og Elín, Pálmar var einnig með flesta fiska, þyngsta fisk mótsins veiddi Einar Kristinsson. sem var 12 kg þorskur alls veiddust tæp 5 tonn. Fitjað var upp á þeirri nýbreytni að lokahófið var haldið um borð í skipi Sæferða frá Stykkishólmi, siglt var um Breiðatjörð og snæddur prýðis matur var almenn ánægja með þessa ferð. Ellefu stjórnarfundir voru haldnir á árinu og vil ég að lokum þakka stjórninni gott samstarf og vona að nýtt starfsár verði með því leiðarljósi að starfsemi félagsins blómstri. Að lokum langar mig að segja frá því að

Þegar við Svavar vorum að ræða hvort við ættum að gefa kost á okkur áfram sagðist ég vilja að hann gæfi kost á sér sem formann en hann sagðist vera tilbúinn í formannsslaginn á næsta ári. Ég þakka fyrir gott sjóstangveiðiár.

Kveðja

Þorsteinn Einarsson Formaður

1. Stjórnarfundur Skeljanesi 23. nóvember 2004

Mættir voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Erlendur Guðjónsson, Smári Jónsson, Örn Andrésson, Guðbjartur Gissurarson og Þorgerður Einarsdóttir.

1. **Fundarsetning:** Fundinn setti nýkjörinn formaður félagsins Guðmundur Kristinsson kl. 18.30 og bauð stjórnarmenn velkoman til starfa.
2. **Verkaskipting:** Formaður lagði fram tillögu um verkaskiptingu stjórnarmanna, Guðbjartur Gissurarson ritari, Guðmundur Svavarsson gjaldkeri, Erlendur Guðjónsson og Þorgerður Einarsdóttir meðstjórnendur. Varamenn Örn Andrésson og Smári Jónsson. Tillaga formanns var einróma samþykkt.
3. **Húsaleigumál:** Rætt var um að halda áfram að greiða fyrir húsaleigu með sama hætti og verið hefur, þ.e.a.s. húsaleigan kr. 26.000- á mánuði er greidd með rjómateru til starfsmanna Íþróttaráðs í skiptum fyrir styrk til félagsins sem nemur húsaleigunni. Samþykkt var að halda þessum hætti áfram.
4. **Veiðireglubreytingar:** Ræddar voru tillögur til endurskoðunar á veiðireglum SJÓL, sem lagðar verða fram á fundi SJÓL í janúar. Ákveðið var að menn ræði hugsanlegar breytingar sí á milli og í framhaldi af því setji stjórn félagsins saman tillögu sem lögð verður fyrir fund SJÓL.
5. **Gistirými á aðalmóti:** Rætt var um fyrirhugaða aðalmót félagsins sem halda skal á Grundarfirði 6. júlí 2005. Það hefur verið gistirými fyrir 76 manns á hótelinu, sumarhúsum og bændagistingu að Setbergi.
6. **Innanfélagsmót:** Rædd sú hugmynd að halda fyrirhugað innanfélagsmót okkar á Tálknafirði 25. júní 2005. Koma fram tillaga að hafa rútúferð þangað og hlaut hún góðan hljómgrunn. Guðmundi Svavarssyni var falið að kanna möguleika á

gistingu á Patreksfirði og bóka hana, einnig að hafa samband við sveitarstjórn á staðnum vegna tilskilinna leyfa og hugsanlegan stuðning hennar við mótshaldið.

7. **Bréf frá sveitarstjórn Grundarfjarðar:** Svar við bréfi frá Lárusi Einarssyni til sveitarstjórnar á Grundarfirði hefur borist og hafa þeir veitt leyfi til mótshalds þar, en dræmar undirtektir fékk beiðni Lárusar um beinan styrk frá sveitarfélaginu
8. **Bátar og skipstjórar:** Rætt um að brýna fyrir mönnum mikilvægi þess að bátar sem fengnir hafa verið til þátttöku í mótinu, mæti og mæti tímanlega. Einnig var rædd tillag um að greiða fyrir bátana með ákveðinni prósentutölu af aflaverðmæti, svo sem 30-35 % . Var Guðmundi Kristinssyni , Guðmundi Svavarssyni og Erlendi Guðjónssyni falið að ræða við skipstjórana til að fá viðbrögð þeirra við þessu árangurshvetjandi greiðslufyrirkomulagi.
9. **Veiðidagatal:** Rætt var um prentun árlegs Veiðidagatals félagsins. Guðmundur formaður hefur þegar rætt við nokkra styrktaraðila um áframhaldandi styrk og ætlar hann að ræða við Apple að þeir greiði fyrir póstburðargjöld í skiptum fyrir auglýsingu á dagatalinu. Guðmundur Svavarsson mun ræða við nokkra aðra aðila.
10. **Eigur félagsins:** Taka þarf saman yfirlit yfir eigur félagsins og var Erni Andrésyni fengið það verkefni að annast skráningu allra eigna , til dæmis björgunarvesti,mælistikur, myndavél, skanner,ljósritunarvél,faxtæki, og að halda utan um þær. Rætt var um að það þurfi að númera og merkja hluti svo sem björgunarvesti og mælistikur. Fram kom í umræðunni að samkvæmt bókhaldi félagsins hafi verið keyptir 23 flotgallar til endursölu til félagsmanna. Þar af hafi 18 verið seldir . Guðmundi Svavarssyni var falið að kanna hvar hinir 5 eru niðurkomnir og að innheimta fyrir þá greiðslur eða endurheimta þá..
11. **Heimasíða:** Rætt var um heimasíðu félagsins: sjórek.is, lýstu stjórnarmenna almennri ánægju sinni með uppsetningu síðunnar, en voru allir sammála um að betur þyrfti að standa að uppfærslu síðunnar. Var Smára Jónssyni falið að annast gagnasöfnun og koma þeim til birgis í Rafbjörg sem sér um að setja þau inná síðuna. Fram kom að Birgir í Rafbjörg fær væntanlega 8mm filmur sem teknar voru um 1960 af viðburðum hjá félagsmönnum. Fundarmenn samþykktu að félagið muni greiða fyrir að koma þessum filmum í tölvutækt form.
12. **Hlunnindi stjórnarmanna:** Rædd var tillaga sem samþykkt var á aðalfundi SJÓR, sem haldinn var á Hótel Nordica þann 10.11. 2004, um að mótaðar yrðu

fastar reglur um hlunnindi stjórnarmanna á mótum á vegum félagsins. Þessar reglur skulu mótaðar af stjórn félagsins og kynntar á næsta aðalfundi félagsins. Stjórnin ákvað að ræða og móta þessar reglur á næsta fundi.

13. **Félagaskrá:** Félagatalið var rætt og samþykkti stjórnin að þeir félagar sem ekki stæðu skil á félagsgjöldum í tvö ár skulu felldir út af féлага-skránni. Var rætt um að benda mönnum á að félagið þarf að standa skil á greiðslum til SJÓL, vegna allra félagsmanna hvort sem þeir hafa greitt fálagsgjöld eða ekki. Á annað hundrað félagsmenn eru skráðir í félagið , en þar af hafa aðeins 68 staðið skil á félagsgjöldum.
14. **Nefndir:** Rætt var um skemmtinefnd, fluguhnýtinganefnd og húsnefnd. Nefndirnar skipa: Ólafur Jónsson 899-4239, Finn Hansen 896-5159, Edda Klemenz 893-1703. Kristinn H. Grétarsson 897-3738, Birgir Ævarsson 893-8595, Einar Kristinsson 893-2099, Víðir Reynisson , Gunnar Þorsteinsson 847-0073 og Ólafur Ólafsson 898-3927. Stjórnin samþykkti að veita allt að kr. 50.000- til að fjármagna Jólhlaðborð sem fyrirhugað er að halda í Skeljarnesi 10. desember. Rædd var sú hugmynd Birgis í Rafbjörg Að bjóða Akurnesingum að taka þátt í Jólhlaðborðinu og var það samþykkt. Einnig var rætt um að skemmtinefnd sæi til þess að í Jólhlaðborðinu yrðu veitingar seldar þannig að menn gætu með góðri samvisku drukkið allan þann mjöð sem þeir vildu greiða fyrir.
15. **Önnur mál:** Önnur mál sem tekin voru til umræðu voru. Fyrirspurn Smára Jónssonar um það hvernig sölu á afla skuli háttáð. Fram kom að verið væri að kanna hvort Pétur Sigurðsson á Akureyri mundi kaupa aflann á mótunum okkar eins og hann hefur gert fyrir norðan. Einnig hvort aðrir fiskverkendur hér á svæðinu væru tilbúnir að semja um gott verð fyrir aflann. Einnig var rætt um að selja áfram ámarkaði eins og gert hefur verið . Stjórnin ákvað að skoða solumál frekar og taka þessa umræðu upp aftur á næsta fundi. Rætt var um að senda út gíróseðla vegna félagsgjalda um 15. mars 2005, og að þeir væru með eindaga 30. apríl (sama ár). Rætt var um að setja félagsmenn saman í sveitir á mótum eftir styrkleikalista, sem settur yrði saman eftir árangri síðustu 2-3 ára. Var Smára Jónssyni falið að athuga þennan möguleika í samvinnu við Birgi í Rafbjörg. Rætt var um fregnir af óánægju og kurri í félagsmönnum í Sjósnæ. Rætt var um eftirfarandi mótsstaði og fundi slitíð kl. 22.15

2. Stjórnarfundur Skeljanesi 30.11. 2004.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Smári Jónsson, Örn Andrésson, Guðbjartur G. Gissurarson og Þorgerður Einarsdóttir.

1. Fundur settur.

Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 18.30 .

2. Aðalmót og innanfélagsmót 2005.

Guðmundur Svavarsson upplýsti stjórnarmenn um hugmyndir um að halda innanfélagsmót félagsins á Skagaströnd. Eftir að hafa rætt við menn þar um þátttöku báta og skipstjóra, kemur í ljós að verulegur áhugi heimamanna er fyrir því að fá okkur þangað með mótshaldið. Gistirými og önnur aðstaða virðist ekki vera vandamál. Lögð var fram tillaga um að halda innanfélagsmót okkar á Skagaströnd og var hún einróma samþykkt. Guðmundur Kristinsson tekur að sér að semja við heimamenn um greiðslur fyrir báta sem stjórnin leggur til að verði um 25% af aflaverðmæti ásamt miðum á lokahöfið og verðlaunum Munu þeir Guðmundur Kristinsson og Guðmundur Svavarsson fara norður á Skagaströnd í vettvangskönnun í byrjun febrúar 2005.

3. Breytingar á lögum SJÓL.

Lesnar voru vandlega allar reglur SJÓL um sjóstangaveiði. Stjórnin kom sér saman um að nauðsynlegt væri fyrir hana að móta tillögur um breytingar á lögum SJÓL fyrir 15. des 2004. Var farið yfir tillögur frá öðrum félögum svo sem SJÓNES og SJÓAK.

Var stjórnin sammála um að styðja einungis tillögur SJÓNES um breytingar á 9. gr Þar sem rætt er um „og komutíma í höfn“ svo og í 13. gr. Að það komi þar skýrt fram að hámarks ganghraði báta sé 15 mílur. Stjórnin var sammála um að styðja hluta af tillögum SJÓAK Varðandi breytingar í fyrstu grein þá var stjórnin sammála um að frekar en að leyfa skuli 3 stangir skuli aðeins leyfa 2. Að öðru leiti er stjórnin sammála um þessar breytingar. Varðandi breytingar í 2.gr., 5. gr.og 7.gr, þá styðjum við þær. Varðandi breytingu á 10. gr. þá leggjum við til að þar standi „að heimilt verði að láta tölvu sjá um útdráttinn“ að öðru leiti finnst okkur breytingin vera í lagi. Í 14. gr leggur stjórnin til að sett verði „Brúttóvigtá skal afla hver veiðimanns þar sem því verður mögulega viðkomið áður en vigtun hefst“ Þá samþykkir stjórnin að styðja óbreytt ákvæði til bráðabirgðalaga, og einnig breytingar á 16.gr.

4. Félagaskrá. Farið var yfir félagaskrána og vinsaðir út þeir aðilar sem ekki hafa

staðið skil á félagsgjöldum í tvo ár eða meira. Þá var ákveðið að senda þeim gíróseðla með tilkynningu um greiðslu fyrir 10. Janúar 2005 til þess að þeir hefðu tækifæri til að halda áfram að vera taldir gjaldgengir félagsmenn. Vonast stjórnin til þess að með þessu sé mönnum gert ljóst að félagið hefur ekki efni á að standa skil á gjöldum til SJÓL fyrir félagsmenn sem ekki greið félagsgjöld til félagsins.

5. **Önnur mál:** Formaður skilað þakklæti fyrir tösku sem hjónin Guðbjartur G. Gissurarson og Þorgerður Einarsdóttir gáfu félaginu til þess að hýsa útskorinn fundarhamar félagsins. Rætt var um kostnað vegna verðlauna á síðasta móti okkar og lagt til að gæta aðhalds við kaup á verðlaunagripum í framtíðinni. Að frumkvæði Smára Jónssonar var rætt um sölumál á afla í mótum. Ákveðið var að leita leiða til að fá sem mest í sjóði félagsins á komandi mótum.

6 Fundi slitið kl. 21.30

3. Stjórnarfundur Skeljanesi 4.1. 2005.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Erlendur Guðjónsson, Smári Jónsson, Örn Andrésson, Guðbjartur G. Gissurarson og Þorgerður Einarsdóttir.

1. Fundur settur.

Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 18.00 .

2. Farið yfir aðalmót og innanfélagsmót.

Rætt var um mikilvægi þess að allir skipstjórar sem taka þátt í mótum, mæti á tilsettum tíma, fari eftir reglum mótstjóra og að þeir standi fagmannlega að stjórnun bátana.

Guðmundur Kristinsson og Guðmundur Svavarsson féllust á að ræða við skipstjórnarmenn á Grundarfirði. Þá var rætt um tilboð frá hótelinu á Patreksfirði fyrir gistingu og aðra aðstöðu vegna innanfélagsmótsins. Talað var um að samningar stæðu enn yfir við hótelið og yrði stjórninni skýrt frá gangi þeirra síðar.

3. Taka afstöðu til breytinga á lögum SJÓL.

Ræddar voru tillögur þær sem önnur félög hafa lagt til og samþykkt að við hjá SJÓR leggjum til að breytingum verði haldið í lágmarki Munu Guðmundur Kristinsson og Guðmundur Svavarsson mæta á fund hjá SJÓL í janúar og fylgja þessum málum eftir þar.

4. **Fara yfir félagaskrá.**

Rætt var um félagaskráanna of fram kom að félagi Jón Ásbjörnsson hefði óskað að vera í félaginu þó hann sé ekki virkur þátttakandi, og hefur hann sagt að það sé sér heidur að vera félagi. Voru fundarmenn samála um að sjálfsagt væri að hann verði áfram félagsmaður **5enda út dagatal**. Vandlega var farið yfir nöfn og heimilisföng hjá öllum félagsmönnum SJÓL sem eru á fimmtahundrað á landsvísu. Þess var vandlega gætt að allir fengu dagatal og þurfti að handskrifa á þó nokkur umslög. Þetta verk tók mikinn tíma en þó stuttan ef haft er í huga hversu umfangsmikið það er.

5. **Önnur mál**, Það leggst illa í stjórnarmenn að Erlendur Guðjónsson sé með 50. Ára afmælisveislu sömu helgi og fyrirhugað innanfélagsmót okkar á Patreksfirði. Erlendur er ósveigjanlegur með að breyta afmælisveisludeginum. Þá óskar Erlendur eftir að fá fundarboð símleiðis framvegis, einnig að fá fundargerðir sendar í pósti. Ætlar ritari að sjá til þess að hann fái fundargerðir sendar. Örn Andrésson gerði lista yfir eigur félagsins og er afrit af honum væntanlegt. Erlendur lagði til að fengnar verði upplýsingar frá Akureyringum varðandi skipulag þeirra við vigtun á afla , sem þótti takast með ágætum á stórmóti þeirra s.l. sumar. Var samþykkt að Erlendur tekur að sér að afla þessara upplýsinga og sagðist hann m.a að hafa samband við Steina mink. Guðmundur Svavarsson ætlar að athuga með hentuga fundargerðarbók fyrir stjórnarfundi.

6. **Fundi slitið: Fundinum var slitið kl. 22.00**

4. Stjórnarfundur Skeljanesi 8.2. 2005.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Erlendur Guðjónsson, Örn Andrésson, Guðbjartur G. Gissurarson, Þorgerður Einarsdóttir og gestur á fundinum Birgir Ævarsson.

1. Fundur settur.

Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 19.10

2. Breyting á dagsetningu innanfélagsmóts.

Vegna fjölda áskorana var lögð fram tilaga um að innanfélagsmót verði haldið á **Patreksfirði þann 11 júní**. Var tilaga þessi „ samþykkt einróma.

3. Afstaða til breytinga á reglum SJÓL.

Rætt var um veiði í höfn og eru skiptar skoðanir um þessa veið: Væntanlegar eru tilögur um þetta frá Þóri á Bolungavík. Rætt var um bátstig, fjölda keppenda á hverjum bát, hámarkshraða báta á meðan á veiðitímanum stendur og fleira. Er fundarmenn sátir við þær breytingar sem fram komu á fundinum í janúar, og leggur stjórnin til að þær verði staðfestar á fundi SJÓL sem haldin verður 12 mars 2005.

4. Fara yfir félagatal.

Farið yfir félagatal og, samþykkt að senda tilkynningu um Vorfagnað

5. Vorfagnaður.

Rætt um skipulag vorfagnaðar sem haldin verður á vegum félagsins. Ákveðið í samráði við Birgir Ævarsson að halda hann kl. 19.00 þann 12 mars 2005 að Skipholti 70, Reykjavík Þá var samþykkt að þrátt fyrir talsverðan kostnað verði leigður „posi til að geta tekið við debetskorts greiðslum á fagnaðinum“

6. Önnur mál:

Fundarstjóri minnti stjórnina á að félagið ætti inneign hjá TASK tölvufyrirtækinu og það væri tímabært fyrir félagið að eignast fartölvu og nýjan prentara. Var samþykkt að fela Guðbjarti og Birgi að kanna hvað mundi henta félagin best í þeim efnum. Lagt var til að tilkynna félagsmönnum um fastan félagsfund annan þriðjudag í hverjum mánuði þar sem allir sem áhuga hafa á að koma saman og taka þátt í virku félagsstarfi geri það. Þá var rætt um erlenda gesti á mótum okkar. Ákveðið var að heimilt sé fyrir útlendinga að ganga í félagið að öðrum kosti skulu þeir aðeins veiða sem gestir og ekki vinna til verðlauna á aðalmótum okkar. Guðbjarti var falið að láta útbúa skjöld á farands bikarinn frá heiðursfélaga Ríkharði Ingibergssyni fyrir síðast ár.

Fundi slitið kl. 20.45

5. Stjórnarfundur Skeljanesi þriðjudaginn 19.04. 2005.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Erlendur Guðjónsson, Smári Jónsson, Örn Andrésson, Guðbjartur G. Gissurarson og Þorgerður Einarsdóttir.

1. Fundur settur.

Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 19.15 .

2. Tölvu og myndavélakaup.

Samþykkt var að kaupa stafræna myndavél af gerðinni Photosma R707 ásamt flýtihleðslutæki og auka rafhlöðu. Þá var samþykkt kaupa fartölvu með tösku fyrir hana og prentara.

3. Skipulag aðalmóts.

Guðmundi Svavarssyni var falið að sjá um að útvega báta.

Erlendi var falið að sjá um smíði á nýjum mælistikum og athuga björgunarbúnað, einnig að ræða við Lionsmenn eða slægingarþjónustuna um vigtun og slægingu afla. Þá bauðst Erlendur til að sjá einnig um útvegum beitu fyrir mótið.

Smára Jónsyni var falið að sjá um að trúnaðarmenn fylgi eftir að afli sé brútaóvigttaður að loknum veiðidegi. Erni Andréssyni var falið að ræða við Óla dúkara um að búa til 4 stk merki á mann fyrir 80 manns.

Þá athuguðu fundarmenn lager af umslögum fyrir mótsgögn og skýrslur fyrir trúnaðarmenn ásamt skrifærum. Ákveðið var að lágmarksstærð **þorsks** skuli vera **50 cm.** og lágmarksstærð **ufsa** skuli vera **60 cm.** í mótinu. Rætt var um að útbúa tékklista fyrir trúnaðarmenn. Guðmundur Kristinsson sér um að útvega nesti fyrir keppendur.

Matur á mótinu skal vera samkvæmt ákvörðun aðalfundar frá því í vetur, þ.e.a.s. súpa og brauð á fimmtudagskvöldinu. Kjötsúpa með fyrsta flokks kjöti á föstudagskvöldinu í boði félagsins. Ákveðið var að mótsgjald skuli ver kr. 14.000- og keppendur mynntir á að súpur eru innifaldar í mótsgjaldi. Guðmundur Kristinsson mun ræða við Einar Lárusson um að taka að sér að sjá um tölvuvinnslu á mótinu. Smári Jónsson mun ræða við aðila sem gæti tekið að sér myndatöku og aðstoðað við tölvuvinnslu í mótinu. Pétur Sigurðsson á Akureyri hefur tilkynnt að hann muni senda tilboð í aflann á mótinu og mun hann senda gagnagrunn fyrir vinnslu á mótsgögnum fyrir mótið. Þá var rætt og samþykkt að verðlaunagripir fyrir mótið skuli kosta að hámarki kr. 200.000-

Þorgerður Einarsdóttir og Guðmundur Kristinsson munu sjá um innkaupin á verðlaunagripunum. Minnt var á að hafa verðlaunagripinn þorskinn tilbúinn fyrir mótið.

4. Önnur mál.

Rætt var um að móta þurfi víðtækari og skýrari reglur um inntöku í félagið og samþykkt var að félagið taki kr. 10.000- inntökugjald og svo árgjald að auki. Er þetta gert með hliðsjón af því að erlendir gestir telja sig geta borgað kr. 5.000-árgjald í félagið og veitt frítt í mótum félagsins. Erni Andrésyni var falið að athuga með makaferð og eða dekurdag fyrir maka veiðimanna í mótinu. Þá var lagt fram reikningsuppgjör vegna vorfagnaðar og kemur fram á þeim að fagnaðurinn ver rekinn með hagnaði kr. 16.382-. Voru þá menn kátir og lýstu tilhlökkun sinni til væntanlegs aðalmóts.

Fundi slitið kl. 22.00

6. Stjórnarfundur Skeljanesi 3.5. 2005.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Erlendur Guðjónsson, Örn Andrésson, Guðbjartur G. Gissurarson og Þorgerður Einarsdóttir.

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 18.00
2. **Samþykkt** var að greiða Erlendi Guðjónssyni kr. 25.000- fyrir smíði á nýjum mælistikum sem hann hefur þegar smíðað og athent félaginu til afnota.
3. **Skipulag aðalmóts.** Skipulögð röðun trúnaðarmanna á bátana Keppendur dregnir á alla þáttakandi báta. Valdir menn i kærunefnd. Þórir frá Sjóis, Guðmundur Kristins frá Sjó, Sigfrið frá Sjóak. Þorsteinn frá Sjósigl, Helgi Bergs frá Sjósnæ, og Jón Þór frá Sjóskip.
4. Val á mótstjórum. Valdir voru Guðmundur Kristinsson mótstjóri. Guðmundur Svavarsson, Örn Andrésson, Einar Láru Einarsson og Birkir Gunnarsson.
5. Ákveðið var að makar sem mæta á mótstað og eru ekki að keppa mótinu skuli fá dekurdag á kostnað félagsins í stað hefðbundnar makaferðar.
6. **Haldinn** var félagsfundur og rætt þar um komandi mót á léttu nótonum og voru menn almennt bjartsýnir varðandi félagsmótið á Grundarfirði.

Fundi slitið um klukkan 20:30.

7. Stjórnarfundur Skeljanesi 17.05. 2005

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Smári Jónsson, Örn Andrésson, Guðbjartur G. Gissurarson og Þorgerður Einarsdóttir

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 19.00
2. **Uppgjör á aðalmóti.** Guðmundur Svavarsson gjaldkeri lagði fram bráðabirgða uppgjör vegna aðalmóts sem haldið var á Grundarfirði þann 6-7 maí s.l. fram kom að eftir er að gera upp fáeina kostnaðarliði, en uppgjórið sýnir tekjuafgang upp á kr. 2983.303- sem fundarmenn voru sammála um að væri bærilegu rárangur. Samþykktu fundarmenn einróma að axla ábyrgð á uppgjörinu. Fram kom að uppgjör við skipstjóra á bátunum hafi verið kr. 554.836- og er það síst meira en ef greitt hefði verið eftir höfðatölu í stað 30% af afla eins og nú var gert.
3. **Bréf frá varaformanni.** Bréf barst frá Erlendi Guðjónssyni til formanns félagsins Guðmundar Kristinssonar, segir Erlendur sig með því úr stjórn SJÓR. Samþykktu fundarmenn úrsögn hans einróma og tekur Örn Andrésson við af Erlendi sem varaformaður félagsins.
4. **Umraður um innanfélagsmót.** Fyrirspurnir hafa borist frá mönnum utan félagsins um þátttöku í innanfélagsmóti okkar á Patreksfirði. Stjórnin ákveður að félagið borgi fyrir mótshaldið en allir þátttakendur jafnt utan sem innan félagsins borgi sína gistingu sjálfir. Rætt var að hafa óhefðbundin verðlaun í boði á mótinu og stjórnarmenn samþykktu að móta hugmyndir varðandi verðlaunin og leggja þær fram á næsta fundi. Formaðurinn boðar til 30.05. 2005 og felur stjórninni að hafa þá tilbúnar tillögur varðandi fyrirkomulag mótsins. Ákveðið var að boða Einar Lárusson á fundinn til að aðstoða stjórnina við tölvumál.
5. Önnur **mál.** Fram hefur komið fyrirspurn frá Árna Baldurssyni varðandi sjóstangaveiði fyrir erlenda ferðamenn. Voru stjórnarmenn sammála um að félagið væri ekki í stakk búið til þess að bjóða sjóstangaveiði fyrir túrista. Bendir stjórnin á að fjöldi fyrirtækja býður upp á sjóstangaveiði á samkeppnishæfu verð: Sjómannadagsráð hafði samband við formann félagsins varðandi bryggjuveiði fyrir börn á laugardag fyrir sjómannadag Stjórnin ákvað að fá Finn Hansen til þess að sjá um bryggjuveiðina eins og hann gerði í fyrra. Stjórnarmenn ræddu um það fyrirkomulag að félagið greiði fyrir gistingu fyrir stjórnarmenn í mótum sínum. Svo sem gert hefur verið. Var samþykkt einróma að greitt verði fyrir gistingu stjórnarmanna. Er þessi samþykkt gerð sem hluti af tillögum stjórnar-

innar til aðalfundar SJÓR, þetta er í samræmi við tillögu sem lögð var fram af Jóhannesi Valdimarssyni og Eyvindi Jóhannssyni á aðalfundi félagsins á Nordca Hótel miðvikudag, 10.11.2004, þar sem stjórn SJÓR var falið „að móta fastar reglu varðandi hlunnindi stjórnarmanna á mótum á vegum félagsins“ Formaður þakkaði öllum stjórnarmönnum fyrir vel unnin störf við félagsmótið á Grundarfirði sem þykir hafa tekist með ágætum.

Fundi slitið kl. 22.30

8. Stjórnarfundur Skeljanesi 30.05. 2005

Mættir voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Smári Jónsson, Örn Andrésson, Guðbjartur G. Gissurarson, Þorgerður Einarsdóttir og Einar Lárusson .

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 19.00
2. **Umræða um innanfélagsmót.** Stjórnarmenn ræddu um mögulegan fjölda þátttakenda og fjölda báta sem verða til taks. Fram kom að Gísli á Patreksfirði ætlar að sjá um að útvega nægilega marga báta. Þá var rætt um fyrirkomulag á sölu afla, aflatalningu og skráningu.
3. **Verkaskipting.** Samþykkt var að Guðmundur Svavarsson sæi um hótelið, beitu, fiskmarkaðinn og nesti. Smári Jónsson sér um björgunarvesti, mælistikur og merkisþjöld. Guðbjartur Gissurarson sér um tölvuinnslátt og útprentun á gögnum. Guðmundur Kristinsson sér um verðlaunagripi og bátana í samvinnu við Gísla á Patreksfirði.
4. **Dagskrá Mótsins.** Dagskrá mótsins ákveðin. Guðmundi Svavarssyni falið að senda dagskrána til félagsmanna. Samið við Hótel Stekkjaból um gistingu með morgunmatá kr. 3.300-. Nægilegt gistirými er í boði. Formaður boðar til fundar þriðjudaginn 07.06. 2005 kl. 19.00
5. **Önnur mál.** Rætt um bryggjuveiði fyrir börn laugardaginn fyrir Sjómannadag. Finn Hansen hefur fallist á að sjá um bryggjuveiðina og telja fundarmenn að þá sé það mál í góðum höndum. Rætt um afmæli Ísfriska sjóstangaveiðifélagsins sem er nú í sumar. Stjórnin ákveður að senda þeim mynd af okkar heimahögum að gjöf. Mun Guðmundur Kristinsson sjá um að kaupa myndina.

Fundi slitið kl. 22.30

9. Stjórnarfundur Skeljanesi 07.06. 2005.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Smári Jónsson, Örn Andrésson. Guðbjartur G. Gissurarson, Þorgerður Einarsdóttir og Einar Lárusson

Fundur settur. Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 19.00

Innanfélagsmót á Patreksfirði. Stjórnarmenn ræddu um skipulag mótsins. Fram kom að þegar hafa yfir 30 skráð sig í mótið. Guðmundur Svavarsson hefur samið um vígtun, talningu c; skráningu á afla. Þá hefur hann einnig samið um nestið í bátana og

lokahófið.

Dregið á bátana. Nú var dregið á bátana og þess vandlega gætt að allt færi fram samkvæmt settum reglum.

Önnur mál.Ákveðið var að Guðbjartur G. Gissurarson og Einar Lárusson muni hittast í vikunni fyrir mótið til þess að fara yfir tölvuinnslátt á mótinu. Þá veltu fundarmenn fyrir sér áætluðum mótskostnaði og gerðu líkan af lágmarks afla sem mundi gefa núll afkomu fyrir mótshaldið. Allir voru fundarmenn sammála um að óhætt væri að ætla að lágmarks afli mundi auðveldlega nást og gott betur ef veðurguðirnir verða okkur hliðhollir. Allir eru bjartsýnir og sammála um að skemmtilegt mót sé í aðsigi.

6. Fundarslit kl II

10. Stjórnarfundur Skeljanesi 07.08. 2005

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Einar Lárusson

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 19.00
2. **Forföll.** Guðbjartur Gissurarson, Þorgerður Einarsdóttir, Smári Jónsson og Örn Andrésson boðuðu forföll.
3. **Uppgjör á innanfélagsmóti.** Guðmundur Svavarsson gjaldkeri lagði fram uppgjör vegna innanfélagsmótsins sem haldið var á Patreksfirði þann 11. Júní s.l. Fram kom að uppgjörinu sýnir tekjuafgang uppá kr. 644.901-sem

fundarmenn voru sammála um að væri frábær árangur. Samþykktu fundarmenn einróma að æskilegt væri að halda aðalmót okkar á Patreksfirði. Var að mati fundarmanna almenn ánægja hjá öllum sem mótið sóttu.

4. **Fundi slitið. Vegna forfalla var fundi slitið snemma eða kl. 20.00**

11. Stjórnarfundur Skeljanesi 4.10.2005.

1. **Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Smári Jónsson, Örn Andrésson. Guðbjartur G. Gissurarson. Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 18.40
2. **Skóðaðar hentugar tíma setningar fyrir næsta aðalmót og innanfélagsmót.** Fundarmenn samþykktu að leggja til að aðalmót okkar fari fram á Grundarfirði 29-30 apríl 2006, og innanfélagsmótið á Patreksfirði 27 maí 2006.
3. **Breytingar á lögum S.J.Ó.R.** Samþykkt var að leggja fram tillögur til laga-nefndar um að notuð verði listakosning við stjórnarkjör í félaginu en að varamenn í stjórn skulu kosnir í beinni kosningu. Rökstuðningur er sá að ekki er gott fyrir félagið ef stjórnarmenn, sem kosnir eru, geta ekki starfað saman og eru ósammála í veigamiklum málum varðandi félagið. Telja stjórnarmenn að gott sé að menn myndi því lista með þeim mönnum sem þeir telja sig geta starfað með í sátt og samlyndi, áður en kosning fer fram.
Þá leggur stjórnin til að þeir sem ekki hafa greitt árgjald til félagsins í 2 ár verði teknir af skrá hjá félaginu. Nýir félagar þurfa greiða tvöfalt árgjald til þess að öðlast réttindi félagsmanns.
4. **Farið yfir félagaskrá.**
5. **Aðalfundur SJÓR 2005.** Ákveðið var að boða til aðalfundar fimmtudaginn 1. desember kl.20.00.
6. **Listi stjórnar til kosninga á aðalfundi.** Stjórnin samþykkti að leggja fram eftirfarandi lista: Formaður Guðmundur Kristinsson, **varaformaður**-Guðbjartur G Gissurarson, **gjaldkeri**-Guðmundur Svavarsson ritari Einar Lárusson. Meðstjórnandi Þorgerður Einarsdóttir.
7. **Önnur mál. Stjórnarmenn samþykktu að félagið mun greið þátttökugjald**

fyrir félagsmenn okkar í mótum hjá öðrum félögum sem hér segir: Þeir félagsmenn sem mæta á annaðhvort innanfélagsmót eða aðalmót okkar fá greitt á eitt mót og þeir félagar sem mæta á bæði mót okkar fá greitt á tvo mót. Rætt var um að halda grillveislu með hvalkjöti þann 4. nóvember. Stjórnin ákvað að koma með tillögur á næsta stjórnarfundum um orðaval á lagabreytingum varðandi hlunnindi stjórnarmanna samkvæm tillögu sem samþykkt var á síðasta aðalfundi varðandi hlunnindi.

8. Fundi slitið. Fundi var slitið kl. 22.30

12. Stjórnarfundur Gerðhömrum 27, þann 13.10. 2005.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Smári Jónsson, Örn Andrésson, Guðbjartur G. Gissurarson og Þorgerður Einarsdóttir.

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 21.00 .
Beiðni frá Antoni Erni Kærnedst. Tekin var fyrir beiðni Antons um að stjórnin skili inn tillögum til laganefndar varðandi tillögur um breytingar á lögum félagsins sem taka skal fyrir á næsta aðalfundi.
2. **Breytingar á lögum S.J.Ó.R.** Samþykkt var að leggja fram tillögur til laganefndar um breytingar á eftirfarandi greinum í lögum félagsins frá 29. maí 1961: grein 4, grein 5, grein 6. (Sjá meðfylgjandi yfirlit yfir tillögur til laganefndar).
3. **Tillaga til aðalfundar S.J.Ó.R.** Mótuð var tillaga til aðalfundar varðandi hlunnindi stjórnarmanna. Stjórnin samþykkti einróma að leggja fram eftirfarandi tillögu: **Að þeir stjórnarmenn sem vinna við mótshald félagsins. fái greidda gistingu.**
4. **Önnur mál.** Ákveðið var að fyrirhuguð hvalkjötsveisla félagsins skuli haldin þann 19. nóvember í stað 4. nóvember sem rætt var um á síðasta stjórnarfundum. Þá var rætt um dagsetningar á mótarið S.J.O.L á næsta ári. eru þær dagsetningar að verða komnar á hreint
3. **Fundi slitið.** Fundi var slitið eftir veglegar kaffiveitingar í boði Formannsins kl. 23.50.

13. Stjórnarfundur Skeljanesi, þann 27.10. 2005

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson , Guðmundur Svavarsson, Smári Jónsson, Örn Andrésson, Guðbjartur G. Gissurarson og Þorgerður Einarsdóttir.

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 19.00
2. **Breytingar á lögum SJÓR.** Rætt var um tillögur laganeftar um breytingar á lögum félagsins. Samþykkt var einróma að leggja fram lítillega breytt útgáfu af tillögum laganeftar á væntanlegum aðalfundi 1. desember Breytingarnar eru í 3. gr.4. gr. og 6 gr. 8.gr. og síðan viðbótargrein nr. 12. Varðandi starfsreglur stjórnar.
3. **Hvalkjötshátíð.** Samþykkt var að kaupa 4 kassa af bjór, ostabakka og konfekt fyrir hátíðina.
4. **Aðal og innanfélagsmót.** Ákveðið var að halda aðalmót okkar á Patreksfirði 19-20 maí 2006, þá var ákveðið að halda innanfélagsmót okkar á Grundarfirði 30. apríl 2006.
5. Farið yfir félagaskrá. Farið var vandlega yfir félagaskrána og merkt við hverjir hafa borgað félagsgjöldin. Farið yfir heimilisföng og þeim breytt þar sem það átti við.
6. Önnur mál. Rætt var um að stofna þurfi afmælisjóð með tilliti til stórafmælis félagsins 10. maí 2011. Þar sem félagið er elsta sjóstangaveiðifélag landsins þá er það von stjórnarmanna að geta haldið veglega 50 ára afmælisveislu. Ákveðið var að leggja fyrir aðalfund að félagsgjöld skuli vera áfram kr. 5.000- á ári. Rætt var um að koma saman virkri skemmtinefnd sem mun væntanlega sjá um Jólaskemmtun og fleira f því tagi.
7. Fundi slitið. Fundi slitið eftir veglegar kaffiveitingar í boði formanns kl. 23.50

14. Stjórnarfundur Skjeljanesi, þann 8.11. 2005.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Guðbjartur G. Gissurarson Þorgerður Einarsdóttir Smári Jónsson, Örn Andrésson og Einar Lárusson

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 20.00
2. **Reikningar félagsins.** Reikningar félagsins munu liggja fyrir hjá gjaldkera félagsins Guðmundi Svavarssyni að Nýbýlavegi 6. 4.hæð frá og með 24. nóvember 2005.
3. **Tillögur stjórnar til aðalfundar. Samþykktar voru einróma** tillögur stjórnar til aðalfundar.
4. **Ritari** aðalfundar. Ákveðið var að stinga upp á að ritari aðalfundar verði Viktoría Eyrún Ragnarsdóttir sem nýlega gekk í félagið.
5. **Dagskrá aðalfundar og hvalkjötshátíð.** Samið var bréf til félagsmanna, í því kemur fram dagskrá aðalfundar félagsins sem haldinn verður 1. desember 2005 að Hótel Loftleiðum þingsal 8. kl 20.00. og upplýsingar um fyrirhugaða Hvalkjötshátíð sem haldin verður að Skeljanesi laugardaginn 19. Nóvember kl. 16.00.
6. **Önnur mál.** Rætt var um að Guðmundur Svavarsson gjaldkeri félagsins afli upplýsinga frá banka um innheimtukostnað og dráttarvexti vegna árgjalda félagsmanna sem berast félaginu eftir eindaga.
7. **Fundi slitið.** Fundi slitið kl. 22.00.

15. Stjórnarfundur Skeljanesi, þann 17. 11 . 2005.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Smári Jónsson, Örn Andrésson . Guðbjartur G. Gissurarson og Þorgerður Einarsdóttir. Gestur á fundinum var Einar Kristinsson

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl: 19 45

2. Hvalkjötshátíð. Farið var yfir fyrirkomulag hátíðarinnar og *skiptu* stjórnarmenn með sér verkum ásamt Einari Kristinsyni.
3. Ársreikningur S.J.Ó.R. Gjaldkeri félagsins Guðmundur Svavarsson lagði fram bókhald og ársreikning félagsins til skoðunar og undirritunar stjórar. Var ársreikningurinn undirritaður af öllum stjórnarmönnum athugasemdalaust.
3. **Önnur mál.** Rætt var um aukinn kostnað sem það mun hafa í för með sér að borga tvo veiðistyrki fyrir félagsmenn í mót utan félagsins. Kostnaðar auki hefur verið áætlaður á um 350.000 kr en á móti kemur að ætla má að tekjur aukist vegna þess að væntanlega koma fleiri félagsmenn á bæði mót okkar. Þá var rætt um framgang væntanlegs aðalfundar. verkaskiptingu á fundinum og við undirbúning hans. Rætt var um að fá eftirtalda aðila til að skipa skemmtinefnd : Smára Jónsson. Ólaf Ólafsson. Elínu Snorradóttur og Pálmar Einarsson. Haft verður samband við þessa aðila.
5. **Fundi slítið.**Fundi var slítið kl. 21.15.

Aðalfundur SJÓR 2005

Fundurinn var haldinn á Hótel Loftleiðum 1. desember 2005 og voru mættir félagar á fundinn.

Dagskrá

1. Fundur settur.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Lesin upp fundargerð síðasta aðalfundar og hún borin undir fundinn
4. Skýrsla formanns
5. Reikningar félagsins lesnir upp og skýrðir
6. Umræður um skýrslu formanns og reikninga félagsins
7. Lagabreytingar
8. Fundarhlé
9. Kosning stjórnar
10. Kosnir 2 varamenn í stjórn
11. Kosnir 2 endurskoðendur
12. Árgjöld og veiðistyrkir ákveðnir fyrir árið 2006
13. Önnur mál.

1. **Fundur settur. Guðmundur Kristinsson setti fundinn kl. 20.00**
2. **Kosning fundarstjóra og fundarritara.**
Stungið uppá Antoni sem fundarstjóra og Viktoríu Ragnarsdóttur sem fundarritara.
3. **Lesin upp fundargerð síðasta aðalfundar.**
Guðbjartur Gissurarson ritari las upp fundargerð síðasta aðalfundar sem haldinn var 10. nóvember 2004 á Nordica hótél. Engar athugasemdir voru gerðar og var fundargerðin samþykkt samhljóða.
4. **Skýrsla formanns.**
Kæru félagar þið sýnduð mér mikið traust þegar þið kusuð mig sem formann á síðasta aðalfundi. Ég hef reynt að standa undir því trausti með því að leggja mig allan fram.
Aðalmót okkar fór fram á Grundarfirði dagana 6-7 maí og það heppnaðist mjög vel og eiga félagar mínir í stjórninni mikið hrós skilið. Alls veiddust tæp 21 tonn. Aflahæsta konan var Svala J. Ólafsdóttir frá Sjó sigl með 582 Kg en aflahæsta Sjó konan var Elín Snorradóttir með 282 kg. Aflahæsti karl var Jón Þ Þorgeirsson frá Sjóskip með 732 kg. og. Aflahæsti Sjó karl var Páll Jörundsson með 666 kg. og fékk hann útkoma Þorskinn til varðveislu. Það má segja að SJÓR félagar hafi sópað að sér verðlaunum á þessu móti Stærsta þorskinn veiddi Guðbjartur Gissurarson 17,65 kg. Stærstu ýsuna veiddi Viðir Reynisson. Stærsta ufsann veiddi Þorsteinn Einarsson. Stærsta kolann veiddi Einar Kristinsson. Stærstu Lönguna veiddi Stefán Guðjónsson. Stærstu keiluna veiddi Guðmundur Kristinsson. Innanfélags mót okkar fór fram á Patreksfirði 11. júní. Það má segja að það hafi verið nokkuð djarft af stjórn félagsins að fara með mótið þangað, en í stuttu máli þá heppnaðist það fullkomlega. enda valinn maður í hverju rúmi. 37 manns komu á mótið og veiddu 12.220 kg. aflahæstur var Kristbjörn Rafnsson gestur með 633 kg en aflahæstur Sjó félagi var formaðurinn með 542 kg. Mótið á Patreksfirði er það skemmtilegasta sem sá er hér talar hefur farið á. Það voru allt nýir hraðfiskibátar sem keppt var á og rúmt um alla sem um borð voru. Áhuginn hjá heimamönnum var svo mikill að það voru 3 auka bátar til taks ef eitthvað kæmi uppá. Um kvöldið var slegið upp veislu með 3 rétta máltíð sem góður rómur var gerður að. Á árinu gáfum við út veiðidagatal. Við héldum vorfagnað 12. mars í umsjón Birgis Ævarssonar. Hvalskjötsveisla var haldin 19. nóvember sem Einar Kristinsson stjórnaði og sá hann um að grilla í mannskapinn og hafi hann þökk fyrir.
Um mitt árið barst formanninum bréf frá Erlendi Guðjónssyni þar sem hann segir sig úr stjórn félagsins án skýringa og var úrsögn hans samþykkt samhljóða

af stjórn og tók Örn Úlfar Andrésson sæti hans í stjórninni. Félagið fjárfesti í nýrri tölvu, prentara, myndavél og fleira smáðóti. Heldur Örn Úlfar skýrslu um allar eigur félagsins. Félagar í Sjórn sóttu öll mót sem keppt var í á vegum Sjórn og unnu til verðlauna hjá SJOSKIP veiddi Ólafur Jónsson stærsta þorskinn, Guðmundur Kristinsson veiddi stærstu keiluna. Hjá Sjórn veiddi Einar Kristinsson stærsta kolann. Hjá Sjórn veiddi Ólafur Jónsson stærsta þorskinn. Hjá Sjórn veiddi Guðbjartur Gissurarson stærsta steinbítinn og stærsta skötuselinn, Þorgerður Einarsdóttir veiddi stærsta kolann, Gústaf Þ. Ágústsson veiddi stærsta makrílinn og Gilbert Ó Guðjónsson var 3 aflahæstur. Hjá Sjórn veiddi Elín Snorradóttir stærstu lúðuna, Þorgerður Einarsdóttir veiddi stærsta steinbítinn, Pálmar Einarsson veiddi stærsta sprettfiskinn og Guðbjartur Gissurarson veiddi stærstu lýsuna Afli á mótum Sjórn var eftirfarandi Sjórn skip 7,8 tonn (220 kg.á stöng) Sjórn 8.6 tonn (270 kg.) Sjórn 9.2 tonn (210 kg.) Sjórn 20,8 tonn (410 kg) Sjórn 20.9 tonn (370 kg.) Sjórn 22 tonn (420 kg.) Sjórn 31 tonn (840 kg) Sjórn 42 tonn (520 kg.) samtals 163 tonn 88000 stk. Stærstu fiskar á árinu þorskur 21.2 kg. ýsa 4.3 kg. ufsi 11.3 kg. steinbítur 8.1 kg. langa 11.3 kg (Stefán Guðjónsson) skötuselur 10.9 kg. (Guðbjartur Gissurarson) sprettfiskur 0 008 kg. (Pálmar Einarsson) koli 0.65 kg. (Einar Kristinsson) marhnútur 0.340 kg (Einar Kristinsson). Aflahæstu Sjórn félagar á árinu voru Guðmundur Svavarsson í 9. sæti yfir landið með 600 stig, Guðbjartur Gissurarson í 10.sæti með 600 stig, Gilbert Ó. Guðjónsson í 13.sæti með 580 stig Konur Elín Snorradóttir í 12. sæti með 395 stig og Þorgerður Einarsdóttir í 14 sæti með 380 stig. Á síðasta ári voru 86 manns í félaginu. Haldnir voru 15 stjórnarfundir og fjölluðum við um ca. 250 mál og náðu menn alltaf samhljóða niðurstöðu. Mig langar að geta þess að stjórnin sem nú lætur af störfum skilaði 470.000 kr. í hagnað og er það viðsnúningur á milli ára upp á tæpa 1 milljón króna. Að lokum vil ég þakka meðstjórnendum mínum fyrir ánægjulegt samstarf á árinu. Takk fyrir.

5. **Reikningar félagsins lesnir upp og skýrðir.**

Gjaldkeri félagsins Guðmundur Svavarsson las upp og skýrði reikninga félagsins. Endurskoðendur hafa farið yfir reikningana og leggja til að þeir verði samþykktir.

Umræður um skýrslu formanns og reikninga félagsins

Fundarstjóri lýsir ánægju sinni með reikninga félagsins og segir að það gefi félaginu aukið vægi að greiða fyrir endurskoðun reikninga. Hann gefur orðið laust. Birkir Þór kemur í pontu. hann er annar endurskoðandinn og það var þrennt sem þeir höfðu í huga við endurskoðun. Hann spyr formann hvaða gisting var greidd á Patreksfirði í 12 nætur? Hann vildi fá að vita hvaða gistinætur þetta voru, þá sagðist hann gruna að þetta væru gistinætur fyrir mótanefnd. Birkir sagði að þegar hann var í mótsnefnd var hann sá eini sem fékk borgað

fyrir gistingu. Hvalkjötshátíðin ein ábending til gjaldkera. Hann vill að það sé tiltekið á reikningum af hverju sé vara keypt. Formaður svarar fyrirspurnum Birkis. Hann segir að það sé búið að svara þessu. Varðandi reikninga frá ATVR þá er skýring heftuð við þá. Svavar Svavarsson ræðir um gistinætur á aðalmóti og vill fá nánari skýring: og sundurliðun á gistingu. Hann vísar í síðustu stjórn og hann minnst þess að það hafi verið rætt um að gisting yrði ekki greidd. Það kom fram í árskýrslu að félagsmenn sögðu að það yrði að taka á reglum varðandi: fríðindi. Hann lýsir því yfir að reikningar séu vel upp settir og gleðiefni að hagnaður er svo mikill sem hann er. Þá segir hann að styrkir hafi verið 688 þúsund í fyrra en eru 355 þúsund nú.

Formaður svarar Svavari um hlunnindi mótstjórnar í formi gistingar. Í fyrra var lögð fram tillaga sem er lesin upp. Hann les upp sundurliðun á reikningum. 12 gistinætur. fjórir menn sem voru í mótanefnd gistu í þrjár nætur hver og stjórnin ákvað að borga fyrir þá. Þetta hefur alltaf verið gert svona og þetta var gert þegar formaður var gjaldkeri. Svavar vill nánari skýringu. Formaðurinn segist hafa gert það og les upp sundurliðun á reikningi.

Anton fundarstjóri segir formanninn hafa svarað spurningunni og segir að þetta virðist vera 3 nætur fyrir 4 menn-12 gistinætur. Orðið er laust. Erlendur er næstur í pontu. Erlendur kveðst hafa verið kosinn varaformaður félagsins á aðalfundinum í fyrra en sagði sig úr stjórninni á miðju ári. Hann talar um slægingu á Grundarfirði hann segist hafa hringt í gjaldkera og þá segir gjaldkerinn að hann sé að klóra yfir skítinn úr Erlendi og það sé útaf slægingunni Við það sauð á Erlendi. og hann hringdi síðan aftur í gjaldkera og spurð hvort hann væri að blanda saman málum. Hann ræðri einnig um hótélreikninga og að hann hafi borgað sína gistingu til baka. Fundarstjóri segir að Erlendur haf skýrt mál sitt varðandi úrsögn úr stjórninni. Gjaldkeri les upp hótélreikninga sem sýndu að greitt var fyrir mótstjón og að Erlendur borgaði sína gistingu til baka. Hann talar um verkaskiptingu varðandi slægingu upphröp kemur utan úr sal.

Fundarstjóri ítrekar fundarsköp og ítrekar að fólk eigi ekki að taka fyrirspurnum sem árásum. Orðið er laust. Fundarstjóri biður ritara um að taka við stjórn fundarins og biður um orðið. Anton segir að í skýrslu gjaldkera sé skráð að 71 félagi hafi greitt félagsgjöld og að samanlögð upphæð félagsgjalda stemmi ekki. Hann talar um að félagið eigi ekki digran sjóð og vekur athygli á því varðandi næstu stjórn að félagið veður ekki í peningum. Hann fjallar um gjafir til skipstjóra og sér ekki persónulega ástæðu til þess. Þá tekur hann aftur við stjórn fundarins. Formaðurinn Guðmundur fjallar um félagsgjöldin og segir þörf á að skoða þetta aðeins betur. Varðandi gjafir til skipstjóra þá segir hann að þeim sé haldið í algjöru lágmarki og að þessar gjafir hafi verið áletraðir kaffibrúsar. Fundarstjóri segist ánægður með það. Birkir segist einnig ánægður með kaffibrúsana. Fundarstjóri spyr hvort einhver vilji ávarpa stjórnina Hann þakkar stjórninni fyrir störf á liðnu ári.

Formaðurinn kemur með innskot varðandi greidd félagsgjöld og segir að um prentvillu hafi verið að ræða og að 61 en ekki 71 hafi greitt félagsgjöld. Ólafur Jónsson talar um kostnað vegna heimasíðu og segir það skrítið að það sé borgað þegar hún hafi ekki verið uppfærð í heilt ár. Formaðurinn skýrir út kostnaðinn sem hann segir vegna lénsins, heimasíðan er erfið og segir frá tölvumanni sem segir heimasíðuna erfiða en ætlar að lagfæra hana eftir áramót. Ólafur spyr út í rekstur á tölvu og prentara. Gjaldkeri svarar að þessi útgjöld séu fyrir pappír og blek. Þá er skýrsla formanns og reikningar samþykkt samhljóða.

7. Lagabreytingar

Kosin var þrígga manna nefnd á síðasta aðalfundi sem samanstóð af Birki, Svavari og Antoni. Fundarstjóri greinir frá að þeir hafi komið saman nokkrum sinnum, farið yfir lögin, borið þau saman við lög annarra félaga og upp úr þessu var stjórn félagsins sendar tillögur nefndarinnar. Þá hafa allir félagsmenn fengið sent afrit af þeim að viðbættum viðbótartillögum stjórnarinnar sem skýrt er tekið fram að séu merktar með rauðu Fundarstjóri sagði að afgangur yrði hver grein fyrir sig og svo lögin í heild. Birkir kom í pontu, las upp allar greinar og gerði síðan grein fyrir afstöðu þeirra í nefndinni.

Fyrsta og önnur grein er samþykkt samhljóða. Rætt um breytingatillögu stjórnar í þriðju grein varðandi inngöngu í félagið. Guðbjartur kemur í pontu og ræðir sérstaklega inngöngu nýs félagsmanns og nauðsyn þess að gera það málefnalega. Ef það til dæmis kæmu 300 umsóknir frá félagi út í heimi sem vildu ganga í SJÓR rétt fyrir stórmót þá hefði stjórnin ekki vald til að hafna þeim inngöngu, því gæti félagið lent í alvarlegum fjárhaglegum vandræðum og því þörf á að stjórnin hafi vald til þess að hafna þeim. Formaður heldur áfram að ræða inngöngu nýrra félagsmanna og vald stjórnarinnar til að velja og hafna nýjum félagsmönnum. Erlendur er algjörlega á móti því að stjórnin geti ákveðið þetta og vill að aðalfundur ákveði þetta Honum finnst að þetta eigi ekki að vera í valdi stjórnarinnar. Guðbjartur svarar stutt að ef að aðalfundur eigi að samþykkja félagsaðild þá yrði enginn samþykktur fyrir en að ári liðnu. fannst þeim sem fjölluðu um þetta að það væri galli. Birkir segir að ef svo mikill fjöldi kæmi þá kæmist þetta fólk ekki einu sinni á sjóinn til þess að veiða þannig að það félli um sjálf sig. Svavar er ekki á þeirri skoðun að of margir nýir félagsmenn gætu þurrkað upp sjóð félagsins. Formaðurinn segir að stjórnin hafi ákveðið að setja inntökugjald 5 þús fyrir nýja félaga. Gjaldkeri leggur til að nýir meðlimir skuli vera með íslenska kennitölu. Fundarstjóri útskýrir að þetta sé breytingartillaga stjórnar við lögin. Svavar segir að það sé ekkert mál að fá kennitölu....

Fundarstjóri spyr hvort fólk hafi virkilega áhyggjur af því að þetta geti gerst. Gjaldkeri dregur til baka tillögu um kennitölu. Fundarstjóri les upp beitingartillögu stjórnar. 11 samþykkja. 12 á móti.

Fjórða grein lesin og samþykkt: einróma.

Fimmta grein lesin og samþykkt samhljóða. Gerð er athugasemd við það að gjalddagi og eindagi sé sama .dagsetning.

Sjötta grein lesin upp. Greidd atkvæði um hana. Viðbótin er felld 9 gegn 13.sjötta grein lesin upp án viðbótar stjórnar og samþykkt samhljóða. Sjöunda grein lesin ásamt breytingatillögu stjórnar. Birkir talar um kosningu í stjórn. Þorsteinn Einarsson formaður E-mail thefish@isl.is Svavar Svavarsson ritari E-mail svavar.svavarsson@isb.is

Birkir talar um kosningu í stjórn og reifar að það sé ekki sama hver er andlit félagsins og vill því að formaður sé kosinn fyrst og síðan fjórir kosnir í stjórn. Guðmundur kemur í pontu og skýrir hvers vegna stjórnin var með aðra tillögu um kosningu stjórnar. Birkir ítrekar að það eigi að kjósa formann fyrst og síðan stjórn. Svavar fjallar um tvo menn í fyrra sem vildu verða formenn og hann er algjörlega á móti að það séu fimm menn kosnir í stjórn. Formaður kemur með andsvar og segir að menn geti valið sig saman valið sig saman og menn geta kosið um það. Fundarstjóri kemur með innskot um listakosningu. Gengið til atkvæða um breytingatillögu stjórnar tillagan er felld og þar af leiðandi fellur breytingartilaga stjórnar í næsta lið um sjálft sig. Sjöunda grein án.

Breytingatillögu stjórnar lesin upp og hún samþykkt samhljóða. Áttunda grein samþykkt samhljóða. Níunda grein lesin upp og samþykkt samhljóða. Tíunda grein lesin upp og samþykkt samhljóða. Ellefta grein lesinn upp og samþykkt samhljóða. Lagabreytingarnar í heild lagðar fyrir fundinn og þær samþykktar samhljóða. Eru nýju lög félagsins eftirfarandi:

1.gr.

Nafn félagsins er: Sjóstangaveiðifélag Reykjavíkur. Skammstafað SJÓR
Heimilisfang þess er í Reykjavík. Kennitala félagsins er 580269-2149

2.gr.

Tilgangur félagsins er að stuðla að bættri aðstöðu félagsmanna til sjóstangaveiði, m.a. með því að efna til sjóstangaveiðimóta, annast leigu á bátum fyrir félagsmenn á mótum félagsins, og svo með öðrum ráðum, sem á hverju tíma eru til þess fallin að auka vöxt og viðgang sjóstangaveiða.

3gr.

Innganga í félagið er heimil öllum þeim sem hafa áhuga á sjóstangaveiði. Félagsmönnum er skylt að virða allar viðurkenndar veiðireglur, og koma drengilega og vinsamlega fram við félagsmenn og viðskiptamenn félagsins og hlíta lögum félagsins og reglum í einu og öllu.

4. gr.

Árgjald skal ákveðið á aðalfundi félagsins. Nýir félagar greiðtvöfalt árgjald við inngöngu í félagið. Gjaldþagi er 1. apríl. Þeir einir sem greitt hafa árgjald sitt fyrir eindaga 1. apríl ár hvert geta hlotið styrk til þátttöku í mótum eftir ákvörðun aðalfundar hverju sinni. Einungis skuldlausir félagar hafa atkvæðisrétt í félaginu.

5.gr.

Tekjur félagsins skulu standa undir daglegum rekstri félagsins, mótshaldi og styrkjum til félagsmanna. Félagið skal ávallt eiga í sjóði þá upphæð sem stjórn félagsins ákveður hverju sinni, ef mót einhverra hluta vegna stæðu ekki undir kostnaði. Stjórnin sér um ávöxtun eigna og sjóðs félagsins, og er ábyrg fyrir varðveislu eigna og lausafé félagsins. Enginn félagsmanna á tilkall til hluta af sjóðum félagsins né öðrum eignum þess, þó hann hverfi úr félaginu, eða félaginu verði slitið. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins með öðru en gjöldum sínum til þess. Hafi félagsmaður ekki greitt félagsgjöld sl. tvö ár. telst hann sjálfkrafa hafa sagt sig úr félaginu og fellur út af félagaskrá þess.

6. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Stjórnin skal kosin til eins árs í senn og skiptir hún sjálf með sér verkum. Í varastjórn skulu kosnir tveir menn. Stjórnarkosning fer fram á aðalfundi og skal kosning skrifleg, nema ekki sé stungið upp á fleirum en stjórnina skipa. Á aðalfundi skal ennfremur kjósa 2 endurskoðendur reikninga félagsins. Allir skuldlausir félagsmenn eru kjörgengir við kosningu stjórnar og varastjórnar. Formaður kveður til stjórnarfunda er þörf krefur. eða tveir stjórnarmanna óska þess. Boða skal varamenn á stjórnarfundi.

7.gr.

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal haldinn í nóvembermánuði ár hvert. Fundurinn skal boðaður á sannanlegan hátt með minnst 7 daga fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur. ef hann er löglega boðaður. Á aðalfundi gefur stjórn félagsins skýrslu um starfsemi félagsins á liðnu ári og leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins undanfarandi árs. Ársreikningar félagsins endurskoðaðir skulu liggja frammi til athugunar fyrir félagsmenn á þeim stað sem stjórnin ákveður í eina viku fyrir aðalfund.

8.gr.

1. Dagskrá AðalfundarFundur settur.
2. Kosinn fundarstjóri og ritari.
3. Lesin fundargerð séðasta aðalfundar, og hún borin undir atkvæði.
4. 4 . Skýrsla fráfarandi formanns.
5. Gjaldkeri skýrir reikninga.
6. Lagabreytingar.
7. Kosinn formaður.
8. Kosnir fjórir menn í stjóra og tveir varamenn
9. Kosni tveir endurskoðendur.
10. Önnur mál
- 11.

9-gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli funda. Hún vinnur að því að útvega báta til veiðiferða félagsmanna í mótum félagsins, skipuleggur og undirbýr sjóstangaveiðimót, kynnir félagsmönnum nýjar veiðiaðferðir og veiðarfæri, vinnur að gagnkvæmum heimsóknum og er í sambandi við önnur sjóstangaveiðifélög svo og öðru sem verða má til framdráttar félaginu.

10.gr.

Félaginu verður ekki slitið nema á aðalfundi og með samþykki meirihluta allra félagsmanna.

11.gr.

Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi og þarf 2/3 hluta atkvæða hið minnsta. Tillögur til lagabreytinga skulu afhentar stjórninni skriflega fyrir 1. nóvember og sendir stjórnin þær félagsmönnum með fundarboði.

8. **Fundarhlé.**

Boðið upp á kaffi og kökur.

9. **Kosning formanns.**

Stungið upp á Guðmundi Kristinssyni í formannssætið, þakkaði hann til nefninguna en sagðist ekki gefa kost á sér. Hann gerir grein fyrir máli sínu. Þar sem stjórnin kom með vandlega ígrundaðar breytingartillögur og þær voru felldar með óþarfa ögrun og athugasemdum frá sumum fundarmanna hafi stjórninni verið sýnt vantraust, þar af leiðandi gefur hann ekki kost á sér. Antoni, fundarstjóra finnst það ótækt að það hafi verið lýst vantrausti á stjórnina. Guðmundur segir að stjórnin hafi starfað saman sem einn maður og það voru stjórnarmenn sem tilkynntu að þeir hefðu ekki áhuga á að gefa kost á sér áfram, saman gerði

stjórnin breytingartillögur sem stjórnin taldi nauðsynlegar til að tryggja velgengni félagsins. Þó að allar hefðu þær ekki jafn mikið vægi þá var sérstaklega vandað til þeirrar sem fjallaði um nýliðun í félagið. Því miður finnst honum ekki stætt á því að stjórnin starfi áfram í ljósi þessa. Fundarstjóri býður Guðmundi gjaldkera orðið og hann fjallar um samskipti sín við Guðmund Kristins varðandi hugsanlega inngöngu fjölda útlendinga í félagið. Guðbjartur kemur í pontu og segir það að sínu frumkvæði að ákveða að gefa ekki kost á sér í stjórn og ítrekar það að félagsmenn hafi með verkum sýnum lýst vantrausti á stjórnina. Hann segir: félagsmenn hafa hælt okkur með annarri og rífið okkur niður með hinni og þess vegna hef ég ekki áhuga á því að starfa áfram í stjórn félagsins. Það er því gott tækifæri fyrir þá sem vilja komast í stjórn að koma fram og starfa í stjórn. Þá segir Guðbjartur að það sé ekki rétt að óeining hafi ríkt í stjórninni, eini vísir óeingu hafi verið frá Erlendi þegar hann var stjórninni. Guðbjartur leggur eindregið til að betri menn taki við stjórn og geri betur. Friðleifur kemur í pontu og segist ekki vanur að standa upp en hann geti ekki orða bundist þegar menn þola ekki gagnrýni. Þetta á að vera skemmtifélag. Það er ekki svo einfalt að menn geti bara farið í fýlu. staðið upp og sagt af sér stjórn ef þeir séu krítiseraðir. Stjórnarmenn gætu setið uppi með það að vera áfram hvort sem þeir vilji það eða ekki ef enginn er tilbúinn að taka við. Menn eigi ekki að vera reiðir út af því að fá smá áminningu. Það er nú óþarfi að vera hræddur við menn eins og Árna Bald. hann er bara bissnessmaður. Þetta er skemmtifélag. Hann hvetur stjórnina og formanninn til að vera eitt ár í viðbót og sjá hvernig gengur. Fundarmenn hafa fullt leyfi til að segja hvað sem er og þið eigið að þola smá krítík á ykkur. Birkir kemur í pontu og segir að þetta komi eins og kjafthögg og að á þeim nú árum sem hann var í stjórn þá hafi oft komið á hann krítík en hann hafi samt starfað áfram í stjórninni. Hann biður stjórnina að vera áfram vegna þess að hún hefur starfað svo vel. Það hefur aldrei komið fram að vegna þess að félagsmenn væru ekki samþykkir öllum tillögum stjórnarinnar að þá eigi stjórnin að fara. Hann biður stjórnina að tala saman í nokkrar mínútur. Guðmundur Kristinsson vill svara Friðleifi. Hann segir að stjórnin hafi ekki verið í fýlu. Hann segir að viðbrögð félagsmanna hafi verið skýr þegar það kom að tillögum stjórnarinnar til dæmis um inngöngu nýrra félagsmanna. Páll kemur í pontu og segir frá því að hann hafi verið í þessu félagi nánast frá upphafi í hópi eldhuga og áhugasamra manna. Allt var farið á eigin vegum og kostaði mikið. Núna sér fólk hvað hefur áunnist. Núna liggur fyrir ársreikningur sem er mjög metnaðarfullur. Stjórnin hefur lagt sig drjúgt fram og á allt gott skilið. Það er misskilningur að það sé verið að deila á stjórnina. Þetta er bara íhaldssemi félagsmanna. Það er öllum ljóst að á milli aðalfunda fer stjórnin með allt vald. Það eru allir vegir færir sterkri stjórn eins og hér situr. Endurskoðið yfirvegað. ég skil reiði ykkar. segir Páll. að hafa ekki náð

fram tillögum ykkar. en fyrir alla muni endurskoðið ákvörðun ykkar. Fundarstjóri talar um nefndina sem fór yfir lögin og störf hennar. Hann segist ekki skilja banaskapinn í stjórninni. við það að fá ekki sínu fram þá fara menn í fýlu. Hann ítrekar beiðni sína um að stjórnin fari fram og íhugi málin. Formaðurinn ítrekar það að hann haft mikla á nefndinni en ekki sé óeðlilegt að stjórnin komi með breytingatillögur þar sem stjórnin sé í eldínunni. Þá sagði hann að þegar ein hlekkur brygðist í svona samhentri stjórn þá bresti stjórnin öll. Gert er fundarhlé í 10 mínútur og stjórnin fer fram og ræður ráðum sínum. Guðmundur Kristinsson tekur til máls eftir hlé og segir stjórnina gefa, kost a sér áfram, hún vilji halda félaginu saman og gera vel sem áður. Anton baðst afsökunar á breytingu frá fundarskrá. Þá er kosið og Guðmundur Kristinsson er einróma kjörinn formaður.

10. Kosnir fjórir í stjórn.

Guðbjartur G. Gissurarson, Guðmundur Svavarsson, Einar Lárusson og Þorgerður Einarsdóttir eru kjörin einróma.

11. Kosnir 2 varamenn í stjórn.

Örn Úlfar Andrésson og Smári Jónsson

12. Kosnir 2 endurskoðendur.

Þorsteinn Stígsson, Birkir Gunnarsson

13. Árgjöld og veiðistyrkir ákveðnir fyrir árið 2006.

Árgjald óbreytt kr. 5.000,- Veiðistyrkur þeir félagar sem mæta á aðalmót eða innanfélagsmót þá er frítt. Frítt á bæði okkar móti og eitt mót á Sjólf.

14. Önnur mál. . .

Anton talar um að hann virði ákvörðun stjórnar um að sitja áfram og þakkar fyrir það. Birkir óskar stjórninni til hamingju með endurkjörið og að hann virði þessa ákvörðun stjórnar. Þá þakkar hann stjórninni fyrir þetta aftur.

Guðmundur Kristinsson tekur til máls og segir stjórnina hafa mótað tillögu í samræmi við tillögu sem samþykkt var á síðasta aðalfundi, varðandi hlunnindi stjórnarmanna, tillagan er að þeir sem skipa mótsstjórn á mótum félagsins skuli fá greidda gistingu. Tillagan er samþykkt samhljóða.

Guðmundur Svavarsson er með mótaráð Sjólf 2006.

Sjór- Patreksfjörður 19-20 maí

Sjóve- 3 og 6 júní

Sjónes 9- 10 júní

Sjóskip 23-24 júní

Sjósís 29 júlí

Sjósnæ

Sjósigl 4-5 ágúst

Sjóak 18-19 ágúst.

Innanfélagsmót Sjór- 30 apríl á Grundarfirði. Óskað er eftir að fundarmenn tjái sig um þetta.

Pálmari Einarssyni lýst vel á að halda aðalmót okkar á Patreksfirði segir að á Grundarfirði sé búið að selja stóran hluta bátaflorens. Friðleifur segir: ég virði ákvörðun ykkar stjórnarmanna að starfa áfram ég var frekar hvassyrstur áðan en ég er mjög ánægður með þetta. Veidum saman og höfum gaman.

Góð mæting verður væntanlega vestur á Patró. Eru flestir fundarmenn þessu samþykktir.

Guðmundur Kristinsson sagði að Páll Kristinsson hefði veitt 666 kg.. Og hafi hann því verið aflaghesti Sjór félagi á aðalmóti okkar , og var klappað þegar Guðmundur færði honum áletraðan útskorinn þorsk félagsins.

Guðmundur Kristinsson stakk uppá eftirtöldum aðilum í nefndarstörf.-

Smári Jónsson í húsnefnd

Einar Kristinsson í fluguhnýtinganefnd

Elín Þórðardóttir í skemmtinefnd.

Voru þau samþykkt einróma.

Fundi slitið kl. 23.05

1. Stjórnarfundur Skeljanesi, þann 20.12. 2005

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Einar Lárusson, Smári Jónsson, Guðbjartur G. Gissurarson og Þorgerður Einarsdóttir, Guðmundur Svavarsson og Örn Andrésson.

Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 19:50

1. **Þorablót 2006.** Elín Snorradóttir er með málið á sinni könnu og lagt er til að hún komi með tillögur að framkvæmd þess.
2. **Skipun stjórnar.** Guðmundur Kristinsson formaður, Guðbjartur varaformaður, Einar Lárusson ritari, Guðmundur Svavarsson gjaldkeri, Þorgerður meðstjórnandi, Örn fyrsti varamaður og Smári annar varamaður. Tillaga formanns var samþykkt einróma.

3. **Næsta innanfélagsmót og aðalmót.** Aðalmótið verður haldið á Patreksfirði 19. og 20. maí og innanfélagsmótið verður haldið á Grundarfirði 30 apríl. Guðmundur Kristinsson sér um að hafa samband við rétta aðila á Grundarfirði. Guðmundur Svavarsson er í sambandi við rétta aðila á Patreksfirði. Nánari útfærsla á báðum mótum verður rædd síðar. Guðmundur Svavarsson ræddi stuttlega við Kolbrúnu á Patreksfirði varðandi gistingu, mat og nesti.
4. **Félagaskráin.** Fara þarf yfir hverjir hafa ekki greitt síðastliðin 2 ár og gera eftirfarandi aðila óvirka í félaginu. Verður það tekið fyrir eftir áramót. Rætt var um að miða þurfi við dagatals árið í þessu samhengi.
5. **Dagatalið 2006.** Staðfest er að Ellingssen, Task og Steypustöðin auglýsi. Expert verður ekki. Auglýsingastofan Ennem ætlar að sjá um hönnun á dagatalinu. Guðmundur Svavarsson ætlar að hafa samband við Te og kaffi. Senda þarf út dagatalið í byrjun árs 2006. Smári talar við Húsasmiðjuna, Þorgerður athuga málið með systur sína sem er með sólbaðsstofu, Örn ætlar að taka með sér dagatalið 2005 og athuga málið. Ræða þarf við Ísbor vegna styrks. Auglýsingin kostar frá 50.000 kr og upp úr. Einar ætlar að hafa samband við nokkur fyrirtæki.
6. **Önnur mál.** Guðmundur Kristinsson lagði til að stjórn félagsins þurfi að samþykka inn nýja féлага. Tillagan var rædd og voru allir sammála því að stjórn félagsins verði að hafa yfirumsjón með nýskráningum féлага á hverjum tíma. Tillagan var samþykkt einróma.

Rætt var lauslega um það hvort að félagsmenn þurfi að vinna sér inn réttindi, fram kom að það væri ekki æskilegt. Þetta þekkist ekki í öðrum félagasamtökum t.d. Víking, Fram eða eitthvað annað félag.

Í framhaldi af þessu var ákveðið að félagið þurfi að mynda sér eitthvað nýliða prógramm sem ætlað væri að gera nýjum aðilum auðvelt að ganga í félagið og fóta sig í starfsemi þess. Búa þarf til nýliða pakka þar sem eru reglur um sjó-stangaveiði o.fl.

Guðmundur Kristinsson lagði fram bréf vegna umsóknar um inngöngu í félagið frá Róberti Gils Róbertssyni k.t. 300777-5119. Guðmundur las upp bréfið. Umsóknin var samþykkt og bjóðum við Róbert velkominn í félagið.

Guðbjartur talaði um að nauðsynlegt væri að önnur aðildarfélög SJÓL sendi skýrslur til formanna annarra féлага skýrslu eftir hvert mót.

Guðmundur Kristinsson lagði til að send yrðu jólakort til formanna annarra félaga SJÓL. Þorgerður ætlar að taka þetta að sér.

Einar ætlar að taka það að sér að gera heimasíðu félagsins upp. Síðuna þarf að taka til gagngerar endurgerðar. Nánari útfærsla á vefnum verður rædd síðar. Rætt var um að umbuna fyrir þessa vinnu. Einar sat hjá í þessari umræðu.

Smíða þarf 3 lykla til viðbótar og ætlar Smári að sjá um að koma því í verk.

Þorgerður talaði um að við þurfum að standa okkur betur í að þrifa húsnæðið. Smári ætlar að athuga hver á að sjá um að þvo möppur og annað. Smári ætlar að athuga hvort að hvort að hægt sé að fá herbergið við hliðina á okkar, þannig að við hefðum þau bæði.

Ritari las upp fundargerð í lok fundar og var hún samþykkt.

Fleira var ekki rætt, fundi var slitið klukkan 21:15.

2. Stjórnarfundur Skeljanesi 11.01. 2006.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðbjartur Gissurarson, Örn Andrésson, Smári Jónsson. Gestir á fundinum voru Pálmar Einarsson og Elín Snorradóttir

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 20.00 .
2. **Forföll.**, Þorgerður Einarsdóttir; Guðmundur Svavarsson og Einar Lárusson.
3. **Vorgleði.** Samþykkt var að halda vorfagnað í stað þorrablóts og að hann skuli verða haldinn 25. mars. Þá var rætt um að útvega þurfi: sal, hljómsveit, skemmtiatriði, happadrætti og mat. Elín, Guðmundur og Örn munu athuga með sal. Ákveðið að halda fund aftur fljótlega og fara yfir stöðu þessa máls. Þá var ákveðið að hafa fluguhnýtinga og veiðihjóla samkomur fyrir félagsmenn og gesti á eftirtöldum dagsetningum 4. febrúar, 4. mars og 1. apríl.
4. **Dagatal.** Formaður lýsti ánægju sinni yfir því að vel gekk að fá styrktaraðila til að auglýsa á dagatali okkar. Á formaðurinn þakkar skilið fyrir frammistöðu hans við söfnun styrktaraðila. Ákveðið var að hafa litina áfram eins á dagatalinu.

5. **Önnur mál.** Samþykkt var að láta útbúa skýrteini fyrir alla félagi í SJÓL og mun Guðmundur Kristinsson fylgja því eftir.
6. **Fundi slitið.** kl.21.15.

3. Stjórnarfundur Skeljanesi 28.01. 2006.

Mætt til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðbjartur Gissurarson, Örn Andrésson, Smári Jónsson og Einar Lárusson

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 13:00.
2. **Forföll.,** Guðmundur Svavarsson
3. **Setja dagatal og auglýsingar í umslög.** Komum saman í félagsheimilinu til að útbúa sendibréf og önnur gögn til að senda á alla meðlimi SJÓL Settum í um 700 umslög dagatalið okkar, auglýsingabæklinga og tilkynningu m.a. vegna vor- gleðinnar.
4. **Fundi slitið klukkan 17:00**

4. Stjórnarfundur Skeljanesi 21.02. 2006.

Mætt til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Guðbjartur Gissurarson, Þorgerður Einarsdóttir, Smári Jónsson, Örn Andrésson.

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 19:30.
2. **Matur í boði Þorgerðar og Guðbjarts.** Þökkum við þeim kærlega fyrir ljúf- fenga máltíð í upphafi fundar.
3. **Aðal-og innanfélagsmót, skipulag og fleira. Aðalmótið á Patreksfirði,** undir- búningur fyrir aðalmótið er í fullum gangi. Búið er að ganga frá gistingu fyrir um 70-80 manns á Patreksfirði. Guðmundur Svavarsson hefur haft veg og vanda að því að útvega gistingu fyrir mótsgesti. Guðmundur athugar með gistingu fyrir

stjórnina alls 7 manns. Guðmundur Svavarsson talar við Hjørleif á fiskmarkaðinum. **Innanfélagsmótið á Grundarfirði** Guðmundur Kristinsson er búinn að athuga með báta og hafa samband við hann Kibba fyrir vestan. Guðmundur Svavarsson talar við Kibba og Guðmundur Kristinsson ræðir við Ingibjörgu á Hótel Framnesi.

4. **Breytingar á lögum SJÓL.** Guðmundur Svavarsson lagði til að umræða um aðstoðarmenn og hlutverk þeirra yrði rædd á næsta aðalfundi SJÓL. Rætt var lauslega að gæta þyrfti jafnræðis á fjölda aðstoðarmanna um borð og hversu virkir skipstjórar væru í aðstoðarhlutverkinu. Gæta þarf þess að einhver einn keppandi geti ekki einokað aðstoðarmanninn með því að láta hann gera allt fyrir sig um borð. Lagt er til að einhverjar reglur verði settar um fyrirkomulag og hlutverk aðstoðarmanna á aðalmótum SJÓL.
5. **Reikningar vegna dagatalsins 2006.** Svar barst frá Róberti Gils Róbertssyni kennitala 300777-5119, Laufengi 9 112 Reykjavík. Hann þakkar fyrir jákvætt svar í félagið og bjóðum við hann velkominn í hópinn.
6. **Heimasíðan.** Vinna við endurlíffgun heimasíðunnar er í vinnslu og er Einar Lárusson með yfirumsjón með því. Fram kom að lénið er skráð á Rafbjörgu þar sem Birgir Ævarsson er skráður sem réttihafi fyrir léninu. Haft var samband við Birgi og sagðist hann hafa breytt skráningunni þannig að Einar Lárusson væri skráður sem tæknilegur tengiliður. Birgir og Einar ákváðu að bíða í 1-2 daga í viðbót og athuga hvort að þessi breyting gangi ekki örugglega í gegn. Æskilegast er að félagið sé skráð fyrir léninu. Einar kemur með kláraða heimasíðu fyrir 4. mars.
7. **Önnur mál. Vogleðin** Elín er búin að ráða hljómsveit og tekur hún 60 þúsund fyrir að spila um kvöldið. Ákveðið var að hver og einn stjórnarmeðlimur mundi redda einum vinning fyrir happadrættið. Engin frekari mál voru rædd.

Fundi slitið klukkan 21:00

7. Stjórnarfundur Skeljanesi 15.03. 2006.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Guðbjartur Gissurarson, Örn Andrésson og Smári Jónsson.

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 19.40 .
2. **Forföll.**, Þorgerður Einarsdóttir og Einar Lárusson.
3. **Innanfélagsmót.** Guðmundur Svavars hefur þegar bókað gistingu á Grundarfirði og mun sjá um að ræða við fiskmarkaðinn um fisksölu og útvegna beitu. Hann ætlar að ræða við kvenfélagskonur um nesti fyrir ca. 500 kr. per mann. Þá var ákveðið að veiðitími í mótinu skuli vera frá kl. 06.00 – 14.00 nema þess gerist þörf að breyta honum síðar.
4. **Taka afstöðu til breytinga á lögum SJÓL.** Rætt var um að leggja til á fundi SJÓL að lokahóf sjóstangaveiðiársins verði haldið annað hvert ár í Reykjavík. Stjórn SJÓR leggur til að félögin þ.mt. Sjóak haldi sínum innanfélagsmálum utan lokahófs til þess að verðlauna afhendingar taki skemmri tíma en tíðkast hefur. Þá leggur stjórnin til að halda skuli áfram að rótera formennsku í SJÓL. Vill stjórnin leggja áherslu á að gagnagrunnur fyrir mótin liggi fyrir áður en veiðiárið hefst og að þá geti SJÓR notað hann á innanfélagsmóti sínu og séð til þess að hann virki hnökralaust.
5. **Farið yfir félagskrá.** Farið var yfir hverjir hafa greitt félagsgjöld. Hefur einn félagi hætt og þrír gengið í félagið.
6. **Vorgleði.** Salur og hljómsveit hafa verið valinn. Happadrættisvinningar eru enn í vinnslu en þegar hefur tekist að afla 16 vinninga og eru fleiri væntanlegir. Ræða þarf við Elínu varðandi matinn og skemmtikraft, mun formaður sjá um það. Samþykkti stjórnin allt að 60.000- kr. fyrir hljómsveit og 30.000- kr. fyrir skemmtikraft.
7. **Heimasíða.** Rætt var um heimasíðu félagsins og kom fram að málið er enn í vinnslu.
8. **Gíróseðlar.** Ákveðið var að koma saman á skrifstofunni hjá Guðmundi Svavarssyni laugardaginn 18. mars kl. 08.00 til þess að senda út tilkynningu um

vorgleðina og gíróseðla vegna árgjalds. Á gíróseðlinum þarf að koma fram eftirfarandi samþykkt stjórnar: Þeir sem mæta á annað hvort innanfélagsmót eða aðalmót okkar fá greitt á eitt mót utan þeirra.

9. **Önnur mál.** Enginn önnur mál.

10. Fundi slitið. kl.22.15.

8. Stjórnarfundur Skeljanesi 11.04. 2006.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Guðbjartur Gissurarson, Örn Andrésson og Smári Jónsson.

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 19.45.

2. **Forföll.** Þorgerður Einarsdóttir

3. **Uppgjör vorgleðinnar.** Guðmundur Svavarsson lagði fram uppgjörið eftir vorgleðina. Þar kom fram að 71.881 kr tap var á skemmtuninni. Menn voru sáttir með ábendingu frá Smára Jónssyni um að á vorgleðinni hafi verið harðasti kjarninn í félaginu og að þessum peningum hafi verið vel varið. Almenn ánægja var með vorgleðina og voru allir sáttir og þá sérstaklega með matinn sem þótti mjög góður.

4. **Félagsgjöldin.** Guðmundur Svavarsson talaði um að 10-15 manns væru búnir að borga enda eindagi ekki kominn.

5. **Félagsskírteini.** Guðmundur Kristinsson kom með nýju félagsskírteinin. Guðmundur lagði fram blað með nýjum samstarfssamningi á milli Olís og SJÓR. Þar kemur fram að félagsmenn í SJÓR njóti afsláttarkjara með á bensínstöðvum Olís og í versluninni Ellingsen. Skírteinin voru sett í umslög merkt félagsmönnum. Almenn ánægja ríkir með samstarfið við Olís og þökkum við þeim fyrir þetta framtak.

6. **Innanfélagsmótið.** Prentuð var út mótsskráin og sett í umslög með félagsskírteininu.

7. **Önnur mál.** Guðmundur Kristinsson las upp fundargerð frá því á aðalfundi

SJÓL og ræddu menn lauslega um fundinn. Nokkur umræða varð í kringum þá tillögu sem fram kom á aðalfundi SJÓL að hafa til taks einn bát sem mundi keppa eftir reglum EFSA. Það er skoðun fundarmanna að slík breyting sé ekki í samræmi við þá veiði sem stunduð er innan félaga SJÓL. Nú þegar sé til vettvangur fyrir EFSA veiði og þurfi því ekki að blanda því við sjóstangaveiði til Íslandsmeistaratitils.

Guðmundur Kristinsson talaði um nýja vestið frá Rafbjörgu og velti upp þeirri hugmynd að félagið pantaði slík vesti fyrir félagsmenn og léti merkja þau. Guðmundur viðraði þá hugmynd að félagið niðurgreiddi þessi vesti til þeirra aðila sem tækju þátt í innanfélagsmótinu og/eða aðalmótinu. Þessi hugmynd er komin í loftið og er á frumstigi.

Rætt var um hvort félagið ætti að veita heiðursmerki til þeirra félagsmanna sem hafa unnið vel fyrir félagið. Var það samþykkt en eftir er að útfæra það nánar.

Tækjakaup, Guðmundur Svavarsson vill að félagið fjárfesti í Laserprentara sem gæti prentað út mótsskýrslur fyrir aðalmót félagsins. Einar Lárusson vill kaupa meira vinnsluminni í tölvu félagsins. Ákveðið var að fjárfesta í prentara sem gagnist félaginu sem getur prentað allt að 28 blaðsíður á mínútu. Einnig var ákveðið að versla meira minni í tölvu félagsins.

Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 25. apríl.

8. Fundi slitið klukkan 21:36

9. Stjórnarfundur Skeljanesi 11.04. 2006.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Guðbjartur Gissurarson, Örn Andrésson og Smári Jónsson.

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 19.45.
2. **Forföll.** Þorgerður Einarsdóttir
3. **Uppgjör vorgleðinnar.** Guðmundur Svavarsson lagði fram uppgjórið eftir vorgleðina. Þar kom fram að 71.881 kr tap var á skemmtuninni. Menn voru sáttir með ábendingu frá Smára Jónssyni um að á vorgleðinni hafi verið harðasti

kjarninn í félaginu og að þessum peningum hafi verið vel varið. Almenn ánægja var með vorgleðina og voru allir sáttir og þá sérstaklega með matinn sem þótti mjög góður.

4. **Félagsgjöldin.** Guðmundur Svavarsson talaði um að 10-15 manns væru búnir að borga enda eindagi ekki kominn.
5. **Félagsskírteini.** Guðmundur Kristinsson kom með nýju félagsskírteinin. Guðmundur lagði fram blað með nýjum samstarfssamningi á milli Olís og SJÓR. Þar kemur fram að félagsmenn í SJÓR njóti afsláttarkjara með á bensínstöðvum Olís og í versluninni Ellingsen. Skírteinin voru sett í umslög merkt félagsmönnum. Almenn ánægja ríkir með samstarfið við Olís og þökkum við þeim fyrir þetta framtak.
6. **Innanfélagsmótið.** Prentuð var út mótsskráin og sett í umslög með félagsskírteininu.
7. **Önnur mál.** Guðmundur Kristinsson las upp fundargerð frá því á aðalfundi SJÓL og ræddu menn lauslega um fundinn. Nokkur umræða varð í kringum þá tillögu sem fram kom á aðalfundi SJÓL að hafa til taks einn bát sem mundi keppa eftir reglum EFSA. Það er skoðun fundarmanna að slík breyting sé ekki í samræmi við þá veiði sem stunduð er innan félaga SJÓL. Nú þegar sé til vettvangur fyrir EFSA veiði og þurfi því ekki að blanda því við sjóstangaveiði til Íslandsmeistaratitils.

Guðmundur Kristinsson talaði um nýja vestið frá Rafbjörgu og velti upp þeirri hugmynd að félagið pantaði slík vesti fyrir félagsmenn og létí merkja þau. Guðmundur víðraði þá hugmynd að félagið niðurgreiddi þessi vesti til þeirra aðila sem tækju þátt í innanfélagsmótinu og/eða aðalmótinu. Þessi hugmynd er komin í loftið og er á frumstigi.

Rætt var um hvort félagið ætti að veita heiðursmerki til þeirra félagsmanna sem hafa unnið vel fyrir félagið. Var það samþykkt en eftir er að útfæra það nánar.

Tækjakaup, Guðmundur Svavarsson vill að félagið fjárfesti í Laserprentara sem gæti prentað út mótsskýrslur fyrir aðalmót félagsins. Einar Lárusson vill kaupa meira vinnsluminni í tölvu félagsins. Ákveðið var að fjárfesta í prentara sem gagnist félaginu sem getur prentað allt að 28 blaðsíður á mínútu. Einnig var ákveðið að versla meira minni í tölvu félagsins.

Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 25. apríl.

8. Fundi slitið klukkan 21:36

10. Stjórnarfundur Skeljanesi 26.04. 2006.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Guðbjartur Gissurarson, Örn Andrésson og Smári Jónsson.

. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 19.45.

2. **Forföll.** Einar Lárusson
3. Rætt var um mistök stjórnarmanna á innanfélagsmóttinu á Grundarfirði varðandi það að veita verðlaun fyrir aflahæsta einstaklinginn fóru til utanfélagsmanns og að aflahæsti einstaklingurinn í SJÓR var Guðjón Hlöðversson. Ákveðið var að veita honum hjól eða stöng.
4. Rætt var um ölvun þátttakenda og skaðann sem af því hlýst. Ákveðið var að þeir sem verða félaginu til skammar eða mæta ekki til skips fái viðvörðun um að þeim verði bannað að veiða á vegum félagsins um óákveðinn tíma.
5. Rætt um að heiðra félagsmenn vegna aldurs og starfa fyrir félagið.
6. Bátar á aðalmótið eru nú þegar um 17
7. Rætt var um að senda út bréf vegna aðalmótsins og farið var yfir nafnalista félagsmanna.
8. Rætt var um makaferð á Patreksfirði.
9. Rætt var um að gefa skipstjórum Mackintosh eins og gert var á Grundarfirði. Platti Hjörleif Guðmundsson á fiskmarkaði Patreksfjarðar.

Stjórnarfundur Skeljanesi 30.05. 2006

Mættir voru: Guðmundur Kristinsson, Guðbjartur Gissurarson, Guðmundur Svavarsson, Örn Andrésson, Smári Jónsson, og Þorgerður Einarsdóttir.

1. **Fundur settur:** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 18.00
2. **Forföll:** Einar Lárusson boðaði forföll vegna veikinda
3. **Uppgjör vegna aðalmóts.** Guðmundur gjaldkeri lagði fram uppgjör vegna mótsins og voru stjórnarmenn samdóma um góða útkomu þess.
4. **Erindi Pétur Sigurðssonar.** Tekið var til umfjöllunar erindi Péturs Sigurðssonar varðandi vigtun afla á móti okkar á Patreksfirði 19-20 maí síðastliðinn. Fóru stjórnarmenn vandlega yfir öll gögn og þá sérstaklega yfir gögn varðandi vigtun á afla frá bátum Mardöll sem Pétur Sigurðsson var áhafnarmedlimur á í mótinu. Stjórnin kynnti sér rækilega öll fyrirbyggjandi gögn og þá skýringu vigtunarmanna að við brúttóvigtun á bryggjunni hafi kar legið utan í vigtarhlífinni og það skýri misræmi milli brúttóvigtar á bryggjunni og nettóvigtar á fiskmarkaðinum. Er það því niðurstaða stjórnarinnar að vigtunin sem fram fór á fiskmarkaðnum sé sú rétta, og skulu því úrslit mótsins standa óbreytt eins og þau birtust í mótskrá .
5. **Önnur mál.** Guðmundur Svavarsson lagði fram tillögu um að leggja tvær miljónir króna inn á sérstakan ávöxtunarreikning sem verði síðar notaður til að greiða fyrir stórafmælimót okkar 2011. Var tillagan samþykkt samhljóða, og var gjaldkera falið að leita eftir bestu mögulegu ávöxtun. Þá samþykkti stjórnin samhljóða að nýliðar fái á fyrsta ári þeirra í félaginu einungis frítt á mót sem haldin eru á vegum SJÓR
6. **Fundi slitið kl. 20.15**

11. Stjórnarfundur Skeljanesi 15.08. 2006.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Smári Jónsson, Einar Lárusson og Örn Úlfar Andrésson.

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 20:00.
2. **Forföll.** Guðbjartur og Þorgerður.
3. **Almenn umræða.** Rætt var um hugmyndir að ýmsum breytingum varðandi verðlaun á lokamóti SJÓL. Smári hafði orð á því hversu vel SJÓR menn og konur hefðu staðið sig á mótum á árinu. Rætt var aðeins um breytingar á veiðireglum SJÓL sem taka á fyrir á næstkomandi aðalfundi SJÓL.
4. **Bréf frá Grétari Kristjónssyni.** Hann vildi koma á framfæri við stjórn félagsins að hann hefði 20 tonna trébát og kostaði leigan á bátnum 10.000 krónur fyrir fimm klukkutíma. Við þökkum honum fyrir þessa ábendingu.
5. **Úrsögn úr félaginu.** Pétur Sigurðsson SJÓAK, sendi tölvupóst til Guðmundur Kristinssonar þess efnis að Úlfar Eysteinnsson vildi segja sig úr SJÓR og að hann væri genginn til liðs við SJÓSIGL. Formanni fannst það sérkennileg aðferðafræði að tilkynna þessa úrsögn til Péturs en ekki til formanns síns félags.
6. **Kvörtun.** Formanni barst til eyrna kvörtun þar sem Guðmundur Svavarsson hafði haft það á orði, í léttum dúr, við Gylfa hjá SJÓSNÆ hvort ekki væri hægt að skipta á Kibba frá SJÓSNÆ og Ella lúðubana og Guðmundi Ólafassyni (tveir fyrir einn). Undan þessu var kvartað á Ólafasvík á aðalmóti SJÓSNÆ. Þess ber að geta að Gylfi var aðeins við skál er þessi tillaga var nefnd við hann.
7. **Fundi slitið klukkan 21:30.**

12. Stjórnarfundur 26.10. 2006.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðbjartur Gissurarson, Guðmundur Svavarsson Örn Andrésson og Smári Jónsson.

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 20.00 .
2. **Forföll.** Einar Lárússon og Þorgerður Einarsdóttir boðuðu forföll.
3. **Ýmis mál.** Rætt var um nýlokið veiðitímabil og stöðu félagsins. Þá var rætt um útgáfu árlegs dagatals okkar og ákveðið að leita til styrktaraðila varðandi auglýsingar á því. Ákveðið að skipta verkum sem hér segir: Smári Jónsson ræðir við húsasmiðjuna, Örn Andrésson leitar að einum nýjum styrktaraðila, Guðmundur Svavars ræðir við Pennann, Te og Kaffi og Essó, Guðmundur Kristinsson talar við Mest og Ellingsen, Guðbjartur Gissurarson talar við Ísspor og Rafbjörg.
4. **Aðalfundur SJÓR.** Ákveðið var að halda aðalfundinn að Hótel Loftleiðum þann 23. Nóvember 2006. Einnig að til vara væri hægt að halda fundinn þann 30. Nóvember 2006 ef ófyrirséðar tafir yrðu.
5. **Bréf frá Pétri Sigurssyni formanni SJÓAK um að Úlfar Eysteinnsson segir sig úr félagi okkar og gangi í SJÓSIGL ?**
6. **Nýr ritari.** Einar Lárússon hefur tilkynnt að hann muni ekki vera áfram í stjórninni þar sem hann flytur til Svíþjóðar næstkomandi janúar.
7. **Kynning á félaginu.** Rædd var tillaga Guðmunds Kristinssonar um að félagið yrði kynnt á kynningarsamkomu er auglýst verði í Morgunblaðinu og haldin verði með pomp og prakt til þess að kynna starfsemi félagsins og bjóða nýliða velkomna. Einnig var rætt um að semja þurfi bréf til yfirvalda á höfuðborgarsvæðinu varðandi styrkveitingar til félagsins. Ákveðið var að íhuga þetta mál til næsta fundar og taka það þá fyrir aftur.
8. **Stjórnin situr áfram.** Stjórnarmenn að undanskyldum Einari Lárússyni hafa ákveðið að gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnasetu á komandi aðalfundi.
9. **Ýmis mál.** Rætt var um að félagið gerist áskrifandi að Ensku mánaðariti sem

fjallar um sjósangaveiði. Ákveðið var að skoða málið og ræða það aftur síðar. Þá var rætt um veiðistyrki á komandi veiðiári. Lagt var til að félagsmenn sem veiða í aðalmóti eða innanfélagsmóti okkar fái greitt í eitt mót hjá öðrum félögum og að þeir sem veiði í báðum mótum okkar fái greitt í þrjú mót hjá öðrum félögum, þá verði áfram frítt fyrir okkar félagsmenn í okkar mót. Ákveðið var að fastmóta þessa veiðistyrki fyrir aðalfundinn.

10. **Fundi slitið.** kl.23.00.

13. Stjórnarfundur Grandakaffi þann 04.11. 2006

1. **Mættir til fundar voru:** Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Örn Andrésson, Guðbjartur G. Gissurarson, og Þorgerður Einarsdóttir.
2. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl.10.00
3. **Forföll:** Forföll boðuðu Smári Jónsson og Einar Lárusson
4. **Aðalmót 2007.** Rætt var um að halda aðalmót félagsins á Patreksfirði 18-19 maí 2007. Þe. Föstudag og laugardag, því fimmtudagurinn 17 er frídagur, uppstigningadagur. Þá var ákveðið að skoða að halda innanfélagsmótið um 1. maí sem er þriðjudagur.
5. **Aðalfundur:** Ákveðið var að halda aðalfund félagsins þann 30. nóvember 2006
6. **5. Stjórnarfundur.** Haldinn verður Stjórnarfundur að Skeljanesi 7. nóv kl. 19.00
7. **Fundi slitið kl. 21.40**

14. Stjórnarfundur Skeljanesi þann 07.11. 2006

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Smári Jónsson, Örn Andrésson, Guðbjartur G. Gissurarson og Þorgerðu Einarsdóttir

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 19.10, Einar Lárusson boðaði forföll.
2. **Fundargerð frá 12. Stjórnarfund.** Farið yfir fundargerð 12. Fundar, og staðan tekin varðandi auglýsingar á dagatali.
3. **Aðalfundur.** Rædd dagskrá aðalfundar og voru menn sammála um fyrirkomulag dagskrárinnar. Guðmundur Svavarsson og Þorgerður Einarsdóttir sjá um að velja kaffiveitingar og meðlæti. Guðmundur Kristinsson og Guðbjartur Gissurarson munu skoða hugsanlegar lagabreytingar fyrir aðalfund.
4. **Orðuveiting.** Ákveðið að veita orðuna til Óla dúkara fyrir kaffihlé.
5. **Veðistyrkir.** Samþykkt var tillaga til aðalfundar varðandi veðistyrki. Er hún eftirfarandi: Þeir félagar sem mæta á annaðhvort innanfélagsmótið eða aðalmót okkar og veiða fá greitt á eitt mót og þeir félagar sem mæta á bæði mótin okkar fá greitt á tvo önnur mót.
6. **Félagaskrá.** Farið vandlega yfir félagaskrá og heimilisföng félagsmanna.
7. **Önnur mál.** Rætt var um að kaupa utanyfirflíkur handa félagsmönnum. Ákveðið að kanna vesti með merki félagsins.
8. **Fundi slitið.** Fundi slitið kl. 21.50

15. Stjórnarfundur Skeljanesi, þann 14.11. 2006.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Smári Jónsson, Örn Andrésson, og Guðbjartur G. Gissurarson.

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 19.10. Einar Lárusson og Þorgerður Einarsdóttir boðuðu forföll.
2. **Fatnaður.** Rætt var um kaup á flísjökkum frá Hexa sem merktir verða SJÓR. Jakkarnir voru skoðaðir af fundarmönnum og ákveðið var að kaupa 60 jakka sem verða afhentir félagsmönnum okkar, sem taka þátt í innanfélags eða aðalmóti okkar, að kostnaðarlausu einnig ákveðið að gefa öðrum félagsmönnum kost á að kaupa jakka á kostnaðarverði.
3. **Aðalfundur.** Aðalfundur SJÓR verður haldinn fimmtudaginn 30. Nóvember 2006 að Hótel Loftleiðum í þingsal 8 kl. 20.00. Dagskrá aðalfundarins verður :
4. **Veitingar á aðalfundi.** Samþykkt var einróma að hafa kaffi, heitan brauðrétt og brúna skúffuköku fyrir 25 manns.
5. **Orðuveitingar og heiðursmerki.** Samþykkt var einróma að skipa nefnd sem móta mun tillögur um orðuveitingar og heiðursmerki til félagsmanna okkar. Nefndina skipa Guðmundur Kristinsson, Guðbjartur Gissurarson og Örn Andrésson.
6. **SJÓL fundur.** Laugardaginn 18 nóvember verður fundur hjá SJÓL og var rætt um tillögur til fundarins. Ræddar voru tillögur Guðmundar Svavarssonar varðandi lagabreytingar svo sem að hafa veiðitíma í mótum frá því færi væru sett í sjó og fleira.
7. **Önnur mál.** Ákveðið var að halda fluguhnýtingar og piparköku samkomu laugardaginn 9. Desember 2006 kl. 14.00- 18.00. Piparkökur og baukar í boði félagsins.
8. **Fundi slitið.** Fundi var slitið. kl. 22.00.

16. Stjórnarfundur Nýbýlavegi 6, þann 21.11. 2006.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Smári Jónsson, Örn Andrésson, og Guðbjartur G. Gissurarson.

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 16.20. Einar Lárusson og Þorgerður Einarsdóttir boðuðu forföll.
2. **Fundarboð.** Formaður kynnti dagskrá aðalfundar. Fundarmenn skiptu með sér verkum við að koma fundarboðum til félagsmanna. Voru fundarboðin póstmærkt með uppfærðum heimilisföngum og gerð klár í póst.
3. **Fatakaup.** Ákveðið var að festa kaup á merktum jökkum fyrir félagsmenn samkvæmt umfjöllun á síðasta fundi.
4. **Ársreikningur.** Gjaldkeri Guðmundur Svavarsson kynnti ársreikning félagsins og kvað hann liggja frammi til skoðunar hjá sér að Nýbýlavegi 6, Kópavogi.
5. **Orðuveitingar.** Orðuveitinganefnd kom saman og fór yfir stöðuna. Ekki höfðu nefndarmenn lokið við tillögur sínar. Samþykkti nefndin að vinna áfram að mótun reglna um veitingu heiðursviðurkenninga til félagsmanna okkar. Heldur nefndin því áfram störfum.
6. **Ýmis mál.** Rætt var um hvort taka þurfi fyrir einhver mál frá liðnu sumri. Rætt var almennt um liðið sumar. Voru fundarmenn sammála um að ekki væri þeim kunnugt um nein óafgreidd mál.
7. **Fundi slitið.** Fundi var slitið. kl. 19.30.

Aðalfundur SJÓR 2006

Fundurinn var haldinn á Hótel Loftleiðum 30. nóvember 2006

Mættir voru: 24 félagar mættir

Dagskrá aðalfundarins.

1. **Fundur settur.**
2. **Kosinn fundarstjóri og fundarritari.**
3. **Lesin upp fundargerð síðasta aðalfundar og hún borin undir atkvæði.**
4. **Skýrsla fráfarandi formanns.**
5. **Gjaldkeri skýrir reikninga.**
6. **Umræður um skýrslu formanns og reikninga félagsins.**
7. **Lagabreytingar.**
8. **Fundarhlé.**
9. **Kosning formanns.**
10. **Kosnir 4 í stjórn og 2 varamenn í stjórn.**
11. **Kosnir 2 endurskoðendur og 1 varamaður.**
12. **Árgjöld og veiðistyrkir fyrir árið 2007.**
13. **Önnur mál.**

1. **Fundur settur.**

Guðmundur Kristinsson setti fundinn kl. 20:00 Hann bauð félagsmenn velkomna á fundinn.

2. **Kosning fundarstjóra og fundarritara.**

Stungið upp á Antoni sem fundarstjóra og Guðbjarti sem fundarritara. Samþykkt samhljóða.

3. **Lesin upp fundargerð síðasta aðalfundar.**

Smári Jónsson las upp fundargerð síðasta aðalfundar sem haldinn var 1. Desember 2005 á Hótel Loftleiðum. Engar athugasemdir voru gerðar og var fundargerðin samþykkt samhljóða.

4. **Skýrsla formanns.**

Skýrsluna flutti Guðmundur Kristinsson formaður félagsins. Fundarstjóri, góðir fundarmenn! Á árinu sem er að líða fengum við Íslandsmeistara í annað sinn. Guðbjartur Gissurarson varð Íslandsmeistari með 760 stig, stigin sem töldu fékk hann hjá Sjónes 250, Sjósigl 240 og Sjóís 270. Þess má geta til gamans að það hafa aðeins einu sinni áður fengist 270 stig á

einu móti á vegum Sjól og það var Sjór félagi sem náði þeim áfanga á Akranesi. Átta mót voru haldin, tóku félagar frá Sjór þátt í þeim öllum og unnu þeir til samtals þrjátíu og sex verðlauna. Við unnum tvisvar sinnum sveitakeppni. Þrír aflahæstu Sjór menn voru Guðbjartur í fyrsta sæti með tvö tonn sjöhundruð fimmtíu og fjögur kíló, Guðmundur Svavarsson var í fimmta sæti með tvö tonn tvöhundruð þrjátíu og fjögur kíló og Guðmundur. Kristinsson var í ellefta sæti með þrettánhundruð og fimmtíu kíló. Sjór-konan okkar hún Þorgerður Einarasdóttir, lenti í sjötta sæti með sexhundruð og sextíu stig og veiddi samtals eitt tonn sexhundruð og átta kíló. Á mótinu okkar á Patreksfirði var Pétur Þór Lárússon frá Sjóskip í fyrsta sæti með 997 kg. Í öðru sæti var Pétur Sigurðsson Sjóak með 930 kg. Í þriðja sæti var Stefán Guðjónsson Sjór með 756 kg. Hjá konunum var Svala Júlía Ólafsdóttir Sjósigl í fyrsta sæti með 686 kg. Sigfríð Valdimarsdóttir Sjóak í öðru sæti með 630 kg. og Guðrún Jóhannesdóttir Sjóak í þriðja sæti með 600 kg. Sjórfélagar fengu eftirtalin verðlaun: flestar tegundir það var Einar Kristinsson með fjórar, stærsta ýsan Kristján Vídalín, stærsti ufsinn Kristinn Hrólfsson, stærsti steinbítur Svavar Svavarsson, stærsti marhnútur Einar Kristinsson. Stærstu lúðuna 31,5 kg. fékk Stefán B. Sigurðsson Sjóak og er þetta stærsti fiskur sem veiðst hefur á mótum á vegum Sjól. Jónasarbikarinn fékk Valur Höskuldsson. Samtals veiddust 23,1 tonn á mótinu. Á Grundarfirði héldum við innanfélagsmót okkar og var Helgi Bergs Sjósnæ í fyrsta sæti með 470 kg. Guðjón Hlöðversson var í öðru sæti með 406 kg. og í þriðja sæti var Svavar Svavarsson með 380 kg. Hjá konunum var Elín Snorraddóttir í fyrsta sæti og Þorgerður Einarasdóttir í öðru. Stærsta þorskind veiddi Kristján Vídalín, stærstu ýsuna Einar Lárússon, stærsta ufsann Reynir Brynjólfsson, stærsta karfann Gilbert Ó. Guðjónsson, stærsta steinbít Elín Snorraddóttir og stærstu síld Friðleifur Stefánsson. Samtals veiddust á mótinu á Grundarfirði 7,4 tonn. Þrjátíu og tveir félagar tóku þátt í mótum á vegum Sjól, sjö landsmet voru slegin og áttu Sjórfélagar þrjú þeirra, Guðmundur Kristinsson veiddi 17,2 kg. löngu, Guðbjartur G. Gissurarson 0,9 kg. makríl og Gottskálf Jón Bjarnason veiddi 1,8 kg. karfa.

Vorgleðin var haldin í mars og tókst hún vel í alla staði.

Gerður var samningur við Olís um hóp kort þar sem kom fram að félagar í Sjór fá 10% aflátt af flestum vörum í Ellingsen og Olísbúðunum og þar að auki 2-4 kr. afslátt af eldsneyti.

Stjórnin hélt 16 fund á árinu. Tekin voru fyrir 160 mál og náðu menn alltaf samhljóða niðurstöðu

Að lokum vil ég þakka meðstjórnendum mínum fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

Takk fyrir.

5. **Reikningar félagsins lesnir upp og skýrðir.**

Gjaldkeri félagsins Guðmundur Svavarsson las upp og skýrði reikninga félagsins. Hann gat þess að félagsmenn voru 88 á árinu og félagsgjöldin greiddu 66. Endurskoðendur hafa farið yfir reikningana og leggja til að þeir verði samþykktir.

6. **Umraður um skýrslu formanns og reikninga félagsins.**

Fundarstjóri biður Guðbjart ritara að taka við fundarstjórn sem hann gerir. Þá lýsir Anton ánægju sinni með reikninga félagsins og þakkar stjórninni fyrir vel unnin störf. Þá tekur Anton aftur við sem fundarstjóri. Hann gefur orðið laust um skýrslu formanns og reikninga félagsins. Birkir fær orðið. Hann segir að reikningar félagsins séu mjög vel fram settir og lýsir yfir ánægju sinni með störf stjórnarinnar. Þá óskar Birkir stjórninni til hamingju með góða afkomu félagsins. Þá bendir hann á að hann hafi ekki mætt á neitt mót í sumar en þá hefði veiðst miklu meira eins og allir vita. Eru skýrsla og reikningar borin undir fundinn og samþykkt samhljóða.

7. **Lagabreytingar**

Ekki lágu fyrir neinar breytingatillögur að þessu sinni.

8. **Fundarhlé.** Áður en fundarhlé hófst fær Guðmundur formaður orðið og tilkynnir fundarmönnum ákvörðun stjórnar um að þeir félagsmenn sem mæti á annað hvort innanfélagsmót eða aðalmót félagsins og veiða, munu fá fría flísjakka merкта félaginu að gjöf, einnig munu aðrir félagsmenn geta fengið jakka á kostnaðarverði. Biður Guðmundur fundarmenn að máta jakkana í hléinu. Þá bað hann Ólaf Ólafsson að rísa úr sæti og þiggja gullmerki félagsins sem stjórn félagsins hefur ákveðið að veita honum í tilefni átræðisafmælis og 35 ára ferils innan félagsins. Þáði Ólafur þennan heiður með þökkum til allra viðstaddra.

Þá er boðið upp á kaffi, kökur og heitan brauðrétt.

9. **Kosning formanns.**

Stungið upp á Guðmundi Kristinssyni í formannssætið, þakkaði hann tilnefninguna og var hann kjörinn einróma.

10. **Kosnir fjórir í stjórn.**

Guðbjartur G. Gissurarson, Guðmundur Svavarsson, Þorgerður Einarsdóttir og Örn Úlfar Andrésson eru kjörin einróma í stjórnina. Þá eru Smári Jónsson og Einar Kristinsson einróma kjörnir varamenn í stjórn.

11. **Kosnir 2 endurskoðendur.**

Porsteinn Stígsson, Birkir Þór Gunnarsson og til vara Hafsteinn Jónsson eru kjörnir einróma.

12. **Árgjöld og veiðistyrkir fyrir árið 2007.**

Guðmundur Kristinsson leggur fram tillögu stjórnar: að árgjald verði óbreytt kr. 5.000.- Þá leggur hann fram tillögu stjórnar varðandi veiðistyrki: Þeir skuldlausu félagar sem mæta á annað hvort innanfélags eða aðalmót okkar og veiða fá greitt á eitt mót og þeir félagar sem mæta á bæði mót okkar fá greitt á tvö önnur mót. Undir þessar tillögur skrifar stjórnin Fundarstjóri ber fyrri tillöguna undir fundinn og er hún samþykkt samhljóða Fundarstjóri ber seinni tillöguna undir fundinn og er hún samþykkt samhljóða.

13. **Önnur mál.**

Guðmundur Kristinsson fær orðið. Hann þakkar fundarmönnum traustið sem þeir sýndu með endurkjöri sínu.

Þá vekur hann athygli fundarmanna á því að búið er á vegum Sjóls að raða niður mótum næsta árs. Athygli fundarmanna er vakin á því að 17 maí er almennur frídagur (uppstigningadagur) svo auðvelt ætti að vera að komast til Patreksfjarðar, svo er 1. maí almennur frídagur og er því von um gott veður einhverja þá daga sem ákveðnir hafa verið fyrir innanfélagsmótið.

Mótaröðin er eftirfarandi:

Sjór- Patreksfjörður 18-19 maí og innanfélagsmót Sandgerði 28. apríl, til vara 30. apríl, til vara 1. maí. **Sjóve** 26 og 27 maí **Sjónes** 1- 2 júní

Sjóskip 15-16 júní. **Sjóís** 6-7 júlí. **Sjósnæ** 20-21 júlí

Sjósigl 3-4 ágúst **Sjóak** 17-18 ágúst.

Guðmundur gat þess að á formannafundi Sjóls sem haldinn var nýverið, kom fram tillaga frá Guðmundi Svavarsyni varðandi veiðitíma í mótum þannig að veiðitími hefst þegar færur er rennt í sjó, í stað þess sem nú er að veiðitími hefst þegar bátar leggja úr höfn, og að stytta veiðitímamann um einn klukkutíma. Þetta fyrirkomulag mun vera sanngjarnara fyrir þá sem lenda á hæggengum bátum. Þessi tilaga fékk góðar móttökur og verður tekin fyrir á aðalfundi Sjóls sem haldinn verður laugardaginn 24. mars 2007.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Birkir fær orðið og segir að sér finnist félagið vera fjárhagslega vel stætt, en hann bendir á að félagið verði fimmtíu ára eftir fimm ár og við þurfum að hafa sjóð til að geta staðið vel að afmælistóti sem verði félaginu til sóma. Þá bendir Birkir á að það sé ráðlegt að leggja fyrir aura til þess að geta staðið undir mótum sem hugsanlega koma út með tapi. Hann hvetur stjórnina til þess að halda vel um fjármálin eins og hún hefur gert hingað til.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Guðmundur Svavarsson fær orðið og segir nánar frá tillögum sínum á fundi Sjól.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Ólafur Jónsson fær orðið. Hann tilkynnir skýringalaust úrsögn sína úr félaginu og færir formanni bréflaga tilkynningu þess efnis.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Ef ekki óska fleiri eftir því að fá að taka til máls og er því fundinum slitið klukkan 21:50

Guðbjartur G Gissurarson ritaði fundargerð

17. Stjórnarfundur Eldshöfða, þann 19.12. 2006.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Smári Jónsson, Örn Andrésson, Einar Kristinsson, Guðbjartur G. Gissurarson og Þorgerður Einarsdóttir.

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 19.30.
Fundargerð frá aðalfundi. Guðbjartur las fundargerð aðalfundar og samþykkti stjórnin fundargerðina fyrir sitt leiti.
2. **Stjórnin skiptir með sér verkum.** Guðmundur Kristinsson lagði til að Örn Andrésson verði varaformaður, Guðmundur Svavarsson gjaldkeri, Guðbjartur Gissurarson ritari, og Þorgerður Einarsdóttir meðstjórnandi. Samþykkt samhljóða. Þá eru Smári Jónsson og Einar Kristinsson varamenn í stjórninni.
3. **Jóla kort.** Guðmundur Kristinsson fól Þorgerði að sjá um að senda jóla kort til formanna allra félaga innan SJÓL.
4. **Dagatal.** Rætt um útgáfu árlegs veiðidagatala okkar og að ítreka styrkjasöfnun stjórnarmanna. Smára Jóns falið að leita eftir styrk frá Kb-banka. Guðmundur Kristins sækir um styrk frá OLÍS og leggur áherslu á að fá gjafakort hjá Ellingsen. Örn ræðir við Ölgerðina. Einar Kristinsson ræðir við Fastus. Aðrir stjórnarmenn ræða við aðra mögulega styrkveitendur.
5. **Þorrablót.** Skipuð var undirbúningsnefnd til að undirbúa þorrablót. Nefndina skipa Þorgerður Einarsdóttir, Einar Kristinsson og Örn Andrésson. Samþykkt var að halda þorrablótíð laugardaginn 20. janúar 2007 eða því sem næst eftir atvikum. Nefndin sér um að útvega sal, mat og veitingar. Einar Kristinsson mun

kanna með tilboð í matinn. Það var samþykkt að hafa ekki hljómsveit að þessu sinni heldur að leita eftir góðri dinner músík svo fólk geti skrafað saman í góðu tómi eftir matinn. Þá var Guðmundi gjaldkera falið að kanna kaup á GSM-posa fyrir þorablótið.

- Önnur mál.** Guðmundur Kristinsson fór frami á það við stjórnarmenn að þeir leggi fram tilögur varðandi verðlaun á mótum okkar á komandi veiðitímabili. Rætt var um að stangir og veiðivörur sem við höfðum til verðlauna á síðustu mótum okkar hafi gert góða lukku. Guðmundi Kristinssyni og Guðmundi Svavarssyni var falið að kanna undirbúning að innanfélagsmóti okkar í Sandgerði. Guðbjartur lagði til að þeir kanni einnig hvort það sé fýsilegur kostur að bjóða félagsmönnum gistingu á hóteli suður frá eina nótt eftir veiðina og ætla þeir að leita tilboðs í slíkan pakka.
- Fundi slitið.** Fundi var slitið. kl. 23.50.

1. Stjórnarfundur Skeljanesi, þann 4.1. 2007.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Smári Jónsson, Örn Andrésson, Einar Kristinsson, Guðbjartur G. Gissurarson og Þorgerður Einarsdóttir.

Guðmundur Svavarsson boðaði forföll.

- Þorablót.** Undirbúningur þorablóts gengur vel og hefur Einar Kristinsson fengið tilboð í matinn, þá hefur Örn tekið frá salinn að Skipholti 70. Þorgerði var falið að sjá um tónlistina, kaffið, konfekt og skreytingar í sal. Smári sér um vínkaup, gos og að útvega posavél. Samþykkt var samhljóða að hafa inngangeyrið 2500-kr.
- Ákveðinn næsti fundur.** Ákveðið var að hittast nk. Fimmtudag til að ganga frá lokaundirbúningi fyrir þorablótið.
- Önnur mál.** Almennar umræður um komandi veiðivertíð og annað tilfallandi.
- Fundi slitið.** Fundarslit kl.22.00

3. Stjórnarfundur Eldshöfða, þann 10.1. 2007.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Smári Jónsson, Örn Andrésson, Einar Kristinsson, Guðbjartur G. Gissurarson og Þorgerður Einarsdóttir. Guðmundur Svavarsson boðaði forföll.

1. **Þátttaka í þorrablóti.** Fundarmenn fóru yfir þáttökulistann og í ljós kom að 69 hafa þegar pantað. Ákveðið að panta mat fyrir 75 mans. Ákveðið að listi yfir aðföng sé nægilegur og aðilum í stjórn falið að kaupa inn fyrir blótið samkvæmt honum.
2. **Tónlist.** Ekki er lengur hægt að fá leigðar græjur hjá Byko til að spila tónlist og hefur Guðmundur Kristinsson tekið að sér að útvega græjur.
3. **Happadrætti.** Vel hefur gengið að útvega vinninga í happadrættið sem haft verður á þorrablótinu, eru þegar komnir í hús vinningar fyrir á annað hundrað þúsund krónur. Miðaverð í happdrættinu ákveðið 500 - kr.
4. **Önnur mál.** Ekki lágu fyrir önnur mál.
5. **Fundi slitið.** Fundarslit kl.22.50

4. Stjórnarfundur Eldshöfða, þann 18. janúar. 2007.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Smári Jónsson, Örn Andrésson, Einar Kristinsson, Guðbjartur G. Gissurarson og Þorgerður Einarsdóttir.

1. **Fundur settur.** Fundur settur kl. 19.45 .
2. **Þorrablót.** Farið yfir reikninga vegna blótsins og þeir samþykktir. Hagnaður af þorrablótinu var samtals um 77 þúsund krónur og lýstu fundarmenn yfir ánægju sinni með þessa útkomu.
3. **Flísjakkar.** Flísjakkar merktir félaginu eru komnir í hús og eru fundarmenn ánægðir með jakkana sem ákveðið var á stjórnarfundum í fyrra að úthluta til félagsmanna.
4. **Dagatal.** Vel gengur að afla styrktaraðilum fyrir dagatalið. Verður útgáfa þess rædd nánar á næsta stjórnarfundum.

5. **Önnur mál.** Guðmundur Svavarsson gjaldkeri kom með þá ábendingu að boða þurfi til stjórnarfundar með aðeins meiri fyrirvara. Formaður segist munu gera það framvegis með minnst 24 tíma fyrirvara. Tillaga kom frá Guðmundi Svavarssyni um að tryggja innbú og tæki félagsins fyrir ca. tvær milljónir króna. Var tillagan samþykkt samhljóða og Guðmundi Svavarssyni falið að útvega tryggingu frá Trygginga Miðstöðinni. Ákveðið var að formaður og gjaldkeri skulu fara á fund með smábátaeigendum í Sandgerði til að ræða við þá um komandi innanfélagsmót okkar. Rætt var um að klára að móta reglur um veitingu heiðursmerkja félagsins. Ákveðið var að ræða þessar reglur á næsta stjórnarfundum.
6. **Fundi slitið.** Fundi slitið kl. 21.30

5. Stjórnarfundur Skeljanesi, þann 10.2. 2007.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Smári Jónsson, Örn Andrésson, Einar Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Guðbjartur G. Gissurarson og Þorgerður Einarsdóttir.

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 13.00.
2. **Dagatal.** Unnið var við að pósthætja veiðidagatalið ásamt auglýsingum.
3. **Húsnæðismál.** Rætt var um framtíðarhorfur í húsnæðismálum félagsins. Fram kom að búið er að segja okkur upp húsnæðinu að Skeljanesi. Samþykktu fundarmenn að Guðmundur Kristinsson bæri þetta upp á fundi hans með borgarstjóra, sem verður á næstunni.
4. **Bréf frá Birgir í Rafbjörg.** Borist hefur bréf frá Birgir varðandi heimasíðu félagsins. Stjórnin ákvað að skoða þetta nánar síðar. Þá kom fram að nú þegar er heimasíðu málið í vinnslu og er að vænta niðurstöðu fljótlega.
5. **Innanfélagsmót.** Rætt var um innanfélagsmótið í Sandgerði. Guðmundur formaður hefur rætt við Halldór Ármannsson formann félags smábátaeiganda á Reykjanesi, og tók hann vel í það að veita erindi okkar í jákvæðann farveg meðal sinna manna.
6. **Fundi slitið.** Fundarslit kl.15.00

7. Stjórnarfundur Skeljanesi, 24.4.2007

Mættir voru: Guðmundur Kristinsson, Guðbjartur Gissurarson, Guðmundur Svavarsson, Smári Jónsson og Örn Andrésson.
Þorgerður Einarsdóttir boðaði forföll.

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl.18.00
2. **Afstaða gagnvart nýliðum.** Stjórnarmenn ræddu afstöðu félagsins gagnvart nýliðum sem taka þátt í mótum okkar og var ákveðið samhljóða að bjóða þeim að taka þátt í veiðinni á innanfélagsmótinu án endurgjalds en borga fyrir gistingu og kvöldverð.
3. **Þátttaka í innanfélagsmótinu.** Þegar eru 40 manns búnir að tilkynna þátttöku í mótinu. Búið er að útvega báta fyrir 38 og er unnið að útvegun fleiri báta.
4. **Verkaskipting fyrir mótið.** Örn hefur þegar útvegað beituna. Guðmundur Kristinsson, með aðstoð Arnar, sér um flutning á beitu, stikum og björgunarvestum. Guðmundur Svavarsson sér um, með aðstoð Einars Kristinssonar, hótél, gos, nesti, og flögg. Ragnar Valsson sér um tölvumálin. Smári Jónsson hefur þegar talað við Fiskmarkað Suðurnesja og Aðgerðarþjónustuna, Smári sér um vigtun, talningu og ís á bryggjuna. Guðbjartur Gissurarson og Þorgerður Einarsdóttir sjá um verðlaunagripi og gjafir til skipstjóra.
5. **Dregið á bátana.** Dregið var á bátana og gögn veiðimanna gerð klár í umslög. Tekið til allt sem hafa þarf með til Sandgerðis fyrir mótið.
6. **Önnur mál.** Rætt var um fyrirspurn frá SJÓL um að aðildarfélögin leggi fram kr.50.000- til kaupa á verðlaunum á lokahófið sem haldið verður á Akureyri. Samþykkt var samhljóða að verða við þessu.
7. **Fundi slitið.**

8. Stjórnarfundur Eldshöfða, 26.4.2007

Mættir voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Einar Kristinsson, Smári Jónsson og Örn Andrésón.

Guðbjartur Gissurarson og Þorgerður Einarsdóttir boðuðu forföll.

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl.18.00
2. **Innanfélagsmótið.** Rætt var um veðurútlit fyrir innanfélagsmótið. Samþykkt var samhljóða að fresta mótinu um eina viku vegna lélegrar veðurspá.
3. **Þátttakendum tilkynnt um frestun.** Hringt verður í alla sem skráð sig hafa í mótið.
4. **Fundi slitið.**

9. Stjórnarfundur Eldshöfða, 2.5.2007

Mættir voru: Guðmundur Kristinsson, Guðbjartur Gissurarson, Guðmundur Svavarsson, Smári Jónsson, Þorgerður Einarsdóttir, Einar Kristinsson og Örn Andrésón

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl.18.00
2. **Veðurhorfur.** Stjórnarmenn ræddu veðurhorfur fyrir innanfélagsmótið og ákváðu samhljóða að halda skuli mótið 5. maí. Hringt verður í alla þátttakendur.
3. **Aldurstakmark nýliða.** Stjórnin samþykkir að nýliðar í félagið þurfi að hafa náð 18 ára aldri. Er þetta ákveðið vegna trygginga. Þá var einnig samþykkt að fjölskyldumeðlimir félagsmanna skuli undanþegnir frá þessari reglu og séu þeir alfarið á ábyrgð forráðamanna sinna.
4. **Verðlaun til SJÓR félaga.** Borin var fram tillaga um að veita verðlaun til stiga-hæsta SJÓR félaga eftir sumarið á lokahófi SJÓL. Skulu gilda reglur SJÓL þar á meðal um að þrjú bestu mót sumarsins hjá hverjum einstaklingi skuli gilda. Var

þessu vel tekið og samþykkti stjórnin samhljóða að veita þessi verðlaun og að þau skuli vera úttekt hjá Vesturröst að veðmæti ca. Kr.60.000-.

5. **Önnur mál.** Rætt var um að makar veiðimanna á aðalmóti okkar á Patreksfirði fái frítt á lokahófið og matinn. Samþykkt samhljóða.
6. **Fundi slitið.** Fundi slitið kl.20.00.

10. Stjórnarfundur Skeljanesi, 8.5.2007

Mættir voru: Guðmundur Kristinsson, Guðbjartur Gissurarson, Guðmundur Svavarsson, Smári Jónsson, Einar Kristinsson, Örn Andrésson, Þorgerður Einarsdóttir og Ragnar Valsson.

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl.18.00.
2. **Verkaskipting fyrir aðalmótið.** Guðmundur Kristinsson, með aðstoð Arnar, sér um flutning á beitu, stikum og björgunarvestum, einnig um útvegum báta. Guðmundur Svavarsson sér um hótél, gos og nesti. Ragnar Valsson sér um tölvumálin. Smári Jónsson hefur þegar talað við Fiskmarkað Suðurnesja og Aðgerðarþjónustuna, Smári sér um beituna og að fá Hönnu til að sjá um vöfflur, kaffi og kakó á bryggjunni. Einar Kristinsson sér um að láta hreinsa fánann og koma honum á Patreksfjörð. Guðbjartur sér um bikara og verðlaun. Þorgerður sér um innkaup á efni og skipulagningu á bryggjukaffi.
3. **Boð til allra SJÓL félaga.** Gengið var frá boðsbréfi til allra félagsmanna aðild-
arfélaganna innan SJÓL um 500 alls.
4. **Fundi slitið.** Fundi slitið kl.22.30.

11. Stjórnarfundur Skeljanesi, 15.5.2007

Mættir voru: Guðmundur Kristinsson, Guðbjartur Gissurarson, Guðmundur Svavarsson, Smári Jónsson, Einar Kristinsson, Örn Andrésson, Þorgerður Einarsdóttir og Ragnar Valsson.

1. **Úrslit innanfélagsmótsins.** Farið yfir úrslitin og verðlaunum raðað í rétta röð.
2. **Verðlauna afhending.** Verlaunum úthlutað til keppenda í innanfélagsmóttinu í Sandgerði sem haldið var 6. maí eftir að því var frestað aftur vegna veðurs.
3. **Aðalmót á Patreksfirði.** Allur undirbúningur kláraður og gengið frá gögnum til keppenda.
4. **Önnur mál.** Fundarmenn allir bjartsýnir og vongóðir með mótið á Patreksfirði.
5. **Fundi slitið.** Fundi slitið kl. 22.15.

12. Stjórnarfundur Skeljanesi, 12.6.2007

Mættir voru: Guðmundur Kristinsson, Guðbjartur Gissurarson, Guðmundur Svavarsson, Smári Jónsson, Örn Andrésson og Þorgerður Einarsdóttir boðuðu forföll.

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl.18.00
2. **Uppgjör móta.** Guðmundur Svavarsson gjaldkeri lagði fram reikninga og uppgjör vegna mótanna á Patreksfirði og í Sandgerði. Rætt var um þá og sagði hann að eftir væri að gera upp við Task, annars væru reikningar klárir.
3. **Verkefnastjórnun.** Formaður minnir stjórnarmenn á að hann telji að verkstjórn við mótshald eigi einungis að vera í höndum formanns. Formaður lýsir óánægju með það sem að hans mati var stjórnleysi þegar mótið í Sandgerði var haldið. Mættir stjórnarmenn báru á móti því að um stjórnleysi hafi verið að ræða, frekar

hafi verið um það að ræða að skipstjórnarmenn fóru ekki eftir fyrirmælum og við það skapaðist ákveðið agaleysi. Var málið rætt til hlítar og ákveðið að gefa framvegis skýrari skilaboð svo allir sem koma að mótshaldinu haldi betur utan um skipulag og að ítreka við menn að fara eftir fyrirmælum mótstjórnar.

4. **Önnur mál.** Rætt var um yfirvofandi flutning úr húsnæðinu að Skeljanesi. Guðmundur formaður hefur þegar rætt við borgarstjóra. Vonast er eftir viðbrögðum borgaryfirvalda á húsnæðisþörf félagsins á næstunni. Almennar umræður.
5. **Fundi slitið.** Fundi slitið kl.20.00.

13. Stjórnarfundur Skeljanesi, þann 16.10. 2007.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Örn Andrésson, Einar, Guðmundur Svavarsson og Guðbjartur G. Gissurarson.
Aðrir boðuðu forföll.

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 18.00.
2. **Aðalfundur SjóL.** Rætt var um tillögur til aðalfundar sjól. Samþykkt var að leggja fram tillögu um að breita mótsgjöldum eða leggja þau niður.
3. **Aðalfundur SJÓR.** Guðmundur Svavarsson hefur þegar bókað sal á Hótel Loftleidum, svo og veitingar fyrir allt að 30 manns.
4. **Aðalmót og innanfélagsmót 2008.** Ákveðið var að halda aðalmót okkar á Patreksfirði dagana 23 og 24 maí 2008 og innanfélagsmótið á Grundarfirði 3. maí 2008.
5. **Þorrablót.** Samþykkt var að halda þorrablót á svipuðum nótum og var síðast. Var Örn Úlvar valinn til að panta salinn.
6. **Húsnæðismál.** Guðmundur formaður, Guðmundur gjaldkeri og Örn Úlvar sátu fund með Gísla og Helga frá Faxaflóahöfnum þar sem þeim var tilkynnt að félagið muni fá húsnæði hjá þeim fyrir 1. janúar 2008.
7. **Önnur mál.** Ákveðið var að sæma Ríkharð heiðursfélaga okkar gullmerki

félagsins með láviðarsveig, einnig var ákveðið að sæma Anton Örn Kærnested og Birkir Þór Gunnarsson gullmerkjum fyrir störf í þágu félagsins, svo og Friðleif Stefánsson sem aldraðan veiðifélaga.

Örn Úlvar var beðinn um að uppfæra lista yfir eigur félagsins.

Guðmundur formaður hefur fengið jákvæð viðbrögð hjá SPRON varðandi stuðning við félagið.

8. **Fundi slitið.** Fundarslit kl.21.00

14. Stjórnarfundur Skeljanesi, þann 20. 11. 2007.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Smári Jónsson, Örn Andrésson, Einar Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Guðbjartur G. Gissurarson og Þorgerður Einarsdóttir.

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 18.00.
2. **Aðalfundur.** Ákveðið var innihald bréfa til félagsmanna vegna aðalfundarins. Ákveðið var að mæta á skrifstofunni hjá Guðmundi Svavarssyni snemma á morgunn til þess að senda út bréfin til félagsmanna.
3. **Veiðistyrkir og árgjald.** Ákveðið var að veiðistyrkir og árgjald skulu vera áfram eins og á líðandi ári.
4. **Lagabreitingar.** Rætt var um lagabreitingar sem stjórnin mun leggja fram á aðalfundinum.
5. **Önnur mál.** Ákveðið var að bjóða félagsmönnum að kaupa þær flíspeysur merktar félaginu sem enn eru til á kostnaðar verði kr. 3500-.
6. **Fundi slitið.** Fundarslit kl.19.30

Aðalfundur SJÓR 2007

Fundurinn var haldinn á Hótel Loftleiðum 30. nóvember 2007

Mættir voru: Félagar 29 á fundinum.

Dagskrá aðalfundarins.

1. Fundur settur.
2. Kosinn fundarstjóri og fundarritari.
3. Lesin upp fundargerð síðasta aðalfundar og hún borinn undir atkvæði.
4. Skýrsla fráfarandi formanns.
5. Gjaldkeri skýrir reikninga.
6. Reikningur félagsins borinn upp til samþykktar eða synjunar.
7. Lagabreytingar.
8. Kosinn formaður.
9. Kosnir fjórir í stjórn og tveir varamenn.
10. Kosnir 2 endurskoðendur.
11. Árgjöld og veiðistyrkir ákveðnir.
12. Önnur mál.

1. Fundur settur.

Guðmundur Kristinsson setti fundinn kl. 20:10 Hann bauð félagsmenn velkomna á fundinn.

2. Kosning fundarstjóri og ritari.

Stungið uppá Antoni Erni Kærnested sem fundarstjóra og Ragnari Valssyni sem fundarritara. Samþykkt samhljóða.

3. Lesin upp fundargerð síðasta aðalfundar.

Guðbjartur las fundargerð og var hún samþykkt einróma.

4.

5. Skýrsla formanns.

Guðmundur Kristinsson las skýrslu formanns.

6. Reikningar félagsins lesnir upp og skýrðir.

Gjaldkeri félagsins Guðmundur Svavarsson las upp og skýrði reikninga félagsins.

7. Endurskoðendur hafa farið yfir reikningana og leggja til að þeir verði samþykktir.

8. **Umræður um skýrslu formanns og reikninga félagsins.**

Friðleifur Kemur með leiðréttingu á því hver hafi unnið Innanfélagsmótið í Sandgerði.

9. Anton spyr út í liðinn gjafir og styrkir. Og fær svar frá Guðmundi gjaldkera.

Guðmundur formaður fékk orðið utan dagskrár og sæmdi Ríkarði Ingibergssyni gullmerki Sjóstangafélags Reykjavíkur með lárviðarsveig.

Einnig fengu Anton Kærnested, Birkir Þór Gunnarsson, Friðleifur Stefánsson og Róshildur Stefánsdóttir gullmerki Sjóstangaveiðifélags Reykjavíkur

10. **Lagabreytingar**

Fyrir fundinum lágu tvær lagabreytingartillögur sjá breytingartillögu á fundarboði. Guðbjartur kynnti breytingarnar fyrir hönd stjórnar S.J.Ó.R.

Til máls tóku Birkir Þór og lýsti stuðningi við tillögurnar.

Jóhann Ólafsson tók til máls og lýsti andstöðu við breytingu á 3. gr. Og gerði athugasemdir við breytingar á 6. grein. Fannst edlilegra að varamenn væru boðaðir á alla fundi.

Lagði til að ný laganefnd myndi taka til starfa og endurskoða lög félagsins Guðmundur formaður lýsti yfir frekari stuðnings tillögunni og óskaði eftir stuðningi félagsins við breytingarnar.

Birkir vitnaði í lög stangaveiðifélags reykjavíkur

Jóhann bað um smástund til að koma með skriflega tillögu.

Fundarstjóri gerði 10. min kaffihlé kl. 21:05

Fundi framhaldið 21.18

Jóhann Ólafsson kom með breytingartillögu á breytingu við 3. grein.

Vill hann að breytingin sé.

Breytingartillaga við 6. gr. Að síðasta setning falli út. „Varamenn boðaðir af formanni.“

Guðmundur formaður tók til máls

Lagði áherslu á sína skoðun á 3. grein.

Svavar lýsti stuðningi við tillögu Jóhanns.

Guðbjartur lýsti stuðningi við 3 grein.

Siv Friðleifsdóttir og lýsti stuðningi við lokasetningu 6 greinar þar sem ábyrgð formanns er sett í að boða. Og mælti til breytinga á tillögu Jóhanns.

6. grein er borinn til samþykktar. Jóhann bara sína breytingu til baka.

Tillaga stjórnar samþykkt samhljóða.

Jóhann sagði að hann hefði ekkert upp á stjórnina að setja. Og kom með breytingu á tillögu sinni. bætti og bætti við „... Eða með meirihluta á aðalfundi.“

Guðbjartur sagði að hann samþykkti tillögun með þessari breytingu Jóhanns.

Fundarstjóri las upp 3. grein og breytingartillögu Jóhanns.

Tillagan samþykkt með 17 atkvæðum gegn 7.

11. Kosning formanns.

Stungið upp á Guðmundi Kristinssyni í formannssætið, var hann kjörinn einróma.

12. Kosnir fjórir í stjórn.

Guðmundur stakk upp á

Guðbjart

Guðmund

Porgerði

Smára

Til vara

Einar

Hafsteinn Jónsson

13. Samþykktir einróma með lófaklappi.

14. Kosnir 2 endurskoðendur.

Guðmundur stakk upp á

Birki og Erni Úlfari Samþykkt einróma

Kristinn Grétars

15. Árgjöld og veiðistyrkir fyrir árið 2007.

Guðmundur Kristinsson leggur fram tillögu stjórnar: að árgjald verði óbreytt kr.

5.000.- Þá leggur hann fram tillögu stjórnar varðandi veiðistyrki: Þeir skuldlausu félagar sem mæta á annaðhvort innanfélags eða aðalmót okkar og veiða fá greitt á eitt mót og þeir félagar sem mæta á bæði mót okkar fá greitt á tvö önnur mót. Undir þessar tillögur skrifar stjórnin

Fundarstjóri ber tillögu upp og er samþykkt samhljóða

16. Önnur mál.

Guðmundur formaður þakkar traust með kosningu til formanns. Sagði að hann hafi haft góða stjórn sem væri nánast óbreytt í ár

Birkir kom með tillögu um að innanfélagsmót yrði haldið á Grundarfirði Saknar á okkar mótum að hafa dans eða skemmtun á eftir móti.

Mynnti á að þegar hann var formaður dreifði hann skýrslu formanns á félagagá fundi og í pósti til skuldlausra félaga.

Svavar Svavarsson Óskar stjórn til hamingju með endurkjör. Kom með fyrirspurn á heimasíðu og rekstrarkostnað á henni. Guðmundur svaraði varðandi heimasíðuna.

Guðmundur gjaldkeri svaraði varðandi kostnað greiðslu til félaga vegna vinnu við síðuna og kostnað við lét.

Pálmar Einarsson Þakkar stjórninni góð störf. Og mælti með fleiri konum í félagið

Friðleifur þakkar stjórn góð störf og bindur miklar vonir við þá. Þakkaði heiðurinn sem honum var sýndur. Og sagði sögur frá Siglufjarðarmóti.

Guðmundur Formaður sagði frá nýju húsnæði Sjó. Verbúðin næst hafnarbúðum. Ca.80m². og sagði að óskað yrði eftir aðstoð félagsmanna.

Hjá Sjó var mynst á fylleri á bátum. Sagði meðal annars frá að bannað væri að fara á sjó með drukknnum skipstjóra. Sama gyldir fyrri félagsmenn. Þeir verða ekki teknir með drukknir á sjó.

Sagði frá tillögu frá Sjó og Sjóak að fella út mótsgjöld. Hámarksfjöldi frá hverju félagi sem mætir frítt. Vegna þess að önnur félög eru að greiða mikið til annarra félaga.

Önnur tillaga frá akureyri. Dregið tvisvar á báta. Vitað strax í upphafi á hvaða bát hver lendir hvorn dag. En verið að útfæra tillögu

Þorrablót verður haldið Skipholti 70 viku fyrir þorra.

Sagði að félagar gætu keypt flíspeysur á 3.500 og að þeir sem áttu eftir að fá í réttu stærð fengu þær.

Guðmundur Svavarsson sagði að innanfélagsmót yrði haldið á Grundarfirði 3. maí Aðalmót á Patreksfirði 23. maí.

Fundi slitið kl. 22.10

1. Stjórnarfundur Skeljanesi, þann 27.12. 2007.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Smári Jónsson, Einar Kristinsson, Guðbjartur G. Gissurarson og Þorgerður Einarsdóttir.

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 20.00.
2. **Stjórnin skiptir með sér verkum.** Guðmundur Kristinsson lagði til að Smári Jónsson verði varaformaður, Guðmundur Svavarsson gjaldkeri, Guðbjartur Gissurarson ritari, og Þorgerður Einarsdóttir meðstjórnandi. Einnig að Einar Kristinsson og Hafsteinn Jónsson verði varamenn í stjórn. Samþykkt samhljóða.
3. **Húsnæðismál.** Búið er að fá lykla að nýja húsnæði félagsins. Hafa nokkrir úr stjórninni þegar skoðað húsnæðið sem reynist fohelt og í þörf fyrir talsverðar framkvæmdir. Ákveðið að stjórnin skoði húsnæðið í sameiningu eftir þennan fund.
4. **Þorrablót.** Ákveðið að halda þorrablótíð laugardaginn 12. janúar 2008. Búið er að útvega sal, mat og veitingar. Það var samþykkt að Guðmundur Svavarsson og Smári Jónsson skipi þorrablótshnefnd og deila þeir út verkefnum til stjórnar og félagsmanna. Ákveðið að halda fund miðvikudaginn 2. janúar kl.18.30 til að koma bréfum til félagsmanna vegna þorrablótshins. Stjórnarmenn munu safna vinningum til þess að hafa í happdrættisvinninga á þorrablótinu. Muna þarf að greiða gjöld vegna þorrablótshins sem fyrst.
5. **Önnur mál.** Rætt um útgáfu árlegs veiðidagatala okkar og að stjórnarmenn safni styrkjum hjá styrktaraðilum okkar. Stjórnarmenn ætla að ræða við aðra mögulega styrkveitendur og ætla Smári Jónsson að kanna möguleika á styrkjum frá td. bönkunum.
6. **Fundi slitið.** Fundi var slitið. kl. **21.18**.

2. Stjórnarfundur Nýbýlavegi 6, 2.1.2008

Mættir voru: Guðmundur Kristinsson, Guðbjartur Gissurarson, Guðmundur Svavarsson, Smári Jónsson, Þorgerður Einarsdóttir, Einar Kristinsson og Hafsteinn Jónsson

1. **Fundur settur kl.18.30**

2. **Þorrablót.** Farið var yfir félagaskrá og samið bréf til félagsmanna varðandi þorrablótíð sem halda á 12. janúar í húsi múrarafélagsins í Skipholti. Um það bil 80 félagsmönnum verður sent bréf varðandi blótíð. Skipt var verkefnum á milli stjórnarmanna þannig að allir hafa sín verk að vinna fyrir þorrablótíð. Smári mun sjá um að halda utan um verkefnalistann. Ákveðið að fá leynigest til að koma fram á blótinu.

Önnur mál. Rætt var um framvindu dagatalsins. Vel gengur að fá styrktaraðila og er gert ráð fyrir að dagatalið fari brátt í prentun.

3. **Fundi slitið.** Fundi slitið kl. 20.30.

3. Stjórnarfundur Nýbýlavegi 6, þann 9.1. 2008.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Smári Jónsson, Einar Kristinsson, Guðbjartur G. Gissurarson og Þorgerður Einarsdóttir. Forfall boðaði Hafsteinn Jónsson.

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 18.00.

2. **Þorrablót.** Ákveðið var að fresta þorrablótinu um viku vegna tvíþóknar á sal og voru bréf útbúin til að tilkynna félagsmönnum breytinguna.

3. **Húsnæðismál.** Vinna er hafin við að gera upp húsnæðið sem félagið hefur fengið til umráða (gegn leigu) í verbúð 4 við smábátahöfnina í Reykjavík. Er húsnæðið varla meira en fokhelt og þarf að koma fyrir öllum lögnum ásamt því

að klæða loft, vegg og setja upp skilrúm fyrir klósettaðstöðu. Ákveðið að hvetja félagsmenn til að leggja fram sjálfboða-vinnu eftir föngum.

4. **Dagatal.** Dagatalið gert klárt til útsendingar til u.þ.b. 400 meðlima í SJÓL.
5. **Önnur mál.** Rætt um skipulag framkvæmda í nýja félagsheimilinu í verbúð 4.
6. **Fundi slitið.** Fundi var slitið. kl. **21.18**.

4. Stjórnarfundur Skeljanesi, þann 27.2. 2008.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Guðbjartur G. Gissurarson, Þorgerður Einarsdóttir, Einar Kristinsson og Hafsteinn Jónsson
Forfall boðaði Smári Jónsson

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 19.00.
2. **SJÓL fundur.** Ræddar voru breytingatilögur sem borist hafa frá SJÓÍS og SJÓAK og þessi félög hyggjast leggja fyrir komandi aðalfund SJÓL sem verður haldinn á Akranesi þann 8.mars. Fyrst var rætt um tillögurnar frá SJÓÍS og þótti tilaga númer 2 athyglisverð en fundarmen samþykktu að þeim bæri að hafna. Þá voru ræddar tilögur frá SJÓAK og voru fundarmenn samála um að samþykkja þær í megin atriðum. Þá var samþykkt að leggja fram tillögu frá SJÓR varðandi niðurfellingu mótsgjalda á mótum innan SJÓL
3. **Húsnæðismál.** Ákveðið að halda áfram að keyra framkvæmdir áfram af krafti svo sem verið hefur. Þá verður reynt að fjölga í vinnuhópnum eftir föngum.
4. **Önnur mál.** Rætt um að afla styrkja til greiðslu á húsaleigu fyrir nýja félagsheimilið. Vonast fundarmenn að hægt verði að koma á svipuðu fyrirkomulagi og verið hefur að Skeljanesi.
5. **Fundi slitið.** Fundi var slitið. kl. **21.18**.

5. Stjórnarfundur Höllinni, þann 23.04. 2008.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Smári Jónsson, Guðbjartur G. Gissurarson, Þorgerður Einarsdóttir, Einar Kristinsson og Hafsteinn Jónsson
Forfall boðaði Einar Kristinsson

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 18.30. og bauð stjórnina velkomna í Höllina.
2. **Innanfélagsmót.** Farið var yfir lista skráðra keppenda í innanfélagsmótinu sem haldið verður 3. maí á Grundarfirði. 36 hafa skráð sig í mótið. Athuga þarf að tilkynna alla báta í mótinu til sjávarútvegsráðuneytisins. Ákveðið að stærð fiska skuli vera þorskur lágmark 45sm. og ufsi 50sm. Guðmundur Svavarsson mun sjá um beituna og Smári Jónsson sér um matinn. Ákveðið að dregið verði úr þátttökunúmerum félagsmanna SJÓR og að vinningur verði sjóstöng að veðmæti ca.10-15 þúsund kr. Þá var ákveðið að gefa skipstjórum í mótinu flíspeysur merktar félaginu.
3. **Húsnæðismál.** Ákveðið var að auglýsingarstyrkur verði notaður til þess að kaupa flatskjá fyrir félagsheimilið og mun Guðmundur gjaldkeri sjá um það.
4. **Önnur mál.** Formaður tilkynnti að íþrótt og tólmstundaráð Reykjavíkurborgar muni styrkja okkur áfram með húsaleiguna. Útbúa þarf fleiri lykla að Höllinni fyrir Hafstein og Smára. Ákveðið var að heimila leigu á sal Hallarinnar og að gjald fyrir daginn (kvöldið) skuli vera kr.5.000- til félagsmanna og kr.10.000- til annarra.

6. Stjórnarfundur Höllinni 06.05. 2008.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Guðbjartur G. Gissurarson, Þorgerður Einarsdóttir, Smári Jónsson og Hafsteinn Jónsson

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 19.00.

2. **Innanfélagsmót.** Rædd var útkoman á innanfélagsmóttinu og voru fundarmenn sáttir um að vel hafi tekist til miðað við aðstæður.
3. **Aðalmót.** Farið yfir skipulagningu aðalmótsins og verkefnum dreift á stjórnarmenn.
4. **Önnur mál.** Ákveðið að kaupa stóran flatskjá.
5. **Fundi slitið.** Fundi var slitið. kl. **21.18**

7. Stjórnarfundur Höllinni 14.05. 2008.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Guðbjartur G. Gissurarson, Þorgerður Einarsdóttir, Smári Jónsson og Einar Kristinsson.

Forföll boðuð: Hafsteinn Jónsson

Fundur settur. Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 19.00.

1. **Aðalmót.** Farið yfir undirbúning mótsins og verkefnastöðu. Ákveðið var að láta mótsgjald falla niður í samræmi við yfirlýsta stefnu SJÓR félaga á aðalfundi SJÓL í vor, þá var ákveðið að taka gjald fyrir miða á lokahófið kr.5.000-. Bréf og mótsdagskrá sett í umslög tilbúin til sendingar til allra SJÓL félagsmanna á landinu.
2. **Verlaunagripir.** Farið var yfir lagerinn af verðlaunagripum og Guðbjarti Gissurarsyni falið að sjá um að kaupa þá sem vantar.
3. **Önnur mál.** Rætt var um að ef vel tekst til í aðalmóttinu að bæta við fé í afmælisjóð. Rætt um afslátt á gjaldi í ferjuna Baldur frá Stykkishólmi til Brjánslækjar og að taka þurfi frá pláss í ferjuna.
4. **Fundi slitið.** Fundi var slitið. kl. **21.18**.

8. Stjórnarfundur Höllinni 20.05. 2008.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Guðbjartur G. Gissurarson, Þorgerður Einarsdóttir, Smári Jónsson og Einar Kristinsson.

Forföll boðuð: Hafsteinn Jónsson

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 18.30.
2. **Aðalmót.** Farið yfir keppendalista, alls hafa 46 keppendur skráð sig í mótið. Farið yfir verkaskiptingu mótsstjórnar. Rætt var um að fá Birkir Þór Gunnarsson til þess að vera bryggjustjóri í mótinu. Ákveðið að hafa kaffi, kakó og vöflur á bryggjunni þegar bátar koma að landi. Ákveðið að lágmarksstærð fiska skuli vera sama og í innanfélagsmótinu.
3. **Önnur mál.** Rætt var um að setja myndavélar um borð í bátana og var það ákveðið.
4. **Fundi slitið.** Fundi var slitið. kl. **21.18.**

9. Stjórnarfundur Höllinni 27.05. 2008.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Guðbjartur G. Gissurarson, Þorgerður Einarsdóttir og Smári Jónsson.

Forföll boðuð: Einar Kristinsson og Hafsteinn Jónsson

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 18.00.
2. **Aðalmót.** Farið yfir útkomuna úr aðalmótinu. Guðmundur formaður hafði samband við Stefán formann SJÓL og fékk hjá honum upplýsingar um umsagnir þátttakenda í okkar móti og voru þær að mestu leiti jákvæðar þrátt fyrir óþægindi sem sköpuðust af ófyrirséðum ástæðum, svo sem að bátar klikkuðu á síðustu stundu.
3. **Makaferð.** Ákveðið var að greiða styrk til Hjálparsevitarinnar Blakks fyrir að fara með 5 manns í útsýnisferð.

4. **Önnur mál.** Rætt var um að formaður geri upp við bátana sem þátt tóku í mótinu. Rætt var um að greiða ferðastyrk til félagsmanna okkar sem þátt tóku í mótinu. Ekki fékkst niðurstaða í þessa umræðu og var henni frestað.
5. **Fundi slitið.** Fundi var slitið. kl. **20.35**.

10. Stjórnarfundur Höllinni 10.06. 2008.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Guðbjartur G. Gissurarson, Þorgerður Einarsdóttir, Smári Jónsson, Einar Kristinsson og Hafsteinn Jónsson

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 19.30.
2. **Skipulag aðalmóts.** Farið yfir fjármál aðalmótsins. Rætt um að það þurfi að skipuleggja vigtun og talningu afla betur. Gera þarf betra skipulag fyrir lokahóf og að hafa veislustjóra, ekki að setja lokahófið inn í samkomu hjá öðrum eins og gerðist á Patreksfirði. Athuga þarf að taka vigt félagsins með á mótin.
3. **Verðlaunaafhending.** Ákveðið var að veita sveit SJÓR verðlaunabikara fyrir fyrsta sæti í sveitakeppninni á Patreksfirði.
4. **Reikningar vegna Hallarinnar.** Farið var yfir reikninga vegna framkvæmda við Höllina og þeir samþykktir.
5. **Önnur mál.** Rætt var um að ekki hafi enn unnist tími til að koma upp flatskján-um og mun stjórnin láta til skarar skríða í þeim efnun. Ákveðið var að laga og uppfæra heimasíðu félagsins svo fljótt sem auðið er. Þá var rætt um að kaupa samkomutjald fyrir félagið og ákveðið að Guðmundur gjaldkeri sæi um það.
6. **Fundi slitið.** Fundi var slitið. kl. **21.00**.

11. Stjórnarfundur Höllinni 15.07. 2008.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Guðbjartur G. Gissurarson, Þorgerður Einarsdóttir, Smári Jónsson, Einar Kristinsson og Hafsteinn Jónsson

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 19.00.
2. **Þátttaka félagsmanna í mótum okkar.** Rætt var um þátttöku okkar félagsmanna í mótunum okkar og hvernig félagið mun koma til móts við þá sem það gerðu. Ákveðið var að gefa félagsmönnum, sem þátt tóku í annað hvort innanfélags eða aðalmóti okkar, galla merktan félaginu.
3. **Siglufjarðarmót.** Ákveðið var að kaupa aðföng í grillveislu sem við höldum fyrir félagsmenn okkar á Siglufirði og að leigja samkomutjald fyrir grillveisluna ef þurfa þykir.
4. **Önnur mál.** Rætt var um að hvetja framvegis okkar félagsmenn til þátttöku í okkar mótum með öllum tiltækum ráðum til að fjáröflun verði sem mest fyrir okkar félag. Allir fundarmenn sammála um að þetta ár verði gott fyrir félagið.
5. **Fundi slitið.** Fundi var slitið. kl. **20.35.**

12. Stjórnarfundur Höllinni 29.10. 2008.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Guðbjartur G. Gissurarson, Þorgerður Einarsdóttir, Smári Jónsson, Einar Kristinsson og Hafsteinn Jónsson

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 19.00.
2. **Aðalfundur SJÓR.** Ákveðið var að halda aðalfund þann 21. nóvember 2008 kl.19.00 í Höllinni. Guðmundur formaður lagði til að stjórnin leggi fram tillögu um breytingu á lögum félagsins á aðalfundinum varðandi dagsetningu á aðalfundum félagsins. Verði breytt þar sem stendur að halda beri aðalfund ár hvert

fyrir 1. desember, í að þar standi að halda beri aðalfund fyrir 1. mars ár hvert. Var þetta samþykkt einróma og formanni og ritara falið að semja tillöguna og bera hana upp á aðalfundinum.

3. **Komandi mót.** Ákveðið var að halda aðalmót okkar 2009 á Patreksfirði dagana 22-23 maí, þá var ákveðið að bjóða Akurnesingum að halda með okkur innanfélagsmót á Grundarfirði dagana 1.-2. maí, ef þeir hafa ekki áhuga á því þá munum við halda okkar innanfélagsmót á Grundarfirði þann 2. maí.
4. **SJÓL fundur.** Ákveðið var að leggja til á aðalfundi SJÓL að reiknikerfið verði uppfært þannig að það geri ráð fyrir að sami aðilinn geti verið á tveimur bátum sitt hvorn daginn í sama mótinu, þá leggi SJÓR til að SJÓL láti gera verðlaunalista svo það verði gætt samræmis á verðlaunum hjá félögunum, þá var ákveðið að styðja að gerður verði samræmdur gátlisti fyrir mótshald.
5. **Vinna í Höllinni.** Ákveðið var að halda áfram vinnu við stækkun hallarinnar fyrir aðalfundinn og verði ráðist strax í að opna yfir í forsalinn. Ákveðið var að fá verktaka til þess að saga gatið í vegginn á milli sala. Gjaldkeri sagði að þegar hafi verið greiddir reikningar fyrir framkvæmdir í Höllinni að andvirði kr. 1.500.000.
6. **Heimasíða SJÓR.** Ragnari Valssyni hefur verið falið að uppfæra og endurbæta heimasíðuna og gerir hann ráð fyrir því að hún verði sómasamleg fyrir aðalfundinn.
7. **Dagatal 2009.** Stjórnin skipti með sér verkefnum varðandi söfnun styrktaraðila, svo og að útvega nýja styrktaraðila.
8. **Önnur mál.** Stjórnin ákvað að halda stjórnarfund 12. nóvember og senda þá út aðalfundarboð til félagsmanna okkar. Ákveðið að kaupa áskrift að Enska boltanum, þar sem loksins er komin tenging fyrir nýja skjáinn. Rætt var um öryggismál í Höllinni og var Smára Jónssyni falið að koma með hugmyndir og tillögur um þau.
9. **Fundi slitið.** Fundi var slitið. kl. **20.37**.

13. Stjórnarfundur Höllinni 13.11. 2008.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Guðbjartur G. Gissurarson, Þorgerður Einarsdóttir, Smári Jónsson, Einar Kristinsson og Hafsteinn Jónsson

Gestur stjórnar: Ragnar Valsson

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 18.40.
2. **Aðalfundur SJÓR.** Guðmundur formaður lagði fram drög að dagskrá aðalfundar, samþykkt var að setja inn kaffi hlé sem 8.lið í dagskrá. Ákveðið var að leggja fram tillögu um breytingu á 7. grein varðandi dagsetningu aðalfundar. Guðmundi Kristinsson og Þorgerði var falið að sjá um veitingar fyrir aðalfundinn.
3. **Dagatal 2009.** Rætt var um styrkjaöflun fyrir komandi dagatal. Formaður kvaðst hafa fengið Vesturröst til að leggja til kr.50.000 og einnig Mest kr.100.000, þá hefur hann einnig rætt við OLÍS. Smára var falið að ræða aftur við Húsasmíðjuna. Guðmundi Svavars að ræða við N1 eftir áramót. Einari Kristins var falið að ræða við Intersport og að taka út hjá þeim vinninga fyrir happadrætti okkar á árshátíð. Hafsteini falið að ræða við Securitas. Guðmundi Kristins falið að ræða við BYKÓ og Guðbjarti að ræða við Ísspor. Rætt var um ljósrit af dagatali sem Rafbjörg hefur gert upp úr okkar dagatali og voru fundarmenn sammála um að þetta væri full gróft af þeirra hálfu sérstaklega með tilliti til þess að þeir auglýsa ekki á dagatalinu hjá okkur.
4. **Önnur mál.** Stjórnin ákvað samróma að veiðistyrkir verði kr. 20.000- fyrir þátttöku í aðalmóti okkar og kr. 10.000- fyrir þátttöku í innanfélagsmóti okkar. Var rætt um að gera vel við okkar félagsmenn í samræmi við afkomu mótana. Stjórnin ákvað að leggja til á aðalfundi SJÓL að núverandi fyrirkomulag á sveitakeppnum haldist óbreytt. Ákveðið að halda stjórnarfund þann 19-11-2008 kl. 18.30 og fara meðal annars yfir ársreikninga og undirrita þá, einnig að gera Höllina klára fyrir aðalfundinn.
5. **Fundi slitið.** Fundi var slitið. kl. **21.15.**

14. Stjórnarfundur Höllinni 19.11. 2008.

Mættir til fundar voru: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Guðbjartur G. Gissurarson, Þorgerður Einarsdóttir, Smári Jónsson, Einar Kristinsson og Hafsteinn Jónsson

Gestur stjórnar: Ragnar Valsson

1. **Fundur settur.** Fundinn setti Guðmundur Kristinsson kl. 18.45.
2. **Ársreikningar.** Gjaldkeri lagði fram ársreikninga fyrir stjórnina og voru þeir undirritaðir.
3. **Aðalfundur SJÓR.** Dagskrá aðalfundarins rædd og skipti stjórnin með sér verkefnum varðandi fundinn og veitingar á honum. Ákveðið að stinga upp á Friðleifi Stefánssyni sem fundarstjóra á aðalfundinum.
4. **Veidigjöld og árgjald.** Ákveðið var að greiða okkar félagsmönnum veiðikostnað að upphæð 10 þúsund fyrir þátttöku í innanfélagsmótinu og 20 þúsund fyrir þátttöku í aðalmótinu. Ákveðið var að leggja til á aðalfundi að árgjald haldi áfram að vera 5.000- kr. eins og á fyrra ári.
5. **Önnur mál.** Stjórnin ákvað að fara strax í það að hreinsa og gera klárt fyrir aðalfundinn.
6. **Fundi slitið.** Fundi var slitið. kl. **21.55**

Aðalfundur SJÓR 2008

Fundurinn var haldinn í félagsheimili S.J.Ó.R. 21. nóvember 2008 mættir voru félagar 39 á fundinn.

Dagskrá aðalfundarins.

1. Fundur settur.
2. Kosinn fundarstjóri og fundarritari.
3. Lesin upp fundargerð síðasta aðalfundar og hún borinn undir atkvæði.
4. Skýrsla fráfarandi formanns.
5. Gjaldkeri skýrir reikninga.
6. Reikningur félagsins borinn upp til samþykktar eða synjunar.
7. Lagabreytingar.
8. Kosinn formaður.
9. Kosnir fjórir í stjórn og tveir varamenn.
10. Kosnir 2 endurskoðendur.
11. Árgjöld og veiðistyrkir ákveðnir.
12. Önnur mál.

1. Fundur settur.

Guðmundur Kristinsson setti fundinn kl. 19:05 Hann bauð félagsmenn velkomna á fundinn. 39 voru mættir á fundinn.

2. Kosinn fundarstjóri og ritari.

Stungið uppá Antoni Erni Kærnested sem fundarstjóra og Ragnari Valssyni sem fundarritara. Samþykkt samhljóða.

3. Lesin upp fundargerð síðasta aðalfundar.

Guðbjartur las fundargerð og var hún samþykkt einróma.

4. Skýrsla formanns.

Guðmundur Kristinsson formaður Sjóstangafélags Reykjavíkur flutti skýrslu þar sem hann fór yfir helstu atburði ársins..

5. Reikningar félagsins lesnir upp og skýrðir.

Gjaldkeri félagsins Guðmundur Svavarsson las upp og skýrði reikninga félagsins. Endurskoðendur hafa farið yfir reikningana og leggja til að þeir verði samþykktir.

6. Umræður um skýrslu formanns og reikninga félagsins.

Birkir kom með kom með leiðréttingar á kostnaði við bryggjustjóra. Einnig spurði hann út í þá fjármuni sem fara til SJÓL sem hann sagði að voru allt of hátt.

Einnig þótti honum of mikið að hafa 3 frá aðildarfélögum.

Guðmundur KR svaraði með kostnað að þetta væru 3,5% af veiðitekjum.

Árið 06 var dugði þessi upphæð ekki til að reka félagið svo öll aðildarfélög komu með 50.000 til að greiða fyrir verðlaun.

Svavar Svavarsson kom með spurning um kostnað á slægingu.

Guðmundur Svavarsson kom og staðfesti að nokkrar villur væru í örfáum liðum en heildartölurnar eru réttar. Einnig tók hann fram með fyrir hverja var greidd gisting.

Porsteinn Einarsson kom með fyrirspurn á slægingarkostnað.

Guðmundur Svavarsson kom með svör við fyrirspurnum. Á grundarfirði var afli seldur slægður en óslægður á Patreksfirði. Á báðum stöðum var greitt fyrir vigtun og talningu.

Reikningar og skýrsla formanns voru samþykkt samhljóða

7. Lagabreytingar

Fyrir fundinum lá ein lagabreytingartillaga frá stjórn SJÓR.

7.gr Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal haldin nóvembermánuði ár hvert. Fundurinn skal boðaður á sannanlegan hátt með minnst 7 daga fyrirvara. Aðalfundur er lögmetur, ef hann er löglega boðaður. Á aðalfundi gefur stjórn félagsins skýrslu um starfsemi félagsins á liðnu ári og leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins undanfarandi árs. Árskeiningar félagsins endurskoðaðir skulu liggja frami til athugunar fyrir félagsmenn á þeim stað sem stjórnin ákveður í eina viku fyrir aðalfund.

Breytingin er að í stað nóvembermánuði komi „fyrir 1. Mars”

Með þessari breytingu á aðalfundardegi vinnst tvennt.

Bókhald verður þá miðað við almanaksárið

Hægt verður að fjalla um væntanleg málefni sem lögð verða fyrir aðalfund Sjóll sem mun verða haldin í byrjun mars ár hvert.

Guðmundur KR bar upp tillöguna.

Fundarstjóri tók fram að stjórn er kosinn til fram að næsta aðalfundi sem er í rúmlega ár.

Svavar kom með athugasemd að í 4. Gr. Kemur þar fram að greiða þurfi árgjald fyrir 1. apríl. En aðalfundur er fyrir 1. Mars. Fundarstjóri útskýrði málið fyrir honum að átt væri við að greiða árgjald fyrir starfsárið ári fyrir.

GS óskaði eftir heimild félagsmanna að reikningsár félagsins yrði 14. Mánuði vegna breytinga á starfsári. Guðbjartur benti á að skv landslögum má reiknings-ár verða allt að 17. Mánuði.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Kaffihlé.

8. Kosning formanns.

Stungið upp á Guðmundi Kristinssyni í formannssætið, var hann kjörinn einróma með lofaklappi

9. Kosnir fjórir í stjórn.

Guðmundur Kristinsson stakk upp á: Guðbjarti Gissurarsyni, Guðmundi Svavarssyni, Þorgerði Einarsdóttur og Smára Jónssyni.

Til vara í stjórn stakk hann upp á Einari Kristinssyni og Hafsteini Jónssyni.

Samþykktir einróma með lófaklappi.

10. Kosnir 2 endurskoðendur.

Guðmundur stakk uppá Birki Gunnarssyni og Erni Úlfari Andréssyni Samþykkt einróma

11. Árgjöld og veiðistyrkir fyrir árið 2007.

Guðmundur Kristinsson kom með eftirfarandi tillögu
Skuldlausir félagar sem veiða á aðal og innanfélagsmóti fá 20.000 veiðistyrk á aðalmót og 10. 000 veiðistyrk á aðalmót Félagsgjald óbreytt 5000

Smári Jónsson bar upp aðra tillögu

Vill hafa greitt á 2 önnur mót og 5.000 á innanfélags og 10.000 á aðalmót.

Guðbjartur Gissurar tók til máls og mælti til að tillaga Guðmundar yrði samþykkt í því ljósi að vegna óvissu í efnagasmálum væri erfitt að minnka upphæðir en auðvelt að hækka ef vel gengur. Hugmyndin gengur út á að við viljum ekki styrkja önnur félög. Frekar styrkja okkar félag.

Guðmundur Kristinsson mynnti á að tekjur okkar skapast á okkar móti. Sagði hann frá tillögu okkar hjá SJÓL að leggja niður þáttökugjöld.

Fundarstjóri lagði upp tillögu um að félagsgjald yrði óbreytt, 5.000 og var það samþykkt einróma.

Haldið var áfram umræðu um veiðistyrk.

Birkir spurði hvort bryggjustóri yrði hluti af veiðimönnum og yrði styrktur skv því.

Svavar kom og lýsti yfir stuðningi við tillögu formanns.

Porgerður óskaði eftir því að þar sem hún hefur starfað fyrir mótin og ekki veitt að þau myndu líka fá styrki skv því.

Guðmundur Kristinsson sagði að það hafi verið rætt á stjórnarfundum að allir starfsmenn yrðu skráðir sem veiðimenn og játaði á sig þá sök að hafa ekki fylgt því jafn vel eftir.

Guðmundur Svavars ræddi um tillögu Smára. Og benti á slæm skilaboð til annarra félaga.

Guðmundur benti á að þegar við lækkuðum okkar gjald þá voru aðrir óbreyttir.

Lárus Einarsson lýsti stuðningi við tillögu Guðmundar KR og mynnti á þá gömlu daga þegar félagar greiddu allan sinn kostnað sjálfir.

Greidd var atkvæði um báðar tillögur og var tillaga Formanns samþykkt.

12. Önnur mál.

Birkir óskaði stjórn til hamingju og þakkaði fyrir hversu glæsilegt væri búið að gera húsnæðið. Mynnti hann á að hann vantar enn þá dansinn eftir mótin.

Guðmundur Svavarsson ræddi hlunnindi stjórnarmanna þar sem nefnd var skipuð og er farið að lengja eftir starfi nefndarinnar. Og óskaði eftir að fá að vita hverjir voru í þeirri nefnd.

Fundarstjóri lýsti yfir mikilli ánægu með nýja húsnæðið

Lárus Einarsson óskaði nýrri stjórn til hamingju með kosningu og þótti leitt að hafa ekki komist í að aðstoða við framkvæmdir vegna starfa úti á landi.

Guðbjartur. Þakkaði traust með endurkjöri og hvatti alla til að leggja sitt að mörkum við framkvæmdir. Sagði að framkvæmdir hafi kostað 1.700.000 og að líklegast væri um 500.000 eftir. Og tók fram að það væri mjög ódýr framkvæmd

Fundarstjóri spurði út í tímafjölda í við húsið. Og hvort sjónvarpið væri gjöf frá Formanni.

Guðmundur Kristinsson sagði frá fríðindum stjórnarmanna og starfsmanna mótana væri að fá fría gistingu.

Guðmundur Kristinsson sagðir frá Formannafundi SJÓL. Á fundi Sjól kom til-aga frá Sjósigl. Að aðstoðarmaður er ekki heimill til annarra verka en skera beitu og innbyrða stórfisk. Og óskaði eftir athugasemdum frá félögum og var hann samþykkur þeirri tillögu. Einnig kom sú tillaga að þeir fái að greiða úr flækju.

Einnig komu Sjósigl með tillögu um að það yrðu 3 í sveit í stað þess að 4 séu og 3 telji.

Formaður gat þess að í félaginu væru 82 og nafngreindi þá sem hafa unnið í húsinu

Kristinn Hrólfsson, Guðjón Hlöðversson, Guðmundur Svavarsson, Einar Kristinsson, Hafsteinn Jónsson, Smári Jónsson, Þorgerður Einaradóttir, Guðbjartur Gissurarson, Ragnar Valsson, Finn Hansen, Þorsteinn Einarsson, Örn Úlfar Andrésson, Kristinn Hrólfsson, Jón Þór Guðmundsson

Fundi slitið kl. 21.08

2. Stjórnarfundur 5. janúar 2009

Mættir: Guðmundur K, Guðmundur S, Einar K, Smári, Þorgerður, Guðbjartur, Ragnar

1. Fundur settur

Lagfæring á húsi.

Guðmundur K klára fyrir þorrablót. Eftir er að klára frammi. Hugmynd að halda þorrablót viku fyrir þorra vegna þess hversu margir komast ekki fyrstu viku í þorra.

Guðmundur Svavars hafði samband við Hafsúluna. Kostar 150.000 að fá bátinn í 5 tíma túr fyrir utan mat.

Guðmundur K stakk uppá að fresta þorrablótí og halda frekar vorgleði þegar húsið er tilbúið.

Ákveðið að fresta þorrablótí um óákveðin tíma.

Auglýsingar á dagatali.

GS sendi póst á N1

Staðfest er komið
Ellingsen, Ísspor Vesturröst Húsasmiðjan, Logo Álfaborg,
Intersport ekki komið svar (Jón Þór)

Guðmundur K gekk yfir götuna og fékk auglýsingu hjá Sægreifanum.
(Hafmeyjan)

Ákveðið var að láta Kökubankann hafa fría auglýsingu á dagatal vegna stuðnings undanfarinna ára við SJÓR.

2. Önnur mál

Smári hringir í Gísla á Grundarfirði vegna báta og hótels. Gera ráð fyrir 40 manns.

GS kom með fyrirspurn um hvort félagið ætti að fá VISA kort. GK sá ekki ástæðu fyrir því.

Smári spurði um hvort halda ætti ball á Patró. Hugmynd að hafa Geirmund.

Guðbjartur talaði við Geirmund Valtýsson og ætlaði hann að koma með tilboð.

Samhljóða samþykkt að ganga til samninga við hann.

Einar mynnti á að tryggja okkur félagsheimilið.

Guðmundur K ætlar að tala við sveitarstjóra með félagsheimilið.

Hafa félagsheimilið lokað fyrir utanaðkomandi þangað til verðlaunaafhending er lokið.

Fundi slitið

3. stjórnarfundur Sjór. 1. apríl 2009

Mættir: Stjórnarmenn. Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Smári Jónsson, Guðbjartur Gissurarson, Þorgerður Einarsdóttir

3. Utan stjórnar Ragnar Valsson

Innanfélagsmót (gjald eða frítt ?)

Aðalmót hugmyndir um skipulag

Fluguhnýting

Önnur mál

Fundur settur 17:43

38 gestir mættu á vorgleðina sem haldin var 14. mars

Almenn ánæga var með vorgleðina.

1. Innanfélagsmót (Gjald eða frítt)

Tillaga GK Frítt fyrir félag. Gisting og uppihald. Auk 10:000 ferðaendurgreiðslu.

Smári spyr hvort það verði auglýst frítt og hvað mótið kostaði.

GS upplýsti hver kostnaður var í fyrra.

Guðbjartur er sáttur við að greitt sé smá með móti.
GK bendir á að réttast sé að þeir sem afla tekna í félagið njóti þess á mótum.

Í bréfi verður tilkynnt að stjórn hafi ákveðið að félagið greiði gistingu fyrir félagsmenn.

Verðlaun. 10.000 + bikar fyrir 1.2.3. sæti. 10.000 fyrir aflahæstu konu. 5.000 fyrir flestar tegundir. Stæðust fiskar í tegund 5.000. Sveit 4x5.000. Í gjafakortum.

Nýliðar fá ekki 10.000 ferðaendurgreiðslu

2. **Aðalmót Hugmyndir um skipulag**

Kolla mun sjá um skemmtanaleyfi og vínveitingaleyfi
Hljómsveit ráðin (Haltur leiðir blindan) Útbúa plaggat og auglýsa í nærsveitum.

Taka vogina okkar með og láta votta áður. Guðmundur Svavars sér um vottunina

Mótsgjald á Patreksfirði 15.000.-

Ef boðið verður upp á drykki vera með tilbúna miða til að framvísa fyrir drykkjum. Smári græjar miða.

Bjóða upp á súpu og plokkfisk á fimmtudegi og föstudegi. Taka fram í móts-
gögnum.

Aukafólk sem mætir en er ekki að veiða en aðstoðar við mótið fær gistingu og mat. Ekki 20.000 ferðaendurgreiðslu.

Hugmynd um að fá björgunarsveitina til að sjá um kaffi á bryggju og makaferð.
(brauð, vöffur salat og rjómi)

Guðmundur K ræðir við björgunarsveit.

Guðmundur S ræðir við Sæferðir

Auglýsa í bréfi að mynna fólk á að panta hjá Sæferðum ef það er farið með Baldri.

Fólk verður að fara degi fyrr til að undirbúa.

Fluguhnýtingar.

Hugmynd um að hafa fluguhnýtinganámskeið. 16 maí kl 14:00

Halda félagsfund 28 . apríl. Verður í tilkynningu fyrir innanfélagsmót.

3. Önnur mál

Sjónes og Sjósigl eiga afmæli á árinu. 20 ára afmæli.

GK Tillaga um að fara út að borða. 18. apríl. Stjórn og RFV Pálmar, Finn. Gotti. Þeir sem hafa unnið við höllina meir en 1 dag.

Guðbjartur.

Laun stjórnarmanna á Patreksfjarðarmóti. Félag endurgreiði útlagðan kostnað stjórnarmanna. Ákveðið að athuga fyrir næsta fund.

Fundi slitið 19:45

5. stjórnarfundur 16. Júní 2009

Uppgjör. Innanfélagsmót

Tekjur 367.369.

Gjöld 827.073

Tap á móti 459.704

Sundurliðun sjá skýrslu gjaldkera

Samkvæmt aðalfundi var ákveðið að endurgreiða útlagðan kostnað kr 10.000 til þeirra sem veiddu á innanfélagsmóti og gjaldkera falið að greiða það.

1. Uppgjör Aðalmóts

Reikningar voru lagðir fram og endanleg samþykkt geymd til næsta fundar

Á aðalfundi var ákveðið að endurgreiða veiðimönnum 20.000 af útlögðum kostnaði.

2. Hugmynd að skemmtikvöldi.

Ákveðið var að halda slíkt kvöld í með haustinu. Uppskeruhátíð í vertíðarlok í ágúst september.

3. Fluguhnýting

Hugmynd að halda fluguhnýtingarnámskeið eins og voru höfð áður. Smári kom með þá hugmynd að koma því í vetrarstarfið.

4. Önnur mál

6. Stjórnarfundur 15. september 2009

Mættir á fund: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Smári Jónsson, Einar Kristinsson, Ragnar Valsson.

1. Fundur settur 20:00

Guðmundur Kristinsson ræddi um að búið sé að segja upp leigusamning á ver-búðinni

Guðmundur Kristinsson ræðir við Helga Laxdal með loftið upp og ræðir umhirðu annarra leigjanda.

Stefán hjá SJÓL hefur áhyggjur af of miklum aflu.

2. Uppskeruátið

Hugmyndin er að hafa sviðamessu.

Laugardaginn 3. október kl 17:00

Smári og Einar K sjá um undirbúning.

Gotti aðstoðar

Áætla 40 hause

Guðmundur Svavarsson sér um ölið

3. Vetrarstarf.

Hugmyndir að vetrarstarfi

Rætt er um að hafa tvisvar í mánuði.

Guðmundur Kristinsson ætlar að skrifa upp hugmynd og senda á okkur.

Guðmundur Kristinsson ræddi um að flýta innanfélagsmóti og hafa 23 eða 24 apríl

Aðalmót 14 til 15 maí

4. Fundi slitið

7. Stjórnarfundur SJÓR í Höllinni. 1. des. 2009

1. **Fundur settur** 19:00 Guðmundur Svavarsson mætti kl 19:10

2. **Formannafundur SJÓL ?**

Fundurinn var umræðufundur en engar niðurstöður komu á fundinum.
Rætt var um bréf frá Stefáni.

Stjórnin ályktar vegna bréfs frá Stefáni
Á fundinum var tekið fyrir bréf frá Þóri.

Fram kom á fundi að Addi Kidda Gaua tjáði GS í hádegisverðarboði að sjó-
stangaveiðin sé eina veiðin sem hafi verið óheft frá árinu 1961 og skoða aflann
hvernig aflinn hafi aukist á þeim tíma.

3. **Gjöld til SJÓL.**

Stjórn SJÓL leggur til að gjald verði 1% af aflaverðmæti.

Aðstoðarmenn:

Stjórn SJÓR ályktar að hafa óbreytt form á aðstoðarmönnum.

4. **Þáttökugjöld**

Þáttökugjöld voru rædd

Sjór fór með sín gjöld í 5.000 en ekkert félag tók þátt í því.

Stjórn SJÓR tekur ákvörðun síður með þáttökugjöld.

Ekki verða send út bréf nema til sinna félaga og eitt á hvern formann. Formaður
hvers félags sér svo um að koma skráningu til sinna manna.

5. **Dagatal**

Upp kom hugmynd um að vera með sameiginlegt dagatal. Stjórn SJÓR vill hafa
sitt dagadal áfram.

6. **Hvert skal stefna/ fjármál**

7. **Dagatal 2010**

8. **Auglýsingar og styrkir.**

Innanfélagsmót

Sjóve 8 maí

Sjór 23 apríl

Sjónes 4 sept

Sjóskip 8 maí

Sjóís 14 ágúst

Sjósnæ 1 maí

Sjósigl 12 júní

Sjóak 1 júlí

Mótadagar eru komnir. Aðalmót

Sjór 14 til 15Maí

Sjóve 22 til 23 maí

Sjónes 4 og 5Júní

Sjóskip 18 19Júní

Sjóís 2 og 3Júlí

Sjósnæ 16 og 17Júlí

Sjósigl 23 24Júlí

Sjóak 20 til 21 ágúst

9. **Hugmynd að skemmtikvöldi**

Jólaglögg, þorablót, vogleði.

Hugmynd kom um að kjósa skemmtinefnd á aðalfundi.

Smári kom með hugmynd um jólaglögg

Hugmynd að hafa húsið opið á Þorláksmessu með kakó

Föstudaginn 11. desember. Húsið opnar kl:18:00

Jólaglögg og léttar veitingar.

Smári og Guðbjartur sjá um veitingar.og undirbúningur. Einar kemur með hellu.

Þorablót rætt eftir áramót verður rætt eftir áramót.

5.Fluguhnýting

Fluguhnýtingar eftir áramót.

10. **Heimasíða SJÓR**

Taka lógó út af síður Kjöreign Samstarfssamning við Olís

Poppa upp útlit á yfirmynd Setja m.a. inn mynd af Höllinni.

Senda fundargerðir á gudmundurk@simnet.is

11. **Önnur mál**

Guðmundur K kom með umræðu um hvort að S.J.Ó.R. ætti að segja sig úr S.J.Ó.L.

Á formannafundi SJÓL var rætt um að byrja með hálfgerðan jöfnunarsjóð sem stjórn S.J.Ó.R er alfarið á móti.

12. Fundi slitið.

8. Stjórnarfundur S.J.Ó.R. haldin í Höllinni 29. desember 2009

Frá árinu 1999 hafa mót verið haldin á Grundafirði í flestum tilfellum. Upphaflega voru mótin haldin á tímabilinu 1965 til 1975 af SJÓR í Grundarfirði

Félagar Sjórn tóku þátt og aðstoðuðu við stofnun SJÓSNÆ og að setja fyrsta mót þeirra í gang. Birkir og Jónas veittu aðstoð.

Upphafleg ástæða fyrir því að farið var út fyrir svæðið var lítil veiði og mikil ufsaveiði sem fékkst mjög lítið verð fyrir.

Ársuppgjör.

Guðmundur Svavars sér um að klára það.

Smári lagði til að félagsgjöld yrðu hækkuð ekki var tekið undir það.

9. Stjórnarfundur SJÓR 7. janúar 2010 kl. 19:00

Óskað var eftir að fá salinn á leigu 13 febrúar. Og var það samþykkt.

Leiga á sal.

Stjórn SJÓR ákvað eftirfarandi leigu fyrir Höllina.

Utanfélags 15.000-

Félagsmenn 10.000-

Þeir sem unnu við byggingu salarins fá salinn án endurgjalds þetta árið 2010

Salur skal afhentur þrífinn og skal skilað í sama ástandi

Þorablót.

Verður haldið 22 janúar. Félagsmönnum er boðið í Þorablótið en drykkir verða seldir sér.

Gert er ráð fyrir 40 manns. Guðmundur Svavarsson leitar tilboða í þorramat.

Rætt var um að hafa happadrætti á þorablótinu 100 miðar á 500kr.

Félagsgjöld óbreitt 5.000- samþykkt.

Smári lagði til að félagsgjöld yrðu 6.000- sem var ekki samþykkt.

Fluguhnýtingar.

Ákveðið var að hafa opið hús einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuði. Næsti dagur er 6. febrúar húsið opnar kl:13:00 og opið frameftir degi.

Stefnt er á að halda aðalfund 26. febrúar.

Dagatal.

Guðmundur S talar við N1

Guðmundur K talar við hina

Einar talar við Jón Þór með Intersport.

Önnur mál

Rætt var um gjafir til félaga.

Hugmyndir að því hvernig eigi að endurgreiða útlagðan kostnað.

Hugmyndir komu með að greiða pening, vera með gjafir eða endurgreiða þátttökgjöld allra félaga á árinu sem veiða.

Guðmundur K. Leggur áherslu á að koma með peninginn til þeirra sem afla hans á því móti sem því er aflað.

Þeir sem veiða á okkar mótum fá frítt á önnur mót.

Eða

Þeir sem mæta á okkar mót fá fría gistingu og uppihald.

Fundi slitið

2. Stjórnarfundur haldinn í Höllinni 14. janúar 2010

Þorablót. Eftir yfirlegu á tilboðumvar ákveðið að taka tilboði frá Matborðinu.

Vegna þess hversu margir komust ekki föstudaginn 22. janúar var rætt um að færa þorablótið á laugardaginn 23. janúar.

3. stjórnarfundur S.J.Ó.R. haldinn í Höllinni 20. janúar 2010

Mættir: Guðmundur K, Guðmundur S. Gottskálf, Einar, RFV , Smári.

Rætt hefur verið um að aðstoða Sjóstangaveiðifélag Akraness í þeim vanda sem þeir eiga í núna. Hugmynd var um að SJÓSKIP yrði deild í SJÓR. Stjórninni leist vel á þá hugmynd.

Kominn er staðfesting frá sjávarútdestráðuneyti að veiðidagar fyrir 2010 eru staðfestir.

Dagatal er komið í prentun og Guðmundur fær afhent á morgunn.

10. stjórnarfundur haldin í Höllinni þriðjudaginn 23. janúar 2010 kl. 12:12

1. Aðalfundur 2010

Senda fundargerð á guðbjartur@felagsbustadir.is

Guðbjartur les fundargerð

Engar lagabreytingar

Fundarhlé Jón sér um samlokur

Kosning Stjórnar

Guðmundur Kr býður sig fram til forseta

Guðmundur Svavars býður sig ekki fram til stjórnar.

Aðrir stjórnarmenn sækjast eftir endurkjöri.

Guðbjartur lét vita að Þorgerður væri tilbúin að taka að sér gjaldkeraembættið.

Sömu endurskoðendur.

Smári kemur með aðra tillögu að veiðistyrkjum.

Gera sal kláran

Hafsteinn og Smári sjá um að gera sal kláran fyrir fund.

Myndavél RFV kemur með hana. Ræðupúlt RFV

Einar sér um fána.

2. **Heimasíða SJÓR**

Auglýsing fyrir aðalfund er komin á síðuna.

3. **Önnur mál.**

Veiðistyrkir

Innanfélagsmót.

3 sökkur á mann fyrir innanfélagsmót.

Gisting í boði félagsins allt að 15.pús (ATH Hvað kostar gisting)

Matur og nesti og frítt á mót fyrir félagsmenn.

Fundi slitið

4. stjórnarfundur haldin í Höllinni þriðjudaginn 23. febrúar 2010 kl. 12:12

1. Aðalfundur 2010

Senda fundargerð aðalfundar2008 á guðbjartur@felagsbustadir.is

Dagskrá fundar

Guðbjartur les fundargerð 2008

Engar lagabreytingar

Fundarhlé Jón sér um samlokur

Kosning Stjórnar

Guðmundur Kr býður sig fram til forseta

Guðmundur Svavars kemur ekki

Aðrir

Sömu endurskoðendur.

Smári kemur með aðra tillögu að veiðistyrkjum.

Gera sal kláran

Hafsteinn og Smári sjá um að gera sal kláran fyrir fund.

Myndavél RFV kemur með hana. Ræðupúlt RFV

Einar sér um fána.

2. Önnur mál.

Veiðistyrkir

Innanfélagsmót.

sökkur á mann fyrir innanfélagsmót.

Gisting í boði félagsins allt að 15.þús (ATH Hvað kostar gisting)

Matur og nesti og frítt á mót fyrir félagsmenn.

1. stjórnarfundur SJÓR. Haldin í Höllinni

3. mars 2010 kl. 18:15

Mættir: Guðmundur Svavarsson, Guðmundur Kristinsson, Einar Kristinnson, Smári Jónsson, Gottskálf, Ragnar F. Valsson, Guðbjartur Gissurarson.

1. Stjórnarskipun

Formaður Guðmundur Kristinsson
Gjaldkeri Guðmundur Svavarsson
Ritari Ragnar F. Valsson
Varaformaður Guðbjartur Gissurarson
Meðstjórnandi Smári Jónsson

Varamenn í Stjórn
Einar Kristinnson
Gottskálf

2. Aðalfundur SJÓL

Óskað var eftir að fá gripi frá að láni til EFSA vegna sýningar hjá þeim.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

Við megum senda 2 aðila á aðalfund SJÓL á 19 hæð í turninum í Kópavogi.

Guðmundur KR lagði til að Guðmundur SV og Guðbjartur myndu fara. Sem okkar fulltrúar. Guðmundur KR fer sem gjaldkeri SJÓL.

3. Innanfélagsmót

Ákveðið var að gefa 3 sökkur á mann.

Til viðbótar að allir fái gjafakort frá Vesturröst uppá 10.000 til allra þátttakanda á mótinu. Guðmundar ætla að tala við Vesturröst og fá 40 gjafabréf.

Frítt fyrir alla á mótið. Við borgum allt nema gistingu. Jafnt fyrir nýja og gamla féлага.

4. Verðlaunagripir

Ákvörðun tekin á næsta fundi.

5. Önnur mál.

Ragnar og Gottskálf taka að sér að setja upp fundargerðir í fundargerðarbók.

Guðmundur Sv sér um að senda upplýsingar um félagsgjöld í bankann á 15 til 20 mars. Eindagi 1. apríl.

Erlendir félagar greiða þau ár sem þeir hafa ekki verið að greiða til að taka þátt í mótum. Annar skuldar 3 ár en hinn 2 ár.

Gottskálk kom með hugmynd um að taka mynd af fráfarandi stjórn til að setja upp á vegg.

Guðbjartur hugsaði hvort einhverjar fyrir byggjandi ráðstafanir væru mögulegar til að lenda ekki í vandræðum með báta.

Guðmundur KR kemur með einn bát, Guðmundur SV kemur með 2 báta Líklegast þarf ekki nema 4 til 5 báta til viðbótar.

Guðmundur Kr. Vill skipa í skemmti og húsnefnd. tillaga hans er Smári Jónsson, Hafsteinn og Gottskálk.

Smári vill að allir stjórnarmenn vinni að tillögum um hvað hægt er að nýta húsið og búið til ársplan fyrir húsið.

Guðmundur Kr benti á að þetta væri atriði fyrir skemmtinefndina að vinna úr.

Guðmundur Sv Skólinn á Patreksfirði sækir í að fá að sjá um nestið á sjóinn fyrir okkur.

Smári kom með tillögu um að styrkja krakkana um 50.000.

Spurningin er um að finna hlutverk fyrir skólakrakkana.

Guðbjartur mælti með að hver krakki myndi verða landmaður fyrir hvern bát.

Smári kom með tillögu um að fá börnin sem aðstoðarmenn á bátana.

Guðmundur Sv talar við fólk á Patreksfirði með skiptingu á verkum.

Fundi slitið kl 19:37

2. stjórnarfundur S.J.Ó.R. 22. júní 2010

1. Afmælistótt 2011

Rætt um að halda afmælistótt einn dag í Reykjavík eða 2 daga á Patreksfirði 20-21 apríl eða 27-28 maí

Afmælistefnd

Í afmælistefndina var ákveðið að Guðbjartur, Guðmundur K og Guðmundur S og rætt var um að hafa samband við Anton eða Birki varðandi ráðleggingar

Uppgjör móta aðal og innanfélagsmótt 2010

Gjaldkeri lagði fram reikninga og voru menn ánægðir með útkomuna.

Hugmynd að skemmtikvöldi

Smári og Gottskálf taka að sér að skoða þau mál.

Heimasíða SJÓR

Ragnar V mun kippa í liðinn

2. Önnur mál.

Rætt var um kostnað við aðalmótt. Áætlað var að mótið mætti fara uppí allt að 4.000.000.

Ræddar voru ýmsar hugmyndir um mótið og verða ákvarðanir teknar síðar.

3. stjórnarfundur S.J.Ó.R. 4. september

Mættir: Guðmundur Kristinsson, Guðmundur Svavarsson, Guðbjartur Gissurarson, Smári Jónsson, Einar Kristinsson, Gottskálf Bjarnason

1. Veidimótt sumarsins.

Fundarmenn Sammála um að vel hafi verið staðið að móttum í sumar

2. Afmælið. Einar Kristins sýndi veiðikassa til skorðunnar vegna gjafa til manna í tilefni afmælis,
- Umgjörð móts. Rætt var um að halda mótið í Reykjavík og hafa innanfélagsmótt á Patró með 2ja daga innanfélagsmótt, haganlega fá dag frá Akranesi. Reiknað með kostnaði 4 til 5 milljónir. Til greina kemur að halda aðalmótt 13 – 14 maí í Reykjavík og 20-21 til vara. Innanfélagsmótt á Patreksfirði 27-28. Haft verður samband við Patreksfirðinga varðandi dagsetningar.

3. Félagsstarfið. Sviðaveisla 5. nóvember kl 19:00, Í skýrslu skemmtinefndar kom fram að nefndin fundar þegar sumarið er búið. Jólaglögg í desember og plökk-fiskur, síld og rúgbrauð. Húsið opnar 18:30 og matur kl 19:00. Fluguhnýtingar 20. nóvember kl 12:00 Léttar veitingar.
4. Gera fundargerðir klárar. Guðbjartur og Ragnar.
5. Heimasíða Tala við Ragnar.
6. Leiga á sal. Ákveðið að hafa salinn fyrir félagsmenn eingöngu.
7. **Önnur mál.** Kassinn utanum fánann. Ákveðið að kaupa kassa á ca 100.000. Ath að mála salinn fyrir afmæli.

Stjórnarfundur SJÓR verður haldinn í Höllinni þann 4.11. 2010 klukkan 18.00

Mættir: Guðmundur Kristins, Guðmundur Svavars, Smári Jónsson, Hafsteinn, Gottskálf, Einar Kristins, Ragnar Valsson
Guðbjartur boðaði forföll
Fundur settur 18:40

1. Efni fundarins:

Félagsstarfið í haust og vetur

Ákveðið var að hafa Sviðaveisluna 4. desember. Húsið opnar 18:00 matur hefst 19:00

Einar pantar sviðin

Þorrablót verður haldið laugardaginn 15. Janúar 2011. Húsið opnar 17:00 matur hefst 19:00

Einar pantar matinn

Setja báðar dagsetningar á heimasíðu.

Aðalfundur verður haldinn 11 . febrúar

Fluguhnýtingar og kíkt í bauk. 20. nóvember kl 12:00

Afmælið 50 ár halda hvar?

Heimasíða eru menn sáttrir?

Önnur mál

Aðalfundur SJÓR 2010

Fundurinn var haldinn í félagsheimili S.J.Ó.R. 21. janúar 2011 mættir voru félagar 30 á fundinn.

1. **Dagskrá aðalfundarins.**

Fundur settur.

Kosinn fundarstjóri og fundarritari.

Lesin upp fundargerð síðasta aðalfundar og hún borinn undir atkvæði.

Skýrsla fráfarandi formanns.

Gjaldkeri skýrir reikninga.

Reikningur félagsins borinn upp til samþykktar eða synjunar.

Lagabreytingar.

Kosinn formaður.

Kosnir fjórir í stjórn og tveir varamenn.

Kosnir 2 endurskoðendur.

Árgjöld og veiðistyrkir ákveðnir.

2. **Önnur mál.**

3. **Fundur settur.**

Guðmundur Kristinsson formaður setti fund kl 19:00

4. **Kosninn fundarstjóri og ritari.**

Fundarstjóri Anton Örn Kærnested

Ritari Ragnar F. Valsson

5. **Lesin upp fundargerð síðasta aðalfundar.**

Ragnar F. Valsson las upp fundargerð og var hún samþykkt. Birkir gerði athugasemd vegna fána á jarðarfarir og Guðmundur Svavars leiðrétti dagsetningu á fundi.

6. **Skýrsla formanns.**

Guðmundur Kristinsson las skýrslu formanns.

Sjá skýrslu

7. **Reikningar félagsins lesnir upp og skýrðir.**

Guðmundur Svavarsson kynnti reikninga félagsins.

8.

9. **Umræður um skýrslu formanns og reikninga félagsins.**

Kristinn Grétarsson lýsir áhyggjum af skuldum á VSK og óskaði eftir nánari skýtingum. Hafði hann orð á því að í fundargerð síðasta árs að bankaviðskipti voru færði í MP banka en nú eru viðskiptin kominn í Arion hvort það sé vegna betri kjara þar.

Einnig óskaði hann eftir að vita hver fjöldi félagsmanna væri.

Guðmundur KR skýrði frá tilurð ógreiddra VSK og aðgerða sinna.

Las hann uppúr bréfi frá endurskoðun. Sjá viðhengi.

Guðmundur SV svarað því að reikningar voru færðir yfir í MP án samráðs við stjórn. Fjármunir voru færðir til baka vegna frétta af slæmri stöðu MP banka. Á fundi með Guðmundi SV, Smára og Guðbjarti.

Einnig sagði hann frá því að hann hafi aðeins verið kannað

Einnig sagði hann frá samtali við gjaldkera SJÓL að og fullyrti að ekkert félag í SJÓL Greiði eða hafi greitt VSK.

Guðmundur KR sagði frá því að bankaviðskipti hafa verið í SPRON en fluttust sjálfkrafa í Arion.

Vardandi VSK segir hann að öll félög eigi að greiða VSK og við getum ekki breytt því.

Guðmundur SV sagði frá því að bankaviðskiptin og færsla á þeim ættu að koma í fundargerð sem ekki var gert.

Birkir sagði að hann hafi farið yfir reikninga og endurskoðandi hafi undirritað reikninga og engin ljósrit eða neitt ættu að vera í reikningum og ekki verið nein í ár. Hann mæltist til að reikningar yrðu samþykktir.

Einnig lagði hann áherslu á að öll mál væru rædd á stjórnarfundum og allir ættu að fara sáttr af stjórnarfundum. Hann hefði rætt VSK málið á stjórnarfundum.

Þorsteinn Einarsson sagði frá því að þegar hann var formaður fór hann í skattin og óskaði eftir VSK númeri en skatturinn vildi ekki samþykkja það.

Skýrsla stjórnar og reikningar voru samþykkt samhljóða.

10. **Lagabreytingar**

Fyrir fundi lágu eftirfarandi lagabreytingartillögur

11. **LAGABREYTINGAR**

Breytingar eru feitletraðar og undirstrikaðar.

4.gr.

Árgjald skal ákveða á aðalfundi félagsins . Nýir félagar greiði tvöfalt árgjald við inngöngu í félagið. Gjaldalagi er 1. apríl ár hvert. Þeir einir sem greitt hafa

árgjald sitt fyrir eindaga 1 (**15**). apríl ár hvert geta hlotið styrki til þátttöku mótum eftir ákvörðun aðalfundar hverju sinni. Einungis skuldlausir félagar hafa atkvæðisrétt í félaginu.

6. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Stjórnin skal kosin til eins árs í senn og skiptir hún sjálf með sér verkum. Í varastjórn skulu kosnir tveir menn. Stjórnarkosning fer fram á aðalfundi og skal kosning skrifleg, nema ekki sé stungið upp á fleirum en stjórnina skipa. Á aðalfundi skal ennfremur kjósa 2 endurskoðendur reikninga félagsins. Allir skuldlausir félagsmenn eru kjörgengir við kosningu stjórnar og varastjórnar. Formaður kveður til stjórnarfunda er þörf krefur, **sendir dagsrá og stýrir fundum** eða tveir(**þrír**) stjórnarmanna óska þess. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum, falla atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Varamenn eru boðaðir af formanni.

11.gr

Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi og þarf 2/3 hluta atkvæða hið minnsta. Tillögur til lagabreytinga skulu afhentar stjórninni skriflega fyrir 1 nóvember (**10. Janúar**) og sendir stjórnin þær félagsmönnum með fundarboði.

Guðmundur KR dró tillögurnar til baka.

Birkir óskaði eftir því að fá að taka upp breitingartillöguna fyrir 11. grein. Fundur samþykkti að taka upp tillöguna við 11 grein. Var tillagan samþykkt samhljóða.

Fundarhlé

12. Kosning formanns.

Stungið var uppá Elínu Snorradóttur sem formanni.

Elín var ein í framboði og er réttkjörinn formaður

13. Kosnir fjórir í stjórn og tveir í varastjórn.

Elín stakk uppá Einar kristinsson, Guðmudnur Svavarsson og Pálmar Einarsson.

Í varastjórn var stungið uppá.

Smári Jónsson og Gottskálf Jón Bjarnason

Allir kjörnir samhljóða með lófaklappi

Kosnir 2 endurskoðendur.

Elín Stakk uppá Birki og Örn Úlvar

Hafsteinn kom með tillögu um Birki og Guðmund Kristinsson

Svavar bauð sig fram til endurskoðanda.

Í framboði eru

Birkir Þór Gunnarsson

Örn Úlfar

Guðmundur KR

Svavar

38 atkvæði voru í sal og greiðir hver tveim atkvæði.

Birkir fékk 37 og Svavar 17 og voru þeir kjörnir.

14. **Árgjöld og veiðistyrkir fyrir árið 2011.**

Einar Kristinsson Gerði tillögu um 4 veiðistyrki (frítt á okkar mót og þátttöku-gjöld á 4 mót) og að félagsgjöld yrði hækkuð um 1.000 úr 5.000 í 6.000

Birkir lagði til að árgjald yrði óbreytt.

Guðmundur Svavarsson

Félagsgjald hefur verið óbreytt í a.m.k. 5 ár.

Tillaga um hækkun félagsgjalda samþykkt samhljóða.

Veiðistyrkur.

Birkir vildi að við kæmumst til botns í VSK máli áður en samþykkt væri að fjölga veiðistyrkjum.

Guðmundur Svavars sagði að þetta væri í raun lækkun á kosnaði félagsins við veiðistyrki frá fyrra ári.

Samþykkt samhljóða

15. **Önnur mál.**

Jóhann Ólafsson sagði frá því þegar ungir félagsmenn áttu að greiða mótsgjald þegar þeir mættu á mót vegna eldri stjórnarsamþykkt. Lagði hann þann skilning að nú myndi allir skuldlausir félagar fá greitt á mót.

Guðmundur Svavars sagði frá því að fyrir hafi verið að félagar á fyrsta ári fái ekki veiðistyrki greidda að það hafi verið ákveðið fyrir nokkrum árum.

Lögð upp sú tillaga að allir sem hafa greitt félagsgjöld á réttum tíma fá veiðistyrki.

Samþykkt með meiginþorra athvæða.

Birkir kom með tillögu um að samþykkt fyrra árs um útgöngu úr SJOL yrði dregin til baka.

Samþykkt samhljóða.

Birkir færði kveðju frá Rósu og óskaði Elínu til hamingju með formennskuna.

Anton óskaði Elínu til hamingju með embættið og mynnti á 50 ára afmæli félagsins.

Kristinn Grétarsson óskaði Elínu til hamingju og þakkaði Guðmundi fyrir góð störf.

Einnig ræddi hann umboð sem mætt er með til athvæðagreiðslu og efaðist um lögmæti þeirra.

Anton sagði að umboð væru lögleg.

Ragnar Valsson mynnti á að á Íslandi væri allt sem ekki er bannað leift og þar af leiðandi

Hafsteinn hafði áhyggjur af því að veiðistyrkir gætu orðið þungur baggi.

Dagatalið hefur einnig verið góð tekjulind og Guðmundur Kristinsson hafi skapað að mestar tekjur af því. Einnig ræddi hann að nýta mætti húsið betur.

Einnig ræddi hann flutning á reikningum frá Arion til MP. Svo óskaði hann nýkjörinni stjórn til hamingju.

Þorgerður óskar Elínu til hamingju og var viss um að þessi stjórn ætti eftir að spjara sig. Einnig fannst henni ekki viðeigandi að púlitið væri nýtt til að rægja fólk. Einnig sagði hún frá þeirri vinnu sem hún hafi lagt á sig fyrir félagið og hvernig hún fékk ekki fyrir en á aðalfundi í fyrra að hún væri ekki í stjórn.

Anton lagði áherslu á að ósætti milli Guðmundar og Guðmundar væri leitt en mynnti á að Guðmundur Kr ætti þakkir skildar fyrir margt sem vel hafi verið gert.

Jóhann Ólafsson óskaði formanni og nýrri stjórn til hamingju og þakkaði Guðmundi góð störf. Einnig óskaði hann þess að lögin myndu koma inn á síðu félagsins.

Fundi slitið kl. 21:02

1. Stjórnarfundur SJÓR haldinn í Höllinni þann 21.01. 2011 klukkan 22.00

Mættir eru: Elín Snorradóttir, Einar Kristinsson, Ragnar F. Valsson, Guðmundur Svavarsson, Pálmar Einarsson, Smári Jónsson og Gottskálf Jón Bjarnason.

1. Stjórn Bjórstangaveiðifélags Reykjavíkur hefur falið Guðmundi Svavarssyni gjaldkera Sjóstangaveiðifélags Reykjavíkur að flytja fjármuni félagsins frá MP banka í Íslandsbanka. Jafnframt hefur stjórnin falið gjaldkera félagsins að flytja kr. 2.000.000.- tværmilljónir af reikningi í Arion banka yfir á reikning félagsins í Íslandsbanka.
Félagsgjöld fara einnig inn á reikning félagsins í Íslandsbanka.

Einnig var ákveðið að loka reikning félagsins hjá MP banka

2. Stjórnarfundur SJÓR haldinn í Höllinni þann 26.01. 2011 klukkan 19.00

Mættir: Elín, Pálmar, Einar, Guðmundur, Ragnar, Smári, Gottskálk.

1. Dagatal S.J.Ó.R. Fengum tilboð í prentun á dagatali frá Steinprent Ólafsvík tæplega 60.000 án VSK. GS ætlar sjá um að fá Vesturröst, Olís er í vinnslu, Ísspor í vinnslu og búið að tala við Te og Kaffi. GS ræðir við VÍS. Rætt verður við Örn Úlfar með Ölgerðina, Smári við Húsasmiðjuna og athugar með banka. Einar ræðir við Fastus. Jón Þór ræðir við Intersport. Pálmar og Elín athuga með Hólmsteinn ætlar að ræða við Ísfell.
Ljúka þarf styrktarmálum í dagatal fyrir í síðasta lagi fyrstu viku í Febrúar.
2. Gjafir á mótum. Elín mælist til að allir athugi möguleika á gjöfum til þátttakenda á afmælistóti S.J.Ó.R.
3. Grundarfjarðarmót. Pálmar hefur samband við Gísla á Grundarfirði vegna mótis sem verður 30. apríl.
4. Vetrarstarf í Höllinni.
Elín ætlar að athuga með sérmerkta bjór fyrir mótin 2011.
5. Stjórnin felur Gottskálk umsjón með félagsheimilinu.
Elín og Gottskálk sjá um skráningar á leigu á salnum.
6. Ákveðin var leiga á salnum 20.000 og 10.000 fyrir félagsmenn. Leggja skal leigugjaldið inn á reikning 0336-26-130 kt. 580269-2149
7. Ákveðið var að hittast næst þriðjudaginn 1. febrúar kl 18:30

3. Stjórnarfundur SJÓR haldinn í Höllinni þann 01.02. 2011 klukkan 18.30

Mættir: Elín, Pálmar, Guðmundur, Ragnar, Smári, Gottskálk.

1. **Dagatal.**

Guðmundur Svavars tók niður upplýsingar frá stjórnarmönnum um styrktarlínur.

2. **SJÓR Bjór.**

Elín hafði samband við bruggverksmiðjuna og ætla þeir að gera tilboð í bjór.

Var henni bent á tvo staði sem prenta merkingar fyrir bjórinn.

Elínu var falið að fá tilboð í 35 kassa ásamt merkingum.

3. **Verðlaunagripir á mót.**

Einar ræddi við Sólsteina með verðlaunagripi. Kom með sýnishorn. Kostnaður fyrir bæði mótin væri kr. 900.000.

Á báðum mótum er veitt

4. **Gjafir á mótum.**

Aðalmót um 5.000 í gjafir.

Innanfélagsmót. Veðistöng. Samþykkt samhljóða. Einar pantar 50 stangir hjá Intersport.

Stjórnin vill frekar umbuna okkar félagsmönnum á innanfélagsmóti

ákveðið var að gestir á innanfélagsmóti greiða 5.000 fyrir þátttöku og njóta alls þess sem félagsmenn njóta á mótinu.

Elín athugar með afmælismerki (Barmmerki)

5. **Vetrarstarf.**

Hafa húsið opið á laugardögum í vetur. Smári ætlar að ræða við nokkra félagsmenn hvort þeir hafi áhuga á að taka þátt í að opna húsið..

Fluguhnýtingar: Ákveðið var að vera með fluguhnýtingar í Höllinni 26. mars

Næsti fundur þriðjudag 8. febrúar kl: 18:00

4. Stjórnarfundur SJÓR haldinn í Höllinni þann 08.02. 2011 klukkan 18.00

Mættir: Elín, Pálmar, Guðmundur, Ragnar, Smári, Gottskálk.

1. Reikningur frá RSK vegna VSK.
Guðmundur kynnti reikning frá skattinum v/VSK
Elín leggur til að fara með málið til Einars endurskoðanda
Guðmundur vill reyna að fá frest framyfir SJÓL.
Guðmundi Svavarssyni var falið að tala við Einar Guðmundsson endurskoðanda félagsins vegna málsins.
2. **Klára dagatalið.**
Sjá lista yfir styrktaraðila.
Endanlegur listi verður klár 9.febrúar og RFV gerir klárt til prentunnar.
3. **Gjafir á aðalmóti og innanfélagsmóti**
Ákveðið var að fá 100 stk af sérmerktum húfum og bakpokum.
Guðmundur Svavarsson ætlar að tala við Fjólmund vegna sakka.
4. Elín hefur verið í sambandi við Brugghúsið með sérmerktan bjór. Ákveðið var að Elín myndi fá verð og upplýsingar á prentun á bjórmiðum.
5. **Félagsstarfið í vetur.**
Hafa fljótlega opið hús. Í miðri viku. Spjallfundur 22. febrúar. Kl 20:00
6. **Önnur mál**
Næsti fundur verður þegar dagatali verður pakkað.

5. Stjórnarfundur SJÓR haldinn í Höllinni þann 16.02. 2011 klukkan 18.00

Mættir: Elín, Pálmar, Guðmundur, Ragnar, Smári, Gottskálk, Einar.

1. Ákveðið var að afskrá VSK númer sem okkur var úthlutað til að fá tíma til að klára VSK málin.
2. Veðiðagatal er komið í prentun og verður sent eftir helgi.
3. Pálmar og Guðmundur ætla að sækja bókhald SJÓR til bókara GK.
4. Bjórúttekt. Fréttir bárust af því að fyrrverandi formaður GK hafi tekið út bjór hjá Ölgerðinni í reikning SJÓR án heimildar. Elín hefur sent bréf til Ölgerðarinnar og látið vita að hann hafi ekki úttektarheimild í nafni SJÓR.
5. Ákveðið var að skipta um skrár á Höllinni til að hafa stjórn á því hverjir hafa lykla að húsinu.
6. Spjallfundur. Smári og Guðmundur sjá um veitingar.
7. Fundi slitið 19:30
8. **Tilkynning til Hlutafélagsakrár Laugavegi 166 105 Reykjavík**

Stjórnarfundur SJÓR verður haldinn í Höllinni þann 21.01. 2011 klukkan 22.00

1. Verkaskipting stjórnar.
Elín Snorradóttir Formaður.
Einar Kristinsson varaformaður
Ragnar F. Valsson ritari
Guðmundur Svavarsson gjaldkeri
Pálmar Einarsson meðstjórnandi
Varamenn Smári Jónsson og Gottskálk Jón Bjarnason.

Vinsamlega breytið pósthfangi félagsins.

Sjóstangaveiðifélag Reykjavíkur
Brattholt 7 Mosfellsbær

Almennur félagsfundur. 04.03. 2011

Sjóstangaveiðifélag Reykjavíkur boðar til félagsfundar þann 4. mars 2011 kl 20:00 í Höllinni félagsheimili Sjóstangaveiðifélags Reykjavíkur að Verbúð 4.

Dagskrá.

1. Viðskilnaður fyrrverandi formanns við félagið.
 2. Virðisaukaskattur.
 3. Önnur mál.
1. Fundur settur kl 20:05 Elín Snorradóttir formaður setti fundinn og stakk upp á Antoni Erni Kærnested sem fundarstjóra. Anton tekur við fundi og óskar eftir að fundur verði hljóðritaður. Engar athugasemdir voru gerðar við það. Ragnar Valsson er fundarritari.

Guðbjartur Gissurarson las upp skýrslu um viðskilnað fráfarandi formanns. Sjá viðhengi. (nokkur orð um viðskilnað.....)

Guðmundur Kristinsson vegna reikninga sem voru nýttir á hans kennitölu þá var nýttur opinn reikningur sem hann hafði hjá BYKO. Gipsplöturnar voru keyptar af honum á sama verið og þær hefðu kostað félagið annars.

Flutningur frá Aríon til MP. Peningarnir voru fluttir yfir í MP vegna þess að þau fengu betri kjör hjá MP og vitnaði í að Guðmundur Svavars hefði haft einhverra hluta vegna skoðunar aðgang að hans reikningum hjá bankanum.

Segir hann að Guðbjartur og fleiri hafi vitað að hún ætti ekki að vera í stjórn og Guðbjartur hafi ekki viljað hafa hana í stjórn.

Guðmundur KR tók peninga vegna þess að Guðmundur Svavars hafi ekki viljað starfa sem gjaldkeri.

Einnig ásaði hann Guðbjart um að hafa stolið flugum frá félaginu og að hann hafi

Varðandi bókhald vísar hann á endurskoðanda sinn.

Guðbjartur:

Tekur skýrt fram að hann hafi ekki stolið einu né neinu frá félaginu.

Pálmar

Spurning til Guðmundar Kristins.

Vill vita af hverju ekkert hafi fyrir lögnu verið gert í þessum VSK málum

Og af hverju Guðmundur hafi ekki gefið út nótur úr sínu bókhaldi í stað ljósrita.

Einnig vill hann vita af hverju Guðmundur Kristins hafi tekið út 6 bjórkassa frá Ölgerðinni.

Guðmundur Kristins.

Guðmundur vísar á ábyrgð Gjaldkera með VSK málin

Hann vísar á að það hafi ekki verið bara hann sem hafi verið með svartar eða ljósritaðar nótur.

Bjórinn var tekinn út vegna vinnu við dagatal og fór með bjórinn til þeirra sem unnu dagatalið.

Guðmundur vísar á Smára vegna ásakanna

Lárus Tekur fram að hann hafi fengið fyrsta félagsheimilið og það var hann sem kom dagatalinu á. Bendir hann á fundargerðarbókina sem var gefin út fyrir nokkrum árum og að áður fyrr hafi enginn peningur verið til í félaginu og m.a. verið fjárflounarnefnd. Hann lagði áherslu á að sorglegt væri hvernig væri farið fyrir félaginu og óskar þess að félagsmenn standi saman.

Birkir Þór

Tók undir orð Lárusar og vonar að félagið muni ná sér út úr þessu. Klára málið og ræða ekki framar.

Leiðrétti hann orð sem GK hefur oft sagt að engir peningar hafi verið til í félaginu en þá voru rúmar 2 milljónir þegar Guðmunur og stjórn hans tók við.

Árni Hjartarson

Reikningarnir sem voru gerðir voru allir með VSK og slíku á alltaf að skila.

Hann talaði við skattinn og gerði nákvæmlega það sem skatturinn óskaði eftir og tók fram að ef við hefðum ekki klárað málið og nefndi að hann hafi fengið hótanir frá GS.

Og lagði áherslu á að ógreiddur VSK væri þjófnaður. Segir hann að öll sjóstangaveiðifélög hafi VSK númer nema við

Anton las upp tölvupóstinn sem Árni nefndi sem hótun.

Guðbjartur tók fram að hann samdi ekki skýrsluna þetta er frá stjórninni og minnir á að óháður aðili hafi kallað þetta skemmdarverk

Smári

Varðandi Þorgerði minnir hann á að Þorgerður hafi ekki fengið að vita að hún væri ekki í stjórn fyrr en hún hafi verið á fundi.

Birkir

Birkir spurði hvort ætti að greiða reikning til Árna
Stjórn svaraði því að það yrði gert.

Jóhann Ólafsson

Vildi fá að vita hvort Guðmundur Kristinsson hafi haldið áfram að starfa í nafni félagsins eftir að hann hætti sem formaður.

Árni staðfesti að hann hafi verið beðin um að vinna vinnuna áður en hann hætti sem formaður.

Hafsteinn

Undraðist að félagið héldi að við þyrftu ekki að greiða VSK og að hann hafi athugað hvort önnur félög hafi VSK númer og hafi komist að því að önnur hefðu númer

Þorsteinn Einarsson

Ítrekaði að hann fór í skattinn til að fá VSK númer og þar sem þetta væri ekki útgerðarstarfsemi þá þyrfti félagið ekki VSK númer.

Lárus.

Vill hafa VSK á hreinu og að málin verði kláruð og nú þurfum við að græða sárin og fara að veiða.

Anton þakkar Guðmundi fyrir þau störf sem hann gerði vel.

2. Guðmundur Svavarsson lýsti því hvernig málin standa í VSK.
Nefndi hann þá leið að greiða þetta upp á 5 árum.

Anton hvatti stjórnina til að fá utanaðkomandi aðstoð við málin.

3. Önnur mál

Guðmundur Kristinsson

Sagði frá því að honum ofbyði sú heift sem hann hafi orðið fyrir af stjórnar-

mönnum sem hann hafi flesta fengið með sér í stjórn. Og vonaði en enginn ætti eftir að upplifa slíkt.

Elín Snorradóttir.

Vonaðist til að öll þessi mál myndi leysast á sem farsælastan hátt og vonaði að þótt öll dýrin í skóginum væru ekki vinir væri ekki þörf á að kveikja í skóginum.

Fundi slitið 21:15

6. Stjórnarfundur SJÓR haldinn í Höllinni þann 9.03. 2011 klukkan 18.00

Mættir: Elín, Pálmar, Guðmundur, Ragnar, Smári, Gottskálk Einar.

1. VSK mál

Guðmundur Svavarsson og Pálmar Einarsson talaði við Dagmar hjá skattinum og sagði hún að af við myndum greiða rúmlega 430.000. Þá fengum við frest til 1. júlí

Erna Dagbjört hringdi í Guðmund og sagði að umsókn um greiðsluuppgjör væri móttækin og samþykkt gegn greiðslunni.

Stjórn ákvað að fela gjaldkera félagsins að greiða upp höfuðstól skattaskuldanna innar kr. 2.270.000

Stjórnin leggur til að bréf verði sent til fjármálaráðuneytis ásamt ljósriti af greiðsluseðli með vextina af skuldinni

2. Guðmundur Svavarsson hringdi í Fjólmund og sakka kostar 1200 til 1300 með sjórmerki.

3. Elín og Pálmar ræddu við þá hjá Margt smátt.

Miðað við að gjöfin væri bakpoki með ísaumuðu merki, vasapeli úr ryðfríu stáli með ígröfnu merki og húfa með merki. 100 stykki.

Barmerki miðað við 200 stk. 292kr en 500 stk 207 kr.

Gjafir til keppanda á Grundarfirði

Húfa og veiðistöng

Gjafir til keppanda á Patró
Bakpoki og vasapeli

Bjór Panta 40 kassa af bjór.

Elín pantar 150 stk af húfum, og 100 bakpoka og pela.

Smári leggur til að stjórnin fái 2 húfur

4. Önnur mál.

7. Stjórnarfundur SJÓR haldinn í Höllinni þann 31.03. 2011 klukkan 18.30

Mættir: Elín, Pálmar, Guðmundur, Ragnar, Smári, Gottskálf Einar.

1. Heimasíða

2. Innanfélagsmótið

Skrifað var bréf til að senda á félagsmenn fyrir mótið

3. Verðlaunagripir á innanfélagsmóti.

Gottskálf og Smári sjá um verðlaunagripir fyrir innanfélagsmót.

Tekin verða gjafabréf hjá Vesturröst og Hrygunni.

1. sæti 20.000, 2.sæti 15.000 og 3. sæti 10.000 karla og kvenna flokk og bjartasta vonin.

4. Önnur mál.

Það komu fyrirspurnir með leigu á sal frá aðilum ótengdum SJÓR. Salurinn er ekki leigður til ótengdra aðila.

SJÓR er með tillögu vegna skráninga á báta. VÍS tryggingafélag sendir staðfestingu um tryggingar á Siglingamálastofnun vegna væntanleg mót SJÓL í sumar.

Einar tjáði stjórninni að bjórinn yrði tilbúinn hjá Ölgerðinni fyrir páska. Ráðgert er að stjórnin prufi bjórinn um páskana.

Næsti fundur fimmtudaginn 7 apríl.

8. Stjórnarfundur SJÓR haldinn í Höllinni þann 7.04. 2011 klukkan 18.30

Mættir: Elín, Pálmar, Guðmundur, Ragnar, Smári, Gottskálf Einar.

1. Bréf fyrir innanfélagsmót prentað og sent í póst



Ríkarður Long Ingibergsson

f.05.08. 1912 d. 17.03. 2011

Ríkarður L Ingibergsson Heiðursfélagi Sjóstangaveiðifélags Reykjavíkur er látinn á níttugasta og níunda aldurs ári.

Sjóstangaveiðifélag Reykjavíkur eða SJÓR var stofnað 10.05. 1961 og er því fimmtíu ára nú í maímánuði.

Félagið starfaði með miklum blóma og hélt hér mörg stórmót svo sem Evrópumót og innanlandsmót, fram til ársins 1969 en þá af einhverjum ástæðum lagðist félagið í dvala, og svaf allt til 20.04. 1990 er félagið var endurreist að frumkvæði Jónasar Þórs heitins kjötvinnslumanns ásamt öðrum áhugamönnum um sjóstangaveiði.

Á þessum endurreisnarfundu voru 52 félagar sem gengu í félagið, og þar á meðal var roskinn maður kvíkur og léttur í öllum hreyfingu, enda ekki nema 78 ára gamall, þar var kominn Ríkarður Ingibergsson.

Þessi síkátí og kviki maður átti eftir að stunda með okkur sjóstangaveiði allt þar til fyrir fimm árum síðan. Hann var allra manna ljúfastur og eftir stundum stranga róðra lét hann sér ekki muna um að sveifla dömumum á lokaballinu hverju sinni.

Ríkarður var mikill hagleiksmaður og færði félagi sínu að gjöf fjölda fagurlega útskorna verðlaunagripi ásamt fögrum fundarhamri til fundarstjórnar. Hann var kjörinn heiðursfélagi SJÓR og sæmdur gullmerki félagsins fyrir sína þátttöku og áhuga á málefnum félagsins. Og minnumst við félagarnir í SJÓR hans með hlýhug og væntum hyggju. Gengin er góður félagi og sómaveiðimaður.

Verklok

Þá er lokið við að koma fundargerðum SJÓR í prenthæft form. Í þessum seinni hluta eru fundargerðir frá árinu 2001 og til dagsins í dag 03.04. 2011, áður voru komnar fundargerðirnar frá stofnun SJÓR 10.05. 1961 -07.04. 2011. Eins og áður hefur Prentsmiðjan Oddi annast umbrot og prentun gagnanna og vil ég sérstaklega þakka Magnúsi Guðfinnssyni fyrir aðstoð og ráðgjöf um það sem betur mátti fara. Ég vona að þeir sem þetta lesa sjái að hér er als ekki um söguritun að ræða, en ef saga SJÓR verður einhvern tímann færð í letur mun þessi samantekt létta það starf. Ekki hvarflaði að mér að halda tímaplan yfir þessa vinnu enda hefði ég þá lagt verkið frá mér fyrir löngu. Þvert á móti hefur þessi vinna glatt mig eins og ég tel að félagar okkar sem unnu mest við að koma upp okkar glæsilega félagsheimilis undir styrki stjórn fyrirverandi formanns Guðmundar Kristinssonar glöddust við verklok. Því miður virðast tímarnir vera að breytast á þann veg að menn vilja fá laun fyrir allt sem að gjört er, og þá er stutt í að frjáls félög tilheyri fortíðinni. Ég vil að endingu óska Sjóstangaveiðifélagi Reykjavíkur til hamingju með fimmtíuára afmælið, og þakka fyrir allar ánægjustundirnar sem ég hef notið meðal ykkar ágætu félaga í SJÓR um árabíl.

Anton Örn Kærnested.

Félagatal SJÓR 03.04. 2011

Nafn	Heimilisfang	Póstnúmer	Sveitarfélag
Anton Örn Kærnested	Bakkaseli 10	109	Reykjavík
Arnar Guðni Jónsson	Hregvið	820	Eyrabakka
Árni Sverrisson	Hjarðarhaga 48	107	Reykjavík
Ásgeir Ásgeirsson	Fálkaklettur 10	310	Borgarnesi
Ástgeir Finnsson	Túngötu 24	225	Álftanesi
Birkir Þór Gunnarsson	Ljósuvík 14	112	Reykjavík
Bjarni Örn Kærnested	Áland 9	108	Reykjavík
Björg Siv Friðleifsdóttir	Bækkavör 34	170	Seltjarnarnesi
Edda Klemenz	Skúlagötu 54	105	Reykjavík
Egil Aagaard Nilsen	Suðurgata 28	245	Sandgerði
Einar Helgason	Fífuhvammi 31	200	Kópavogur
Einar Kristinsson	Birkihvammi 17	200	Kópavogur
Einar Stígsson	Mosarima 5	112	Reykjavík
Elín Snorradóttir	Brattholt 7	270	Mosfellsbær
Ellen Maja Tryggvadóttir	Ytri-Tinds.ph 123	116	Reykjavík
Eric Dahl	Adolf Andersensvej 1	DK-2690	Karlslund, Danmörk
Erlendur Guðjónsson	Lindarsmára 39	201	Kópavogur
Erlingur Björnsson	Furuás 2	210	Garðabær
Finn Hansen	Hamratúni 2	270	Mosfellsbær
Friðleifur Stefánsson	Rauðarárstíg 40	105	Reykjavík
G.Geir Guðbjörnsson	Engjaseli 31	109	Reykjavík
Gabríela E þorbergsdóttir	Skólatún 3	225	Álftanesi
Gilbert Ó Guðjónsson	Víðihvammi 25	200	Kópavogur
Gísli Þór Þorgeirsson	Aðalstræti 12	450	Patreksfirði
Gottskálf Jón Bjarnason	Maríubaug 97	113	Reykjavík
Grigory Ter Martirosov	Baugakór 18	203	Kópavogi
Guðbjartur G. Gissurason	Fífuhvammur 31	200	Kópavogur
Guðjón H Hlöðversson	Nýbýlavegi 100	200	Kópavogur
Guðmundur Jónsson	Bólstaðarhlíð 58	105	Reykjavík
Guðmundur Kristinsson	Gerðhömrum 27	112	Reykjavík
Guðmundur Ólafsson	Kirkjuteig 16	105	Reykjavík
Guðmundur Svavarsson	Skólagerði 49	200	Kópavogur
Guðni Már Kárason	Grundarhúsum 21	112	Reykjavík
Gústaf Þór Ágústsson	Espigerði 18	108	Reykjavík
Hafsteinn Jónsson	Sævargörðum 4	170	Seltjarnarnes
Hákon Rekstad	Bakkabraut 6	200	Kópavogur
Halldór Haukur Haraldsson	Færeyjum		

Halldór Þórðarson	Vogatungu 35	200	Kópavogi
Haukur Þór Adólfsson	Hverafold 40	112	Reykjavík
Hólmsteinn Karlsson	Lindabraut 16	170	Seltjarnarnesi
Hreiðar Örn Gestsson	Áslandi 16	270	Mosfellsbær
Inger Helene Boasson	Hverfisgata 82	101	Reykjavík
Ingunn Ó Blöndal	Grundarhverfi 19	203	Kópavogur
Jacob Dahl	Cristians Torv 17	2680	SolRod
Jóhann Ólafsson	Hörgshlíð 24	105	Reykjavík
Jón Ásbjörnsson	Skúlagötu 10	101	Reykjavík
Jón Þór Guðmundsson	Suðurgötu 33	220	Hafnarfjörður
Juníus Pálsson	Tungusel 1	109	Reykjavík
Kári Jóhannsson	Hörgshlíð 24	105	Reykjavík
Kristinn Grétarsson	Baughúsum 40	112	Reykjavík
Kristinn Hrólfsson	Laxakvísl 1	110	Reykjavík
Kristján Tryggvason	Túngötu 19	710	Seyðisfirði
Kristján Vídalín Jónsson	Barmahlíð 52	105	Reykjavík
Lárus Einarsson	Lómasalir 6 - 8	201	Kópavogur
Máni Kjartansson	Rauðalæk 65	105	Reykjavík
María Hrönn Magnúsdóttir	Grundarhúsum 21	112	Reykjavík
Ólafur Kr Ólafsson	Álftarmýri 54	108	Reykjavík
Ólafur Ólafsson	Leifsgötu 19	101	Reykjavík
Olgeir G Valdimarsson	Suðurgötu 45	220	Hafnarfjörður
Óli Friðgeir Halldórsson	Haustakur 4	210	Garðabær
Óskar Rafnsson	Stigahlíð 50	105	Reykjavík
Páll Jörundsson	Seiðakvísl 15	110	Reykjavík
Páll Kristjánsson	Tunguheiði 12	200	Kópavogi
Pálmar Einarsson	Brattholt 7	270	Mosfellsbær
Pétur Sigurðsson	Heiðarbrún 26	810	Hveragerði
Ragnar F Valsson	Laugarnesvegi 44	105	Reykjavík
Ragnar Hafliðason	Bollatangi 11	270	Mosfellsbær
Reynir Brynjólfsson	Víðiteig 28	270	Mosfellsbær
Reynir Guðjónsson	Nýbýlavegur 100	200	Kópavogi
Reynir Ó. Reynisson	Háaleitisbraut 38	108	Reykjavík
Róshildur Stefánsdóttir	Ljósuvík 14	112	Reykjavík
Samúel Ingi Þórisson	Álfaskeiði 86	220	Hafnarfjörður
Sif Þóroddsdóttir	Vesturtún 19 B	225	Álftanesi
Sigmundur Kjartansson	Vesturtún 37	225	Álftanes
Sigríður Karlsdóttir	Birkihvammi 17	200	Kópavogur
Sigurður Pétursson	Hellum 0	311	Borgarnesi
Sigurhanna Kristinsdóttir	Drápuhlíð 37	105	Reykjavík
Smári Jónsson	Raufarsel 1	109	Reykjavík
Stefán Guðjónsson	Nýbýlavegi 100	200	Kópavogur

Stefán Steingrímsson	Eyjabakka 20	109	Reykjavík
Styrmir Svavarsson	Suðurgötu 47	220	Hafnarfjörður
Svavar Svavarsson	Suðurgötu 47	220	Hafnarfjörður
Sævar Vídalín	Barmahlíð 52	105	Reykjavík
Theodór Sólonsson	Skógarsel 29	109	Reykjavík
Thulin Johansen	Gullengi 5	112	Reykjavík
Tin A Lykke	Danmörk		
Trausti Már Valgeirsson	Hverafold 23	112	Reykjavík
Valdimar Harðarson	Suðurgötu 45	220	Hafnarfjörður
Víðir Reynisson	Gnoðavogi 78	270	Mosfellsbær
Örn Andrésson	Krókavað 23	110	Reykjavík
Þorgerður Einarsdóttir	Fífuhvammur 31	200	Kópavogur
Þóroddur Gissurarson	Skólatún 3	225	Álftanesi
Þorsteinn Einarsson	Reynihvammi 12	200	Kópavogur
Þorsteinn Stígsson	Fjóluhlíð 15	220	Hafnarfjörður

